1. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Þannig samþykkt á reglulegu Alþingi 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt ákvæðum 76. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi af nýju, óbreytt.

2. Frumvarp

til laga um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Gift kona telst fjárráð þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum, (einmenningskjördæmi):
   1. Borgarfjarðarsýsla.
   2. Mýrasýsla.
   3. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Ísafjarðarkaupstaður.
8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.
10. Vestur-Húnavatnssýsla.
11. Austur-Húnavatnssýsla.
12. Akureyrarkaupstaður.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
16. Austur-Skaftafellssýsla.
17. Vestur-Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjakaupstaður.
19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum, (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, enda sé hann afskekktur og eigi erfitt um kjörsókn, að sá hluti hrepps verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landkjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landkjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landkjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn og skipa hana 3 menn.

Þar sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu og annan til vara. Þessi regla gildir einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal við hafa ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í landkjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landkjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þenna hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næsta ár á eftir.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmilega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefir verið samin skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá ráðherra, jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og því kippt í lag, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem

koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað einum eða fleirum í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram, skal auglýsa hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

Á hvert heimili utan kaupstaða og kauptúna skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn, jafnframt því sem kjörskrá er lögð fram, senda skriflega í pósti tilkynningu um það, hverjir á því heimili séu á kjörskrá og með hverjum athugasemdum. Nú er enginn á kjörskrá á heimili og skal engu síður tilkynna það. Dómsmálaráðuneytið lætur hreppsnefndum og bæjarstjórnum í té eyðublöð undir þessar tilkynningar.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóri innan 3 daga senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni, og skal gagngert senda með það til viðtakanda.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðiljar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem hún er endanlega undirrituð, en

2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara eða á þeim tíma árs, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar hann þarf að gera ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans um, að hann sjálfur eða annar standi ekki á kjörskrá, eða að maður standi ranglega á kjörskrá, eða út af athugasemd við nafn hans sjálfs eða annara á kjörskrá, á kröfu á, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

25. gr.

Samkvæmt kjörskrá skulu allar kosningar til Alþingis fara fram á því ári, sem hún gildir. Enginn má þó greiða atkvæði nema í einu kjördæmi við alþingiskosningar. Ef maður er á kjörskrá í fleirum kjördæmum en einu, ræður hann sjálfur í hvoru eða hverju kjördæminu hann vill neyta kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landlistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landkjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka frambjóðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn frambjóðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

27. gr.

Framboði einstaks frambjóðanda skal fylgja skrifleg yfirlýsing eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 50 og eigi fleirum en 100 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

28. gr.

Landlista skal fylgja til landkjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landkjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

Landlista skal fylgja til landkjörstjórnar skrifleg yfirlýsing þeirra manna, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, enda sé þeim kunnugt, af hvaða stjórnmálaflokki hann sé borinn fram. Þessi yfirlýsing þarf þó ekki að fylgja frá þeim mönnum, sem jafnframt eru í framboði af hálfu flokksins í kjördæmi.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landlista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landlista við sömu alþingiskosningar.

Frambjóðandi í kjördæmi, sem er í kjöri fyrir stjórnmálaflokk, má jafnframt vera á landlista flokksins, og er skylt að að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landlista hvers flokks sé skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landkjörstjórn, ef henni berast landlistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Á landlista skulu nöfn frambjóðenda ekki vera fleiri en 38.

Í stað þess að ráða nöfnum fyrir fram á landlista, má stjórnmálaflokkur sá, er ber hann fram, ákveða, enda tilkynna landkjörstjórn, að allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum skuli vera á landlista, og í þeirri röð, er þeir skipast í við kosninguna eftir atkvæðum þeim, er falla á þá persónulega við kosningar í kjördæmum, þannig að sá, sem flest atkvæði fær, standi efstur á listanum, sá, sem næst flest atkvæði fær, standi næst efstur o. s. frv. (sbr. þó 131. gr.).

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík eða landkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burtu af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landkjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringunum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess. Á landlista má einnig á sama hátt setja mann í sæti hins látna, ef flokksstjórn þess stjórnmálaflokks, sem listann hefir borið fram, krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 138. gr. þessara laga.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landlista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, eða, þegar um landlista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmálaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta.

34. gr.

Nú hefir stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landlista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landkjörstjórn bókar um viðtöku landlista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvíkjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landkjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landlista, heldur landkjörstjórn fund á næsta degi og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landkjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landlistar verði í kjöri, merkir landkjörstjórnin þá með bókstöfum A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landkjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið eða í stafrófsröð, ef flokksstjórnin hefir ekki raðað þeim, og skal tilgreina á listunum, hvort frambjóðendurnir koma til greina í uppbótarþingsæti eftir röðinni á listanum eða eftir reglum 30. gr. 3. málsgr. Nöfn frambjóðendanna skal í báðum tilfellum tölusetja í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum.

40. gr.

Jafnframt því sem landlistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landkjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppsstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landlistana og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landlistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa

bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í réttri röð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landlistana.

42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landlistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmálaflokks sé merktur sama bókstaf og landlisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, tölusett í réttri röð.

43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreind-

ir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....

(Staða).

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hefi engan annan kjörseðil frá mér sent og hefi ekki kosið annarsstaðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár).

.....

(Undirskrift kjósanda).

Að .....

(Fullt nafn kjósanda).

.....

(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibréf, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.


.....

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

Vitundarvottar (embættisstimpill nægir ekki).

.....

(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg séu utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annara kjörstjóra hver í sínu umdæmi og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi, skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundargögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn og sé neðri hlutinn ca. 6 cm. á hæð. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi.

Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 3 cm. háar og svo margar, sem ætla má, að landlistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landkjörseðill.

52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur, svo marga sem frekast má.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hins vegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þenna hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafn framarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins sentímetra breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisnafni eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landlista eina skák. Í línu sér efst í skákinni skal standa bókstafur landlista og í næstu línu fyrir neðan: **Landlisti .....flokksins.** Fyrir neðan þessar línur og ofan við næsta þverstrik fyrir neðan, skal vera autt bil fyrir breytingar á listanum.

Landlistum skal raðað í stafrófsröð í skákirnar.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera tölusett nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan tölusett nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi .....flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal einbrjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla, sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum, án þess að brjóta innsiglið.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar,** á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin

láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, fyrsti sunnudagur í júlímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

61. gr.

Þar sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á sliku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að

breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng, 6,5 mm. víð að ofan, en viðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningur, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar sins utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar breyta nafnaröð, eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, gerir hann það á sama hátt, sem fyrir er mælt um slíkar breytingar á landlista við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89. gr.).

69. gr.

Um allt viðvíkjandi kosningu landlista utan kjörfundar, svo og um ihlutun kjósenda utan kjörfundar um það, í hverri röð frambjóðendur komi til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, fer á sama hátt, sem fyrir er mælt um slíkt við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89.—92. gr.).

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landlista en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landlisti** framan við listabókstafinn.

70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörstaðar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr. skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

72. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið, við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra svo og umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað ekki fyr en kl. 12 á hádegi og ekki síðar en kl. 1 miðdegis, nema í Reykjavík kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, þó að hinir komi síðar.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörstaðar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu svo og annarsstaðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnum í tæk tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnum.

82. gr.

Nú er landlisti í kjöri eða landlistar, og skal þá í kjörfundarstofunni svo og í hverjum kjörklefa festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef kjörstjórnin kannast við manninn, ef hann stendur á kjörskrá og ef hann hefir samkvæmt henni rétt til að greiða atkvæði.

Þekki kjörstjórnin ekki manninn og telji hún vafa á hver hann sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landlisti eða landlistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landlista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landlista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum á landlista þeim, er hann kýs, gerir hann það á þann hátt að rita í auða bilið neðst í þeirri skák, sem landlistinn er í, tölumerki þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda á listanum, er hann vill færa til, í þeirri röð, er hann vill hafa þá á listanum, og að svo miklu leyti sem hann vill færa til nöfn eða skipa niður nöfnum. Fyrsta talan, er hann ritar, táknar að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við á listanum, skuli vera efstur, hin næsta, að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við, skuli vera næst efstur o. s. frv. Kjósandi skal gæta þess að hafa bil eða kommu milli talnanna.

Sé einhver frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim landlista, er hann kýs, sem hann vill hafna, ritar hann tölumerki þess frambjóðanda eða frambjóðenda og strikar síðan yfir tölumerkið eða tölumerkin.

90. gr.

Kjósanda, sem kýs frambjóðanda flokks eða í Reykjavík lista flokks, er jafnframt heimilt að breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á landlista hins sama flokks, og gerir hann það á þann hátt, sem fyrir er mælt í 89. gr. að öðru leyti en því, að þá setur hann ekki kross við listabókstafinn.

91. gr.

Nú eru ekki allir frambjóðendur flokks í kjördæmum á landlista flokksins, og er þá kjósanda landlistans svo og kjósanda frambjóðanda, eða í Reykjavík lista flokksins, heimilt að bæta þeim frambjóðanda eða frambjóðendum flokksins í kjördæmi, er hann óskar, á landlistann, og gerir hann það á þann hátt að rita nafn frambjóðandans eða frambjóðendanna á landkjörseðilinn í auða bilið neðst í skák listans í þeirri röð, er hann vill láta þá koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og tölusetur hann nöfnin, ef honum þykir þurfa.

92. gr.

Ef flokkur hefir engan landlista í kjöri, er kjósanda frambjóðanda eða í Reykjavík lista flokksins heimilt að geta þess á landkjörseðlinum, í hverri röð hann vilji láta frambjóðendur flokksins í kjördæmum koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og gerir kjósandi það á þann hátt, sem í 89.—91. gr.

segir. Vilji kjósandi hafna frambjóðanda að þessu leyti skrifar hann nafn hans og strikar síðan yfir það.

93. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landlista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvort tveggja, að kjósa frambjóðanda og landlista heldur annað hvort frambjóðanda eða landlista, og í Reykjavík ekki hvort tveggja lista kjördæmisins og landlista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landlista. Greiði hann landlistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík listar kjördæmisins.

94. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

95. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að hann sé handarvana, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum.

96. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

97. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

98. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðsl-

unni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

99. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppsstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

100. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlé verði á. Þá er ekki gefa sig fram fleiri, skal enn bíða ¼ klukkustundar og taka við atkvæðum þeirra kjósenda, er á þeim tíma gefa sig fram. Þó má ekki slíta atkvæðagreiðslu að þeim fjórðungi klukkustundar liðnum, meðan kjósendur gefa sig fram, án þess að hlé verði á, og aldrei má atkvæðagreiðslu slíta fyrr en 5 klukkustundir eru liðnar frá því er byrjað var að taka við atkvæðum, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt atkvæðisréttar.

101. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða frambjóðendur og umboðsmenn, ef þeir hafa atkvæðisrétt, svo og kjörstjórnin, atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 98. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

102. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72 gr.) skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

103. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 99. gr.), eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

104. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

105. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

106. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á, að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

107. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 98. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 104. gr.) og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst

skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

108. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

109. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjördæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og vara-þingmenn.

110. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

111. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landlisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmálaflokks, sem landlistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta

réttar landlistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

112. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósköddud. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

113. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur.
4. ef áletrun er á kjörseðli, fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði, til að gera seðilinn auðkennilegan eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef kosið er á sama kjörseðli hvorttveggja landlisti og frambjóðandi, eða í Reykjavík landlisti og listi kjördæmisins (sbr. þó 115. gr.), eða fleiri en einn landlisti,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

114. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landlisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landlista hefir í kjöri o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

115. gr.

Nú hefir kjósanda orðið það á, að kjósa bæði frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks og jafnframt landlista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landlistann skal þá telja ókosinn. Ógildur er þó slíkur seðill, ef með frambjóðanda flokksins er kosinn frambjóðandi annars flokks eða frambjóðandi utan flokka.

116. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

117. gr.

Til þess að finna hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landlista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir.

Nú eru í kjördæmi þar sem kjósa á einn þingmann, fleiri frambjóðendur en einn fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, og skal þá skipta landlistaatkvæðatölunni á milli frambjóðenda flokksins í hlutfalli við persónulega atkvæðatölu þeirra.

Ef í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, eru fleiri en tveir frambjóðendur fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal skipta tvöfaldri landlistaatkvæðatölu flokksins á milli frambjóðenda hans í hlutfalli við persónulega atkvæðatölu þeirra.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

118. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landlista þess stjórnmálaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Nú eru fleiri listar en einn í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk og skal þá skipta landlistaatkvæðatölunni á milli lista flokksins í hlutfalli við atkvæðatölu þeirra. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

119. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra frambjóðenda listans, sem kosningu hafa náð að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra frambjóðenda listans, sem kosningu hafa náð.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

120. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

121. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar, en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

122. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum, að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

123. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

124. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 110. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

125. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landkjörstjórn skýrslu yfir atkvæðatölurnar hver úr sínu kjördæmi og greina hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern landlista og hve mörg á hvern frambjóðanda persónulega, eða í Reykjavík á hvern lista kjördæmisins, svo og úr kjördæmum, þar sem tveir þingmenn

eru kosnir, hvernig samkosningar hafa fallið og hverjir frambjóðendur hafa verið kosnir einir sér og hve oft, enda láti hún fylgja skilríki frambjóðendanna, eða í Reykjavík listanna, um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra. Ennfremur skal greina á skýrslunni á hversu mörgum gildum kjörseðlum kjósendur hafa breytt nafnaröð, eða skipað niður nöfnum, eða strikað út nöfn eða bætt nöfnum á landlista eða gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landlista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta og skal kjörstjórn ganga frá í böggli öllum þeim gildum kjörseðlum, sem slík áritun er á, innsigla bögguinn og senda landkjörstjórn í ábyrgðarpósti jafnframt skýrslunni. Skrifa frambjóðendur eða umboðsmenn undir skýrsluna ásamt yfirkjörstjórn, ef viðstaddir eru.

Landkjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

126. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppbótarþingsæta.

127. gr.

Þegar landkjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum, eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 125. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landkjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

128. gr.

Landkjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

129. gr.

Landkjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði frambjóðenda flokksins í einmenningskjördæmum.
2. Samanlögð atkvæði framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í Reykjavík.
3. Samanlögð atkvæði frambjóðenda flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.
4. Helmingur samanlagðra atkvæða frambjóðenda flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.
5. Helmingur samanlagðra atkvæða frambjóðenda flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.
6. Samanlögð atkvæði landlista flokksins.

130. gr.

Til þess að finna hvernig uppbótarþingsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal skrifa atkvæðatölur þeirra í röð, hverja niður undan annari, aftan við nafn síns flokks. Aftan við atkvæðatölu hvers flokks skal rita tölu þingmanna hans, kosinna í kjördæmum. Síðan skal deila tölu þingmanna hvers flokks í atkvæðatölu hans og skrifa útkomurnar aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu útkomurnar ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari (þ. e. minni munur á hinni hæstu útkomu og hinni lægstu), ef ein deilitalan (þ. e. ein þingmannatalan) hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu fyrsta uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta á útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og deila þeim hverri um sig í atkvæðatölu síns flokks (þ. e. í hinar fyrstu tölur). Útkomurnar skal enn skrifa aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu þær ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari, ef ein deilitalan hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu öðru uppbótarþingsæti til þess flokks, sem nú á hæsta útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal enn á ný skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og þannig skal halda áfram að deila tölu þingmanna hvers flokks, hverri um sig, í atkvæðatölu síns flokks, og úthluta jafnan uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta fær útkomuna, unz útkomurnar geta ekki jafnari orðið, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 122. gr.

131. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að:

Ef þingflokkur hefir haft landlista í kjöri, koma frambjóðendur flokksins til greina við úthlutun uppbótarþingsæta í þeirri röð, sem þeir eru í á listanum, að kosningu lokinni. Sé um að ræða landlista, sem nöfnum hefir verið raðað á fyrirfram, er miðað við þá röð, en sé um að ræða landlista, sem nöfnum hefir ekki verið raðað á fyrirfram, skipast frambjóðendurnir á listann í röð eftir

tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á þá í kjördæmum, þannig, að sá, sem flest atkvæði hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá, sem næst flest atkvæði hefir fengið verður næst efstur o. s. frv. Hafi þingflokkur ekki haft landlista í kjöri gerir landkjörstjórn honum lista og raðar á hann frambjóðendum flokksins í kjördæmum eftir sömu reglu.

Nú hafa kjósendur breytt nafnaröð, eða skipað niður nöfnum, eða strikað út nöfn eða bætt nöfnum á landlista eða gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landlista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal þá reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum, sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 119. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla samanlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósenda á nafnaröð listans eða niðurskipun þeirra á listann, útstrikun eða viðbætur nafna. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir atkvæðatölunum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu fær á hverjum lista, verður efstur á listanum, sá, sem næst hæsta atkvæðatölu fær, næst efstur o. s. frv. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 122. gr.

Því næst nemur landkjörstjórn burtu af lista hvers þingflokks alla þá, sem kosningu hafa náð í kjördæmum, og ef á lista eru þá eftir tveir, eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, nemur hún einnig burtu alla þá, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, og sé um landlista að ræða, sem nöfnum hefir verið raðað á fyrirfram, er talan fyllt með því að bæta neðan við listann nöfnum frambjóðenda flokksins í kjördæmum, sem ekki hafa náð kosningu eftir framangreindum reglum, meðan til hrekkur. En síðan, og á þann hátt einnig þegar nöfn skortir á landlista þingflokks, sem á hafa verið allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum, nefnir hlutaðeigandi flokkstjórn til menn eftir því sem til þarf, til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landlista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landkjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landlista, sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

132. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppbótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppbótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landkjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

133. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppbótarþingsætum samkvæmt 131. gr., skal landkjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti

svo og varamönnum kjörbréf, sem 1., 2., 3. o. s. frv. landkjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppbótarþingsætanna og skal birta nöfn hinna landkjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

134. gr.

Landkjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

135. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landlista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landkjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landkjörstjórnar. Landkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landlista og úthlutun uppbótarþingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

136. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og skal þá uppkosning fara fram. Þá skal landkjörstjórn, eftir að hin nýja kosning hefir farið fram og ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta og getur þá meðal annars farið svo, að sá, sem áður hefir verið úrskurðaður í uppbótarþingsæti sem landkjörinn þingmaður, missi við það umboð sitt.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

137. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt, sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyr segir.

138. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 145. og 146. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verði frestað, sökum þess að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

139. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

140. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefir verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.) ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjör-

gögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

141. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 116. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður.

142. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður:

1. Að safna undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmálaflokka í 28. gr. Þó er stjórn stjórnmálaflokks eða félags, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að stofna til eða taka þátt í prófkosningum um frambjóðanda eða framboðslista, nema það sé innan skipulagsbundins stjórnmálaflokks eða félags, og sé prófkosningin leynileg.

3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

4. Að viðhafa kosningaróður, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

5. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem

um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess, að verða settur þar á kjörskrá.

6. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

7. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærur.

143. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinu eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, og áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

144. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

145. gr.

Ef Alþingi berst kæra, um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn við-

víkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

146. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema hann eigi tilkall til varamanns.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

147. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landkjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landkjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landkjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin, og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XXI KAFLI

Kostnaður.

148. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landkjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landkjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landkjörstjórn. Ríkissjóður greiðir þó aðeins fyrir kjörkassa með tilheyrandi pokum til nýrra kjördeilda, en hvorki fyrir viðhald né endurnýjun þeirra og aðeins fyrir hin fyrstu tvö eintök kosningahandbókar til hverrar kjördeildar.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppsjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

Kjörstjórnum greiðast ekki dagpeningar, en ferðakostnaður eftir reikningi.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

149. gr.

Það varðar sektum frá 50—5000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður vanrækja að framkvæma það, sem fyrir þá er lagt í lögum þessum, eða haga framkvæmdinni vísvitandi á ólöglegan hátt.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

150. gr.

Það varðar sektum frá 50—500 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þess-

um. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef maður stofnar til eða tekur þátt í almennum prófkosningum á annan hátt en heimilað er í lögum þessum.

5. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra.

6. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 95. gr.).

7. Ef maður njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

8. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

9. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

10. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína.

11. Ef maður vanrækir að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

12. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

13. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 142. gr. 5. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

14. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

151. gr.

Það varðar 300—5000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir aðstoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 107. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

152. gr.

Það varðar 50—5000 króna sekt og missi kosningaréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, eða heitir á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, eða ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

3. Ef maður greiðir atkvæði á tveimur stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

153. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

154. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lögin öðlast gildi.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16, 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

2. Lög nr. 36, 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16, 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

3. Lög nr. 19, 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

4. Lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

5. Lög nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

6. Lög nr. 12, 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

7. Lög nr. 17, 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.

8. Lög nr. 50, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

9. Lög nr. 13, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

10. Lög nr. 20, 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

11. Lög nr. 58, 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við Alþingiskosningar.

12. Lög nr. 47, 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

XXIV. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

156. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmælts tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

157. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyr en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

158. gr.

Landkjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eins og kunnugt er samþykkti hið reglulega Alþingi, sem háð var á síðastliðnum vetri, breytingu á stjórnarskránni, sem veldur því, ef samþykkt verður til fullnaðar, að breyta þarf lögum um alþingiskosningar. Þar sem hin nýja breyting á stjórnarskránni gerir ráð fyrir því, að almennar kosningar til Alþingis fari fram mjög bráðlega, eftir að stjórnarskrárbreytingin hefir verið endanlega samþykkt, þá verður að setja ný kosningalög á hinu sama þingi sem stjórnarskrárfrumvarpið nýja verður samþykkt hið síðara skiptið.

Það virðist mega ganga út frá því sem vísu, að aukaþing það, sem á að koma saman 2. nóvember næstkomandi, muni samþykkja áðurnefnda stjórnarskrárbreytingu. Fyrir hið sama aukaþing verður þá að leggja frv. til nýrra kosningalaga. Með tilliti til þessa fór ríkisstjórnin þess á leit við þingflokkana skömmu eftir síðustu kosningar, að þeir tilnefndu sinn manninn hver, til þess að taka þátt í undirbúningi þessa kosningalagafrv. Flokkarnir brugðust vel við þessu. Sjálfstæðisflokkurinn nefndi til Magnús Guðmundsson ráðherra, Framsóknarflokkurinn Eystein Jónsson skattstjóra og Alþýðuflokkurinn Vilmund Jónsson landlækni. Hafa þessir 3 menn unnið að undirbúningi þessa frv. Um ýms atriði frv. er nokkur ágreiningur og verður þess getið nánar í athugasemdum við hinar einstöku gr. Um ýms atriði er það að segja, að nefndarmenn hafa sveigt til til samkomulags, þótt þeir hefðu kosið ákvæðin á annan veg.

Í frv. hefir verið steypt saman öllum eldri lagaákvæðum um alþingiskosningar og þeim breytt og aukið við þau, eftir því sem stjórnarskrárbreytingin gefur tilefni til og eftir því, sem nauðsynlegt þótti til skýringa eða fyllingar hin-

um eldri ákvæðum. Rík áherzla hefir verið lögð á það, að reyna að hafa ákvæðin svo skýr og skipulagsbundin, að síður sé hætta á, að þeir sem lögin eiga að nota, misskilji þau eða séu í vafa um hvað rétt er eða rangt.

Um hinar einstöku gr. þykir rétt að geta þess, sem hér segir:

Um 1. gr.

Hér eru tekin upp ákvæði þau um kosningarrétt manna, sem felast í 4. gr. hinnar nýju stjórnarskrárbreytingar. Með þessum ákvæðum er kosningarrétturinn til muna rýmkaður, sbr. 3., 4. og 5. gr. hinna gildandi kosningalaga, 3. nóvember 1915.

Um 2. gr.

Þessi gr. er að efni til eins og 2. gr. gildandi kosningalaga.

Um 3. gr.

Þessi gr. svarar til 3. gr. gildandi kosningalaga, en henni er breytt þannig, að gjaldþrot sviptir menn ekki kosningarrétti og er þetta í samræmi við hina nýju stjórnarskrárbreytingu.

Um 4. gr.

Þessi gr. er í samræmi við 5. gr. 2. mgr. hinnar nýju stjórnarskrárbreytingar.

Um 5. gr.

Í þessari gr. er tekin upp kjördæmaskipun landsins. Eins og stendur eru ákvæði um þetta að finna í ýmsum lögum og sýnist gleggra að hafa þessi ákvæði öll á einum stað og fella hin eldri úr gildi.

Um 6. gr.

Eftir gildandi ákvæðum er heimilt að skipta hreppi í 3 kjördeildir. Hér er stungið upp á að heimila, að kjördeildir verði 4 í hreppi og því bætt við, að hreppshluti með 20 kjósendum megi, ef erfitt er aðsóknar á kjörstað, heimta kjördeild hjá sér. Þetta er að sjálfsögðu gert til þess að létta kjörsóknina og verður að teljast alveg nauðsynlegt. Þá er og gert ráð fyrir því, að hreppsnefnd ráði skiptingu hrepps í kjördeildir, þó þannig, að til þess þurfi samþykki yfirkjörstjórnar, í stað þess, að nú eru slík mál lögð undir sýslunefnd, sem er óhentugt, þar sem hún heldur venjulega fund aðeins einu sinni á ári.

Um 7. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 8. gr.

Í nefndinni var nokkur ágreiningur um hvort nauðsyn væri á landkjörstjórn. Einn nefndarmanna (M. G.) hélt því fram, að vel mætti fela dómsmálaráðuneytinu eða Hagstofunni að inna af hendi hennar störf, því að þau eru lítið annað en útreikningur. Það varð þó afan á að hafa sérstaka landkjörstjórn, sem Alþingi kysi hlutbundnum kosningum.

Um 9. gr.

Um hana var einnig ágreiningur. Að minnsta kosti einn nefndarmanna (V. J.) var því algerlega mótfallinn, að sýslumenn og bæjarfógetar væru lögákveðnir oddvitar yfirkjörstjórna, þar sem þeir eru búsettir í kjördæminu. Vildi hann, að öll yfirkjörstjórnin væri kosin hlutbundnum kosningum. Sá nefndarmanna, sem ber frv. þetta fram, gat ekki á þetta fallizt, því að það mundi almenningi bagalegra, að vita ekki jafnan hver væri formaður yfirkjörstjórnar, enda starfið talsvert vandasamt og heimtar nákvæmni og eftirlit, sem álíta verður að sýslumenn og bæjarfógetar séu yfirleitt færari til að inna af hendi en aðrir. Margt fleira mætti telja til, en því er hér sleppt.

Um 10. gr.

Þá var og ágreiningur um þessa gr. Vildu 2 nefndarmanna ekki, að hreppstjórar væru lögákveðnir formenn undirkjörstjórna, í þeim kjördeildum, þar sem þeir eru búsettir. Þetta virðist þó hentugt, því að jafnaði eru hreppstjórarnir meðal þeirra manna, sem líklegastir eru til að leysa þetta starf af hendi svo að í fullu lagi sé, enda er gert ráð fyrir því í frv., að um þetta fari á sama hátt og eftir þeim lögum, sem nú gilda.

Um 11. gr.

Er í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 13. gr.

Er í samræmi við gildandi lög og þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Í hinni gildandi stjórnarskrá er svo ákveðið, að kosningarréttur í kjördæmi sé bundinn við 1 árs búsetu þar. Þetta er fellt burtu í breytingu þeirri á stjórnarskránni, sem var samþykkt á síðasta þingi. Af þessu leiðir, að reglurnar um samningu kjörskráa hljóta að breytast talsvert. Við þetta vinnst meðal annars, að hægt er að losna við aukakjörskrá. Önnur afleiðing þessarar breytingar sýnist og vera sú, að ekki sé hægt að krefjast sem skilyrði fyrir kosningarrétti lengri búsetu í sama kjördæmi en minnst þarf vegna samningar kjörskrár.

Í nefndinni var nokkur ágreiningur um hvenær kjörskrá skyldi samin. Fyr en í janúar virðist tæpast hægt að semja hana, vegna þess að manntöl fara víða ekki fram fyr en um áramót. Réttast sýnist, að hún sé samin í febrúar, eins og gert er ráð fyrir í þessari gr., ef hún á að koma í gildi 1. júlí, en um það var ágreiningur í nefndinni.

Um 15. gr.

Reglurnar um hvar taka skal kjósendur á kjörskrá eru eftir þessari gr. mjög einfaldar og sýnist ekki þurfa neinna skýringa við.

Um 16. gr.

Réttast er, að kjörskrá sé rituð á eyðublöð, sem ráðuneytið lætur útbúa. Við það vinnst, að þær verða allar í sama formi og er það nokkurs virði.

Um 17. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Í þessari gr. er nýmæli, um að almenningur eigi aðgang að kjörskráreftirriti, þó að skráin hafi ekki verið lögð fram. Ákvæði þetta er sett til þess að létta undir með kjósendum um að fá að vita, hvort réttum reglum hafi verið fylgt um samningu kjörskrárinnar. Þetta er nauðsynlegra vegna þess, að frv. þetta gerir ekki ráð fyrir, að kjörskrár séu lagðar fram nema þegar kosningar eiga að fara fram.

Um 19. gr.

Í þessari gr. er sú regla sett, að kjörskrá skuli aðeins lögð fram, þegar kosning á að fara fram. Þetta virðist nægilegt, því að einungis þegar svo stendur á, er verulegur áhugi fyrir um innihald hennar. Að fella niður samningu kjörskrár, nema þegar vitað er um, að kosning eigi að fara fram, er ekki hægt, því að kosning getur borið að með svo skömmum fyrirvara, að ekki sé tími til að semja kjörskrá og láta hana liggja frammi.

Þá er og það nýmæli í þessari gr., að í sveitum skuli senda á hvert heimili tilkynningu um hverjir eru þar á kjörskrá. Það má sennilega deila um, hvort þetta er nauðsynlegt, en sé þessi regla upp tekin, geta engir í sveitum borið því við, að þeir hafi ekki fengið vitneskju um, hvort þeir eru á kjörskrá eða ekki.

Um 20. gr.

Þessi gr. er að innihaldi svo svipuð gildandi ákvæðum, að um hana þarf ekki að ræða.

Um 21. gr.

Þegar lokið er úrskurðum um kærur yfir kjörskrá, er hún fyrst fullgerð og á að undirritast af hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Yfir nöfn þeirra, sem burtu falla má strika og gera í athugasemdadálki grein fyrir hvernig á útstrikuninni stendur, en þá sem við bætast má setja aftast á skrána eða á viðaukaskrá, eftir því sem hentast er.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru svipuð gildandi ákvæðum um stytting fresta, þegar aukakosning fer fram, en heimildin til að stytta frestina er hér látin ná til allra kosninga, því að það getur komið sér vel og á ekki að geta verið hættulegt.

Um 24. gr.

Er í öllum aðalatriðum í samræmi við þau ákvæði, sem nú gilda.

Um 25. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 26. gr.

Hér er stungið upp á að lengja framboðsfrestinn um 3 daga frá því sem nú er og virðist það nauðsynlegt vegna landlistanna, ef gert er ráð fyrir, að á þeim geti verið allir frambjóðendur flokks eða flokka í kjördæmum, því að þá er ekki hægt að útbúa og afhenda fyr en vitað er, hverjir bjóða sig fram í kjördæmum.

Um 27. gr.

Það hefir þótt rétt að takmarka mjög tölu meðmælenda, enda verður því ekki neitað, að undirskriftasmölun í þessum tilgangi samrímist illa leynilegum kosningum.

Ennfremur er það nýmæli í þessari gr., að frambjóðendur og meðmælendur lista skuli lýsa yfir, fyrir hvaða flokk listinn eða frambjóðandi sé og viðurkenning flokksstjórnar á þessu. Þetta leiðir beint af fyrirkomulagi því, um skipun uppbótarþingsæta, sem hin nýja stjórnarskrárbreyting ráðgerir.

Um 28. gr.

Fyrirmæli þurfa um hvaða stjórnmálaflokkur eigi að hafa heimild til að bera fram landlista, því að auðsætt er, að rangt væri að leyfa slíkt örfáum mönnum. Annars má eflaust um það deila, hvort þær hömlur, sem settar eru í gr., séu hæfilegar eða ekki.

Um 29. gr.

Að því leyti, sem gr. þessi er ekki í samræmi við gildandi lög, leiða breytingarnar af hinu ráðgerða nýja fyrirkomulagi um uppbótarþingsæti. Frekari skýringar þarf því ekki.

Um 30. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að nöfn á landlista skuli ekki vera fleiri en 38 og er það miðað við, að 38 þingmenn skal kjósa í einstökum kjördæmum, og reglan sett með hliðsjón af því, að flokkur, sem hefir frambjóðendur í öllum kjördæmum, geti haft alla frambjóðendur á landlista. Með þessu ætti að vera nokkurnveginn tryggt, að nægilega margir verði til að taka uppbótarsæti og varauppbótarsæti, en skyldi það þó ekki verða, þá er séð fyrir því á öðrum stað í frv.

Í hinni nýju stjórnarskrárbreytingu er svo fyrir mælt, að 10 efstu sæti á landlista skuli skipuð þannig, að að minnsta kosti annaðhvert sæti hafi frambjóðendur þess flokks utan Reykjavíkur, sem listann ber fram. Í þessu liggur, að heimilt hlýtur að vera að kveða svo á í kosningalögum, að allir frambjóðendur á lista skuli vera frambjóðendur í kjördæmi meðan til vinnst, eða að allir frambjóðendur flokks skuli vera á landlista, sbr. orðin „að minnsta kosti“. Með þessu var án efa tilætlunin að tryggja það, að þeir sem hlytu uppbótarþingsæti hefðu að minnsta kosti sumir sýnt það, að þeir hefðu fylgi utan Reykjavíkur. Þó getur skipun lista orðið þannig þótt ákvæðum stjórnarskrárbreytingarinnar sé fylgt, að þessum tilgangi verði ekki náð og væri auðvelt að sýna það með dæmum.

Í nefndinni var talsvert um þetta rætt og voru skoðanir skiptar. Umboðsmaður Alþýðuflokksins (V. J.) kvaðst ekki geta fellt sig við það, að flokkar væru skyldaðir til að hafa alla frambjóðendur á landlista. Umboðsmaður Framsóknarfl. (E. J.) vildi vera frjáls um aðferðir og kvaðst beygja sig fyrir því, sem meiri hl. flokks síns óskaði um þetta. Umboðsmaður Sjálfstæðisfl. (M. G.) kvaðst mjög vel geta gengið að því, að slík skylda væri lögð á flokkana, því að hann bjóst við, að Sjálfstæðisfl. mundi fylgja þessari reglu hvort sem hún væri lögskipuð eða ekki, en það voru allir nefndarmenn sammála um, að rétt væri að leyfa þessa aðferð. Til þess að rjúfa ekki samstarfið í nefndinni um þetta varð það því ofan á að leyfa bæði að fylgja hinum minnstu kröfum, sem stjórnarskrárfrv. gerir og að hafa alla frambjóðendur á landlista, án þess að raða þeim fyrirfram á hann. En eftir því, sem hér er tekið fram hafa 2 nefndarmanna óbundnar hendur um þetta, ef brtt. koma fram.

Um 31. gr.

Er í samræmi við gildandi lög.

Um 32. gr.

Þessi gr. er að mestu í samræmi við gildandi lög, sbr. 18. gr. kosningalaganna. Mikið álitamál er, hvort ekki eiga sömu reglur að gilda þegar frambjóðandi hættir af öðrum gildum ástæðum við framboð, því að t. d. ólæknandi sjúkdómur sýnist eiga í þessu efni að jafngilda dauða. Það varð þó ekki ofan á í nefndinni að breyta gildandi ákvæðum um þetta, vegna þess að slíkt mætti nota til að rugla kosningu og erfitt að segja hvenær gildar ástæður væru til að taka framboð aftur.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að hugsun hin sömu og í gildandi lögum, en talsvert fyllri. Hugsunin er sú að tryggja öllum frambjóðendum rétt til þess að hafa umboðsmenn til þess að gæta réttar síns við framboðið og kosningar.

Um 34. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 35. gr.

Gr. þessi er til skýringa fyrir kjörstjórnir, um hvað þær skuli færa til bókar. Ákvæðin eru fyllri en þau, sem nú gilda, en sýnast ekki þurfa skýringa.

Um 36. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Dómsmálaráðuneytið verður að fá þær tilkynningar, sem ráðgerðar eru í þessari gr. áður en upplag eyðublaða undir kjörseðla er ákveðið.

Um 38. gr.

Reglur þessarar gr., um hvort landlisti sé gildur, eru í samræmi við gildandi reglur um landkjörlista.

Um 39. gr.

Með því að kjósendur geta byrjað að greiða atkvæði utan kjörfunda strax og framboðsfrestur landlista er liðinn, verður að auglýsa þá lista vel, til þess að kjósendum sé gefinn kostur á að vita, um hverja þeir eiga að velja.

Um 40. gr.

Landlistana verður að senda út um allt land eins fljótt og verða má, til þess að þeir séu í höndum kjörstjórna áður kosning hefst á kjörstað.

Um 41. gr.

Er í samræmi við gildandi lög.

Um 42. gr.

Þessi gr. er einnig að mestu leyti í samræmi við gildandi lög. Þó er því aukið við, hvernig merkja skuli lista, ef 2 eða fleiri koma fram frá sama flokki og er það skýrara að láta sama flokk hafa sama bókstaf við sömu kosningar, þótt fleiri séu listar en einn. Listana verður að auglýsa vegna kjósenda úti um land.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Þessi gr. er í samræmi við gildandi lög.

Um 45. gr.

Eyðublaðinu við utankjörfundaratkvæðagreiðslu hefir verið breytt lítið eitt til þess að fyrirbyggja misskilning, en annars er gr. eins og lög þau, sem nú gilda.

Um 46. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 47. gr.

Er að efni til samhljóða ákvæðum, sem nú gilda, að því viðbættu, að kosningalög og stjórnarskrá skuli vera í skipi um kosningar.

Um 48. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 49. gr.

Rétt virðist að ríkissjóður láti í té eyðublöð undir kosningar alstaðar á landinu. Við það er þessi gr. miðuð.

Um 50. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 51. gr.

Gert er ráð fyrir, að eyðublað undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar líti út eins og sýnishornið á þessari síðu (í hálfri stærð).

Um 52. gr.


Það er varla nauðsynlegt að sýna fyrirmynd að kjörseðli Reykjavíkur og er því þess vegna sleppt. Gr. segir nákvæmlega fyrir um gerð þeirra.

Um 53. gr.

Vil almennar kosningar verða jafnan að fara fram kosningar í öllum kjördæmum, jafnvel þótt ekki hafi boðið sig fram fleiri en kjósa á. Þetta er vegna uppbótarsætanna, sem skiptast niður á flokkana eftir atkvæðatölu þeirra. Ef aukakosning fer fram t. d. vegna dauða þingmanns, kosins óhlutbundnum kosningur, þarf aftur á móti ekki að fara fram kosning, ef ekki hafa fleiri boðið sig fram en kjósa á, því að þá er ekki um úthlutun uppbótarsæta að ræða.

Um 54. gr.

Það er nýmæli að geta þess á kjörseðli fyrir hvaða flokk hver frambjóðandi sé, og að frambjóðendur sama flokks standi saman á seðlinum og frambjóðendur utan flokka síðast. Þetta er eðlileg afleiðing af reglunum um skipun uppbótarsæta og er greinilegra fyrir kjósendur. Stafrófsröð ræður innbyrðis milli flokkanna og mun varla unnt að finna sanngjarnari reglu, þó að segja megi, að nokkur kostur sé að því fyrir flokk að standa jafnan efstur á kjörseðli. Til skýringar er hér sett eyðublað að kjörseðli við óhlutbundnar kosningar, eins og það lítur út eftir að það er fullgert. (Sjá sýnishornið á næstu síðu (í hálfri stærð).



Um 55. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru svo lík gildandi ákvæðum, að um hana þarf ekki að rita skýringar.

Um 56. gr.

Er eins og gildandi lög.

Um 57. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 58. gr.

Þessi gr. svarar til 22. gr. gildandi kosningalaga að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að þrenns konar umslög séu send undirkjörstjórnum, í stað tvenns konar áður. Við er bætt umslögum fyrir ágreiningsseðla, þ. e. atkvæðaseðla frá utankjörfundaatkvæðagreiðslu, því að þeir einir geta valdið ágreiningi í undirkjörstjórn. Um slíka seðla fellir svo yfirkjörstjórn úrskurði.

Guðmundur Guðnason
Frambjóðandi Alþýðuflokksins

Guðni Jónsson, verkamaður
Frambjóðandi Alþýðuflokksins

Jóhann Z. Vigfússon
Frambjóðandi Framsóknarflokksins

Sigurður Grímsson
Frambjóðandi Framsóknarflokksins

Guðni Jónsson, stúdent
Frambjóðandi Kommúnistaflokksins

Sigurgeir Sveinsson
Frambjóðandi Kommúnistaflokksins

Bárður Arngrímsson
Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins

Guðjón Einarsson
Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins

A
Landlisti Alþýðuflokksins

B
Landlisti Framsóknarflokksins

C
Landlisti Kommúnistaflokksins

D
Landlisti Sjálfstæðisflokksins

Um 59. gr.

Í nefndinni var ágreiningur um kjördaginn. Hér er stungið upp á, að hann sé sem næst hinn sami og samþykkt var á þingi 1929, þannig að sunnudagur komi í stað laugardags, því að þær tvennar kosningar, sem síðan hafa verið háðar, hafa farið fram á sunnudegi og hefir það þótt gefast vel. Einn nefndarmanna (E. J.) vildi hafa 2 kjördaga í sveitum, en það varð ekki ofan á í nefndinni.

Um 60. gr.

Gera má ráð fyrir, að kjördeildum verði fjölgað í sveitum. Hreppsnefndum er ætlað að ákveða hina nýju kjörstaði, en gengið út frá, að þingstaðir verði áfram kjörstaðir í þeim kjördeildum þar sem þeir eru, ef þeir eru ekki illa settir til aðsóknar, en það getur vel orðið, þegar hreppum er skipt í deildir, þótt staðurinn sé hentugur fyrir allan hreppinn.

Um 61. gr.

Er að efni til eins og 25. gr. gildandi kosningalaga nema að heimilað er berum orðum að hafa fleiri en einn kjörklefa í sömu kjördeild og sýnist það vera til bóta.

Um 62. gr.

Þessi gr. er mjög svipuð 26. gr. kosningalaga þeirra, sem nú gilda. Við er þó bætt nokkrum ákvæðum, svo sem að pokarnir utan um kassana skuli vera saumlausir, þ. e. ofnir í einu lagi, eins og póstpokar, að yfirkjörstjórn beri ábyrgð á að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, o. fl. sem ekki er þörf á að nefna.

Um 63. gr.

Það sýnist ástæða til að setja ákvæði til tryggingar því, að kosningalög og stjórnarskrá sé jafnan við á kjörfundi. Bezta ráðið til þess mun vera, að gefa þessi lög út í handhægri útgáfu og ætti það ekki að kosta mjög mikið, enda ekki ólíklegt, að af þeirri bók seldist nokkuð, ef hún væri seld vægu verði.

Um 64. gr.

Er að efni til eins og gildandi ákvæði.

Um 65. gr.

Er eins og niðurlag 2. gr. laga nr. 58, 7. maí 1928. Síðasta málsgr. þeirrar gr. er þó tekin upp annarsstaðar í þessu frv.

Um 66. gr.

Hér eru teknar upp í 2 síðari málsgr. 3. gr. laga nr. 58, 1928.

Um 67. gr.

Er að innihaldi eins og 1. málsgr. 3. gr. l. nr. 58, 1928.

Um 68. gr.

Er að innihaldi eins og 2. málsgr. sömu laga.

Um 69. gr.

Innihald þessarar gr. er nýtt og ræðir um hversu kjósendur utan kjörfunda láta í ljósi vilja sinn um landlista. Þau ákvæði þarfnast varla skýringu.

Um 70. gr.

Þessi gr. er með sama innihaldi og 4. gr. laga nr. 58, 1928, nema því er bætt við, vegna ágreinings, sem um það hefir orðið, að vitundarvottar skuli rita á fylgibréf með atkvæðaseðli, þótt kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta.

Um 71. gr.

Er að efni eins og 3. málsgr. 4. gr. l. nr. 58, 1928.

Um 72. gr.

Er að efni eins og 4. málsgr. sömu gr. sömu laga.

Um 73. gr.

Er samhljóða síðustu málsgr. sömu gr. sömu laga.

Um 74. gr.

Er eins og 1.—4. málsgr. 5. gr. sömu laga.

Um 75. gr.

Er samhljóða síðustu málsgr. 5. gr. sömu laga.

Um 76. gr.

Þessi gr. svarar til 27. gr. kosningalaga nr. 28, 1915. Innihaldið er eins, nema að því leyti, að fyrirskipað er, að kosning í Reykjavík byrji kl. 10 árd. en annarsstaðar frá 12—1 miðdegis.

Um 77. gr.

Er samhljóða 28. gr. laga nr. 28, 1915.

Um 78. gr.

Innihald þessarar gr. er hið sama og í 29.—30. gr. laga nr. 28, 1915.

Um 79. gr.

Þessi gr. svarar til upphafs 6. gr. laga nr. 58, 1928, en nokkrum ákvæðum er þó bætt við og þarfnast þau ekki skýringa.

Um 80. gr.

Þessi gr. er ný, en sýnist svo ljós, að ekki þurfi að skýra hana.

Um 81. gr.

Það er varla hægt að gera ráð fyrir, að almenningur sé svo fróður um reglur þær, sem gilda um kosningar, að ekki sé nauðsyn á leiðbeiningum. Fyrir því er gert ráð fyrir í þessari gr., að dómsmálaráðuneytið gefi út kosningaleiðbeiningar og séu þær festar upp á kjörstað. Þessar leiðbeiningar mega ekki vera langar.

Um 82. gr.

Landlistar eru svo umfangsmiklir, að ekki þykir fært að prenta þá á kjörseðil. Til þess að kjósendur geti athugað þá og kosið þá eins og þeir helzt óska, er því fyrirskipað í þessari gr., að þeir skuli festir upp í hverjum kjörklefa og kjörfundarstofu.

Um 83. gr.

Þessi gr. svarar til þriggja fyrstu málsgr. 31. gr. l. nr. 28, 1915.

Um 84. gr.

Þessi gr. svarar til síðari hluta sömu gr.

Um 85. gr.

Þessi gr. svarar til 32. gr. sömu laga, en ákvæðin eru hér gerð talsvert fyllri. Auk þess er sú breyting á gerð, að gert er ráð fyrir, að undirkjörstjórnir gefi þeim mönnum framvegis vottorð, sem vilja greiða atkvæði í annari kjördeild innan sama kjördæmis en þeirri, sem kjörskrá segir til. Eftir gildandi reglum eru það sýslumenn og bæjarfógetar, sem gefa þessi vottorð.

Um 86. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 87. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að kosið sé með ritblýi í stað stimpils eins og nú er. Í samræmi við þetta er gerð kjörseðlanna önnur en nú er að lögum. Það verður varla sagt, að kosning með stimpli hafi gefizt vel. Óvönum fellur sú aðferð ekki og jafnan er það svo, að margir seðlar verða ónýtir og má stundum sjá, að það er vegna óvana í meðferð stimpils. Ritblý hefir jafnan verið notað við landkjör og kosningar í Reykjavík.

Um 88. gr.

Er í samræmi við gildandi reglur.

Um 89. gr.

Hér er lýst hvernig sá skal kjósa, sem vill kjósa landlista, en ekki lista Reykjavíkur eða frambjóðanda eða frambjóðendur annarsstaðar. Vera má, að nokkur hætta sé á, að kjósendur ruglist í þessu, en auðveldara fyrirkomulag hefir ekki fundizt, ef fullkomlega á að tryggja kjósanda frelsi til að velja og hafna, en það verður væntanlega að teljast aðalatriði. Annars sýnir reynsla, að tiltölulega sjaldan er breytt röð á listum og væntanlega má ganga út frá, að fáir reyni að breyta röð, aðrir en þeir, sem eru heima í þeim reglum, sem um það gilda.

Um 90. gr.

Að sjálfsögðu ber að líta svo á, að kjósandi frambjóðanda flokks eða lista flokks, séu jafnframt kjósendur landlista, því að atkvæðafjöldi flokkanna skapar möguleika fyrir uppbótarþingsætum. Fyrir því er sanngjarnt að leyfa þeim, sem kýs frambjóðanda flokks eða lista í Reykjavík að láta í ljósi ósk um hver eða hverjir standi næstir til að taka uppbótarþingsæti. Þessa sanngirniskröfu er reynt að uppfylla í þessari gr.

Um 91. gr.

Í þessari gr. er kjósanda tryggður réttur til, þótt enginn landlisti sé í kjöri, en heimildin er þó takmörkuð þannig, að ekki má bæta öðrum við en þeim, sem eru í kjöri í kjördæmi af hálfu sama flokks og hann kýs. Af þessu leiðir, að þegar allir frambjóðendur flokks eru á landlista, getur kjósandinn engum bætt við á listann.

Um 92. gr.

Í þessari gr. er kjósanda tryggður réttur til, þótt enginn landlisti sé í kjöri, að láta í ljósi vilja sinn um hverjir af frambjóðendum flokksins skuli hljóta uppbótarþingsæti, ef flokknum hlotnast þau.

Um 93. gr.

Hér er sagt frá hvað það er sérstaklega, sem kjósandi verður að varast er hann kýs. Þessar reglur eru að mestu í samræmi við þær reglur, sem nú gilda, en því aukið við sem með þarf vegna landlistanna.

Um 94. gr.

Er í fullu samræmi við gildandi ákvæði.

Um 95. gr.

Þessi gr. svarar til síðustu málsgr. 32. gr. laga nr. 28, 1915, en er breytt þannig, að ekki er leyfilegt að hjálpa öðrum kjósendum en þeim, sem ekki geta kosið vegna sjónleysis eða þess, að þeir eru handarvana. Eftir gildandi reglum má hjálpa vegna hverskonar líkamsbilunar, sem kjörstjórn metur gilda. Þetta mun hafa verið notað sumstaðar nokkuð freklega og hefir því þótt rétt að draga úr því, að slík hjálp sé veitt.

Um 96. gr.

Er að efni til eins og 34. gr. laga nr. 58, 1915.

Um 97. gr.

Er eins og 35. gr. sömu laga.

Um 98. gr.

Er að innihaldi eins og 37. gr. sömu laga.

Um 99. gr.

Eftir gildandi reglum hefir verið litið svo á, að þeir, sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar, af því að þeir hafa talið, að þeir mundu ekki verða staddir heima á kjördegi, þurfi ekki að skipta sér af kosningu, þó að svo hafi farið, að þeir vegna einhverra breytinga, eru heima, þegar kosning fer fram. Þetta verður í sjálfu sér að telja sanngjarna reglu. En það mun varla vera hægt að neita því, að sumir, sem alls ekki hafa búizt við að vera utan heimilis eða kjördeildar á kjördegi hafa notað sér þetta ákvæði, til þess að greiða atkvæði á undan kjördegi og geta ýmsar ástæður hafa legið til þess. Nú er það auðsætt, að ef þetta leyfist einum verður það ekki með sanngirni öðrum bannað og gæti þá svo farið, að kosningar yrðu meira og meira utan kjörfundar, en það hefur ýmsa galla í för með sér, sem óþarft er að telja. Sanngjarnasta reglan væri vitaskuld sú, að sá maður, sem hefir kosið utan kjörfundar í góðri trú, um að hann yrði fjarverandi á kjördegi, þurfi ekkert frekar að aðhafast, þótt sú breyting verði á, að hann sé heima. En það er vandhæfni á að vita, hvenær þessi „góða trú“ er til staðar og hvenær ekki og ómögulegt fyrir kjörstjóra að meta það. Hér verður því sennilega að fara eins og oftar, að hinir saklausu verða að þola óþægindi fyrir hina seku. Um þetta má þó mjög deila og var ekki fullt samkomulag um þetta í nefndinni. Mikil misbrúkun á þessu mun tæpast hafa átt sér stað og er þá álitamál, hvort grípa þarf í taumana strax.

Um 100. gr.

Er í samræmi við gildandi lagafyrirmæli.

Um 101. gr.

Svarar til 38. gr., 2. málsgr. laga nr. 28, 1915.

Um 102. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 103. gr.

Þessi gr. er aðeins afleiðing af því, sem á undan er ákveðið í frv. og þarfnast ekki skýringa.

Um 104. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 105. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 106. gr.

Þessi gr. er í öllum aðalatriðum eins og þau fyrirmæli, sem nú gilda.

Um 107. gr.

Í þessari gr. er ekki innifalin nein efnisbreyting, heldur eru aðeins sett nokkru fyllri ákvæði en þau, sem nú gilda.

Um 108. gr.

Engin þörf á athugasemdum.

Um 109. gr.

Vísast til skýringar um 53. gr.

Um 110. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 111. gr.

Þessi gr. er í samræmi við þær reglur, sem nú gilda.

Um 112. gr.

Þessi gr. svarar til fyrri hluta 48. gr. l. nr. 28, 1915 og þarfnast ekki skýringa.

Um 113. gr.

Hér eru gefnar reglur, um hvenær atkvæði skuli meta ógilt og mun varla vera ágreiningur um, að öll þau tilfelli, sem nefnd eru, eigi að valda ónýtingu, Hitt kann frekar að orka tvímælis, hvort öll slík tilfelli séu talin.

Um 114. gr.

Í þessari gr. er það lögfest, sem víðast mun hafa tíðkazt áður, að seðlar skuli teknir gildir þótt gallaðir séu, ef greinilegt er hvernig kjósandi hefir viljað kjósa. Þessi ákvæði ættu að skapa meira samræmi í dómum yfirkjörstjórna um gildi eða ógildi kjörseðla, en verið hefir.

Í þessari gr. er og það nýmæli, að kjörseðill í tvímenningskjördæmum sé gildur, þótt aðeins einn sé kosinn, og verður ekki betur séð, en að það sé til bóta.

Um 115. gr.

Í hinni nýju stjórnarskrárbreytingu er svo fyrir mælt, að þegar landlistar eru í kjöri, skuli kjósendur kjósa annaðhvort landlista eða lista kjördæmis eða

frambjóðendur kjördæmis. Þetta ákvæði var vitanlega sett til þess, að ekki væri hægt að kjósa á víxl tvo flokka. Þessi hugsun leiðir aftur á móti ekki til þess, að seðill þurfi að teljast ógildur, ef sami flokkur er kosinn bæði á landlista og á lista í kjördæmi eða frambjóðendur úr sama flokki. Þess vegna er í þessari gr. fyrirskipað, að þegar slíkt hendir kjósanda, sem honum annars er boðinn varnaður á, þá skuli slíkt atkvæði ekki ógilt teljast, heldur skoðist landlistinn, þegar svo á stendur, ókosinn.

Um 116. gr.

Þessi gr. er að mestu í samræmi við gildandi reglur, en orðalagi breytt.

Í nefndinni var talsvert um það rætt, hvort ekki væri rétt að úrskurða strax vafaseðla, hvern einstakan fyrir sig og fyrirskipa yfirkjörstjórnum að gera það. Héldu tveim nefndarmenn því fram, að sjálfsagt væri að fara þannig að og má því búast við að brtt. um þetta komi fram við meðferð málsins í þinginu. Eins og frv. er, liggur þetta atriði á valdi yfirkjörstjórna.

Um 117. gr.

Reglur þessarar gr. eru nýjar, en munu varla þykja ósanngjarnar. Ekkert sýnist eðlilegra, en að frambjóðendum flokks teljist þau atkvæði í kjördæmi, sem falla á landlista, því að væri svo ekki, kæmu þau óbeinlínis til hjálpar öðrum flokki, en slík regla væri fráleit. Allar reglur þessarar gr. eru miðaðar við þessa hugsun og ætti þar um ekki að þurfa frekari skýringu.

Um 118. gr.

Þessi gr. er í samræmi við gildandi reglur með þeim viðaukum, sem landlistar gefa tilefni til.

Um 119. gr.

Efni þessarar gr. er í samræmi við gildandi reglur, þótt orðalagi sé breytt og bent á einfaldari aðferð til þess að komast að niðurstöðu um, hver sé kosinn af lista í Reykjavík.

Um 120. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 121. gr.

Þó að kosning fari fram við almennar alþingiskosningar í kjördæmi, þar sem ekki hafa boðið sig fram fleiri en kjósa á, þá verður samt að lýsa þá kosna, sem hafa boðið sig fram, án tillits til atkvæðafjölda, því að kosningin hefir einungis farið fram vegna reglnanna um úthlutun uppbótarsæta.

Um 122. gr.

Þessar reglur um hlutkesti, þegar atkvæði eru jöfn, eru hinar sömu og nú gilda.

Um 123. gr.

Skýringar eru óþarfar.

Um 124. gr.

Þessi gr. er í samræmi við ákvæði 52. gr. l. nr. 28, 1915.

Um 125. gr.

Fyrirmæli þessarar gr. eru ný. Þau fjalla um hvaða skilríki yfirkjörstjórnir eiga að senda landkjörstjórn, til þess að hún geti ákveðið hverjum eigi að hlotnast uppbótarsætin. Þarf varla skýringar hér að lútandi.

Um 126. gr.

Athugasemdir eru óþarfar.

Um 127. gr.

Sýnist ekki þurfa skýringa við.

Um 128. gr.

Í þessari gr. er sú regla sett, að það sé afgert eftir hverjar kosningar hvaða flokkar teljist þingflokkar. Eftir stjórnarskrárbreytingunni er það bert, að sá flokkur, sem ekki á mann á þingi, er ekki þingflokkur, en komið hefur fram efi um það, hvort farið skyldi eftir því ástandi, sem var þegar gengið var til kosninga, eða því sem er eftir kosningar. Réttara virðist að fara eftir kosningarúrslitunum, því að það eru þau, sem skapa möguleika fyrir uppbótarsætum eða útiloka þá.

Að sjálfsögðu skapa atkvæði utan flokka ekki rétt til uppbótarsæta, því að engin skoðanaskyldleiki þarf að vera milli þeirra kjósenda eða frambjóðenda, sem þar eiga hlut að máli.

Um 129. gr.

Hér segir frá hver atkvæði skuli telja hverjum flokki og getur varla orðið deila um það.

Um 130. gr.

Að sjálfsögðu má viðhafa margar aðferðir til að finna hvernig uppbótarþingsæti eiga að skiptast milli flokkanna eftir reglum stjórnarskrárbreytingarinnar og í hvaða röð. Má vera að hægt sé að finna handhægari reglu en hér er stungið upp á. Aðalatriðið er vitaskuld, að niðurstaðan sé rétt, og það verður hún áreiðanlega með þeirri aðferð, sem ráðgerð er í gr. Vel mætti og orða þann möguleika að fela landkjörstjórn þenna útreikning leiðbeiningalaust og láta hana sjálfa finna aðferð, sem fullnægir ákvæðum stjórnarskrárbreytingarinnar.

Um 131. gr.

Þessi gr. mælir fyrir um, eftir hvaða reglum uppbótarsætin skuli skipuð og hljóta þær að verða mismunandi eftir því, hvort raðað er á landlista fyrirfram eða ekki. Röðun á landlista fyrirfram þýðir, að þeir, sem eru á listanum eiga að taka uppbótarsætin eftir röðinni á listanum, þó þannig, að þeir, sem náð hafa kosningu í kjördæmi falla burtu. Ef aftur á móti ekki er raðað fyrirfram, er í þessari gr. gengið út frá, að eftir kosninguna sé frambjóðendunum raðað á listann eftir þeim atkvæðafjölda, sem þeir hafa fengið í kjördæmum. Þessi aðferð sýnist vera í beztu samræmi við lýðræðiskenninguna, sem hinn almenni kosningarréttur er byggður á. Það mundi sennilega þykja óviðkunnanlegt, ef fá at-

kvæði í tiltölulega litlu kjördæmi sköpuðu uppbótarsæti, en fjöldi kjósenda í stóru kjördæmi yrði að fara á mis við slíkt sæti.

Það þykir sjálfsagt, að gera það, sem með réttu verður gert, til að dreifa uppbótarsætunum. Með þetta fyrir augum er gert ráð fyrir, að þegar á landkjörslista standa að kosningu lokinni tveir eða fleiri frambjóðendur fyrir sama kjördæmi, þá séu þeir strikaðir út allir, nema sá úr hverju kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Afleiðingin af þessu verður sú, að enginn flokkur fær nema eitt uppbótarþingsæti í sama kjördæmi.

Um 132. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 133. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 134. gr.

Skýringar ónauðsynlegar.

Um 135. gr.

Reglur þessarar gr. sýnast sjálfsagðar og engra skýringa þörf.

Um 136. gr.

Ef Alþingi ónýtir kosningu þingmanns við almennar kosningar, svo að kosning verður að fara fram á ný, geta breyttar atkvæðatölur valdið því, að skipun uppbótarsæta verði að breytast. Um þenna möguleika fjallar þessi gr.

Um 137. gr.

Þessi gr. er að innihaldi eins og þær reglur, sem nú gilda.

Um 138. gr.

Hið sama er um þessa gr.

Um 139. gr.

Þessi gr. er einnig í samræmi við gildandi lög.

Um 140. gr.

Þessi gr. fjallar um hversu með skal fara eyðublöð undir kjörseðla utan kjörfunda og þau kjörgögn önnur, sem þeim fylgja. Sérstök ástæða er til að gefa ítarlegar reglur um þau, því að þar er mest hætta á misnotkun.

Um 141. gr.

Þessi gr. mælir fyrir um geymslu utankjörfundaratkvæðaseðla og sýnist ekki þurfa skýringa.

Um 142. gr.

Það hefir þótt rétt að hafa sérstakan kafla um óleyfilegan kosningaróður. Vera má þó, að hann sé ekki tæmandi, enda nokkur vandhæfni á að greina milli

þess, sem leyfilegt á að vera og óleyfilegt. Þess verður að minnast, að kosningarnar eiga að vera leynilegar og að kjósendur eiga að vera frjálsir með sannfæringu sína.

Um 143. gr.

Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að Alþingi úrskurði um gildi kosninga. Hér er einungis sagt fyrir um undirbúning þess, að þingið taki fyrir kærur frá kjósendum um kosningar.

Um 144. gr.

Skýringar eru ónauðsynlegar.

Um 145. gr.

Út af ákvæðum þessarar gr. er tæpast ástæða til að benda á annað en það, að í gr. eru settar nokkrar reglur, um hversu Alþingi skuli úrskurða um kosningu þingmanna. Smávægilegir gallar á kosningum eiga auðvitað ekki að geta valdið ógildingu kosningar. Ef um ekkert óheiðarlegt athæfi er að ræða, á ekki að ónýta kosningu þingmanns, nema ætla megi, að það sem áfátt er, hafi haft áhrif á úrslitin, enda verður að telja, að Alþingi hafi venjulega fylgt þeirri reglu. Hafi þingmannsefni sjálft átt sök á misfellunum, er rétt að ónýta kosninguna, ef um veruleg atriði er að ræða. Vafasamara er, þegar umboðsmenn eða meðmælendur eiga sökina, því að afleiðingarnar geta þá komið niður á saklausum.

Um 146. gr.

Um hana þarf engar athugasemdir.

Um 147. gr.

Það er nýmæli að kveða á um hvernig varamenn skuli taka sæti. Réttast virðist að vera ekki mjög strangur í því efni, en þó er ekki vegna starfa þingsins hægt að leyfa dagleg eða mjög tíð skipti. Með reglum gr. er reynt að fara bil beggja.

Um 148. gr.

Í þessa gr. hefir verið safnað saman ákvæðum um greiðslu kostnaðar vegna kosninga og er það betra til yfirlits. Annars eru reglurnar svipaðar og þær, sem nú gilda.

Um 149. gr.

Athugasemda er ekki þörf.

Um 150. gr.

Í þessari gr. eru talin ýms atriði, sem varða sektum. Um flest þessara atriða munu menn vera sammála, að þau eigi ekki að vera vítalaus, en um sum er vel hugsanlegur ágreiningur.

Um 151. gr.

Athugasemdir virðast óþarfar.

Um 152. gr.

Í þessari gr. eru talin nokkur tilfelli, sem þykja svo stór brot, að sá sem sekur er eigi að missa kosningarrétt, í fyrsta skipti ákveðinn tíma, en fyrir fullt og allt, ef brot er ítrekað.

Um 153. gr.

Þessi gr. þarfnast varla skýringa.

Um 154. gr.

Athugasemda er ekki þörf.

Um 155. gr.

Lög þessi geta ekki öðlazt gildi á undan stjórnarskrárbreytingunni, en þurfa hins vegar að koma í gildi samtímis henni, til þess að hægt sé að gera nauðsynlegan undirbúning undir næstu kosningar.

Um 156. gr.

Strax og frv. þetta öðlast gildi, verður að hefja undirbúning undir samning hinna nýju kjörskráa. Sennilegt er og, að þegar ríkisstjórnin sér, að stjórnarskrárbreytingin verði samþykkt og kosningalög, þá aðvari hún þegar sýslumenn og bæjarfógeta og þeir aftur hreppsnefndir um að hefja undirbúning svo snemma, að engin hætta sé á að kosningar geti ekki farið fram á þeim tíma, sem óskað er. Það er vitaskuld, að kosningar geta ekki farið fram fyr en eftir að hin nýja stjórnarskrárbreyting hefir öðlazt gildi.

Um 157. gr.

Þessi gr. er sett til þess að hjálpa til um skiptingu í kjördeildir þegar fyrir næstu kosningar.

Um 158. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

3. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, (stjskr. 1933, 1. og 2. gr.), og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

2. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú deyr efri deildar þingmaður og annar maður er kosinn í hans stað, og skal þá sameinað Alþingi kjósa einn mann til efri deildar.

3. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

1) fjárhagsnefnd,
2) samgöngumálanefnd,
3) landbúnaðarnefnd,
4) sjávarútvegsnefnd,
5) iðnaðarnefnd,
6) menntamálanefnd,
7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti, skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefnd skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til, í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa

hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

4. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga (stjskr. 1933, 6. og 7. gr.).

5. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

6. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

7. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgrein 32. gr. laganna kemur: frá annari hvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928 um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af breytingu þeirri, sem verður á skipun Alþingis, þegar stjórnarskrárbreytingin kemur í gildi, leiðir og, að breyta verður til samræmis nokkrum ákvæðum þingskapanna. Stjórninni er það að vísu ljóst, að full þörf er á að taka

þingsköpin til gagngerðrar endurskoðunar, en þykir hinsvegar ekki bera til þess svo brýna nauðsyn á aukaþinginu, að hún vilji eiga á hættu að tefja störf þess af þeim sökum. Þykir því rétt að þessu sinni að bera ekki fram aðrar breytingar, sem máli skipta, en þær, sem eigi verður komizt hjá að gera vegna stjórnarskrárinnar. Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Rétt þykir að ákveða, að beitt sé hlutfallskosningu, þá er sameinað þing kýs til efri deildar, á næsta þingi eftir almennar kosningar. Þótt svo hafi ekki verið fyrir mælt áður í þingsköpum, mun sú hafa jafnan orðið reyndin.

Um 2. gr.

Hér eru aðeins lagfærð til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna ákvæði 9. gr. þingskapanna um aukakosningu til efri deildar.

Um 3. gr.

Inn í hana eru felld ákvæði l. nr. 3 1928 og l. nr. 12 1932, um breytingar á þingsköpunum, og jafnframt lagt til í 8. gr. frv., að þau lög verði numin úr gildi.

Hæfilegt þykir, að 9 menn séu í fjárveitinganefnd, sem nú verður kosin í sameinuðu þingi, eða 2 mönnum fleira en verið hafa jafnan í fjárveitinganefnd neðri deildar, en ofviða og óheppilegt, vegna vinnubragða, að hafa þá fleiri.

Lagt er til, að fjárveitinganefndir í deildum falli úr tölu fastanefnda. Aðalverkefni þeirra nefnda hefir verið fjárlög og fjáraukalög, og mega þær því niður falla eftir að frumvörp til þeirra laga fara beint í sameinað þing.

Ákvæði þessarar greinar um, að hverju máli skuli vísað til sömu fastanefndar í báðum deildum, hafa alloft verið brotin. Nægilegt þykir að ákveða, að svo skuli *að jafnaði* gert.

Það veldur ruglingi, að ákveðið skuli vera, að fastanefndir kjósi fundaskrifara, og síðan ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og skuli hann vera framsögumaður þess máls. Vegna þess, að greinin er hér tekin upp í heild, er þetta lagfært og orðað svo, að kosinn skuli framsögumaður fyrir hvert mál, en ritaraheitinu sleppt.

Í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar er bætt ákvæði, sem nú er í upphafsmálsgrein lagagreinarinnar. Hér á það bæði betur heima samkvæmt efni þess, og tekur þá auk þess einnig til frumvarpanna í sameinuðu þingi, eins og sjálfsagt er.

Niðurlagsákvæði 16. gr. þingskapanna frá 1915, um að leita skuli álits fjárveitinganefndar um fjárhagsatriði máls, sem vísað er til annarar nefndar, hefir aldrei verið fylgt, nema rétt í byrjun, 2 eða 3 þing, og þykir því ekki ástæða til þess að halda því fyrirmæli í lögum.

Um 4.—5 gr.

Sjálfsagðar breytingar vegna ákvæða stjórnarskrárfrv. um meðferð fjárlaga og fjáraukalaga.

Um 6. gr.

Niðurlagsákvæði 29. gr. þingskapanna, um, að þingsályktunartillögur, sem fela í sér fjárútlát, skuli bornar upp í báðum deildum, virðist einsætt að breyta á þá leið, að þær skuli fluttar í sameinuðu þingi, eftir að fjárlagameðferð öll er þangað færð og jafnan er þar til taks nefnd (fjárveitinganefnd), er slík mál eiga beinlínis undir.

Um 7. gr.

Fyrri breytingin er viðbót, sem leiðir af ákvæðum 6. gr. stjórnarskrárfrv.

Síðari breytingin er um að fella burt niðurlagsákvæði 32. gr., um að ⅔ greiddra atkvæða þurfi til þess, að fjárveiting nái fram að ganga, sem fjárveitinganefnd mælir í móti í einu hljóði með nafnakalli, sem bókað sé í fundabók nefndarinnar. Þessu ákvæði, sem sett var inn í þingsköp 1915, mun örsjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og virðist það óþarft, einkum eftir að fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum koma eingöngu til atkvæða í sameinuðu þingi og því ekki framar hætta á, að slíkar tillögur nái fram að ganga gegn vilja meiri hluta þings.

Um 8.—9. gr.

Þurfa ekki frekari skýringa.

4. Frumvarp

til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal, árið 1934, koma saman hinn 1. dag októbermánaðar hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því að ætla má að frumvarp til stjórnarskipunarlaga, um breyting á stjórnarskránni, sem samþykkt var á síðasta reglulegu þingi, verði samþykkt óbreytt á aukaþinginu, leggur ríkisstjórnin þetta frumvarp fram í þeim tilgangi, að fjárlagaþing verði ekki kvatt saman fyrr en að afstöðnum kosningum eftir hinu nýja fyrirkomulagi.

Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hið breytta ákvæði um samkomudag reglulegs Alþingis skuli aðeins gilda árið 1934. Frumvarpið er í samræmi við þær óskir, er fram komu af hálfu þingflokka, við umræður um samkomudag aukaþings til endanlegrar afgreiðslu stjórnarskrárfrumvarpsins.

5. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

Lög nr. 81, 19. júní 1933, um framlenging á gildi laga um verðtoll, eru úr gildi numin frá 12. september 1933 að telja.

2. gr.

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, með þeim breytingum, sem leiða af lögum nr. 11, 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir:

Við athugun á lögum um framlenging á gildi laga um verðtoll, nr. 81, 19. júní 1933, kom í ljós, að nokkur vafi gat leikið á um, hvort lög þessi framlengdu verðtollslögin óbreytt eða með breytingum, sem á urðu við gildistöku laga um bráðabirgðaverðtoll nr. 11, 2. júní 1933. Voru því gefin út bráðabirgðalög um þetta 3. okt. s. l., og er frumvarp þetta lagt fyrir alþingi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

6. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931, og á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

1. gr. l. nr. 52, 8. sept. 1931 hljóði svo:

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu (108—120 l) saltaðrar eða kryddaðrar síldar, hvers konar sem er, skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00.

2. gr.

Orðin „fiskimjöl þurkuðu“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15, 14. júní 1929 falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir:

19. júní s. l. voru gefin út bráðabirgðalög, samhljóða frumvarpi þessu og er þar að finna ástæður til þess. Þetta frumvarp er lagt fyrir þingið skv. 23. stjórnarskrárinnar.

7. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir aukaþing 1933).

1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið í 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af: Suðusúkkulade og iðnaðarsúkkulade 75 aura af hverju kg.
13. Af kakaodufti, kakaobaunum muldum og ómuldum og kakaodeigi 50 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekti, átsúkkulade og sykruðum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Hinn 30. október voru gefin út bráðabirgðalög, samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar 18. maí 1920, nákvæmlega samhljóða frumvarpi þessu. Ástæða til útgáfu þessara bráðabirgðalaga var ágreiningur um tollflokkun á svonefndum kakao-„massa“, og taldi fjármálaráðuneytið ekki rétt, að ríkissjóður missti tolltekjur af vöru þessari, þar til er lög væru samþykkt um þetta efni.

Frumvarp þetta er ekki nein breyting á tolli, eins og hann hefir verið tekinn af vörum þessum hingað til.

Ed. 8. Tillaga

til þingsályktunar um skipun stjórnarskrárnefndar.

Flutningsm.: Jón Þorláksson, Einar Árnason, Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa stjórnarskrárnefnd, skipaða 5 mönnum.

Nd. 9. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Rétt til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða eiga allir, karlar og konur, sem:

1) eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2) eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3) eru fjárráðir,
4) hafa óflekkað mannorð,
5) hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfesting konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 59 14. júní 1929 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem samkv. frv. þessu er ætlazt til, að gerðar verði á gildandi löggjöf um kosningarrétt í málefnum sveita og kaupstaða, eru tvær. Í fyrsta lagi, að í stað þess, að nú er þess krafizt sem skilyrðis til kosningarréttar, að menn séu fjár síns ráðandi, skal það framvegis vera nægilegt, að menn séu fjárráðir. Í öðru lagi, og má það teljast aðalbreytingin, eru síðustu leifar þess skilyrðis löggjafarinnar, að menn standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, algerlega afnumdar.

Alþingi því, er nú situr, er ætlað að samþykkja til fullnustu breytingar á stjórnarskrá vorri, er rýmka kosningarrétt til Alþingis líkt og hér er ráðgert um kosningarrétt í málefnum sveita og kaupstaða. Þykir hlýða, að þetta tvennt fari saman.

Nánar í framsögu.

Ed. 10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Pétur Magnússon.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

a. (20. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Kreppulánasjóði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

b. (21. gr.) Nú flytur veðsali í aðra þinghá eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem ætla má, að ýms af lánum þeim, er veitt verða bændum úr Kreppulánasjóði, verði að meira eða minna leyti tryggð með lausafjárveði, virðist eðlilegt og nauðsynlegt, að samskonar ákvæði gildi um lausafjárveð gagnvart Kreppulánasjóði eins og eru í lögum nr. 31 14. júní 1929 gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans.

Nd. 11. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við frumvarp það til stjórnarskipunarlaga, sem samþ. var á síðasta Alþingi, og reyndust frum-

vörpin samhljóða. Leggur nefndin einhuga til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Nefndin bendir á, að í stað orðanna „fjár síns ráðandi“ í 2. mgr. 4. gr. hefði átt að standa „fjárráð“ og beri að skilja orðin á þann veg, sbr. lög nr. 60 14. nóv. 1917.

Alþingi, 8. nóv. 1933.

Vilm. Jónsson, form. Eysteinn Jónsson, fundaskr. og frsm. Gísli Sveinsson. Thor Thors.
Jakob Möller. Bernh. Stefánsson. Bergur Jónsson.

Ed. 12. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Ingvar Pálmason.

Í stað orðanna: „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í 4. gr. laganna komi: Lína frá Brekku í Mjóafirði um Rima, Hof og Eldleysu að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur.

Greinargerð.

Á þinginu 1929 var að tilhlutun vitamálastjóra sett inn í símalögin ný lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Var aðalástæðan fyrir þessari línu nauðsynin á að koma Dalatangavita í símasamband. Er sú ástæða enn fyrir hendi, og nú ríkari en nokkru sinni fyrr. Strax og kunnugt varð eystra um þessa ákvörðun, kom það fram frá þeim mönnum, sem kunnugastir eru öllum staðháttum, að heppilegra væri, að Dalatangi kæmist í símasamband frá Brekku í Mjóafirði en frá Skálanesi. Er leiðin frá Brekku að Dalatanga engu lengri en hin, en liggur öll með sjó, þar sem hin leiðin liggur yfir einn hinn hæsta fjallgarð á Austurlandi, og yrði á þeirri leið að leggja jarðsíma á ca. 1 km. svæði (yfir Dalaskarð). Er það staðhæft af kunnugum mönnum, að lína frá Brekku verði ódýrari í lagningu en hina leiðina, auk þess sem hún kæmi fleiri heimilum að notum. Er með fyrri mgr. frvgr. farið fram á, að leiðin frá Brekku verði valin.

Um síðari mgr. frvgr. er það að segja, að með henni er farið fram á, að inn í símalög verði nú tekin lína til hinna aflasælu verstöðva norðan Gerpis, Barðsness og Sandvíkur, sem jafnframt kæmi hinum afskekktu byggðum Hellisfirði og Viðfirði í samband við símakerfi landsins. Sú lína er öll rúmlega 20 km. að lengd, og mun vart um það verða deilt, að full sanngirniskrafa sé fyrir hendi um að hún verði þegar tekin inn í símalög.

Ed. 13. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Frá fjárhagsnefnd.

Um þetta efni voru afgr. lög á hinu reglulega Alþingi þ. á., sjá Alþt. 1933, A. þskj. 619. Ráðherra hefir ekki lagt lög þessi fyrir konung til staðfestingar, sakir þess að formgalli hafi verið á þeim, en í þess stað útvegað staðfestingu konungs á bráðabirgðalögum samhljóða frv. því, er hér liggur fyrir.

Nefndin viðurkennir, að frv. það, sem hér liggur fyrir, hafi að geyma öldungis óbreytt efnisákvæði laganna á þskj. 619, og leggur til, að frv. þetta verði samþ. Er þó ekki þar með af hálfu nefndarmanna tekin nein afstaða til þess, hvort síldartollurinn, kr. 1,00 á tunnu saltsíldar, sé hæfilegur eftir því, sem nú horfir við, og áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til breytingartillagna að því er upphæð gjaldsins snertir.

Hinsvegar er það álit nefndarinnar, að formgalli sá, er var á lögum frá Alþingi á þskj. 619, Alþt. A. 1933, hafi ekki verið svo mikilvægur, að næg ástæða hafi verið fyrir ráðuneytið til þess að láta fyrirfarast að útvega konungsstaðfestingu á þeim lögum, og telur ekki, að úr þessu megi verða fordæmi til eftirbreytni. Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögunni.

Alþingi, 8. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Jón Baldvinsson.	Kári Sigurjónsson, fundaskrifari.

Ed. 14. Nefndarálit

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. þessu er lagt til, að samkomudagur reglulegs Alþingis á árinu 1934 sé ákveðinn 1. okt. Því hefir verið hreyft í nefndinni, hvort eigi mundi rétt að láta þá skipun gilda til frambúðar. Oft hefir verið á það bent, að samkomutími þingsins væri að sumu leyti heppilegar valinn að haustinu en síðari hluta vetrar, sérstaklega að því er tekur til fjárlagaafgreiðslu. Hinsvegar er nokkur hætta á, að þingi yrði eigi ávallt lokið fyrir jól, ef störf þess hefjast eigi fyrr en í október. Nefndin telur því rétt að sjá, hver áhrif hin nýja skipun um meðferð fjár-

laga kann að hafa, áður en ráðizt er í að breyta samkomutíma þingsins til frambúðar. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Ed. 15. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort hægt væri að geyma fornmenjasafnið og listaverk, sem landið á, í þeim hluta þjóðleikhússins, sem fyrst um sinn þarf ekki að nota vegna leiksýninga, þó að húsið verði fullgert, og leggja áætlun um kostnað, er af þessu leiddi, fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Leikhúsbyggingin er nú komin undir þak og fokheld, en útlit fyrir, að dregizt geti um nokkur ár, að hún verði fullger. Auk þess er vitað, að byggingin er við vöxt, og að leikhússtjórnin hefir miðað innri gerð hússins við þær kröfur, sem ætla má, að gerðar verði þegar þjóðin er orðin til muna mannfleiri en nú. Í leikhúsbyggingunni er þess vegna húsrúm, sem leikhúsið þarf síðar meir að nota, en engin ástæða til að nota fyrst um sinn vegna leikþarfa.

Á hinn bóginn er landið í mestu vandræðum með húsaskjól fyrir forngripasafnið og allmörg listaverk, er það hefir eignazt. Síðar meir verður vitanlega reist sérstök bygging fyrir þessi söfn, en líkur eru til, að dráttur verði á þeirri framkvæmd, m. a. meðan háskólinn er á döfinni.

Forngripasafnið er á efsta lofti í landsbókasafnsbyggingunni, undir trésúð og tréskilrúm milli herbergja. Safnið er þar í mikilli hættu af eldi, og megnið af því verðmæti, sem þar er geymt, er ekki hægt að fá aftur fyrir fé, þótt til væri. Auk þess er húsrúmið allt of lítið, en þó er eldhættan mesti ágallinn. Málverk landsins eru nú geymd í einu herbergi í Arnarhvoli. Þar er ekki eldhætta, en þar eru þau grafinn fjársjóður.

Tillagan gerir ráð fyrir því, að nokkur herbergi í leikhúsbyggingunni væru fullgerð að innan og sett miðstöð og rafljós í þann hluta hússins, og gert ráð fyrir, að þessi tvö söfn yrðu þar geymd næstu 20—30 árin.

Ed. 16. Frumvarp

til laga um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru eign ríkissjóðs eða kirkna landsins, skulu næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, verða byggðar á erfðafestu eftir lögum þessum. Undanskildar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar fyrir bústaði embættismanna, eða til annarar opinberrar notkunar.

2. gr.

Afgjald af þeim jörðum, sem um ræðir í 1. gr., skal vera 3% af fasteignamati landsins eins og það er þegar erfðafestan kemst í framkvæmd, og 2% af verði jarðarhúsa og álags, sem á þeim hvílir.

Jarðarafgjöld skulu greiðast sýslumönnum á manntalsþingum.

3. gr.

Erfðafesturétturinn erfist þannig:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttinum meðan það lifir, og eins þó það giftist aftur.
2. Börn af fyrra hjónabandi þess hjónanna, sem erfðafesturéttinn átti, sitja fyrir börnum af síðara hjónabandi þess.
3. Foreldrar skulu helzt sjálfir koma sér saman um, hvert barnanna fær erfðafesturéttinn, og tilkynna það sýslumanni.
4. Komi hjón sér ekki saman um, hvert barnanna skuli hljóta erfðafesturéttinn, og séu börnin orðin 18 ára eða eldri, skulu þau að viðstöddum sýslumanni og að hans ráði koma sér saman um, hvert þeirra erfi erfðafesturéttinn.
5. Náist ekki samkomulag um það, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, þá skal elzti sonur erfa hann.
6. Sé hann dáinn eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal elzta dóttir erfa hann.
7. Sé hún dáin eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal næstelzti sonur erfa hann, þá næstelzta dóttir, og svo áfram eftir aldri, þannig að til skiptis komi sonur og dóttir.
8. Sé ekkert barn til eftir fyrra hjónaband þess hjónanna, er á erfðafesturéttinn, eða vilji það eða þau ekki nytja jörðina, koma börn af síðara hjónabandi til greina, og þá í sömu röð og að ofan greinir.
9. Séu börnin yngri en getur í 4. lið og hafi ekki verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra skuli hljóta erfðafesturétt þegar erfðafesturéttur kemur til ráðstöfunar, skal sýslumaður ráðstafa honum, eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar, þar til börnin geta tekið ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa hann (sbr. 4. gr.).

10. Sé ekkert barnanna, er óski að nota erfðafesturéttinn og nytja jörðina, skal jörðin byggð öðrum (sbr. 4. gr.).

4. gr.

Nú deyja hjón barnlaus, eða ekkert barnanna óskar að nytja jörðina, og skal þá sýslumaður byggja hana öðrum. Ætið skal þá um ábúðina fara eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðafestu (sbr. 3. gr. 9. lið), má ekki byggja hana hærra en nemur afgjaldinu, að viðbættum 6% af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru og ættin á, sem jörðina hefir til ábúðar.

5. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni má afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörðu tekur ný ætt, skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana á sama hátt og um getur í 2. gr.

6. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt á húsum af lögskipuðum úttektarmönnum. Við þá úttekt skal meta, hvers virði hús jarðareiganda eru með álagi, og má viðtakandi ráða, hvort hann kaupir húsin eða borgar eftir þau eins og um getur í 2. gr.

Á sama hátt skal meta önnur hús á jörðinni. Náist ekki samkomulag um, að viðtakandi kaupi þau, skulu þau flokkuð í tvo flokka af úttektarmönnum, hús, sem þarf á jörðina vegna búrekstrar, og hús, sem jörðinni eru ekki nauðsynleg. Hin fyrri er viðtakandi skyldur að kaupa með matsverði, en um hin síðari fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaup á þeim, skal rífa þau og flytja burt af jörðinni, svo ábúanda verði sem minnstur bagi að, og skal það gert af erfingjum fráfaranda.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Skulu þá gerð greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, og skoðast hver þeirra úr því sem sjálfstæð jörð. Ekki skal leiga hækka, þó jörð sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 5. og 6. gr.

8. gr.

Þyki atvinnumálaráðherra, sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir þessum lögum, til þess að ný jörð geti myndazt, þá skal sýslumaður hlutast til um, að svo verði gert. Skal hann þá fá viðkomandi héraðsráðunaut eða jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands til að aðstoða við skiptin, ásamt tveim dómkvöddum mönnum. Þeir skulu meta landið og hvað

það hefir hækkað síðan sú ætt tók við því, sem það hefir þá, og síðan framkvæma skiptin. Skal þá hver ný jörð, sem til verður, metast sér til verðs, svo og gamla jörðin með því landi, sem henni fylgir. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, skal fá fullar bætur fyrir það, sem jörðin hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og aldrei má það land, sem hann er látinn halda eftir, vera minna virði en landið allt var, er ættin tók við henni. Um bygging þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eins og fyrir er mælt í 2., 5. og 6. gr.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán út á jarðirnar í Búnaðarbanka Íslands til varanlegra húsabóta, en aldrei má það lán vera hærra en það, að árlegir vextir og afborgun séu jafnháir jarðarafgjaldinu.

10. gr.

Fyrir afgjald þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal árlega kaupa jarðir, sem bjóðast, en þó aldrei fyrir hærra verð en fasteignamatsverð.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 20. okt. 1905 og lög nr. 50 16. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi.

12. gr.

Að öðru leyti en fyrir er mælt í lögum þessum fer um réttindi og skyldur ábúanda og landsdrottins eins og fyrir er mælt í ábúðarlögum.

Greinargerð.

Um allmörg ár hefir verið um það rætt, að eðlilegt væri að lögfesta erfðafestu á leigujörðum, og þá fyrst og fremst á jörðum ríkisins. Með því móti geta þeir bændur, sem búa á jörðum, er þjóðfélagið á, haft öll sömu hlunnindi af ábúðarrétti eins og væru þeir sjálfseignarbændur, en að auki þann létti, sem í því er fólgið, að börn þeirra þurfa ekki að eyða orku sinni í að endurkaupa jarðirnar með umbótum foreldra sinna, en geta í þess stað beitt sér einhuga að umbótum jarðanna og varið til þess öllum handbærum höfuðstól.

Þegar hafin var sala á kirkjujörðum og þjóðjörðum, var það vitaskuld gert í góðum tilgangi, og varð líka til mjög mikils gagns fyrir þá kynslóð, sem fékk jarðirnar með ágætum kjörum og fann til mikillar gleði yfir að verða sjálfseignarstétt. Má segja, að langsamlega flestir bændur, sem keyptu þessar jarðir, hafi lagt mikla orku í að bæta og fegra jarðir sínar. En eftir því sem fleiri af hinum upprunalegu kaupendum hætta búskap og vilja fá börnum sínum hinar nýkeyptu og mjög endurbættu jarðir til búrekstrar, vaxa erfiðleikarnir. Jarðirnar eru þá stórhækkaðar í verði af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að jarðirnar voru upprunalega seldar undir gangverði. Í öðru lagi hafa almennar framfarir í landinu aukið verðgildi jarðanna, og í þriðja lagi

hafa þær vitaskuld vaxið í verði við jarðabætur og húsabyggingar. En af allri þessari verðhækkun leiðir það, að börnum, sem taka við jörðum með uppsprengdu verði eftir foreldra sína, veitist oftast nær ókleift að standa undir byrðum þeim, sem leiðir af jarðabótunum. Er þá skipt um aðstöðu, því að í stað þess, að sú kynslóð, sem eignaðist jarðirnar fyrst með vægu verði, gat gert mikið til að bæta þær, þá verður næsta kynslóð aðallega önnum kafin við afborgana- og vaxtagreiðslur af fasteign, sem orðin er miklu dýrari heldur en framleiðslan þolir. Er þá auðsætt, að stöðvast hlýtur framsóknin með umbætur í ræktun og húsagerð.

Enn á ríkið eftir allmikið af jarðeignum, sem lítil ástæða er til að selja, ef hægt er að skapa ættum þeim, er á þeim búa, ekki aðeins sama öryggi og með sjálfseign og sjálfsábúð, heldur miklu meira, eins og sannað er með undangenginni rökleiðslu og stefnt að með frv. þessu.

Páll Zophoniasson ráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefir manna mest gert til að fræða menn um kosti erfðafestuábúðar. Hann hefir einnig átt mikinn þátt í að undirbúa þetta frv. Skoðun hans á að vera mjög þung á metunum um það, hvað bændum landsins henti bezt í þessu þýðingarmikla efni, með því að hann er kunnugri bændum landsins og öllum hag þeirra, frá ferðum sínum og rannsóknum um efnahag bændastéttarinnar, heldur en flestir aðrir menn hér á landi. Hefir og á síðari tímum orðið mikil stefnubreyting hjá bændum landsins um þessi atriði. Eru nú fjölmargir bændur, sem heldur vildu afhenda börnum sínum, einu eða fleiri, erfðafestusamning um mjög endurbætta jörð heldur en að verða máske að sjá á eftir býlinu í hendur óviðkomandi manna, af því ekkert barnanna getur risið undir vaxta- og afborganabyrðinni. Má því vænta, að þessu frv. verði nú tekið með meiri skilningi og samúð heldur en hefði mátt vænta fyrir nokkrum árum.

Frv. þetta og greinargerð var flutt á vetrarþingi 1933 og fengið í hendur landbúnaðarnefnd Ed., en henni vannst ekki tími til að ljúka málinu né að skila áliti. Nú hefir nefndin og Alþingi ekki jafnmörgum málum að sinna, og er frv. því flutt í annað sinn, og gert ráð fyrir, að nú verði unnt að ljúka því annríkis vegna.

Eftir síðasta fasteignamati eru jarðir í landinu taldar 6188. Af þessum jörðum eru 3218 í sjálfsábúð, eða 52%, en 48% af jörðunum, eða 2970, eru í leiguábúð.

Af þeim liðlega 3000 bændum, sem búa á jörðum, sem kallast sjálfseign, eru þó ekki nema 4%, sem búa á skuldlausum jörðum.

Ríkissjóður á um 754 jarðir, en það er um 25% af leigujörðunum eða 12% af öllum jarðeignum á landinu.

Þar sem um er að ræða atriði, sem svo mjög snertir hag stærstu stéttarinnar í landinu, má vænta þess, að Alþingi þyki nægilegt tilefni að tryggja afkomu þeirra mörgu manna, er á þessum jörðum búa, með heppilegri löggjöf.

Ed. 17. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skal öðlast:

Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.

Greinargerð.

Valtýr læknir Valtýsson er fæddur í Noregi 16. júní 1902, sonur Helga Valtýssonar kennara og konu hans norskrar. Hann fluttist til Íslands 1924 og hefir lokið læknaprófi við Háskóla Íslands. Hann er kvæntur íslenzkri konu.

Ed. 18. Nefndarálit

um frumv. til laga um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um verðtoll. Tilgangur frumv. virðist miða að því að taka skýrar fram, hver lög gilda um þetta efni, en tekizt hefir í lögum nr. 81 19. júní þ. á. En inn í frumvarpið vantar skírskotun til vissra lagaákvæða, sem eigi eru úr gildi numin. Nefndin leggur því til, að háttv. deild samþykki frumv., að viðbættri svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. Á eftir orðunum „Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum“ komi: svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum.

Alþingi, 9. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form.	Kári Sigurjónsson, fundaskrifari og frsm.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Nd. 19. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Gísli Sveinsson.

1. gr.

Fyrri hluti 1. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1942 leggur ríkissjóður fram allt

að 2,5 millj. kr. til sérstakrar deildar í Búnaðarbanka Íslands, sem nefnist *Kreppulánasjóður.*

2. gr.

4. liður 5. gr. laganna falli burt, svo og orðin „samhliða heilbrigðum búrekstri“ í niðurlagi 6. liðs.

3. gr.

Upphaf 8. gr. laganna orðist þannig:

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar, tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Ef lánbeiðandi á ekki eignir á móti skuldum samkvæmt skattaframtali fyrir árið 1932 eða eftir mati héraðsnefndar, þá skal sjóðsstjórnin láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun, o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist þannig:

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi, sem ekki á fyrir skuldum, o. s. frv.

5. gr.

Á eftir 18. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Þeir af lánbeiðendum Kreppulánasjóðs, sem eiga fyrir skuldum og 8.–18. gr. laganna tekur eigi til, geta fengið lán úr sjóðnum með þeim skilyrðum, sem sett eru í 20. gr. til greiðslu á ósamningsbundnum skuldum og skuldum, sem styttri afborgunarfrestur er á en 10 ár. Þeir menn ganga fyrir, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar hafa örðugasta aðstöðu.

6. gr.

Fyrri málsgr. 20. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Kreppulánasjóðs án endurgjalds.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78 1933 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Lögin um Kreppulánasjóð frá síðasta þingi eru þannig, að full ástæða virðist til að breyta ýmsum ákvæðum þeirra nú þegar. Sjálf sjóðsstjórnin hefir nú flutt breytingu um eitt atriði þessara laga, svo sjálfsagt virðist, að aðrar breytingar komi fyrir þetta þing. En með því að það frumvarp, sem hér er flutt, mun valda nokkrum ágreiningi, ætti það að vera til flýtis að ræða það í neðri deild, áður en tækifæri gefst til að sameina það við hitt frumvarpið.

Fyrir efnishlið þessa máls verður gerð grein í framsögu.

Ed. 20. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir því sem lengra líður eykst nauðsyn þess að nema úr gildi lög þau, sem hér um ræðir. Innflutningshöftin eru fyrir löngu búin að missa allt gildi sitt í þá átt að vernda gjaldeyri landsmanna, en þau viðhalda margskonar rangsleitni og ruglingi í viðskiptum. Út á við spilla þessar pappírsráðstafanir aðstöðu okkar meira en auðvelt er að vita eða sanna. Með stórum hækkuðum verðtolli sá síðasta þing fyrir nægilegum ráðstöfunum gegn óhóflegum innflutningi óþörfustu vörutegunda.

Það er afaróeðlilegt að láta heimildarlögin frá 1920 haldast lengur. Þurfi vegna ófyrirsjáanlegrar nauðsynjar að grípa til slíkra ráðstafana, sem þessi lög heimila, milli þinga, hefir stjórnin sama vopn í hendi eins og í öðrum slíkum kringumstæðum, það, að gefa út bráðabirgðalög.

Ed. 21. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1933.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, fundaskr., frsm.	Kári Sigurjónsson.

Nd. **22. Frumvarp**

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Bergur Jónsson, Bernharð Stefánsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu og framfærslurétt.

1. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

2. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

3. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

4. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

5. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

6. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer

vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

7. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

8. gr.

Hver sá maður, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er hann sjálfur og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu — og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda sé ekki öðrum, sem til þess eru megnugir, skylt að framfæra hann (sbr. 1.—7. gr.) — á rétt á framfærslustyrk úr almennum sjóði, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni.

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

9. gr.

Um framfærsluskyldu húsbænda við vistarfólk sitt fer eftir hjúalögum.

10. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

11. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—11. gr.

13. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar.

14. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um skipting í framfærsluhéruð og sveitfesti.

15. gr.

Landið skiptist í sérstök framfærsluhéruð. Hver hreppur, kaupstaður eða kauptún, er hefir sérstaka sveitarsjórn, er framfærsluhérað fyrir sig.

16. gr.

Börn, skilgetin, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit foreldranna þannig: Ef foreldrar eru báðir á lífi og hjónabandi þeirra eigi slitið að lögum, fylgja börnin sveit föður síns. Ef aðeins annað foreldrið er á lífi, þá fylgja börnin framfærslusveit þess. Nú eru báðir foreldrar dánir, og eiga þá börnin framfærslurétt þess foreldris, er síðar andaðist, þangað til þau eru fullra 16 ára og öðlast framfærslurétt sjálfstætt. Ef báðir foreldrar eru á lífi og hjónabandi þeirra er slitið að lögum, þá á barnið framfærslurétt með móður sinni.

17. gr.

Óskilgetin börn, yngri en 16 ára, fylgja framfærslusveit móður sinnar.

18. gr.

Eftir 16 ára aldur á hver sá, sem á íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslu í því sveitarfélagi, þar sem hann á að eignast lögheimili. Nú á maður fleiri heimili en eitt, og á hann þá framfærslurétt þar, sem aðalheimilið er. Komi upp vafi um löglegt heimilisfang, sker sýslumaður eða bæjarfógeti í því héraði, sem framfærslumaður dvelur í, úr. Skjóta má úrskurði hans til ríkisstjórnarinnar, og er úrskurður hennar fullnaðarúrskurður, nema málið geti heyrt undir dómstóla.

19. gr.

Kona gift á sveitfesti þar, sem maður hennar á sveitfesti, þótt hún dvelji eða sé búsett í öðru framfærsluhéraði. Ekkja og kona skilin að lögum við mann sinn öðlast sveitfesti sjálfstætt.

20. gr.

Framfærsluréttur og framfærsluskylda hefst með þeim degi, er maður öðlast löglegt aðalheimili í sveitinni, og helzt þar til hann öðlast lögheimili í annari sveit á sama hátt.

21. gr.

Eigi öðlast maður framfærslurétt með dvöl í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða fangahúsi. Slík dvöl raskar eigi sveitfesti (framfærslurétti og framfærsluskyldu) þeirri, er maður átti áður.

22. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

23. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétti hér á landi, þurf-

andi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

24. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

25. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

26. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

27. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

28. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

29. gr.

Sóknarprestar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 27. og 28. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra fram-

færsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og getur eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

30. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

31. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi.

IV. KAFLI.

Um vald sveitarstjórnar yfir þurfamönnum og um endurgreiðslu framfærslustyrks.

32. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

33. gr.

Sveitarstjórn ákveður innan 3 mánaða frá því að framfærslustyrkur var veittur, hvort hann skuli teljast afturkræfur eða ekki. Skal það metið eftir ástæðunum til styrkþarfarinnar, svo sem elli styrkþega, ómegð hans, veikindum hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri, eða óhöppum. Ákvörðun sveitarstjórnar getur styrkþegi eða sveitarstjórnarmaður innan mánaðar skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Styrkur, sem veittur er sextugum manni, telst ellistyrkur og má aldrei teljast afturkræfur.

Framfærslustyrkur, sem ákveðst vera óafturkræfur, veldur engum missi mannréttinda.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um settur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks svo fyrirvaralaust, að eigi er ráðrúm að fá hann frá framfærslusveit, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit, en hún á aftur kröfu um endurgreiðslu af framfærslusveit.

43. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveitarstjórn eða fátækrastjórn afla nákvæmra upplýsinga um heimilisástæður hans og hag yfirleitt, og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn. Skulu þær upplýsingar skráðar í gerðabók sveitarstjórnar eða fátækrastjórnar.

44. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Jöfnuður framfærslukostnaðar og sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

45. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. júní næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannaðan með nægum skilríkjum. Þegar hreppsreikningur hefir verið endurskoðaður innan hrepps og af endurskoðanda sýslunefndar og samþykktur af sýslunefnd, og þegar reikningur kaupstaðar hefir verið endurskoðaður af tveim mönnum, öðrum skipuðum af bæjarstjórn, en hinum af atvinnumálaráðherra, samþykktur af bæjarstjórn og atvinnumálaráðherra, þá teljast þeir fullt sönnunargagn fyrir upphæð framfærslukostnaðar.

Atvinnumálaráðuneytið reiknar síðan út framfærslukostnað alls landsins og hvers framfærsluhéraðs fyrir sig, að ¼ eftir samanlögðu skattamati fasteigna, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skattskyldra eigna og tekna af eign og atvinnu og að ¼ eftir mannfjölda.

46. gr.

Nú fer þungi framfærslustyrks einstakra framfærsluhéraða meira en 20% fram úr meðalþunga framfærslustyrks, þegar miðað er við land allt (sbr. 45. gr.), og skal ríkissjóður þá endurgreiða það, sem þar er umfram, þó aldrei lægri upphæð en 200 krónur.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til sliks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkv. þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Nú skuldar sveitarfélag öðru sveitarfélagi verulega fúlgu vegna sveitarstyrks, sem þurfalingi þess hefir verið veittur af hinu síðartalda fyrr en á árinu 1933, og skal ráðuneytið þá rannsaka hag hins fyrrtalda og meta gjaldþol þess. Telji ráðuneytið hlutaðeigandi sveitarfélag eigi fært um að endurgreiða alla skuldina, skal ráðuneytið leita samninga um greiðslu hennar við það sveitarfélag, sem skuldina á, og má þá, ef samningar takast, greiða úr ríkissjóði nokkurn hluta hennar, þó aldrei frekar en það, sem vanta kann á, að sveitarfélag það, sem skuldina á að lúka, geti greitt helming hennar. Samningurinn skal bundinn við það, að sá hluti skuldarinnar, sem um er samið að greiða, sé goldinn þegar í stað, enda falli þá hinn hluti skuldarinnar þegar niður.

49. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, og breyting á þeim, nr. 68 23. júní 1932, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

50. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Greinargerð.

Frumvarp að mestu leyti samhljóða þessu frumvarpi var flutt af nokkrum þm. á þinginu 1932 (þskj. 164), en varð þá ekki útrætt. Á því sama þingi voru sett lög um breyt. á nokkrum atriðum fátækralaganna. Gengu þau að nokkru í þá átt, sem er annað aðalatriði þeirra breyt., sem felast í þessu frv., að gera jöfnuð á fátækrabyrðinni á milli hinna einstöku framfærsluhéraða, en þó mikils til of skammt að áliti okkar flutningsmanna. Hinu aðalatriðinu, sem ætlað er að breyta með frv. þessu, afnám fátækraflutnings, breyttu þau lög að engu.

Frumvarpinu 1932 fylgdu svo hljóðandi ástæður:

„Með þeirri tilhögun á fátækraframfærslunni, sem stungið er upp á með frv. þessu, er ætlað að bæta úr því herfilega ranglæti, sem átt hefir sér stað um misþunga í álögum til almennra opinberra þarfa, eftir því hvar menn eru búsettir á landinu. Vísast um það til almennrar vitneskju, sem ekki getur dulizt þingmönnum.

Meginbreytingar frv. á þeirri tilhögun, sem er og verið hefir á þessum málum, eru tvær:

1. Afnám tiltekinnar dvalar og fæðingarréttar til sveitfesti í einstökum framfærsluhéruðum.
2. Jöfnuður á misþunga framfærslukostnaðar úr ríkissjóði.

Af þessum höfuðbreytingum leiðir allmikla röskun á fátækralögunum.

Reynslan mun sýna, að hin fyrrnefnda breyting mun af sjálfu sér jafna mjög fátækraframfærið, svo að það fari nær því, sem eðlilegt er, en hið síðara tryggir það til fulls, að um áberandi misrétti verði ekki að ræða.

Annar ávinningur við þetta fyrirkomulag er sá, að hinir illræmdu þurfamannaflutningar hverfa úr sögunni af sjálfu sér, og sömuleiðis að mestu eða öllu allar erjur og skriffinnska út af sveitfesti.

Að ekki er fallizt á þá tillögun, að landið sé óskipt eitt framfærsluhérað, er eingöngu af ótta við það, að það myndi auka að verulegum mun byrðar þjóðarinnar til framfærslukostnaðar þurfamanna.

Ef þingið daufheyrist við þessum eða öðrum tillögum til réttingar þessara mála, þá er ekki annar úrkostur þeirra manna, sem vilja ekki fyrir þjóðarinnar hönd una því ranglæti, sem nú er um þessi mál, en að sameinast um þá tillögu að gera landið að einu óskiptu framfærsluhéraði. Aukin útgjöld til þessara þarfa eru betur viðunandi en það ranglæti, sem ríkt hefir og hlýtur að ríkja með núverandi fyrirkomulagi þessara mála.

Aðrar verulegar breytingar en þær, sem leiðir af fyrrnefndum höfuðbreytingum, eru þessar:

1. Um framfærsluskyldu húsbænda við hjú er vísað til hjúalaga á sama hátt og um skyldur útgerðarmanna við skipverja og lærimeistara til iðnnema (9.—14. gr. fátækralaga).
2. Nokkur röskun á IV. og V. kafla laganna.
3. Felldur niður sérstakur styrkur úr ríkissjóði samkv. 66. gr. Mun sparnaður ríkissjóðs af þeirri breytingu langt til hrökkva fyrir útgjöldum hans til jöfnunar fátækraframfærisins.

Nánari vitneskja um breytingar mun koma fram við umræður".

Þótt reynslan sé stutt af breytingunni, sem gerð var 1932, þá hefir hún þó, sem vita mátti strax fyrirfram af efni þeirra, ótvírætt bent til þess, að jöfnuðurinn á fátækrabyrðinni á milli framfærsluhéraðanna gengur of skammt.

Það er álit okkar flutningsmanna, að með þeirri tillögun á framfærsluskyldunni, sem stungið er upp á í frv., falli framfærslubyrði að miklum mun eðlilegar og jafnar á hin einstöku framfærsluhéruð en með núverandi tilhögun, svo að jöfnuður sá, er ríkissjóði er ætlað að gera, bæði eftir lögunum frá 1932 og þessu frv., ef að lögum yrði, myndi verða miklum mun minni.

Sú viðbót er gerð í þessu frv. við frv. frá 1932, að tekin eru upp ákvæði laganna frá 1932 um ihlutun ríkisstjórnarinnar og framlög ríkissjóðs til skuldajafnaðar á milli framfærsluhéraða á áföllnum skuldum vegna framfærslueyris.

Nd. 23. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur á árinu 1934, að upphæð allt að 70000 krónur, til þess að reisa síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju kaupstaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um greinargerð fyrir þessu frumvarpi vísast til álitsskjals stjórnar Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar, sem prentað er sem fylgiskjal. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir málinu í framsögu.

Fylgiskjal.

Samkvæmt fyrirmælum bæjarstjórnar hefir stjórn Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar og framkvæmdarstjóri tekið til athugunar möguleika fyrir byggingu síldarbræðslustöðvar í sambandi við fiskimjölsverksmiðju bæjarins, og fara hér á eftir niðurstöður þeirrar athugunar.

Við erum þeirrar skoðunar, að mjög nauðsynlegt sé að koma upp síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju bæjarins, til þess að hægt sé að hagnýta þann ufsa, sem hér er oft ógrynni af í firðinum, og þá síld, sem hér veiðist bæði vetur og sumar, en sem lítil not eru af vegna þess að bræðslustöð vantar.

Þar sem í ráði er að reisa allstóra síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, teljum við rétt, að sú verksmiðja, sem hér verður reist, verði höfð lítil, ca. 300 mál, og einkum ætlað það hlutverk að vinna úr þeirri síld og því hráefni öðru, sem fæst hér innfjarða og í Mjóafirði og Hellisfirði. Þeirri síld yrði mjög kostnaðarsamt að koma til Seyðisfjarðar, þó þar kæmi síldarbræðsla, en hér mundu menn vel geta hagnýtt sér þá veiði, þó lítið veiddist í hvert einstakt neta- eða nótalag. Og þar sem hér á Norðfirði er stærsti fiskifloti Austfjarða, mundi mega reikna með allmikilli síld til bræðslunnar hér, ef almennt yrði stunduð síldveiði að vetrinum, þó enginn sérlegur uppgripaafli væri að jafnaði.

Auk þessa gerum við ráð fyrir, að verksmiðja hér mundi geta náð samn-

ingum við nokkur síldveiðaskip yfir aðalsíldartímann, svo hún gæti starfað að síldarvinnslu að sumrinu jafnframt fiskimjölsvinnslu. Sérstaklega teljum við líklegt, að þau skip, sem hér eiga heima, mundu reyna að hafa samninga við verksmiðjuna hér, vegna þess að það væri á margan hátt hentugra og ódýrara fyrir eigendur skipanna en að leigja sér aðstöðu fyrir norðan, eins og nú er gert. Héðan hafa gengið 3—4 skip á síldveiðar síðustu árin, og flest lagt upp eða selt afla sinn nyrðra. Rekstur síldarbræðslunnar yfir sumartímann mundi og greiða mjög úr beituvandræðum úrgerðarinnar hér, þegar síld veiðist ekki fyrir Austfjörðum, því af skipum þeim, sem veiddu fyrir bræðsluna, mundi þá hægt að fá síld til beitu handa útgerðinni hér.

Við teljum því allar líkur fyrir því, að lítil bræðsla mundi hafa hér nóg verkefni um síldveiðitímann að sumrinu og einnig mjög oft að vetrinum líka, ef framhald verður á vetrarsíld hér eins og verið hefir síðustu 4 árin.

Til síldarvinnslu má nota allar þær vélar og tæki, er notað er til fiskimjölsframleiðslunnar, s. s. þurrkurnar, mylluna o. m. fl. Þá eru og aflvélar verksmiðjunnar — gufuvél og dieselmótor — nægilegar til þess að drífa síldarbræðslustöðina, ef hún er lítil, og núverandi geymsluhús er einnig nægilega stórt til geymslu mjöls frá báðum verksmiðjunum, nema því yrði safnað því lengur, sem varla er vert að gera ráð fyrir. Þá kemur og bryggja verksmiðjunnar, „plön“ og kolageymsluplass einnig að fullu gagni fyrir síldarbræðsluna, og sama má segja um flutningaskip verksmiðjunnar og báta hennar, að svo miklu leyti, sem slík tæki yrðu notuð til flutninga að verksmiðjunni.

Við teljum rétt, að síldarvinnslustöðin verði höfð í sérstöku húsi, vestan við núverandi verksmiðjuhús og áfast því. Stærð þess þyrfti að vera 10,5 x 12 m. og eru undirstöður þess húss fullsteyptar, þar sem það mundi koma á veggina á safnþró nr. 1, sem nú er höfð fyrir fiskiúrgang. Hefði bygging þess því alls enga röskun í för með sér á neinu af því, sem nú er notað til fiskimjölsvinnslunnar.

Við höfum látið gera í Noregi teikningar af fyrirhugaðri bræðslustöð og fengið einnig þaðan ákveðin verðtilboð, og er meðfylgjandi kostnaðaráætlun byggð á þeim, það sem þau ná.

Við höfum einnig grennslazt eftir greiðsluskilmálum hjá því verkstæði, er tilboðin hefir gert, og hefir verkstæðið boðið að selja áhöldin með þeim skilmálum, að kr. 10000,00 — tíu þúsund — yrðu greiddar kontant, en eftirstöðvarnar, ca. 30 þús. kr., á 5—6 árum með venjulegum bankavöxtum, þó að því tilskildu, að banka- eða ríkisábyrgð fáist fyrir upphæðinni og tryggt sé, að yfirfærslur á afborgunum og vöxtum geti óhindrað átt sér stað.

Eins og áætlunin ber með sér og samkvæmt framansögðu ætti að vera vel kleift að koma hér upp 300 mála síldarbræðslu fyrir

sjötíu þúsund krónur.

Af þessum 70 þús. kr. fengjust lánaðar erlendis ca. 30 þús. kr., en hinar 40 þús. kr. yrðu að fást lánaðar innanlands með mjög góðum kjörum, því ekki er rétt að gera ráð fyrir, að mikið gæti greiðzt af þeim lánum fyrr en erlenda lánið yrði að fullu greitt, nema það fengist til lengri tíma.

Við teljum það sýnt með rekstrinum á Fóðurmjölsverksmiðjunni hér síðustu tvö árin, að varla munu svo mikil fiskileysisár geta komið, ef mjölverð er

sæmilegt, að ekki sé alltaf unnt að standa við greiðslur af henni, nema þá einhver sérstök óhöpp komi fyrir.

Hinsvegar ætti í flestum árum að mega gera ráð fyrir, að fiskimjölsvinnslan skili einhverjum hagnaði, sem þá vitanlega yrði varið til greiðslu á síldarbræðslunni.

Hið innlenda lán teljum við að ætti að geta fengizt hjá Fiskiveiðasjóði Íslands að einhverju leyti, en það, sem þá vantaði á, hjá Landsbankanum, Sparisjóði Norðfjarðar eða með innanbæjarframlögum í vinnu og peningum.

Nauðsynlegt er, að ríkisábyrgð verði fengin fyrir öllu láninu.

Við erum þess fullvissir, að það mundi auka mjög atvinnulíf bæjarins, ef slík bræðsla sem þessi yrði reist hér fljótlega, og þar sem allt bendir til þess, að útgerðin muni frekar vaxa hér næstu árin, teljum við þetta mjög áhættulítið. Með byggingu þessarar stöðvar væri og gerð tilraun — svo tilkostnaðarlítil sem unnt er — til þess að ganga úr skugga um, hvort síldarbræðslustöð getur borið sig hér eystra, og er mikilsvert að fá slíka reynslu.

Samkvæmt framansögðu viljum við því leggja til við bæjarstjórn:

1. Að á Alþingi því, er saman kemur nú í nóvember, verði reynt að fá ríkisábyrgð fyrir allt að 70 þúsund króna láni til byggingar á 200—300 mála síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju kaupstaðarins.
2. Að farið verði að vinna að undirbúningi málsins nú þegar, með það fyrir augum, að bræðslan geti verið komin upp fyrir vorið.

Óski bæjarstjórnin frekari upplýsinga eða áætlana, sem við getum í té látið, erum við reiðubúnir til þess, svo og að aðstoða bæjarstjórn við framkvæmd málsins, ef til kemur, eins og tök verða á fyrir okkur.

Virðingarfyllst.

Norðfirði, 18. okt. 1933.

Stjórn Fóðurmjölsverksmiðju Norðfjarðar.

Páll G. Þormar. Stefán J. Guðmundsson. Gísli Kristjánsson.
Jónas Guðmundsson,
framkvæmdarstjóri.

Til bæjarstjórnar Neskaupstaðar, Norðfirði.

Nd. 24. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Flutningsm.: Pétur Halldórsson, Tryggvi Þórhallsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 200000 — tvö hundruð

þúsund — krónur, sem greiðast þannig: 50 þús. kr. þegar afsal er gefið og eftirstöðvarnar með jöfnum afborgunum á tíu árum og með 5% vöxtum. Skal jafnframt svo frá gengið, að seljendur eignarinnar verji andvirðinu til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands.

Nd. 25. Frumvarp

til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta reisa á næsta ári síldarverksmiðju á Norðurlandi, er bræði minnst 2000 mál síldar á sólarhring.

2. gr.

Til greiðslu stofnkostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1 milljón króna.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar skal fara að öðru leyti eftir lögum nr. 49 7. maí 1928, lögum nr. 42 14. júní 1929 og lögum nr. 10 27. apríl 1932.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa síldveiðar Íslendinga farið mjög í vöxt á síðari árum, og mundi þó sá vöxtur örari, ef sæmilegur markaður væri fyrir síldina. Erlendur markaður setur allþröngar skorður við aukinni framleiðslu síldar til söltunar og kryddunar, en hinsvegar virðist lítil eða engin verðfallsáhætta fylgja aukinni framleiðslu Íslendinga á síldarolíu og síldarmjöli.

Af þessum ástæðum virðast allir sammála um, að eðlilegast sé að veita þessari þörf innlendrar framleiðslu nokkra fullnægingu, með því að koma upp nýjum síldarbræðslustöðvum, og hefir Alþingi fyrir sitt leyti sýnt skilning sinn og vilja í þessum efnum með löggjöfinni um stofnun og starfrækslu síldarbræðslustöðva á Siglufirði og kaupum ríkissjóðs á bræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði. Hafa þau afskipti ríkisins af þessum atvinnurekstri leyst þörf, sem ella mundi óleyst, og því, þrátt fyrir nokkur mistök í fyrstu, reynzt til farsældar.

En þrátt fyrir þá auknu sölumöguleika á síld, sem leitt hefir af starfrækslu þessara og annara bræðslustöðva, er þörf útvegsins í þeim efnum hvergi nærri fullnægt, og er það kunnara en frá þurfi að segja, að útvegurinn hefir beðið stórhnekki af þeim ástæðum, þar eð skip hafa á hverju sumri þurft að bíða eftir afgreiðslu dögum saman í blíðskaparveðri og mokafla við bryggjuna og jafnvel

orðið að moka síldinni aftur í sjóinn. Verða því kröfurnar æ háværari um, að ríkissjóður ráði bót á þessu, þar eð litlar horfur virðast á því, að aðrir verði til þess.

Sjútvn. hefir með flutningi þessa frv. viljað leggja til, að enn eitt spor verði stigið til þess að leysa vandræði útvegsins. Er öll n. einhuga um að leggja til, að ríkissjóður reisi nýja síldarbræðslustöð á Norðurlandi, er geti brætt 2000 mál á sólarhring hið minnsta. Um hitt munu nokkuð skiptar skoðanir, hvar slík verksmiðja skuli reist. Mun gerð grein fyrir því við umr. málsins, en n. mun freista þess, að gera ákveðnar tillögur um það til ríkisstjórnarinnar áður en þingi lýkur.

Verksmiðja af þeirri stærð, er n. gerir ráð fyrir, mundi vinna úr 100 þús. málum síldar á ári. Gefur það ríkissjóði í útflutningsgjald eftir núgildandi lögum um 30 þús. kr., útgerðarmönnum og sjómönnum, með því lága verði þó, sem nú er á afurðunum, um 300 þús. kr., og verkamönnum í vinnulaun um 70 þús. kr.

Ed. 26. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 60 þúsund króna lán til rafveitu Austur-Húnavatnssýslu til raforkuveitu fyrir Blönduóskauptún, gegn endurábyrgð sýslufélags Austur-Húnavatnssýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Síðastliðið ár var stofnað félag í Austur-Húnavatnssýslu, er nefnist rafveita Austur-Húnavatnssýslu. Markmið félagsins er að koma upp rafveitu fyrir Blönduóskauptún og beitast svo fyrir rafveitu um héraðið, eftir því sem ástæður leyfa.

Ýtarleg rannsókn hefir farið fram um aðstöðu til rafvirkjunar. Var að þeirri rannsókn lokinni ákveðið að koma upp á þessu ári rafveitu fyrir Blönduós, sem er nú þegar komin vel á veg, svo að henni verður lokið í þessum mánuði. Kostnaðinn við þessa rafveitu bera að ⅓ hver: sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnvetninga og sveitarsjóður Blönduóshrepps. Áætlað hafði verið, að fyrirtækið kostaði um 140 þúsund kr.

Eftir samráði við rafmagnsstjóra ríkisins, hr. Jakob Gíslason verkfræðing, sem verið hefir ráðunautur rafveitunnar, var samið við hr. rafvirkja Stefán Runólfsson um að framkvæma meginhluta verksins. Eftir að sá samningur hafði verið gerður, var búizt við, að verkið yrði allmiklu ódýrara en áætlað hafði verið, en af ýmsum ástæðum verður það þó að líkindum ekki.

Rafveitustjórnin hafði áður en í fyrirtækið var ráðizt tryggt sér 90 þús. kr. lán og hugði, að eftirstöðvarnar mundi hún geta fengið á hagkvæman hátt. Nokkur hluti af þessu láni hefir brugðizt, og svo verður verkið nokkru dýrara en ráð var fyrir gert, svo að orðið hefir að bjargast við bráðabirgðavíxla að nokkru. Nú hefir rafveitan vilyrði fyrir allt að 60 þús. kr. láni frá líftryggingarfélagi, en ríkisábyrgð er áskilin fyrir láninu. Er því farið fram á, að fjárveitingarvaldið veiti slíka ábyrgð.

Hér fer á eftir nákvæm lýsing á aðstöðu allri til rafvirkjunar og verkinu í heild eftir rafmagnsstjóra Jakob Gíslason.

Fylgiskjal I.

Um virkjun Laxár fremri í Austur-Húnavatnssýslu og um rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

1. Inngangur. — Um staðhætti o. fl.

Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu rennur úr Svínavatni í Svínadal, í gegnum Laxárvatn og til sjávar 6—7 kílómetrum sunnan við Blönduós.

Á árunum 1918—1921 voru gerðar vatnshæðarathuganir í Laxá hjá Sauðanesi. Athuganir þessar benda til þess, að rennsli árinnar sé alljafnt. Af þessum athugunum verður þó eigi ráðið til fulls um rennslisháttu árinnar, bæði sökum þess, að þær ná yfir of skamman tíma, og vegna þess, að aðeins var gerð ein vatnsrennslismæling í sambandi við þær. Verður því að öðru leyti að áætla rennsli árinnar eftir stærð regnsvæðis hennar og af samanburði við aðrar ár, sem þekktari eru.

Vatnasvæði árinnar fyrir ofan ósinn, þar sem hún rennur úr Laxárvatni, er um 200 ferkm. Nú hefir í ám norðanlands, svo sem Glerá, Fljótaá og Svartá í Skagafirði, minnsta rennsli mælzt — eftir því er næst verður komizt — 7—15 lítr. af hverjum ferkílómetra regnsvæðis. Ef tekið er tillit til þess, að bæði vötnin jafna mjög rennsli í Laxá (Laxárvatn er 3,5 ferkm., Svínavatn 11 ferkm.), og til framangreindra vatnshæðaathugana, þykir mega áætla minnsta rennsli hennar um 10 lítra af ferkm. regnsvæðis, eða $10 \times 200 = 2000$ lítra á sek. alls. Mesta rennsli í fyrrnefndum ám norðanlands hefir mælzt (eða verið talið) ca. 500 lítrar á sek. af hverjum ferkm. regnsvæðis; í Elliðaánum við Reykjavík hafa mælzt 590 lítrar á sek. af ferkm. Í Andakílsá í Borgarfirði er mesta rennsli, er mælt hefir verið ca. 350 lítrar á sek. af ferkm. — Það er reiknað með því, að mesta rennsli í Laxá verði eigi meira en í Andakílsá, 350 lítrar á sek. af ferkm., eða $0{,}350 \times 200 = 70$ m^3 á sek. alls.

Laxárvatn er langt mjög, en mjótt. Það liggur frá suðri til norðurs. Laxá rennur í vatnið í suðurenda þess og úr því aftur að vestanverðu ca. 2 km. norðar. Rennur áin síðan norður með vatninu að vestanverðu. Í sjálfri ánni er lítið fall (lítill halli), en þegar áin er komin á móts við norðurenda vatnsins, er yfirborð hennar orðið 25—26 metrum lægra en yfirborð vatnsins. Þar er vegalengdin frá enda vatnsins niður í á aðeins ca. 1500 metrar.

Ýmsar tillögur hafa verið gerðar um virkjun Laxár, og skal hér gerð laus-

lega grein fyrir þeim. Sumarið 1930 athugaði verkfr. Erling Ellingsen ána, er hann ferðaðist um Norðurland í rannsóknarferð í þjónustu raforkumálanefndar. Benti hann þá á tvær leiðir til að virkja ána. Önnur var sú, að leiða hana frá bugðunni, sem næst er Blönduósi, og þaðan niður í Blöndu fyrir neðan brúna. En til þess þarf að gera í hana stíflu mjög háa, allt að 8 m., og langan og djúpan skurð, er hvorttveggja yrði dýrt og e. t. v. ótryggt vegna slæms jarðvegs. Hin leiðin, og sú er álitlegri var talin, var að leiða ána úr norðurenda Laxárvatns með því að stífla ósinn og veita henni í skurði og pípu eða pípu einni niður fyrir Mánafoss. — En þetta er einmitt sú leiðin, er síðar var farin.

Sumarið 1932 mældi Höskuldur Baldvinsson og gerði tillögur um hina þriðju tilhögun virkjunar. Lagði hann til að flytja vatnið í allt að 4 km. löngum, opnum skurði úr norðurenda Laxárvatns framhjá bænum Sauðanesi og norður á melbrún sunnan við brúna á Blöndu, en þaðan mátti fá um 40 m. fall niður í Blöndu. Rafstöðin væri þá svo nærri kauptúninu, að nota mætti lágspennustöð. Við þessa tilhögun var það að athuga, að óttast mátti, að snjó skæfi svo í þennan langa skurð, að miklar truflanir yrðu af því.

Eftir beiðni sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og annara hlutaðeigenda lét vegamálastjóri síðar á sama sumri gera mælingu við Laxá og rannsaka, hver virkjunartilhögun væri heppilegust. Framkvæmdi verkfræðingur Jón Ísleifsson þær mælingar og athuganir. Gerði hann tvær samanburðaráætlanir. Var önnur um tilhögun svipaða þeirri, er Höskuldur Baldvinsson hafði lagt til um, en hin var sú, er Erling Ellingsen hafði bent á, og skyldi þá orkuverið standa á bakka Laxár skammt fyrir neðan Mánafoss.

Eftir tillögum frá vegamálastjóra og undirrituðum var þessi hin síðarnefnda tilhögun valin, þó með þeirri breytingu, að orkuverið skyldi standa um miðja vegu milli norðurenda Laxárvatns og árinnar, þar sem sleppir mesta brattanum frá vatninu. Skal nú gerð nánari grein fyrir þessari virkjunartilhögun og síðan verkinu lýst í einstökum atriðum.

II. Virkjunartilhögun.

Vatnið er tekið úr norðurenda Laxárvatns og leitt fyrst í skurði í gegnum haft nokkurt. Haftið er ca. 3 metra hátt. Við enda skurðsins er þró, inntaksþró fyrir þrýstivatnspípuna. Neðan við þróna tekur við aðalbrattinn; er vatnið leitt þar tæpan ½ km. í trépípu og fellur það 20 m. á þeirri leið. Þar er orkuverið sett, eða ca. miðja vegu milli Laxárvatns og árinnar. Á leiðinni frá orkuverinu niður í á fellur vatnið ca. 5 m., en með því að vegalengdin er um 750 m., þótti eigi borga sig að virkja þann hluta fallsins. Frá orkuverinu er í þess stað grafinn alllangur (1 km.) en grunnur frárennslisskurður, er veitir vatninu út í á.

Fjarlægð frá orkuverinu til Blönduóskauptúns er ca. 6 km. Verður því að nota háspennu, 5000 V. til flutnings raforkunnar til kauptúnsins, en spenna hana þar niður í 220 Volt í tveimur spennistöðvum.

III. Lýsing á einstökum pörtum verksins.

Stífla er sett í Laxá, þar sem hún rennur úr Laxárvatni, og er með henni hækkað yfirborð vatnsins um ca. 1 m. Sá hluti stíflunnar, er vatn rennur yfir,

er úr steinsteypu, en til beggja enda er hún úr torfi og grjóti. Lengd yfirfallsins er ca. 40 m. Er það haft svo langt til þess að forðast mikla hækkun á yfirborði Laxárvatns í flóðum. Ef rennslið í ánni fer upp í 70 m^3 á sek. og helzt þannig í 24 klst., hækkar vatnið um **ca. 1 m.** upp fyrir yfirfall, eða ca. 2 m. yfir núverandi meðalvatnsborð. — Lítil flóðgátt er í norðurenda stíflunnar, svo lækka megi vatnsborðið aftur, ef á þarf að halda.

Aðfærsluskurðurinn gegnum haftið við norðurenda vatnsins er ca. 4 m. á dýpt, þar sem haftið er hæst. Hann er rúmlega 300 m. á lengd. Á dýpsta kafla skurðsins þurfti að sprengja rúmlega 1 m. þykka klöpp í botni hans.

Flóðgátt er í efri enda skurðsins. Er tæma þarf skurðinn, má loka þeirri flóðgátt með plönkum, sem rennt er niður í fals í steinstöplum flóðgáttarinnar.

Inntaksþró pípunnar er gerð úr járnbentri steinsteypu. Hún er allhá, svo aldrei geti flætt yfir barma hennar, þótt flóð komi í ána. Hæð hennar frá botni er 4,3 m. Hún er með tveim ristum, einni loku og tveim botnrásum til að tæma hana sjálfa og aðfærsluskurðinn.

Þrýstivatnspípan er 460 m. á lengd. Hún er úr tré með járngjörðum, nema neðstu 54 metrarnir, sem eru úr járni. Vídd pípunnar er 143 en 130 cm. neðar. Hún er öll niðurgrafin, nema járnpípan, sem er á steyptum stöplum.

Vatnsvél orkuversins er 300 hestafla „francis"-túrbína með tveimur hjólum, smíðuð af „Myrens Verksted" í Noregi. Olíuþrýstings-hraðastillir er við vatnsvélina og þrýstings- og soghæðamælar, ennfremur snúningshraðamælir.

Vatnsloka er í þrýstivatnspípu rétt við vatnsvélina.

Rafallinn er 3-fasa riðstraumsrafall, 5000 Volt, ástengdur við vatnsvélina; 600 snúningar á mín.; 50 rið á sek. Hann er smíðaður í Svíþjóð.

Háspennurúmið er til hliðar við vélasalinn. Í veggnum milli þeirra eru spjöldin. Þau eru úr marmara, og eru spjaldreitir fyrir rafala, eina háspennulínu til Blönduóss og fyrir spennistöð í orkuverinu sjálfu. Sú spennistöð hefir 10 kVA. spenni, er veitir rafmagn til ljósa og upphitunar í orkuveri, til heimilisnotkunar í íbúðarhúsi stöðvarvarðar (ef það verður síðar byggt) og til heimilisnotkunar á næsta bæ, Sauðanesi. Í háspennurúmum og á spjöldum eru öll venjuleg tengi-, öryggis- og mælivirki, er til slíkra stöðva heyra. Auk þess sjálfvirk spennustillitæki.

Rafstöðvarhúsið er gert úr steinsteypu, nema þakið, sem er af venjulegri gerð úr timbri, pappa og þakjárni. Í vélasal er járnbiti eftir endilöngu yfir vélunum, og renna á honum tvær „kraft-talíur" til notkunar við uppsetningu vélanna og síðar, er þarf að eftirlíta þær. Í rafstöðvarhúsinu er, auk vélasals og háspennurúms, einnig klefi fyrir gæzlumann og til geymslu og anddyri. Húsið er að utanmáli 9,5 $\times$ 10 m. Vegghæð í vélasal er 4 m., en háspennurúm, klefi og anddyri eru lægri. — Undir gólfi er sogpípubrunnur og vatnsgöng, er liggja út að frárennslisskurði.

Háspennulínan er tekin út úr rafstöðinni sem jarðstrengur, og liggur hann upp í fyrsta stólpa hennar ca. 20 m. frá húsinu. Þar er hann tengdur við loftaugarnar í þar til gerðum samskeytahólk.

Þaðan liggur línan á gegndreyptum tréstólpum. Eru 60 m. á milli stólpa, en hæð víra frá jörðu hvergi minni en 6 m. Vírarnir eru þrír, og liggur einn

yfir toppi stólpa, en tveir á þverjárni neðar. Eru 90 cm. á milli hverra tveggja víra. Þeir eru festir á 10000 Volta postulínseinangrara. Þar sem línan liggur yfir vegum og síma eru gerðar sérstakar öryggisráðstafanir samkvæmt viðurkenndum reglum. Lengd háspennulínu er um 6500 m. alls.

Gildleiki víra er 16 mm^2.

Skammt frá Blönduóskauptúni greinist línan, og liggur önnur álma hennar inn í kauptúnið að spennistöð þar, en hin álman liggur norður yfir Blöndu og að spennistöð, er stendur skammt frá húsum Kaupfélags Húnvetninga.

Spennistöðin sunnan Blöndu er ætluð handa öllu kauptúninu, þeim megin árinnar. Í henni eru tveir spennar, 5000/220 Volt, til samans 110 kw. Út úr stöðinni liggja 4 lágspennulínur, 220 Volt. Á spjaldi eru einn amperemælir í hverri taug hverrar útfarandi línu og einn voltmælir fyrir allar línur. Ennfremur eru öll nauðsynleg tengi- og öryggistæki.

Spennistöðvarhúsið er úr steinsteypu, 3,6 × 2,7 m. að utanmáli og ca. 3,7 m. á hæð.

Spennistöðin norðan Blöndu er ætluð handa kaupfélaginu og Sláturfélagi Austur-Húnvetninga, Kvennaskólanum og þeim íbúum Blönduóss, er þeim megin árinnar búa. Í henni er einn spennir, 5000/220 Volt, 70 kw. Frá stöðinni liggja 2 lágspennulínur, 220 Volt, og ætlað rúm hinni þriðju. — Spennistöðin er búin mæli-, öryggis- og tengivirkjum á sama hátt og hin fyrrnefnda stöð.

Húsið er úr steinsteypu, 2,6 × 2,6 × 3,7 m.

Allar línur, bæði háspennu- og lágspennulínur, eru teknar inn í spennistöðvarnar í jarðstrengjum, frá stólpum, er standa rétt hjá stöðvarhúsunum.

Lágspennukerfið er 3-fasa 220 volta kerfi. Vírgildleiki er frá 10 upp í 70 mm^2. Hæð víra frá jörðu er á aðallínum hvergi minni en 4,5 m., og liggja þeir á gegndreyptum tréstólpum. Það er allt gert þannig, að fullnægi reglugerð frá 14. júní 1933 um raforkuvirki.

Lágspennukerfið er lagt þannig, að það nær til allra íbúa Blönduóss, og eru heimtaugar og inntök í hús lögð á kostnað rafveitufélagsins.

Aths.: Með samningi, dags. 12. des. 1932, tók herra Stefán Runólfsson að sér að gera rafveitu þessa og orkuver með öllu tilheyrandi, þó að undanskildum aðfærsluskurðinum í gegnum haftið við Laxárvatn, fyrir kr. 95000,00, að því tilskildu, að hann mætti nota til þess vélar og efni úr raforkuveitu og raforkuveri við Örstavik í Noregi. Hafði það raforkuver verið tekið úr notkun fyrir skömmu, sökum þess að það var orðið of lítið, og annað stærra hafði verið gert í þess stað. Áður en samningar voru gerðir um verkið, hafði norskur verkfræðingur, er tilnefndur var af „Norske Elektricitetsverkers Forening" eftir beiðni rafveitufélagsins skoðað vélar þessar og efni í Örstavik og dæmt það traust og að mestu gallalaust, en samkv. samningi skyldi endurnýja allt, er gallað var að einhverju leyti.

Vinna við verk þetta hófst snemma í sumar, og er því nú að mestu lokið og búizt við, að rafveitan geti tekið til starfa innan skamms. Uppsetning á vélum og raftækjum í orkuveri og spennistöð framkvæma verkfræðingur og „montör" frá rafveitu þeirri í Örstavik, sem seldi. Öll önnur rafvirkjun er unnin af íslenzkum mönnum. Verkfræðingur Erling Ellingsen hefir haft eftirlit með fram-

kvæmd verksins f. h. verkkaupa, rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, einkum með því, er lýtur að steypu- og jarðvinnu.

IV. Um viðhorf til stækkunar virkjunarinnar.

Vélasamstæða sú, er nú er sett upp, er svo sem áður er getið um 300 hö. Eigi er ætlað rúm fyrir fleiri vélar en þessa einu í því vélahúsi, er nú er byggt. En þannig hagar til, að auka má afl virkjunarinnar upp í rúml. 550 hö. með nokkurri breytingu á vélunum, en þrýstivatnspípa og þró og önnur vatnsvirki eru þegar gerð nógu stór fyrir þá stækkun. Kostnaður af þeirri aukningu afls orkuversins verður því eigi annar en sá, er umræddar breytingar á vélunum hafa í för með sér.

Þess er þó að gæta, að við 550 ha. virkjun er vatnsnotkunin orðin meiri en þeir 2000 litr. á sek., sem talið var, að rennslið yrði minnst í Laxá. Verður þá, ef vatn reynist ekki nóg, að gera nokkra vatnsmiðlun í vötnunum, en hún mundi gerð í Svínavatni, því að þar er talið haga einkarvel til vatnsmiðlunar. Vatnið er um 11 ferkm. að stærð. Með 1 m. hækkun í vatninu má geyma þar 11 milljónir ten.m. af vatni.

Með fullnaðarvatnsmiðlun í báðum vötnunum má síðar auka virkjun Laxár á þessum stað (við norðurenda Laxárvatns) að miklum mun. Jón Ísleifsson telur í áliti sínu víst, að með aukinni vatnsmiðlun megi tryggja, að rennsli árinnar verði aldrei minna en 7,0 tenm. á sek. Þetta hefir að vísu ekki verið athugað til fulls, en gera má ráð fyrir, að meðalársrennsli árinnar sé ekki undir 35 litr. á sek. af hverjum ferkm. regnsvæðis, eða 7 tenm. á sek. alls, og virðist þá ekki vera óvarlega áætlað, að auka mætti virkjunina upp í 7 tenm. En þá er aflið komið upp í **1400 hö.**, ef gengið er út frá sömu fallhæð, sem nú er virkjuð.

V. Um notkun raforkunnar.

Nú í fyrstu er raforkunni eingöngu veitt til Blönduóss.

Skýrslur hafa verið gerðar um notkun kola, olíu, mós og rafmagns á Blönduósi á síðustu árum, svo ráða mætti af því, hver orkuþörf væri eða markaður fyrir raforku. Samkvæmt þeirri skýrslu er notkunin þessi:

1. Um 290 manns, er búa í 68 húsum, nota á ári til hitunar, eldunar og ljósa:

af kolum 175 ton á kr. 55,00	kr. 9600,00	
– olíu 4400 kg. á kr. 0,30	— 1320,00	
– mó 2650 hestburði á kr. 1,50	— 3975,00	
– rafmagni til ljósa frá eldri stöð ca. 1250 kwst. á kr. 1,00	— 1250,00	
	————	kr. 16145,00

2. Læknisbústaður og spítali nota samkv. skýrslu

frá lækni kol, olíu og mó fyrir	kr. 3000,00	
og af rafmagni til ljósa ca. 500 kwst.	— 500,00	
	————	— 3500,00

3. Kvennaskólinn notar samkv. skýrslu kol, olíu, mó og í kostnað af rafstöð til ljósa ..... — 1780,00

4. Samkv. skýrslu frá kaupfélagsstjóra á Blönduósi er kostnaður af rekstri frystivéla, lýsing og upphitun á húsum Sláturfélags Austur-Húnvetninga og Kaupfélags Húnvetninga ..... — 5330,00

Samtals kr. 29755,00

eða um 30000,00 kr.

Skýrslum þessum hefir Steingrímur Davíðsson kennari safnað. Telur hann, að skýrslan muni þó sýna minni notkun en hún er í raunínni. Kolaeyðslan í 1. lið er tekin eftir kolapöntunum, en mónotkunin er sett eftir framtalsskýrslum.

Þegar rafveita Austur-Húnavatnssýslu er tekin til starfa, munu öll þessi heimili og stofnanir fá nægilega raforku til fullrar lýsingar og eldunar og allrar vatnshitunar og að töluverðu leyti til upphitunar; ennfremur til alls vélarekstrar. Þar sem ekki verður gert ráð fyrir, að full rafupphitun allra húsa fáist, sparast eigi öll hin framangreinda upphæð. Hefir verið gerð ýtarleg og sundurliðuð áætlun um sparnað í kolum, olíu o. s. frv. Verður sú sundurliðun ekki rakin hér, en áætlunina má telja varlega gerða. Samkv. henni sparast rúmlega $^2/_3$ hlutar af framangreindum 30000,00 kr., eða um 20000,00 kr. á ári hverju.

En auk þeirrar raforkunotkunar, sem kemur í stað þess, er hér hefir verið talið upp, verður og um ýmsa aðra notkun að ræða, og skal t. d. nefnt: rafnotkun sumargististaðar í Kvennaskólanum, raforku til smávélarekstrar, væntanlega til ýmissa lækningatækja á spítalanum og e. t. v. upphitun kvennaskólans með ódýru næturrafmagni.

VI. Um stækkun orkuveitunnar.

Við rannsókn og undirbúning virkjunar þeirrar í Laxá, er að framan hefir verið lýst, var haft í huga að haga allri tilhögun virkjunar þannig, að fleirum mætti síðar að gagni koma en íbúum Blönduóskauptúns einum. Ástæður allar eru að vísu þannig nú, að litlar líkur eru til, að lagðar verði raforkuveitur um sveitahéruð landsins, en ennþá lifir þó sú von manna, að „raflýstar" verði í framtíðinni að minnsta kosti hinar þéttbýlli sveitir.

Raforkuveitur þær frá raforkuveri Laxár, er helzt koma til greina, eru:

1. **Skagastrandarlína,** eftir byggðinni frá Blönduósi til Skagastrandarkauptúns.
2. **Langadalslína,** um Langadal, Blöndudal og Svartárdal, og
3. **Vatnsdalslína,** um Torfalækjarhrepp og Vatnsdalinn.

Álitlegust af þessum veitum er Skagastrandarlínan. Hún myndi geta náð til 350—400 manns, og er nær helmingur þess fólks búsett í kauptúninu, en vegalengdin milli Blönduóss og Skagastrandar er rúmlega 20 km. — Um þessa veitu hafa því miður ekki verið gerðar neinar áætlanir.

Um Langadals- og Vatnsdalsveiturnar gerði undirritaður lauslegar áætlanir haustið 1932. — Skyldu veiturnar ná til rúmlega 800 manns á 94 býlum. Lengd háspennulína varð 118 km.; tala spennistöðva 66; lengd lágspennulína 28 km. Koma þá 1,26 km. háspennulína á hvert býli, en 3 býli á hverjar 2 spennistöðvar til jafnaðar. — Í áætluninni er gert ráð fyrir að nota eirvír á gegndreyptum tréstólpum og spennistöðvar undir berum lofti, settar á þrjá tréstólpa hver. — Spennan er 3 × 6000 volt.

Áætlaður er stofnkostnaður veitnanna við mismunandi aflnotkun, nefnil. við 400 watta og við 200 watta notkun á mann. Reiknaðist stofnkostnaður beggja veitnanna kr. 570000,00 við hina meiri notkun, en kr. 545000,00 við minni notkunina. — Sé nú gengið út frá, að árlegur kostnaður af veitunni nemi 12—15% af stofnkostnaði hennar — og að vinnsla hvers kilówatts kosti í orkuveri kr. 75,00 á ári —, þá kostar raforkan hvert býli til jafnaðar sem hér segir:

1) Ef notkun rafafls er 3,5—4 kw. á hvert býli: kr. 1000—1200 á ári.
2) Ef notkun rafafls er ca. 2 kw. á hvert býli: kr. 800—1000 á ári.

Ef til vill gæti komið til mála að nota járnvír í stað eirs í háspennulínum og lækka við það stofnkostnaðinn. Um það hefir eigi verið gerð nein áætlun. — Raforkumálanefnd taldi, á sínum tíma, tiltækilegt að nota járnvíra í háspennulínum í sumum sveitaveitum.

Aflþörf þessara raforkuveitna fer ekki fram úr því, er fá má við þær stækkanir Laxárvirkjunarinnar, er getið var um hér að framan. — Aflþörf Skagastrandarveitunnar fer ekki fram úr 140 kw. fyrst um sinn; hún liggur því innan takmarka þeirrar aflaukningar, er fá má með breytingu á vélum í því orkuveri, er nú er byggt, sbr. framanskráð. — Sennilega myndi þó ekki þurfa að auka afl orkuversins neitt þegar í stað, þótt veita til Skagastrandar yrði gerð, — og mjög æskilegt væri, að fljótlega yrðu gerðar athuganir og áætlanir um þessa veitu.

Reykjavík, 12. nóvember 1933.

Jakob Gíslason.

Fylgiskjal II.

Rekstraráætlun rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Í áætlunum, er gerðar voru um fyrirtækið haustið 1932, var stofnkostnaður talinn kr. 140000,00 — miðað við 250 hestöfl í orkuveri. Í þeirri upphæð var þó talið með íbúðarhús handa stöðvargæzlumanni á kr. 7000,00, en síðar var horfið frá því að byggja það. Síðan kom tilboð í allt verkið, nema aðrennslisskurð og inntak hans, og nam það ..... kr. 95000,00
Skurðurinn og skurðinntakið var áætlað á ca. ..... — 7500,00
Vaxtatap, eftirlit með verkinu o. fl. ..... — 7500,00

Samtals kr. 110000,00

Verkið hefir farið fram úr þessari áætlun, og er það sumpart vegna breytinga og viðauka, er gerðir hafa verið. Líklegt er að stofnkostnaður fyrirtækisins verði alls um kr. 140000,00.

Rekstraráætlun:

I. Gjöld:

Vextir og afborganir 10% af 140000,00 kr. ..... kr. 14000,00
Gæzlumaður orkuvers og veitu hefir raforku til heimilisnotkunar og í peningum ..... — 3000,00

Aðstoð gæzlumanns og innheimta	—	1800,00
Viðhald og annað	—	4200,00
Samtals	kr.	23000,00

II. Tekjur:

177 árskilówött á kr. 120,00	kr.	21240,00
ca. 30000 kwst. til vélarekstrar í frystihúsi og fleira, meðalverð á kwst. 0,08 kr.	—	2400,00
Samtals	kr.	23640,00

Aths. við tekjuáætlun: Skriflegar pantanir á raforku eru þegar fyrir hendi sem hér segir:

1. 34 heimili	78	kw.
2. Sjúkraskýlið og læknisbústaður	26	—
3. Kvennaskólinn	26	—
4. Kaupfélagið og frystihúsið	35	—
Samtals	165	kw.
5. Áætlað að þau 32 heimili, sem ekki hafa enn gert pantanir, taki að meðaltali 1 kw. hvert, alls	32	kw.
Samtals	197	kw.

Þessi tala er þó of há. Þannig er t. d. nú eigi gert ráð fyrir, að kaupfélagið og frystihúsið kaupi allt það rafafl um hemil, er þau þurfa að nota. Aðalaflnotkun frystihússins er í sláturstíð á haustin. Mun það þá kaupa þá orku, er það þarf til viðbótar, um mæli eftir kílówattstundagjaldi. — Í tekjuáætlun er því kílówattatalan lækkuð um 10%.

Reykjavík, 12. nóv. 1933.

Jakob Gíslason.

Ed. 27. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta um breytingar á þingsköpum Alþingis, en aðalbreytingin er í því fólgin að færa ákvæði þingskapanna í samræmi við stjórnarskrárbreytinguna, sem nú liggur fyrir Alþingi til samþykktar.

Við 1. umr. málsins benti forsætisráðherra á þrjú atriði, sem athuga bæri í nefnd. Í fyrsta lagi, hvort eigi væri rétt að láta landsreikning koma til samþykkis

í sameinuðu Alþingi, eins og nýja stjórnarskráin gerir ráð fyrir um fjárlög og fjáraukalög.

Nefndin treystir sér eigi til þess að skýra ákvæði nýju stjórnarskrárinnar þannig, að landsreikning skuli leggja fyrir sameinað Alþingi, eða að það sé heimilt, því eftir ákvæðum 7. gr. stjórnarskrárfrv. má ekkert lagafrv. samþ., að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

Hið annað atriði, um ósamræmi í 5. gr. núgildandi þingskapa og 143. gr. í kosningalagafrv. því, sem liggur fyrir þinginu, hefir nefndin athugað. En þetta ósamræmi er í því fólgið, að kosningalagafrv. gerir ráð fyrir því, að kæra út af kosningu þingmanns skuli liggja fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun, en núgildandi þingsköp kveða svo á, að kærur skuli vera komnar til þingsins áður en 4 vikur eru liðnar frá fyrstu þingsetningu eftir kosningu.

Nefndin gerir þá tillögu til samræmis, að kærur yfir kosningu þingmanns skuli koma í þingbyrjun, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild. Eftir almennar kosningar ættu þá kosningakærur að vera komnar til þingsins áður en gengið er til atkvæða um tillögur deilda, sbr. 1. gr. l. um þingsköp Alþingis. Svo getur staðið á, að aukakosningar eða uppkosningar fari fram meðan Alþingi situr og nýkosinn þingmaður taki þar sæti síðar en í þingbyrjun, og skal þá kæra yfir kosningu vera komin áður en kosning þingmanns er tekin gild af Alþingi. Að öðru leyti haldast óbreytt ákvæði 5. gr. þingskapanna.

Þriðja atriðið, sem ráðherra benti á, var tilvitnun í 1. og 4. gr. þessa frv., en þar er vitnað í stjórnarskrá 1933 á báðum stöðum, en vafi þykir leika á því, að stjórnarskráin, þótt hún að vísu verði samþ. á auka-Alþingi 1933, öðlist staðfestingu fyrr en á árinu 1934. Nefndin telur þessar tilvitnanir óþarfar og leggur því til, að þær verði felldar burt úr frv. Má síðar bæta þessum tilvitnunum við gr. frv., ef það þætti hentugra við notkun þingskapa.

Nefndinni þykir réttara að breyta orðalagi 2. greinar og flytur um það breytingartillögu.

Þá hefir nefndin rætt um breytingar á þingsköpum, aðrar en í frv. felast, eða leiðir af samþykkt stjórnarskrárinnar. Sérstaklega taldi nefndin, að breyta þyrfti ákvæðunum um atkvæðagreiðslur (44. gr. þingskapa), er hafa gefið tilefni til mismunandi skilnings forseta á þeim ákvæðum, og deildarforsetar á sama þingi jafnvel fylgt sinni reglunni hvor í úrskurði um atkvæðagreiðslur. En með því að nefndin vill styðja að því, að aukaþingið megi ljúka störfum á skömmum tíma, þá telur hún eigi rétt að taka til meðferðar svo umfangsmikinn og umþráttaðan lagabálk sem þingsköpin eru; en nefndin bendir á þá leið, að þingflokkarnir skipi sinn manninn hver og feli þeim með aðstoð skrifstofustjóra Alþingis að undirbúa málið fyrir næsta Alþingi og koma í eina heild öllum lagaákvæðum um þingsköp Alþingis, þar á meðal reglum um útvarp umræðna frá Alþingi, er forsetar hafa sett í samráði við þingflokka.

Ákvæðum núgildandi þingskapa um vinnunefndir, sem tekin eru óbreytt upp í frv., telur nefndin rétt að breyta í samræmi við þá framkvæmd, sem orðið hefir á störfum þeirra nefnda; flytur nefndin um þetta breytingartillögu.

Það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   4. málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:
   Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.
2. Við 1. gr. Tilvitnunin „(stjskr. 1933, 1. og 2. gr.)“ skal niður falla.
3. Við 2. gr. Efnismálsgrein greinarinnar skal orða svo:
   Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og kýs þá sameinað Alþingi einn mann til efri deildar.
4. Við 3. gr. Í stað 6.—8. efnismálsgreina („Formenn fastanefnda ... sem til hennar er vísað“) kemur ein málsgrein, svo hljóðandi:
   Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.
5. Við 4. gr. Tilvitnunin „(stjskr. 1933, 6. og 7. gr.)“ skal niður falla.
   Greinatala breytist samkvæmt atkvgr.

Alþingi, 13. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Hólshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum heppsnefndar Hólshrepps og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi og samþykkt til Ed., en náði ekki að verða útrætt þar, með því að það var seint á ferð. Er það flutt á ný fyrir ítrekuð tilmæli hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Fylgiskjal I.

Bolungavík, 20. jan. 1933.

Á fundi hreppsnefndar Hólshrepps þann 2. jan. 1933 var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir að skora á Alþingi að stofna sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og með svipuðu fyrirkomulagi og í Ytri-Akraneshreppi".

Í sambandi við þessa tillögu var samþykkt tillaga um að fela oddvita að boða til almenns borgarafundar um málið.

Báðar tillögurnar samþykktar með 6 samhljóða atkv.

Á almennum borgarafundi, sem haldinn var hér þann 17. þ. m. um þetta mál, var samhljóða tillaga samþykkt.

Fyrir því leyfum vér oss hér með að fara fram á, að hið háa Alþingi verði við þessari áskorun og stofni þegar á þessu ári sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og sé svo ákveðið, að lögreglustjórinn sé skyldur til að gegna störfum hreppsnefndaroddvita.

Ástæðan til þess, að þetta er fram komið og að oss er nauðsyn á að fá þessu framgengt, er einkum sú, að til vandræða horfir með að fá mann til þess að gegna oddvitastörfum hér í hreppi. Skal í því sambandi bent á, að um áramótin 1931—1932 hvarf þáverandi oddviti frá starfinu, með því að tilkynna flutning á heimilisfangi sínu, en hefir samt sem áður haft búsetu í hreppnum síðan. Leit hreppsnefndin svo á, að slíkur flutningur væri ekki löglegur, og krafðist úrskurðar í málinu. Féll úrskurður á þá leið, að manninn bæri að skoða löglega fluttan. Úrskurði þessum áfrýjaði hreppsnefndin til ráðuneytisins, en með bréfi dags. 22. marz síðastl. gefur ráðuneytið til kynna, að sýslunefndaroddviti hafi fullnaðar úrskurðarvald í slíkum málum, og hefir því úrskurðinum ekki verið hnekkt.

Virðist þetta ætla að endurtaka sig, því með bréfi dags. 6. des. síðastl. til hreppsnefndarinnar biður núverandi oddviti um lausn frá oddvitastörfum, frá

síðastl. áramótum að telja. Var á fundi hreppsnefndarinnar sama dag synjað um lausnina. En á fundi nefndarinnar 2. jan. þ. á. las oddviti upp tilkynningu um, að hann sæi sig knúðan til að flytja heimili sitt úr hreppnum, ef nefndin héldi fast við þá ályktun að veita sér ekki lausn frá oddvitastörfum. En á þeim sama fundi kom fram, eins og áður er sagt, tillaga um að fá hér stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti, og einkum með tilliti til þess, að það fengist þegar á komandi sumri, hefir það orðið úr, að oddviti héldi störfum áfram fyrst um sinn, eða þar til á næsta sumri.

Eins og sjá má af framansögðu, er ástandið orðið óviðunandi, og má í sjálfu sér líta svo á, að það sé ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, hve umsvifamikil störf hreppsnefndaroddvita í Hólshreppi eru, en hinsvegar ekki fært að greiða svo fyrir þau störf, að hægt sé að lifa af þeim launum einum saman, og er því starfið haft sem aukastarf, og í mörgum tilfellum samfara óhliðstæðum störfum, sem er að mörgu leyti óheppilegt og mjög óþægilegt fyrir hlutaðeiganda.

Af því, sem þegar hefir verið tekið fram, og fleiru, sem fram hefir komið í sambandi við þetta mál á áminnztum hreppsnefndarfundum, lítur út fyrir, að ekki verði unnt að fá hæfan mann til þess að gegna hér oddvitastörfum, með þeim kröfum, sem til hans verður að gera, og þeim launum, sem verið hafa; er oss því brýn nauðsyn á að fá þá breytingu, sem hér er farið fram á.

Treystum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við máli þessu og stofni með lögum þegar á næsta þingi umbeðið lögreglustjóraembætti í Hólshreppi.

Virðingarfyllst.

Í hreppsnefnd Hólshrepps:

Jóh. Teitsson. Einar Guðfinnsson. Finnbogi Guðmundsson.
Finnbogi Bernódusson. H. Gunnarsson. H. Kristinsson.

Til
Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Bolungavík, 29. okt. 1933.

Á fundi hreppsnefndar Hólshrepps í dag var samþykkt í einu hljóði að fela þingmanni kjördæmisins að leggja fyrir næsta þing frumvarp um stofnun lögreglustjóra í Bolungavík þegar á þessum vetri.

Fyrir því er yður, herra alþingismaður, hér með falið að leggja mál þetta fyrir í hönd farandi Alþingi, og er þess vænzt, að þér fylgið því fram til sigurs á þinginu.

Málið er svo kunnugt af meðferð þess á síðasta þingi, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það hér, en óska, að þér látið oss vita, ef þér teljið yður þurfa frekari skýringar á því.

Virðingarfyllst.

Oddviti Hólshrepps:

Jóh. Teitsson.

Til
herra alþingismanns Vilmundar Jónssonar, Reykjavík.

Nd. 29. Frumvarp

til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Finnur Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast allt að 2½ millj. kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til byggingar og kaupa fimm til tíu togara.

2. gr.

Ríkisábyrgðin má ekki nema meiru en ⅔ hlutum kaupverðs togaranna útbúinna til veiða, og skal, auk ábyrgðar Reykjavíkurkaupstaðar, vera tryggð með veðrétti í skipunum, eða ekki lakara fasteignaveði.

3. gr.

Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin og reki útgerð þeirra.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram af Alþýðuflokknum á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Um ástæður til frumvarpsins vísast til greinargerðar á þskj. 253 í A-deild þingtíðinda 1933.

Ed. 30. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 81 19. júní 1933, um framlenging á gildi laga um verðtoll, eru úr gildi numin frá 12. september 1933 að telja.

2. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 31. Nefndarálit

um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið saman við frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, er fyrir Alþingi liggur, og gildandi löggjöf.

Samkomulag hefir orðið um það í nefndinni að afgreiða frumvarpið til deildarinnar með þeim breytingum einum, sem allir nefndarmenn hafa orðið sammála um. Hinsvegar er ágreiningur um nokkur atriði, svo sem skipun kjörstjórna, kjördag og gerð kjörseðils. Má vænta þess, að fram komi breytingartillögur frá einstökum nefndarmönnum um þau atriði við 3. umræðu.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþ. til 3. umr. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna í 3. málsgr. „og eigi erfitt um kjörsókn“ komi: og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.
2. Við 9. gr. Í stað orðanna í 2. málsgr.: „Þessi regla gildir einnig um Eyjafjarðarsýslu“ komi: og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu.
3. Við 13. gr. Aftan við gr. bætist: Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

4. Við 15. gr. Við 1. tölulið gr. bætist: enda séu þeir, eða hefðu átt að vera, þar í síðasta manntali.
5. Við 17. gr. Í stað „ráðherra“ komi: sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður).
6. Við 18. gr. Í stað orðanna „aðgang að eftirriti“ komi: aðgang að staðfestu eftirriti.
7. Við 19. gr. Síðasta málsgr. gr. falli burt.
8. Við 20. gr. Niðurlag gr. orðist svo: Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.
9. Við 23. gr. Orðin „eða á þeim tíma árs“ falli burt.
10. Við 24. gr. Upphaf gr. orðist svo: Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu á o. s. frv.
11. Við 25. gr. Fyrri málsgr. gr. orðist svo: Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu, ræður hann sjálfur, í hvoru eða hverju kjördæminu hann vill neyta kosningarréttar síns. Enginn má greiða atkv. nema í einu kjördæmi við hinar sömu alþingiskosningar.
12. Við 27. gr.
    a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Hver einstakur frambjóðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en o. s. frv.
    b. Í stað orðanna í 2. málsgr. „eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100“ komi: eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200.
13. Við 30. gr.
    a. Aftan við 2. málsgr. gr. bætist: nema frambjóðendur flokks í kjördæmum séu fleiri samtals.
    b. Niðurlag 3. málsgr. gr. orðist svo: ... þannig að sá, sem fær hæsta atkvæðatölu, standi efstur á listanum, sá, er fær hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, standi næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. þó 131. gr.).
14. Við 33. gr. Aftan við gr. bætist: Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.
15. Við 34. gr. Síðari málsgr. gr. fellur niður.
16. Við 42. gr. Í stað orðanna í síðustu málsgr. „auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu“ komi: auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu.
17. Við 62. gr. Í stað orðanna í fyrri málsgr. „er sé 15,7 cm. löng, 6,5 mm. víð að ofan“ komi: er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. víð að ofan.
18. Við 65. gr. Í stað orðanna „á heimili hreppstjóra“ komi: á skrifstofu eða heimili hreppstjóra.
19. Við 70. gr. Í stað orðanna í síðustu málsgr. „utan kjörstaðar“ komi: utan kjörfundar.

20. Við 76. gr.
    a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 12 á hádegi, nema í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá o. s. frv.
    b. Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar „og halda þeir sæti sínu, þó hinir komi síðar“ komi: og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.
21. Við 79. gr. Í stað orðanna „utan kjörstaðar“ komi: utan kjörfundar.
22. Við 84. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.
    Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger o. s. frv.
23. Við 86. gr. Í stað orðanna „2 ritblý“ komi: 2 venjuleg, dökk ritblý.
24. Við 95. gr. Í stað orðanna „eða þess að hann sé handarvana“ komi: eða þess, að honum sé hönd ónothæf.
25. Við 100. gr. Greinin orðist svo:
    Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.
26. Við 101. gr. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
    Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.
27. Við 103. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 99. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið o. s. frv.
28. Við 112. gr. Upphaf síðari málsgr. greinarinnar orðist svo:
    Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin o. s. frv.
29. Við 114. gr. Aftan við greinina bætist:
    Sama gildir um landslista, ef kjósandi hefir á landskjörseðli greitt atkvæði einhverjum frambjóðanda flokksins (sbr. 89.—91. gr.).
30. Við 115. gr. Síðari málsgr. greinarinnar orðist svo:
    Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.
31. Við 116. gr. Aftan við fyrstu málsgr. greinarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
    Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks

óskar, skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða unz úrskurður er felldur.

32. Við 117. gr. Aftan við þriðju málsgr. greinarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hafi kjósandi ritað á landskjörseðil nafn einhvers af frambjóðendum flokks, sem engan landslista hefir í kjöri (sbr. 92. gr.), en eigi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur flokksins í kjördæminu, skal með atkvæðið fara sem landslistaatkvæði.

33. Við 119. gr. Í stað orðanna í annari málsgr., tvívegis, „frambjóðenda listans, sem kosningu hafa náð“, komi á báðum stöðum: þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

34. Við 129. gr. 1.—6. tölulið. Eftir „atkvæði“ eða „atkvæða“ komi: greidd eða greiddra (eftir því sem við á).

35. Við 131. gr.

a. Við 2. málsgr. greinarinnar: Á eftir orðunum „sem fallið hafa á þá“ komi: persónulega í kjördæmum þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá sem hefir fengið hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, verður næstefstur o. s. frv., á víxl (sbr. 30. gr.).

b. Niðurlag 4. málsgr. orðist svo: nema þann einn fyrir það kjördæmi, sem ofar eða efst stendur á listanum.

36. Við 136. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 145. og 146. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

37. Við 142. gr.

a. Fyrirsögn XVII. kafla orðist svo:
Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

b. Upphaf greinarinnar orðist svo: Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

c. 2. liður greinarinnar falli niður og liðatalan breytist samkvæmt því.

d. Upphaf 4. liðar greinarinnar orðist svo: Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur o. s. frv.

38. Við 143. gr. Í stað orðanna „og áður“ komi: en þó áður.

39. Við 145. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði

kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 99. og 103. gr.).

40. Við 146. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

41. Við 148. gr.
   a. Síðari málsl. 1. tölul. falli niður.
   b. Síðari málsgr. 3. tölul. falli niður.

42. Við 149. gr. Í stað „5000“ komi: 1000.

43. Við 150. gr.
   a. Í stað „50—500“ komi: 20—200.
   b. 4. tölul. falli niður.
   c. Aftan við 5. tölul. bætist: (sbr. 72. og 98. gr.).
   d. Aftan við 10. tölul. bætist: (sbr. 99. gr.).
   e. Upphaf 11. tölul. orðist svo: Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila o. s. frv.

44. Við 151. gr.
   a. Í stað „300—5000“ komi: 100—1000.
   b. Aftan við greinina bætist tveir nýir liðir, er verða 4. og 5. liður, svo hljóðandi:
      1. (4. liður.) Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
      2. (5. liður.) Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

45. Við 152. gr.
   a. Í stað „50—5000“ komi: 50—1000.
   b. 1. töluliður orðist svo:

      Ef maður ber fé eða friðindi á mann eða heitir manni fé eða friðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.
   c. 3. töluliður greinarinnar falli niður.

46. Við 155. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

Alþingi, 12. nóv. 1933.

Vilmundur Jónsson, form.	Eysteinn Jónsson, fundaskr., frsm. fyrri hl.	Thor Thors, frsm. síðari hl.
Bernharð Stefánsson.	Gísli Sveinsson.	Jakob Möller.
	Bergur Jónsson.	

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar".

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar" allt að 70 þúsund króna rekstrarlán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðasta Alþingi heimilaði ríkisstjórninni (sbr. fjárlög fyrir árið 1934, 22. gr. XXVII.) að ábyrgjast allt að 70 þúsund króna rekstrarlán fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Hér er farið fram á, að stjórninni sé veitt heimild til að ábyrgjast jafnstórt rekstrarlán fyrir samskonar samvinnufélag á Akureyri, sem þar er nýstofnað. Er með þessu stefnt að því, að tunnur þær, sem landsmenn þurfa að nota, verði smíðaðar í landinu sjálfu, í stað þess að greiða erlendri þjóð, sem vér höfum lítið við að virða, hundruð þúsunda króna á ári fyrir smíði þeirra. Vil ég í þessu sambandi benda á, að tunnuverksmiðjan á Akureyri getur auðveldlega smíðað 500 vandaðar tunnur á sólarhring, ef í henni vinna 40 menn. Er því hér um allverulega atvinnumöguleika að ræða fyrir verkamenn á Akureyri, þann tíma árs, sem erfiðast er að fá vinnu, því gert er ráð fyrir að stunda tunnugerðina aðeins sem vetrarvinnu. Þessi tilraun nokkurra verkamanna á Akureyri til þess að sjá sér sjálfir fyrir atvinnu harðasta tíma ársins er lofsverð, og virðist eigi orka tvímælis, að slík viðleitni eigi fulla viðurkenningu skilið af löggjafarvaldinu og alla þá hjálp, er það sér sér frekast hægt að veita.

Fylgiskjal.

Akureyri, 23. okt. 1933.

Undirrituð stjórn Samvinnufélagsins Tunnuverksmiðja Akureyrar leyfir sér hér með að leita til hins háa Alþingis með erindi það, er hér greinir:

Félag þetta er stofnað í þeim tilgangi að draga til Akureyrar til frambúðar nokkuð af þeirri atvinnu, einkum að vetri til, sem annars tapast landsmönnum við það að síldartunnurnar eru keyptar tilbúnar frá útlöndum. Nokkurt tunnusmíði hefir átt sér stað hér í bænum á síðustu árum, fyrir tilverknað bæjarstjórnar Akureyrar. En út af því hafa spunnizt deilur og vandræði og allmjög efasamt, að bæjarstjórnin treysti sér til að halda áfram þeim atvinnurekstri.

Félagið hefir í hyggju að kaupa tunnuverksmiðju þá, sem til er hér á staðnum, tilheyrandi Hjalta Espholin, ef samningar takast um verð og greiðsluskilmála, sem allar líkur eru til. En með því að félagsmenn skortir fé til þess að leggja fram nægilegt rekstrarkapital, er eigi annað fyrir hendi en að leita aðstoðar Alþingis um ríkisábyrgð til handa félaginu fyrir rekstrarláni, allt að 70000 kr., með svipuðum hætti og skilmálum og tunnuverksmiðja Siglufjarðar hefir orðið aðnjótandi samkv. XXVII. lið 22. gr. fjárlaga frá síðasta Alþingi.

Vér vonum fastlega að hið háa Alþingi sjái sér fært að veita oss þessa ábyrgð, eigi síður en Tunnuverksmiðjufélagi Siglufjarðar, enda virðist allt hið sama mæla með báðum þessum ábyrgðum.

Til frekari upplýsingar um málið sendum vér hér með eftirrit af lögum félagsins og stofnfundargerðinni.

Virðingarfyllst.

Karl Sigurjónsson, formaður. Karl Magnússon. Friðþjófur Pétursson.

Til Alþingis.

Nd. 33. Tillaga

til þingsályktunar um starfrækslu talstöðvarinnar í Papey.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að tekin verði upp nú þegar eða um áramót næstu starfræksla talstöðvarinnar í Papey.

Greinargerð.

Nú um skeið hefir talstöðin í Papey ekki verið starfrækt, og hefir jafnvel heyrzt, að komið hafi til mála að flytja hana með öllu burt. Þessi ráðstöfun hefir vakið mikla óánægju eystra, einkum meðal útgerðarmanna og sjómanna, og hafa þingmönnum Suður-Múlasýslu borizt tilmæli um að beita sér fyrir því, að stöðin yrði opnuð eigi síðar en um næstu áramót.

Nd. 34. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

2. gr.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til laga um verkamannabústaði var fyrst borið fram af Alþýðuflokknum á Alþingi 1929, var ætlazt til, að byggingafélög greiddu 5% í vexti og afborgun af byggingalánunum í 42 ár, og þótti þó ekki langt gengið, þar sem í nágrannalöndunum hefir ríkið veitt aðstoð til, að vextir af samskonar lánum væru ekki nema 2½—3½%. Svo nauðsynlegt hefir þar þótt að styrkja alþýðu manna til að byggja yfir sig heilnæmar íbúðir. Í meðferð þingsins var þessu ákvæði frumvarpsins breytt svo, að byggingafélög skyldu greiða 6% í vexti og afborgun lánanna í 42 ár, og var þó gert ráð fyrir, að byggingasjóðirnir yrðu að greiða verulegan vaxtamun.

Nú hafa vextir allra lána lækkað mjög mikið á þessu tímabili, og er ekkert útlit fyrir hækkun. Útlánsvextir Landsbankans á víxillánum voru, er lögin voru samþykkt 1931, 7½% á ári, en eru nú 6%. Vaxtakjör byggingafélaganna eru því nú orðin tiltölulega lakari. Af þessum 6% á ári, er þau greiða, eru 5,38% vextir, en 0,62% afborgun. En lán, sem Byggingasjóður Reykjavíkur hefir tekið til verkamannabústaða til 42 ára, kostar í raunverulega vexti ekki nema 5,35% á ári, og auk þess hefir sjóðurinn sívaxandi eigið fé til útlána, sem hægt er að reikna mun lægri vexti af. Með þessum 6% vaxta- og afborganakjörum til byggingafélaga er þeim enginn styrkur veittur til að greiða vaxtamun og lækka vextina, eins og lögin þó upphaflega ætluðust til, heldur aðeins hjálpað um lánsútvegun. Það virðist því ekki nema sjálfsagt að breyta lánskjaraákvæði laganna og setja vexti og afborgun nú ekki hærri en 5% árlega. Það mundi verða nauðsynlegur og verulegur léttir fyrir alþýðufólk, sem kaupir eða hefir keypt íbúðir í verkamannabústöðunum.

Ed. 35. Þingsályktun

um rannsókn á húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið.

(Afgreidd frá Ed. 14. nóv.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort hægt væri að geyma fornmenjasafnið og listaverk, sem landið á, í þeim hluta þjóðleikhússins, sem fyrst um sinn þarf ekki að nota vegna leiksýninga, þó að húsið verði fullgert, og leggja áætlun um kostnað, er af þessu leiddi, fyrir næsta Alþingi.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangaveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks heimilar eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkv. 2. málsgr., og vill hvorugur víkja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra. Er það samið af Pálma Hannessyni rektor og fylgdi því eftirfarandi greinargerð.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem felst í þessari grein, er í rauninni aðeins leiðrétting á skekkju, sem virðist hafa komizt inn í lögin af misgáningi, en er þannig vaxin, að nauðsynlegt er að lagfæra hana nú þegar.

Í 1. málsgr. 16. greinar laganna, þar sem mælt er fyrir um veiðitíma, segir svo: „Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Stangarveiði er þó heimil eftir þann tíma, sbr. næstu málsgr.“. Síðari setningunni, sem breyta á með frv. þessu, var skotið inn í lögin við 3. umr. í Ed. Virðist það hafa verið ætlun löggjafans að kveða á um það í næstu málsgr., hve lengi megi stunda stangaveiði, eða heimila ráðherra að setja ákvæði um það. En hvorki í þeirri málsgr. né annarsstaðar í lögunum eru nokkur þvílík ákvæði. Verður

því eigi annað séð en að hér sé um misgáning að ræða, enda var málinu hraðað við þessa umr. og þó gerðar ýmsar breytingar á frv.

Eins og lögin eru nú, má veiða lax á stöng allan hrygningartímann, og raunar allt árið. Þetta er næsta óeðlilegt og andstætt stefnu laganna. Hefir það því vakið nokkra óánægju meðal veiðieigenda, einkum þeirra, er veiði eiga nálægt ósum laxánna, og er það að vonum, því að lögin hafa takmarkað að nokkru afnotarétt þeirra af veiðinni, til þess að tryggja hrygningu laxins og afkomu. Og þó að stangaveiði geti ekki talizt stórtæk, þá verður þó ekki um það deilt, að hún raskar ró fisksins og er honum hættuleg, úr því að hann tekur að safnast saman til hrygningar.

Segja má, að ekki sé ástæða til að heimila stangaveiði lengur fram eftir hausti en aðra veiði. Hitt virðist þó hafa verið vilji löggjafans, þá er lögin voru sett, að leyfa hana nokkru lengur, eins og gert er í Englandi og víðar. En af orðunum „sbr. næstu málsgr.“ þykir mega ráða það, að ætlazt hafi verið til, að ráðherra fengi heimild til að setja um það ákvæði, í samráði við veiðimálastjóra, hve lengi skyldi mega veiða. Þessari skoðun hefir því verið fylgt hér. Þó þótti rétt að setja stangaveiðinni ákveðið tímatakmark.

Um 2. gr.

Breytingin tekur aðeins til síðari hluta málsgreinarinnar, og þótti hún æskileg af þeim ástæðum, sem nú skal greina:

Á nokkrum stöðum í landinu hafa verið stofnuð fiskræktarfélög í þeim tilgangi að rækta lax í ám, sem nú eru veiðilausar. Félög þessi eiga við allmikla örðugleika að etja og eru stórum verr sett en þau, sem starfa við veiðiár. Einkum veitist þeim erfitt að afla sér hrogna til klaks, meðan þau eru að koma upp fiskistofni í ánum, og kostar það ærið fé og fyrirhöfn. Samkv. 20. gr. laganna er þeim mönnum, sem að þessari fiskrækt vinna, með öllu gagnslaust að fá veiðiskírteini, með því að þar er svo fyrir mælt, að skírteini um veiði til klaks heimili aðeins veiði í því fiskihverfi, sem klakið er í. Er þeim þannig algerlega synjað um að veiða stofnfisk í öðrum fiskihverfum, enda þótt þeir hafi leyfi veiðieigenda til þess. Þetta ákvæði laganna er því ekki hagkvæmt fyrir fiskræktina og eigi sanngjarnt. Breytingar þær, sem þessi gr. frv. felur í sér, stefna að því að færa þetta í eðlilegra horf. Samkv. þeim geta þeir, er fá veiðiskírteini til klakveiði, veitt í öðrum fiskihverfum en þeim, sem klakið er í, ef þeir fá til þess leyfi hlutaðeigandi veiðieigenda og fiskræktarfélaga, þar sem þau eru til. Breytingin getur því ekki skert rétt annara í neinu né hindrað fiskrækt í öðrum fiskihverfum.

Um 3. gr.

Með ákvæðum 31. gr. laganna var lengt um 40 m. það bil, sem vera á milli fastra veiðivéla í straumvatni. Við framkvæmd laganna hefir komið í ljós, að ágreiningur getur risið út af því, hversu með skuli fara, þar sem svo hagar til, að tveir veiðieigendur geta ekki haldið lögnum sínum óbreyttum, vegna ákvæðis þessa. En í lögunum eru engin fyrirmæli um það, hvernig úr slíkum ágreiningi eigi að skera. Þótti því rétt að auka inn í þau ákvæði um þetta, og þar sem lögin

mæla svo fyrir, að mat skuli skera úr um annan ágreining, sem upp kunni að koma út af veiðiskiptum, sbr. 4. gr., má telja sjálfsagt að fylgja sömu reglu um þetta.

Nd. 37. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra, þegar Búnaðarfélag Íslands mælir með, að veita undanþágu frá ákvæðum þessara laga, um að lóga skuli einblendingum, þegar um karakúlfjárkyn er að ræða, enda setji þá ráðherra reglur um blendingsræktina og þær varúðarráðstafanir, er þurfa þykir, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við atvinnumálaráðherra.

Í lögunum um innflutning sauðfjár er það fyrirskipað, að lóga skuli öllum einblendingum þegar á fyrsta hausti, nema geldingslömbum. Hinsvegar er það nú kunnugt, að notaðir eru víða einblendingshrútar af karakúlfjárkyni handa ám af öðru fjárkyni til framleiðslu karakúllambskinna, og meira að segja hafa einblendingar verið fluttir inn til landsins nú síðastliðið sumar í þessum tilgangi. Það virðist því ástæðulaust að banna uppeldi og notkun innlendra einblendinga af karakúlfjárkyni fremur en útlendra, ef þeir reynast vel. Hitt er aftur sjálfsagt, að hafa opinbert eftirlit með þessháttar kynblöndun, ekki sízt fyrst í stað, á meðan verið er að fá reynslu fyrir því, hvernig hún verkar á fjárkynið og gæði lambskinnanna.

Nd. 38. Frumvarp

til laga um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Halldór Stefánsson, Jón Pálmason.

1. gr.

Verzlunarskuldir, þ. e. skuldir, sem stafa af úttekt í búðum og verzlunum, fyrnast á 1 ári, og eins þótt þær séu viðurkenndar og samningur um þær gerður, eða viðskiptum haldið áfram milli kaupanda og seljanda.

Fyrningarfrestur telst frá áramótum næstu á eftir að verzlunarskuld var stofnuð.

2. gr.

Bannað er að reikna vexti af skuldum þeim, er 1. gr. ræðir um, og er samningur um vaxtatöku af þeim ógildur.

3. gr.

Ákvæði 1. og 2. gr. gilda einnig um þær verzlunarskuldir, eða kröfur út af skuldum fyrir úttekt, sem þegar eru stofnaðar, nema seljandi og kaupandi hafi gert upp viðskipti sín og samið um þau skriflega fyrir 1. janúar 1935, en eigi má þó reikna eða semja um vexti af þeim skuldum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og eru frá sama tíma úr gildi felld ákvæði laga nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfuréttinda, að því er tekur til verzlunarskulda, svo og ákvæði 38. gr. laga nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup, er snerta vexti af verzlunarskuldum.

Greinargerð.

Verzlunarskuldirnar eru orðnar þjóðarböl. Nú má gera ráð fyrir, að hreinsað verði að nokkru til um skuldir bænda með tilstyrk Kreppulánasjóðs, og er þá hin mesta nauðsyn að láta ekki fara í sama farið aftur, heldur reisa nokkrar skorður við því. Að því miðar þetta frv. — Á Alþingi 1928 og 1932 voru bornar fram hér í Nd. nokkrar breytingar við fyrningarlögin, með styttingu í 1 árs fyrningarfrest fyrir verzlunarskuldir, eins og hér er stungið upp á, en það frv. var í öðru formi. Þykir réttast að taka þessa tegund skulda út úr í einu lagi, löggefa um þær bæði að því er snertir fyrningu og vexti og breyta eldri lögum að því leyti.

Nákvæmar verður þetta rakið, einnig að því er tekur til hinna einstöku ákvæða frv., í framsögu.

Nd. 39. Tillaga

til þingsályktunar um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd.

Flutningsm.: Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota á árinu 1934 heimild þá, sem felst í ákvæðum um stundarsakir í lögum nr. 21 frá 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Greinargerð.

Í lögum um hafnargerð á Skagaströnd frá 14. júní 1929 eru svo hljóðandi ákvæði um stundarsakir:

„Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellsey, veg eftir eyjunni og bryggju frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða allt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast allt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgreinar í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar. Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins".

Nánar í framsögu.

Nd. 40. Frumvarp

til laga um virkjun Fljótaár.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og að gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

2. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Siglufjarðarkaupstað til framkvæmda samkv. 1. gr., að upphæð allt að 700000 kr., eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

3. gr.

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

5. gr.

Ef hreppsnefnd Holtshrepps óskar þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita Holtshreppi rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár á allt að 200 hö. Tekur Holtshreppur þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar. Nær ríkisábyrgðin til þess hluta, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

6. gr.

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru

tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur kann að fá úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

Greinargerð.

Um 1. og 2. gr.

Á Siglufirði eru nú tæp 2300 manns. Má gera ráð fyrir, að 2300—2400 manns a. m. k. verði búsett á rafveitusvæðinu innan Siglufjarðar, er rafvirkjun væri lokið. Bærinn á þegar vatnsorkustöð við Hvanneyrarána, en vatn þrýtur þar oft. Auk þess rekur bærinn mótorstöð í sambandi við vatnsorkustöðina, en hér um bil aðeins til ljósa. Báðar stöðvarnar gefa um 96 ha. rafmagn. Gefur núverandi stöð af sér um 45000 kr. tekjur árlega, en er nú að verða of lítil til þess að fullnægja ljósnotkuninni. Hefir bæjarstjórnin í huga að virkja 1200 hö., og verða það tæp 1000 hö. komin til Siglufjarðar. Stofnkostnaður er af Steingrími Jónssyni raffræðing áætlaður um 660 þús. kr., en rekstrarkostnaður 89 þús. kr., og er þar í talin árleg afborgun og vextir. Getur varla á því verið nokkur vafi, að Siglfirðingar eru, þótt sleppt væri öllu rafmagni til iðnaðar, einfærir um að greiða þann rekstrarkostnað árlega fyrir um 10 sinnum meira rafmagn en þeir hafa nú, er þeir þó greiða um helming þeirrar upphæðar fyrir árlega. En sérstaklega ber þess þó að gæta, að á Siglufirði eru sérstök skilyrði fyrir rafmagn til iðnaðar. Þannig þurfa síldarverksmiðjur ríkisins á miklu rafmagni að halda, enda ganga nýtízku síldarverksmiðjur fyrir rafmagni að nokkru leyti, þar sem það er fáanlegt við vægu verði. Hafa ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði ákveðið að taka 200 kwst., ef Skeiðsfoss yrði virkjaður. Tvö íshús á Siglufirði hafa lofað að taka yfir 100 hö. meðan þau væru rekin, tunnuverksmiðjan o. fl. o. fl.

Er því eigi annað sjáanlegt en að hér sé um arðbæra virkjun að ræða og sé sjálfsagt af ríkinu að stuðla að virkjuninni með ábyrgð sinni, enda stendur Siglufjarðarkaupstaður sig vel, líka að öðru leyti. Það er og að hjálpa síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði að stuðla að virkjuninni, sem þær mundu hafa hag af.

Um 3. gr.

Sjálfsagt er að heimila bæjarstjórn með samþykki ráðherra rétt til þess að framselja virkjunar- og rekstrarrétt sinn. Ef lán fengist ekki eða takast mætti að koma á slíkum hagkvæmum samningum og hið virkjaða rafmagn fengist ódýrt, að áliti bæjarstjórnar og ráðherra, ætti slíkt að vera leyfilegt og í valdi hlutaðeigandi stjórnarvalda að setja þau skilyrði, er henta þætti.

Um 4. gr.

Gefur ekki ástæðu til sérstakrar greinargerðar.

Um 5. gr.

Siglufjarðarkaupstaður hefir keypt Skeiðsfoss í Fljótum og 2—3 jarðir m. a. til vatnsmiðlunar. Er sanngjarnt, að Holtshreppur fái að vera með í virkjuninni,

ef hann æskir þess og setur ríkisstjórninni þær tryggingar fyrir ríkisábyrgðinni að sínum hluta, er ríkisstjórnin metur gildar. Hér er og allþéttbýlt og hagar allvel til sveitaveitu.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að tryggja það, að Siglufjörður geti ekki skrúfað upp vatnsaflið við Holtshrepp eða lagt kvaðir á rafmagnið né torveldað notkun þess að þeim hluta, er Holtshreppur virkjar. Er þá og sjálfsagt, að sama gildi gagnvart Siglufirði.

Rafvirkjun er svo mikil alþjóðarheill, að ekkert bæjarfélag, sveitar- eða sýslufélag má torvelda eða skattleggja rafmagnsgerð fyrir hinu.

Nd. 41. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Þessi tillaga er flutt eftir ósk hreppsnefndarinnar í Hólshreppi.

Ábyrgðarheimildin hefir áður verið veitt af Alþingi, og þá jafnframt samskonar heimild fyrir Ísafjarðarkaupstað til rafvirkjunar þar. Ábyrgðarheimildin fyrir Ísafjörð var endurveitt á síðasta þingi, sem réttmætt var, en aftur á móti ekki fyrir Hólshrepp, sem var hin mesta rangsleitni. Er hér um fyllstu hliðstæður að ræða. Báðar þessar fyrirhuguðu rafvirkjanir eru áætlaðar og undirbúnar af sömu sérfræðingunum, og báðar taldar af þeim öldungis örugg fyrirtæki, ef takast mætti að fá hagkvæm lán til þeirra, sem lítt er hugsanlegt án ríkisábyrgðar.

Í því trausti, að ríkissjóður veitti á sínum tíma ábyrgðina, sem Alþingi hafði heimilað, hefir Hólshreppur látið vinna mikið verk til undirbúnings rafvirkjun sinni, og varið til þess 20—30 þúsund krónum, sem er tapað fé, ef ekki getur orðið framhald á. Það væri og einkar hagkvæmt fyrir bæði þessi sveitarfélög, Hólshrepp og Ísafjarðarkaupstað, að geta látið virkjanirnar fylgjast að, því að vafalaust má spara mikið fé á því að fela hinum sömu mönnum framkvæmdirnar.

Ed. **42. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.

Fyrri málsliður 24. greinar laganna orðist þannig:

Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða ¾ % af vangoldnum vöxtum og afborgunum fyrir hvern mánuð, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð.

Greinargerð.

Í 24. gr. söfnunarsjóðslaganna er svo ákveðið, að dráttarvextir af lánum einstakra manna skuli vera einn eyrir af hverjum fullum 200 kr. lánsins fyrir hvern dag, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð. Ákvæði þetta virðist vera mjög ósanngjarnt gagnvart skuldunaut, sem lendir í vanskilum vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem nú á þessum tímum munu vera nokkur dæmi til, þar sem dráttarvextir þessir svara til 30% vaxtavaxta, miðað við núverandi útlánsvexti sjóðsins.

Með frv. er farið fram á að breyta þessu ákvæði þannig, að dráttarvextirnir svari til 9% ársvaxta af vangoldnum höfuðstól eða vöxtum, og virðist ekki nein sérstök ástæða til að heimila sjóðnum hærri dráttarvexti, þó þjóðnytjastofnun sé.

Sþ. **43. Tillaga**

til þingsályktunar um vantraust á dómsmálaráðherra.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson, Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi dómsmálaráðherra.

Ed. **44. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Pétur Magnússon.

Aftan við frvgr. bætist:

Á eftir orðunum í sömu gr.: „Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla“ komi: Lína frá Efra-Hvoli um Strönd, Odda, Fróðholtshjáleigu og Hólabæi í Þykkvabæ.

Ed. 45. Tillaga

til þingsályktunar um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ákveður að leggja til sundhallarbyggingar Reykjavíkurbæjar 100 þús. krónur, enda sé hún nothæf fyrir almenning eigi síðar en 1. okt. næstk. Að öðru leyti haldast skilyrði þau frá landsins hálfu, sem sett eru í lögum um sundhöll í Reykjavík, nr. 32 7. maí 1928.

Greinargerð.

Þegar Alþingi samþykkti lög um sundhöll í Reykjavík 1928, var það eitt af skilyrðum fyrir fjárveitingunni, 100 þús. kr., að verkið yrði fullbúið 1930. Þetta tókst ekki. Bærinn byrjaði verkið síðar en við var búizt, og þegar húsið var fokhelt, var kreppan í algleymingi; bærinn taldi sig ekki hafa efni á að halda verkinu áfram, og hafði ekki formlega aðstöðu til að krefja ríkissjóð um fjárveitinguna, vegna tímatakmarksins. Hér er því farið fram á endurveitingu á því fé, sem Alþingi 1928 veitti til þessa verks, í því skyni að flýta fyrir framkvæmd á nauðsynlegu verki. Má telja sennilegt, að ekki þurfi miklu við að bæta frá bæjarins hálfu, ef þessi fjárveiting nær fram að ganga.

Síðan 1928 hafa verið byggðar um 30 stærri eða minni sundlaugar víðsvegar um land, fyrst og fremst á hverastöðum, en auk þess eru þær á tveim stöðum á Vesturlandi, Bolungavík og Núpi, hitaðar með kolum á öðrum staðnum, en raforku á hinum. Í Vestmannaeyjum er nú verið að byrja á mikilli sundlaug við höfnina, og á að hita þar sjóvatn með kolaorku. Leggur bærinn út í þetta verk án þess að hafa enn fengið nokkurn stuðning frá ríkissjóði, eða loforð í því efni. Sýnir þetta hinn stóraukna áhuga þjóðarinnar fyrir sundíþróttinni. Ríkissjóður hefir stutt með fjárframlögum allar sundlaugar utan Reykjavíkur, sem nú eru fullgerðar. Reykjavík er nú í þessum efnum orðin langt á eftir öðrum landshlutum og bæjum með sambærilega aðstöðu. Tillaga þessi miðar að því, að þessu verki verði lokið fyrir byrjun næsta vetrar og að sundhöllin í Reykjavík verði þaðan í frá ein af helztu menningarstofnunum höfuðstaðarins.

Nd. 46. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað fyrri málsgreinar 1. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svo hljóðandi:
Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fer fram sala

á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, sem viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur nema því aðeins, að þær hafi verið gerilsneyddar í slíkum búum. Undanþegin þessu banni skal þó mjólk frá þessum mjólkurbúum, ef að dómi atvinnumálaráðherra er sérstök aðstaða til að framleiða hana undir fullkomnu heilbrigðiseftirliti og koma henni óskemmdri á markað, að hreinsun lokinni.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að ákveða með reglugerð, er staðfest sé af atvinnumálaráðherra, hverjar kröfur skuli gera til fullkominna gerilsneyðingarstöðva og allrar meðferðar vörunnar.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 97 19. júní 1933 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér er farið fram á að breyta, voru samþykkt á síðasta þingi, og varð afgreiðsla þeirra með þeim hætti, að síðasta dag þingsins voru felldar úr hinu upphaflega frumvarpi allar greinarnar nema sú fyrsta og síðasta. Vegna þessa varð ýmislegt óskýrara í megingrein laganna en ella hefði orðið, en sem ekki gafst tími til að leiðrétta þá. Breytingar þær, sem hér er farið fram á, eru því ekki annað en skýring á lögunum, til þess að síður orki tvímælis í framkvæmdinni, og meðal annars bætt við ákvæði um málsmeðferð út af brotum, sem fyrir vangá féll niður við endanlega afgreiðslu laganna í fyrra.

Ed. 47. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Framan við frumvarpsgreinina bætist: Á eftir orðunum: „og upp í Hreppa“ í 4. gr. laganna komi: og nái Gnúpverjahreppslínan að Ásólfsstöðum.

Ed. 48. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

4. málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

3. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og kýs þá sameinað Alþingi einn mann til efri deildar.

4. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

1) fjárhagsnefnd,
2) samgöngumálanefnd,
3) landbúnaðarnefnd,
4) sjávarútvegsnefnd,
5) iðnaðarnefnd,
6) menntamálanefnd,
7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

5. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga.

6. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

7. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

8. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgrein 32. gr. laganna kemur: frá annarihvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928, um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Ed. 49. Viðaukatillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (þskj. 10).

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

1. Á undan 1. gr. frv. koma fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.). 2. töluliður 5. greinar laganna falli niður, og breytast liðtölur gr. samkvæmt því.
   b. (2. gr.). 1. málsgrein 7. gr. laganna falli niður, en í hennar stað komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

      Til undirbúnings fyrir þá, er leita vilja lántöku úr Kreppulánasjóði, skulu allar hreppsnefndir kveðja með skriflegu fundarboði og a. m. k. 8 daga fyrirvara, til almenns hreppsfundar meðal bænda, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því er lög þessi öðlast gildi, og á hver sá, er æskir láns úr sjóðnum, að gefa það til kynna á fundi þessum, og ber hreppsnefnd að semja sérstaka skrá yfir nöfn umsækjenda. Þeir, er áður hafa leitað lána úr sjóðnum og þegar hafa verið auglýstir í Lögbirtingablaðinu eftir eldri reglum, koma hér ekki til greina, og búa þeir að hinu fyrra skipulagi. Skrá hreppsnefndar yfir alla þá búendur í sveitinni, er á þennan hátt æskja láns úr sjóðnum, með yfirlýsingu hreppsnefndar um fundinn, og að þessir og eigi fleiri þar í hreppi sæki um lán úr Kreppulánasjóði, skal síðan með bréfi, stíluðu til sjóðsstjórnarinnar, send án undandráttar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem útvegar og sendir stjórn Kreppulánasjóðs eftirfarandi gögn, svo fljótt sem verða má:

      Þar á eftir helzt greinin, 1.—9. tölul., óbreytt, en á eftir komi ný málsgrein, svolátandi:

      Gögnum þessum lætur héraðsnefnd fylgja, ásamt umsækjendaskrá hreppsins, rökstudda umsögn um hvern umsækjenda um sig, hvort hún telji, að hann geti komið til greina um lánveiting.
   c. (3. gr.). Upphaf 8. gr. laganna, aftur að „Skal í auglýsingunni tekið fram“ o. s. frv., falli niður, en í þess stað byrji greinin þannig:

      Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið umsóknir úr ákveðnum hreppi, með tillögum héraðsnefndar, tekur hún ákvörðun um það, hver eða hverjir lánbeiðenda geti komið til greina við lánveiting, og tilkynnir það þegar í stað og á óyggjandi hátt oddvita hlutaðeigandi hrepps, er skal síðan láta þá vita án undandráttar, sem teknir eru til greina af sjóðsstjórninni. Jafnframt þessu og á sama hátt skal stjórn Krepppulánasjóðs senda tilkynningu þeim umsækjendum, er hún telur, að eigi geti

komið til greina við lánveitingu. Annað eintak þessara tilkynninga sendir sjóðsstjórnin formanni héraðsnefndar. Eftir ákvarðanir sínar samkvæmt framanskráðu skal sjóðsstjórnin láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu auglýsingu um, að lánbeiðnir úr tilteknum hreppi séu komnar til hennar og teknar til greina, og skorar hún á alla þá, er fjárkröfur eiga, þar með taldar ábyrgðir, á hendur þeim búendum, er innköllunin gildir um, að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins með 8 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal þess getið í auglýsingunni, að skrá yfir þessa lánbeiðendur hreppsins sé til sýnis hjá stjórn sjóðsins í Búnaðarbankanum í Reykjavík, og einnig hjá formanni hlutaðeigandi héraðsnefndar og hreppsnefndaroddvita; enda skal skylt að hafa lánbeiðendaskrána til sýnis fyrir skuldheimtumenn, hjá þeim, er nefndir voru, allan freststímann.

Í síðari hluta sömu lagagreinar bætist við fyrir aftan orðin „átt kost á að sjá auglýsinguna“: eða lánbeiðendaskrána.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein, svo látandi:

Skyldur hreppsnefndar eftir lögum þessum hvíla á bæjarstjórnum, ef um lánbeiðendur í kaupstöðum er að ræða.

d. (4. gr.). Í 9. gr. laganna bætist á eftir orðunum „Telji hún, að umsækjandi“: er látinn var koma til greina samkv. 8. gr.

2. Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Eftir 24. gr. laganna kemur ný grein, er hljóðar þannig:

Vanræki hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyldur sínar samkvæmt lögum þessum, varðar það sektum frá 40—600 kr., og renni sektirnar í Kreppulánasjóð. Mál, er rísa af slíku, skulu sæta meðferð alm. lögreglumála.

3. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78 19. júní 1933, og gefa þau út svo breytt.

Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Ed. 50. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Aftan við frvgr. bætist:

a. Lína frá Skinnastað að Austaralandi.

b. Lína frá Skinnastað að Garði í Kelduhverfi.

Nd. 51. Tillaga

til þingsályktunar um talstöðvar.

Flutningsm.: Finnur Jónsson, Vilmundur Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta reisa þegar á næsta sumri talstöðvar (stuttbylgjustöðvar) á Siglufirði og Ísafirði.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar höfðu allmörg síldveiðiskip leigðar talstöðvar frá landssímanum, og var það almenn reynsla skipverja, að þær komu að mjög miklu gagni við veiðarnar. Munu nú öll skipin vilja fá slíkar stöðvar á næsta síldveiðitíma. Enn hafa talstöðvar þessar lítt verið reyndar á þorskveiðum, en fullyrða má, að þær muni koma að miklu gagni einnig við þær veiðar. Þá má geta þess, að stöðvar þessar auka mjög öryggi skipverja, og hvorki er stofnkostnaður þeirra né starfræksla í skipunum svo kostnaðarsöm, að eigi sé fært flestum skipum. Þó koma þær eigi að fullu gagni, hvorki við veiðar né til öryggis, fyrr en skipin jafnframt því að hafa samband sín á milli geta haft samband við stöðvar í landi. Til reynslu telja flm. nauðsynlegt að reisa tvær stöðvar sem allra fyrst, og virðist þá Siglufjörður og Ísafjörður vel til þess valdir. Þareð telja má víst, að mjög aukist þörf og notkun stöðva þessara á næstu árum, mun brýn nauðsyn bera til að reisa þær einnig annarsstaðar í námunda við flestar helztu verstöðvar landsins og veiðisvæði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Ed. 52. Frumvarp

til laga um rýmkun undanþágu frá áfengislöggjöfinni.

Flutningsm.: Pétur Magnússon, Magnús Jónsson.

1. gr.

Undanþága sú frá lögum um aðflutningsbann á áfengi, er um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1923, sbr. 45. gr. áfengislaga, skal frá 1. jan. 1934 ná til allra tegunda áfengra drykkja, án tillits til styrkleika þeirra.

2. gr.

Þær reglur, er settar hafa verið til varnar misbrúkun við sölu og veitingu vína, ná með sömu verkunum til þeirra tegunda áfengis, sem eftirleiðis verða fluttar inn samkv. heimild laga þessara. Ef ástæða þykir til, getur dómsmála-

ráðuneytið og sett sérreglur um meðferð þeirra drykkja, sem meiri vínandi er í en 21% að rúmmáli, og má í reglugerð setja ákvæði um refsingar fyrir brot á henni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var ríkisstjórninni með þingsályktun falið að láta fara fram þjóðaratkvæði um það, „hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf". Atkvæðagreiðslan fór fram 1. dag vetrar, hinn 21. f. m., og eru úrslit hennar nú kunn orðin. Urðu þau á þann veg, að 15884 atkv. voru greidd með afnámi, en 11624 á móti, og er þannig 4260 atkv. meiri hluti með afnáminu.

Það orkar nú naumast tvímælis, að þegar Alþingi ákveður að leggja mál undir þjóðaratkvæði, þá er það gert í því augnamiði, að þjóðarviljinn sé látinn ráða úrlausn málsins. Að öðrum kosti væri slík atkvæðagreiðsla hreinn skrípaleikur. Í þessu máli hefir þjóðarviljinn komið alveg skýrt fram, og telja flutningsmenn þessa frv. skylt að hlíta honum þegar í stað.

Um efni frv. þarf ekki að fjölyrða. Það miðar að því að nema úr gildi bann það, sem áfengislöggjöfin leggur við innflutningi vissra tegunda áfengra drykkja. — Hinsvegar er ætlazt til, að allar þær hömlur, sem lagðar hafa verið á innflutning, sölu og veitingu hinna svokölluðu „léttu" vína, gildi og um hina sterkari drykki.

Flm. frv. er fullljóst, að núgildandi áfengislöggjöf er á ýmsan hátt gölluð og þarf því endurskoðunar við. Munu þeir síðar á þessu þingi bera fram tillögur um, að hafizt verði handa um þá endurskoðun. En þeir telja, að frv. þetta, ef að lögum verður, miði að því að draga stórkostlega úr sumum verstu ágöllum áfengislöggjafarinnar (smyglun og bruggi) og telja því eigi rétt að láta þær endurbætur bíða.

Nd. 53. Frumvarp

til laga um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson.

Aftan við 1. málsgr. 9. gr. laganna bætist: Þetta á þó ekki við um jarðir banka og annara lánsstofnana, enda þótt þær séu til sölu.

Greinargerð.

Almenna reglan í ábúðarlögunum er sú, að jarðir skuli byggðar til lífstíðar. Í 9. gr. laganna er þó allvíðtæk undantekning frá þessu. Verður eigi annað

séð en að samkv. henni sé m. a. lánsstofnunum heimilt að leigja jarðir sínar til skamms tíma.

Svo sem kunnugt er, hefir verið allmikið að gert af hálfu Alþingis til þess að létta skuldabyrði bænda og gera þeim kleift að búa áfram á jörðum sínum þrátt fyrir verðfall afurða þeirra. Hinsvegar er það og vitað, að jafnframt því, að byrjað er að framkvæma ráðstafanir Alþingis til aðstoðar bændunum, hefir að sumum þeirra verið gengið af lánsstofnunum og jarðir af þeim teknar upp í skuldir. A. m. k. sumar lánsstofnanir hafa haft þá reglu að leigja jarðir, sem þær taka upp í skuldir, til 1 árs í senn, vegna þess að jarðirnar eru hafðar á boðstólum. Oft er það að vísu svo, að þeir, sem jarðirnar eru teknar af, fá þær leigðar. En öllum hlýtur að vera ljóst, að með þeim ábúðarskilmálum, sem á hefir verið drepið, er öryggi þessara manna lítið, og auk þess eru þessir ábúðarskilmálar jörðunum sjálfum skaðlegir. Sýnist ekki úr vegi, að lánsstofnanirnar séu skyldaðar til að leigja jarðir sínar eftir almennri reglu ábúðarlaganna. Verður að gera ráð fyrir því, að þeir, sem átt hafa jarðirnar, sitji fyrir ábúðinni.

Nánar í framsögu.

Ed. 54. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Einari Árnasyni.

Á undan 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í stað orðanna „lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í 4. gr. laganna komi: Lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með stöðvum á Munkaþverá og Þverá í Öngulsstaðahreppi.

Nd. 55. Tillaga

til þingsályktunar um útrýmingu fjárkláðans.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Bjarni Ásgeirsson, Tryggvi Þórhallsson, Jón Ólafsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta á næsta vetri fara fram útrýmingarböðun á fjárkláða í þeim héruðum landsins, þar sem sauðfé reynist kláðasjúkt. Skal um tilhögun böðunarinnar leitað umsagnar sýslunefndar hlutaðeigandi sýslna á næsta aðalfundi þeirra og ennfremur álits dýralækna þeirra, sem útrýmingarsvæðin liggja undir.

Áður en útrýmingarböðun þessi fer fram verði rannsóknarstofunni í þágu atvinnuveganna hér falið að rannsaka nákvæmlega, hvert baðefni verði hentugast að nota og líklegast til að uppræta kláðann.

Nd. 56. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 62 8. sept. 1931 (Laun embættismanna) o. fl.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Fyrir orðin „til ársloka 1933“ komi: til ársloka 1934.

2. gr.

Ríkisstjórninni er þó heimilt að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins, sem hafa 3000 kr. að árslaunum eða minna, 25% launauppbót til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934. Þó taka ákvæði 2. gr. einnig til ársins 1933.

Greinargerð.

Uppbót á launum embættismanna fellur niður um næstu áramót. Verður að teljast óhjákvæmilegt að framlengja hana, þar til gerð hefir verið sjálfsögð og nauðsynleg lagfæring á launakjörum allra embættis- og starfsmanna ríkisins. Þar sem uppbótin er nú orðin mjög lág, þykir og óhjákvæmilegt að ákveða nokkru hærri uppbót til handa hinum lægst launuðu embættis- og starfsmönnum, enda mun ríkisstjórnin hafa greitt þeim 25% uppbót það sem af er yfirstandandi ári.

Ed. 57. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskránni, sem samþ. var á reglulegu Alþingi 1933. Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form. Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm. Pétur Magnússon.
B. Kristjánsson. Ingvar Pálmason.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um breyt. á lögum nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er jörð, sem er í einkaeign, laus til ábúðar og verður eigi komið í sjálfsábúð áfram eftir ákvæðum 1. greinar, og á þá sveitarfélag (bæjarfélag), sem jörðin er í, forkaupsrétt. — Hið sama gildir, ef afréttarlönd eða óbyggð lönd, er nota má til afrétta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfélag eða sveitarfélög þau, er landið liggur undir, forkaupsréttinn.

Nú vill hvorki einstaklingur eða sveitarfélag neyta forkaupsréttar á jörð, samkvæmt því, sem ákveðið er í 1. gr. og 1. málslið þessarar greinar, enda sé ábúð slitið á jörðinni, og skal ríkið þá kaupa jörðina á fasteignamatsverði, með þeirri breytingu á verðinu til hækkunar eða lækkunar, að mati fasteignamatsvirðingarmanna, sem orðið kynni að hafa síðan fasteignamatið síðast var ákveðið á jörðinni, enda séu ekki líkur til, að jörðin leggist í eyði, að dómi fasteignamatsmanna.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný (8.) grein, svo hljóðandi:

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga, er til þess kemur, að ríkið neyti forkaupsréttar síns.

Greinargerð.

Það er augljóst mál, að löggjöfin hefir viljað styðja öfluglega sjálfsábúð á jörðum. Sá hefir verið tilgangur laga þeirra, er hér er gerð tillaga um að breyta. Sá er og megintilgangur laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. Þessi stefna hefir verið svo ríkjandi og ráðandi í löggjöf og framkvæmd, að jarðir í opinberri eign hafa verið seldar unnvörpum til þess að koma þeim í sjálfsábúð. Hinsvegar hefir nær enginn varnaður verið tekinn á því, að jarðir gengju ekki úr sjálfsábúð aftur, án þess að komast þá líka jafnframt aftur í opinbera eign. Úr þessum agnúa er þessu frv. ætlað að bæta, án þess þó að hindra þá stefnu og þann tilgang löggjafarinnar, að styðja og efla sjálfsábúð á jörðum.

Jafnframt því að fylla upp vöntun, sem verið hefir í löggjöfinni í því tilliti, sem getið er, þá myndu ákvæði frumvarpsins varna því, að orðið gæti óeðlileg verðhækkun á jörðum.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi):

1. Borgarfjarðarsýsla.
2. Mýrasýsla.
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Ísafjarðarkaupstaður.
8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.
10. Vestur-Húnavatnssýsla.
11. Austur-Húnavatnssýsla.
12. Akureyrarkaupstaður.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
16. Austur-Skaftafellssýsla.
17. Vestur-Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjakaupstaður.
19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, enda sé hann afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar, að sá hluti hrepps verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn .

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu, og annan til vara, og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næsta ár á eftir.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmilega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefir verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og því kippt í lag, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefnd-

ar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem hún er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar hann þarf að gera ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu á, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu, ræður hann sjálfur, í hvoru eða hverju kjördæminu hann vill neyta kosningarréttar síns. Enginn má greiða atkvæði nema í einu kjördæmi við hinar sömu alþingiskosningar.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka frambjóðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn frambjóðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

27. gr.

Hver einstakur frambjóðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðrahvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg yfirlýsing þeirra manna, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, enda sé þeim kunnugt, af hvaða stjórnmálaflokki hann sé borinn fram. Þessi yfirlýsing þarf þó ekki að fylgja frá þeim mönnum, sem jafnframt eru í framboði af hálfu flokksins í kjördæmi.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Frambjóðandi í kjördæmi, sem er í kjöri fyrir stjórnmálaflokk, má jafnframt vera á landslista flokksins, og er skylt, að að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista hvers flokks sé skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Á landslista skulu nöfn frambjóðenda ekki vera fleiri en 38, nema frambjóðendur flokks í kjördæmum séu fleiri samtals.

Í stað þess að raða nöfnum fyrirfram á landslista, má stjórnmálaflokkur sá, er ber hann fram, ákveða, enda tilkynna landskjörstjórn, að allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum skuli vera á landslista, og í þeirri röð, er þeir skipast í við kosninguna eftir atkvæðum þeim, er falla á þá persónulega við kosningar í kjördæmum, þannig að sá, sem fær hæsta atkvæðatölu, standi efstur á listanum, sá, er fær hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, standi næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. þó 131. gr.).

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík eða landskjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringunum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess. Á landslista má einnig á sama hátt setja mann í sæti hins látna, ef flokksstjórn þess stjórnmálaflokks, sem listann hefir borið fram, krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 138. gr. þessara laga.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, eða, þegar um landslista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmálaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Nú hefir stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvíkjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B. C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið eða í stafrófsröð, ef flokksstjórnin hefir ekki raðað þeim, og skal tilgreina á listunum, hvort frambjóðendurnir koma til greina í uppbótarþingsæti eftir röðinni á listanum eða eftir reglum 30. gr. 3. málsgr. Nöfn frambjóðendanna skal í báðum tilfellum tölusetja í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum.

40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa

bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í réttri röð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landslistana.

42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmálaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, tölusett í réttri röð.

43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreind-

ir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....

(Staða).

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hefi engan annan kjörseðil frá mér sent og hefi ekki kosið annarsstaðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár).

.....

(Undirskrift kjósanda).

Að .....

(Fullt nafn kjósanda).

.....

(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibréf, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.


.....

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

Vitundarvottar (embættisstimpill nægir ekki).

.....

(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg séu utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annara kjörstjóra hver í sínu umdæmi og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundargögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn, og sé neðri hlutinn ca. 6 cm. á hæð. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi.

Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 3 cm. háar og svo margar, sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur, svo marga sem frekast má.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hinsvegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins sentimetra breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisnafni eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í línu sér efst í skákinni skal standa bókstafur landslista og í næstu línu fyrir neðan: **Landslisti .....flokksins.** Fyrir neðan þessar línur og ofan við næsta þverstrik fyrir neðan skal vera autt bil fyrir breytingar á listanum.

Landslistum skal raðað í stafrófsröð í skákirnar.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera tölusett nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan tölusett nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi .....flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal einbrjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar,** á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin

láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, fyrsti sunnudagur í júlímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á sliku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að

breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar breyta nafnaröð, eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, gerir hann það á sama hátt sem fyrir er mælt um slíkar breytingar á landslista við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89. gr.).

69. gr.

Um allt viðvíkjandi kosningu landslista utan kjörfundar, svo og um íhlutun kjósenda utan kjörfundar um það, í hverri röð frambjóðendur komi til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, fer á sama hátt sem fyrir er mælt um slíkt við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89.– 92. gr.).

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

72. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 12 á hádegi, nema í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annarsstaðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnum.

82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum á landslista þeim, er hann kýs, gerir hann það á þann hátt að rita í auða bilið neðst í þeirri skák, sem landslistinn er í, tölumerki þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda á listanum, er hann vill færa til, í þeirri röð, er hann vill hafa þá á listanum, og að svo miklu leyti sem hann vill færa til nöfn eða skipa niður nöfnum. Fyrsta talan, er hann ritar, táknar að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við á listanum, skuli vera efstur, hin næsta, að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við, skuli vera næst efstur o. s. frv. Kjósandi skal gæta þess að hafa bil eða kommu milli talnanna.

Sé einhver frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim landslista, er hann kýs, sem hann vill hafna, ritar hann tölumerki þess frambjóðanda eða frambjóðenda og strikar síðan yfir tölumerkið eða tölumerkin.

90. gr.

Kjósanda, sem kýs frambjóðanda flokks eða í Reykjavík lista flokks, er jafnframt heimilt að breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á landslista hins sama flokks, og gerir hann það á þann hátt, sem fyrir er mælt í 89. gr., að öðru leyti en því, að þá setur hann ekki kross við listabókstafinn.

91. gr.

Nú eru ekki allir frambjóðendur flokks í kjördæmum á landslista flokksins, og er þá kjósanda landslistans, svo og kjósanda frambjóðanda, eða í Reykjavík lista flokksins, heimilt að bæta þeim frambjóðanda eða frambjóðendum flokksins í kjördæmi, er hann óskar, á landslistann, og gerir hann það á þann hátt að rita nafn frambjóðandans eða frambjóðendanna á landskjörseðilinn í auða bilið neðst í skák listans í þeirri röð, er hann vill láta þá koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og tölusetur hann nöfnin, ef honum þykir þurfa.

92. gr.

Ef flokkur hefir engan landslista í kjöri, er kjósanda frambjóðanda eða í Reykjavík lista flokksins heimilt að geta þess á landskjörseðlinum, í hverri röð hann vilji láta frambjóðendur flokksins í kjördæmum koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og gerir kjósandi það á þann hátt, sem í 89.—91. gr.

segir. Vilji kjósandi hafna frambjóðanda að þessu leyti, skrifar hann nafn hans og strikar síðan yfir það.

93. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvorttveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvorttveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík lista kjördæmisins.

94. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

95. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum.

96. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

97. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

98. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðsl-

unni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

99. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

100. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

101. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 98. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

102. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

103. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn

að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 99. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

104. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

105. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

106. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

107. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 98. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 104. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæða-

kassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

108. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

109. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjördæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

110. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

111. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmálaflokks, sem landslistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta réttar landslistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

112. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að

sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merka á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

113. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur.
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef kosið er á sama kjörseðli hvorttveggja landslisti og frambjóðandi, eða í Reykjavík landslisti og listi kjördæmisins (sbr. þó 115. gr.), eða fleiri en einn landslisti,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

114. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslisti hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á. Sama gildir um landslista, ef kjósandi hefir á landskjörseðli greitt atkvæði einhverjum frambjóðanda flokksins (sbr. 89.—91. gr.).

115. gr.

Nú hefir kjósanda orðið það á að kjósa bæði frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks og jafnframt landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

116. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks óskar, skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

117. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir.

Nú eru í kjördæmi, þar sem kjósa á einn þingmann, fleiri frambjóðendur en einn fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, og skal þá skipta landslistaatkvæðatölunni á milli frambjóðenda flokksins í hlutfalli við persónulega atkvæðatölu þeirra.

Ef í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, eru fleiri en tveir frambjóðendur fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal skipta tvöfaldri landslistaatkvæðatölu flokksins á milli frambjóðenda hans í hlutfalli við persónulega atkvæðatölu þeirra.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

118. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Nú eru fleiri listar en einn í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, og skal þá skipta landslistaatkvæðatölunni á milli lista flokksins í hlutfalli við atkvæðatölu þeirra. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

119. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

120. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

121. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

122. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

123. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

124. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 110. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

125. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi, og greina hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern landslista og hve mörg á hvern frambjóðanda persónulega, eða í Reykjavík á hvern lista kjördæmisins, svo og úr kjördæmum, þar sem tveir þingmenn

eru kosnir, hvernig samkosningar hafa fallið og hverjir frambjóðendur hafa verið kosnir einir sér og hve oft, enda láti hún fylgja skilríki frambjóðendanna, eða í Reykjavík listanna, um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra. Ennfremur skal greina á skýrslunni, á hversu mörgum gildum kjörseðlum kjósendur hafa breytt nafnaröð, eða skipað niður nöfnum, eða strikað út nöfn eða bætt nöfnum á landslista eða gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal kjörstjórn ganga frá í böggli öllum þeim gildum kjörseðlum, sem slík áritun er á, innsigla böggulinn og senda landskjörstjórn í ábyrgðarpósti jafnframt skýrslunni. Skrifa frambjóðendur eða umboðsmenn undir skýrsluna ásamt yfirkjörstjórn, ef viðstaddir eru.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

126. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppbótarþingsæta.

127. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 125. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

128. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

129. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmenningskjördæmum.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í Reykjavík.

3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.

4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.

5. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.

6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

130. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal skrifa atkvæðatölur þeirra í röð, hverja niður undan annari, aftan við nafn síns flokks. Aftan við atkvæðatölu hvers flokks skal rita tölu þingmanna hans, kosinna í kjördæmum. Síðan skal deila tölu þingmanna hvers flokks í atkvæðatölu hans og skrifa útkomurnar aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu útkomurnar ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari (þ. e. minni munur á hinni hæstu útkomu og hinni lægstu), ef ein deilitalan (þ. e. ein þingmannatalan) hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu fyrsta uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta á útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og deila þeim hverri um sig í atkvæðatölu síns flokks (þ. e. í hinar fyrstu tölur). Útkomurnar skal enn skrifa aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu þær ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari, ef ein deilitalan hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu öðru uppbótarþingsæti til þess flokks, sem nú á hæsta útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal enn á ný skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og þannig skal halda áfram að deila tölu þingmanna hvers flokks, hverri um sig, í atkvæðatölu síns flokks, og úthluta jafnan uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta fær útkomuna, unz útkomurnar geta ekki jafnari orðið, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 122. gr.

131. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að:

Ef þingflokkur hefir haft landslista í kjöri, koma frambjóðendur flokksins til greina við úthlutun uppbótarþingsæta í þeirri röð, sem þeir eru í á listanum, að kosningu lokinni. Sé um að ræða landslista, sem nöfnum hefir verið raðað á fyrirfram, er miðað við þá röð, en sé um að ræða landslista, sem nöfnum hefir ekki verið raðað á fyrirfram, skipast frambjóðendurnir á listann í röð eftir

tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á þá persónulega í kjördæmum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá, sem hefir fengið hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, verður næstefstur o. s. frv., á víxl (sbr. 30. gr.). Hafi þingflokkur ekki haft landslista í kjöri, gerir landskjörstjórn honum lista og raðar á hann frambjóðendum flokksins í kjördæmum eftir sömu reglu.

Nú hafa kjósendur breytt nafnaröð, eða skipað niður nöfnum, eða strikað út nöfn eða bætt nöfnum á landslista eða gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal þá reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 119. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla samanlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósenda á nafnaröð listans eða niðurskipun þeirra á listann, útstrikun eða viðbætur nafna. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir atkvæðatölunum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu fær á hverjum lista, verður efstur á listanum, sá, sem næsthæsta atkvæðatölu fær, næstefstur o. s. frv. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 122. gr.

Því næst nemur landskjörstjórn burt af lista hvers þingflokks alla þá, sem kosningu hafa náð í kjördæmum, og ef á lista eru þá eftir tveir, eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, nemur hún einnig burt alla þá, nema þann einn fyrir það kjördæmi, sem ofar eða efst stendur á listanum.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, og sé um landslista að ræða, sem nöfnum hefir verið raðað á fyrirfram, er talan fyllt með því að bæta neðan við listann nöfnum frambjóðenda flokksins í kjördæmum, sem ekki hafa náð kosningu eftir framangreindum reglum, meðan til hrekkur. En síðan, og á þann hátt einnig þegar nöfn skortir á landslista þingflokks, sem á hafa verið allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn eftir því sem til þarf, til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

132. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppbótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppbótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

133. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppbótarþingsætum samkvæmt 131. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti,

svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppbótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

134. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

135. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppbótarþingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

136. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 145. og 146. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

137. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

138. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 145. og 146. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

139. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

140. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefir verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjör-

gögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

141. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 116. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða bögglinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

142. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmálaflokka í 28. gr. Þó er stjórn stjórnmálaflokks eða félags, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera

þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærur.

143. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

144. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

145. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og

einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 99. og 103. gr.).

146. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

147. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XXI KAFLI

Kostnaður.

148. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

149. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður vanrækja að framkvæma það, sem fyrir þá er lagt í lögum þessum, eða haga framkvæmdinni vísvitandi á ólöglegan hátt.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

150. gr.

Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku; vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 98. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 95. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

9. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 99. gr.).

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 142. gr. 5. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

151. gr.

Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir aðstoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 107. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

152. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

153. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður visvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

154. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lögin öðlast gildi.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

2. Lög nr. 36 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

3. Lög nr. 19 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

4. Lög nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

5. Lög nr. 11 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

6. Lög nr. 12 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

7. Lög nr. 17 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.

8. Lög nr. 50 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

9. Lög nr. 13 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

10. Lög nr. 20 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

11. Lög nr. 58 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

12. Lög nr. 47 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis,

svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

XXIV. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

156. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmælts tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

157. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

158. gr.

Landskjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Nd. 60. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 23. gr. síðari málsgr. Í stað orðanna „þegar hann þarf að gera“ komi: þegar gera þarf.
2. Við 92. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Kjósandi, sem ekki greiðir atkvæði frambjóðanda í kjördæmi (í Reykjavík lista), má og nota sér þessa heimild.
3. Við 117. gr. Aftan við 1. málsgr. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Við persónulega atkvæðatölu frambjóðanda flokks, sem landslista hefir ekki í kjöri, skal á sama hátt leggja jafnmörg atkvæði og landskjörseðlar eru margir, sem ritað hefir verið á nafn eða nöfn frambjóðenda flokksins, án þess að frambjóðandi í kjördæminu (í Reykjavík listi) hafi verið kosinn (sbr. síðari málsgr. 92. gr.).
4. Við 129. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   (7.) Jafnmörg atkvæði og landskjörseðlar eru margir, sem ritað hefir verið á nafn eða nöfn frambjóðenda flokksins, án þess að frambjóðandi í kjördæmi (í Reykjavík listi) hafi verið kosinn (sbr. 92. gr. og 117. gr. 2. málsgr.).
5. Við 142. gr. Upphaf 1. tölul. hljóði svo:
   1. Að safna undirskriftum undir áskoranir — o. s. frv.

6. Við 145. gr. Á eftir orðinu „upplýst“ í síðustu málsgr. komi: um.
7. Við 149. gr. Fyrri málsgr. gr. orðist svo:
   Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga, eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt, eða vanrækja hana.

Nd. 61. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 27 8 sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf texta greinarinnar orðist svo:
   Heimilt er ráðherra, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, að veita almenna undanþágu frá því að farga skuli einblendingum út af íslenzku sauðfé og karakúlafé.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 18. gr. laganna komi tvær nýjar greinar (19. og 20.), svo hljóðandi (Greinatala laganna breytist samkv. því.):
   a. Blendingsstofnrækt af íslenzku fé og karakúlafé skal háð sama eftirliti sem lögin ákveða um einblendingsrækt og stofnrækt af holdafé, eftir því sem við á.
   b. Þau ákvæði laganna, sem koma í bága við blendingsstofnrækt af íslenzku fé og karakúlafé, eftir að leyfi til hennar hefir verið veitt, breytast eða falla úr gildi, eftir því sem við á, til þess að geta samrýmzt ákvæðum þessara laga.
3. 2. gr. verði 3. gr.

Nd. 62. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og er samþykk því, að það nái fram að ganga. Nefndinni þykir æskilegt, að lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða verði frekar samræmd lögum um kosningar til Alþingis, sem væntanlega

verða samþ. á þessu þingi, og mun nefndin því að líkindum bera fram tillögur í þessa átt við 3. umr.

Alþingi, 17. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskrifari. Thor Thors, frsm.
Eysteinn Jónsson. Jón Ólafsson.

Nd. 63. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi (þskj. 25).

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á næsta ári síldarverksmiðju á Norðurlandi, að fengnum tillögum síldarútgerðarmanna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál síldar á sólarhring.
2. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 3. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:
   Ríkisstjórnin leitar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á síldveiðar við Norðurland á síðastliðnu sumri, þar með taldir mótorbátar, og einnig þeirra manna, er hafa í hyggju að gera þaðan út á næsta sumri, um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar.

Nd. 64. Tillaga

til þingsályktunar um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 20 þús. kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, til fullnaðaraðgerðar á brimbrjótnum í Bolungavík, ef sú aðgerð telst nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir alvarlegar skemmdir á þessu mannvirki.

Greinargerð.

Brimbrjóturinn í Bolungavík liggur undir mjög alvarlegum skemmdum, þannig, að yfirvofandi er, að grjótfylltur steinnökkvi, sem er yzti hluti hans, brotni að meira eða minna leyti framan af honum og berist upp í vörina. Yrði

það ekki eingöngu stórkostleg skemmd á mannvirki þessu, sem kostað hefir offjár, heldur mundi lendingin og gereyðileggjast, og er óútreiknanlegt, hvað kosta mundi að lagfæra það. En undir þessari lendingu er komin tilvera Bolungavíkur, eins hins fiskisælasta sjávarþorps hér á landi.

Í meðfylgjandi tveimur fylgiskjölum er gerð nánari grein fyrir máli þessu, hver hætta er hér á ferðum, og hversu henni megi afstýra.

Fylgiskjal I.

Bolungavík, 31. marz 1933.

Hreppsnefnd Hólshrepps hefir falið þingmanni kjördæmisins að sækja um allt að kr. 20000.00 — tuttugu þúsund króna — styrk til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík á yfirstandandi ári.

Með því að ég veit, að umsagnar yðar, herra vitamálastjóri, verður leitað um styrkveitingu þessa, leyfi ég mér hér með að skýra yður frá því, að það, sem hreppsnefndin telur nauðsynlegt að gera þurfi á þessu ári og ekki megi dragast lengur, er:

1. Að steypa plötu yfir fremsta hluta „legtarans“ í framhaldi af því, sem áður hefir verið gert. Yrði hún að stærð ca. 30 x 9 m. og 1 til 1½ m. á þykkt.
2. Sökkva grjóti niður meðfram allri síðu „legtarans“ utanverðri, þannig að rústin næði allt að því í fulla sjávarhæð, með halla ca. 1:2, og steypa um 60 steinblokkir að stærð 2 x 1½ x 0,70 m., er látnar væru falla þar á ofan, til þess að fyrirbyggja, að öldurótið nái að dreifa úr rústinni. Virðist þetta vera eftir þeirri reynslu, sem fengin er, það bezta til hlífðar og styrktar „legtaranum“.
3. Fylla fyrir hellismunnann í „gamla brjótnum“, sem allt of lengi hefir dregizt.
4. Reka niður staura (friholt) meðfram innri síðu „legtarans“ í framhaldi af því, sem áður hefir verið gert, til þess að hlífa honum við höggum, er skip leggjast að honum.

Það hefir verið áhyggjuefni okkur Bolvíkingum að vita af „legtaranum“ svo sem hann er nú, og að hafa ekki haft fjármagn til þess að styrkja hann eins og nauðsyn er á. Enda býst ég við, að ekki séu skiptar skoðanir þeirra, er til þekkja, að ekki getur verið um að ræða nema mjög stutt tímabil, sem hann getur staðið án verulegrar aðgerðar, líkri því, sem nú er fyrirhuguð. Hér er eins og kunnugt er um örþunnt hylki að ræða, mjög verulega sprungið og fyllt með lausu grjóti. Og þegar þess er gætt, að það á að standast gífurlegt hafrót, hafís og önnur áföll, má þakka það meira láni en forsjá, að ekki hefir illa farið.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að lífsbjargarvegur héraðsins (fiskiveiðarnar) byggist á því, að öldubrjóturinn standi. Og fari svo, að „legtarinn“, sem nú er ótryggastur, brotni og skoli að meira eða minna leyti inn fyrir, og grjótinu úr honum, mundi það gereyðileggja þá lendingu (brimbrjótsvörina), sem búið er að verja jafnvel hundr. þúsunda króna til að bæta og sem svo að segja allur skipastóll þorpsins hefir nú aðsetur í.

Vér höfum gert ráð fyrir, að járnbent yrði vel platan yfir „legtaranum“, eins og gert var á efri hluta hans, og ennfremur steinblokkirnar, sem einnig eru

hugsaðar tengdar saman með járnum eða keðju, þrjár og þrjár eða jafnvel fleiri, til þess að öldugangur nái síður að róta þeim til. Annars verður verkið að sjálfsögðu framkvæmt í samráði við yður.

Er þess vænzt, að þér, herra vitamálastjóri, lítið á þörf vora á því að koma þessu verki í framkvæmd, og að þér með það fyrir augum sjáið yður fært að mæla með umbeðnum styrk.

Virðingarfyllst.

Oddviti Hólshrepps:
Jóh. Teitsson.

Til
vitamálastjórans, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 21. apríl 1933.

Frá hreppsnefnd Bolungavíkur hefir mér borizt meðfylgjandi erindi, þar sem hún fer fram á 20000 kr. styrk til viðgerðar á brimgarðinum, gegn jafnmiklu framlagi frá nefndinni.

Í tilefni af þessu hefi ég gert áætlun um, hvað vænta megi, að fullnaðaraðgerð á garðinum muni kosta, sérstaklega með tilliti til nökkvans. Eins og kunnugt er, var hann, á móti tillögu minni á sínum tíma, settur út, alveg eins og hann var, án þess að nokkuð það væri gert, sem þó var alveg nauðsynlegt til að styrkja botn og veggi hans til þess að hann geti enzt. Nú virðast Bolvíkingar hafa sannfærzt um, að bráð nauðsyn sé á að tryggja nökkvann á þann hátt, sem ég gerði tillögu um, og þeir sjá nú, hvað er í veði, ef nökkvinn liðaðist í sundur.

Eg er nefndinni fyllilega sammála um nauðsynina, eins og ég raunar alltaf hefi verið, og vil ég því mæla með, að þeim verði veittar 20000 kr., gegn jafnmiklu tillagi frá hreppnum, enda mun fullnaðaraðgerð samkvæmt áætlun minni kosta mjög nálægt 40000 kr.

Til frekari skýringar sendi ég skýrslu oddvitans um aðgerð á öldubrjótnum 1932.

Th. Krabbe.

Til
fjárveitinganefndar Ed. Alþingis, hér.

Nd. 65. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Ingólfur Bjarnarson.

Aftan við 1. gr. bætist: enda setji kaupstaðurinn þá tryggingu fyrir ábyrgðinni, er ríkisstjórnin telur nægja.

Nd. 66. Breytingartillaga

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Við 6. gr. Þriðja málsgr. gr. orðist svo: Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

Ed. 67. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþ. óbreytt. Verki því, sem um ræðir, er að mestu lokið, og tilboð um lán hefir fengizt. Að sjálfsögðu gætir ráðherra þess, að nota vald sitt samkv. 4. gr. laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, til þess að sjá svo um, að gjaldskrá verði hagað þannig, að raforkuveitan beri sig.

Alþingi, 17. nóv. 1933.

Bjarni Snæbjörnsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Páll Hermannsson.

Kári Sigurjónsson. Jón Jónsson.

Ed. 68. Tillaga

til þingsályktunar um húsnæði handa Tónlistarskóla Íslands í þjóðleikhúsinu.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort ekki væri hægt að láta Tónlistarskóla Íslands fá húsnæði í þjóðleikhúsinu.

Greinargerð.

Efri deild hefir nú samþ. þál. um rannsókn á því, hvort ekki væri fært að útbúa geymsluplass handa söfnum í húsi þjóðleikhússins, og fékk sú tillaga einróma fylgi.

Hér er nú farið fram á það, að jafnhliða yrði athugað um húspláss handa tónlistarskólanum. Skóli þessi hefir nú starfað á 3. ár, og hefir reynslan sýnt, að hans er mikil þörf. Húsnæði hefir hann bæði lítið og óhentugt í hljómlistarskálanum í skemmtigarðinum við tjörnina. Skólinn þarf minnst 3 stofur til sinna nota.

Benda má á það, að í framtíðinni mun varla nokkur stofnun verða nátengdari leikhúsinu en þessi skóli, því að hann á að gera mögulegt að koma upp innlendri hljómsveit og halda henni við, en hljómsveitar er sérstök þörf þegar fullkomið leikhús tekur til starfa. Mætti því búast við, að skóla þessum yrði, einnig eftir að leikhúsið er komið í notkun, ætlað húspláss á þessum stað.

Nd. 69. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson.

Á eftir 138. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Ef þingmaður tekur við launuðu starfi, sem ríkisstjórnin veitir eða ræður veitingu á, skal hann tafarlaust segja af sér þingmennsku.

Þetta ákvæði tekur þó ekki til þess, er embættismaður flyzt úr einu embætti í annað í sömu stjórnargrein, eða þó þingmaður taki um stundarsakir að sér starf, sem hann sökum sérfræðiþekkingar er öðrum færari til að vinna. Sé þingmaður, sem segir af sér vegna ákvæða þessarar greinar, kosinn hlutfallskosningu eða hafi setið sem landskjörinn þingmaður, þá tekur varamaður sæti. Ella fer fram aukakosning samkvæmt 138. gr.

Greinatala breytist samkvæmt þessu.

Nd. 70. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá minni hl. stjórnarskrárnefndar.

1. Við 51. gr. Í stað orðanna „og sé neðri hlutinn .... á hæð“ í 1. málsl. komi: og fer hæð neðri hlutans eftir tölu landslista.
2. Við 54. gr. 9. málsgr.
   a. Í stað orðanna „í næstu línu fyrir neðan“ komi: aftan við hann í sömu línu.
   b. Í stað orðanna „þessar línur“ komi: þessa línu.
3. Við 56. gr. Í stað „einbrjóta“ í fyrstu málsgr. komi: brjóta.

4. Við 69. gr. Fyrri málsgr. orðist þannig:
Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn. Um íhlutun hans um það, í hverri röð frambjóðendur komi til greina við úthlutun uppbótarsæta, fer á sama hátt og fyrir er mælt um slíkt við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89.—92. gr.).

Sþ. 71. Tillaga

til þingsályktunar um greiðslufrest á fasteignaveðslánum bænda.

Flm.: Jón Jónsson og Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að lánsstofnanir þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga nr. 79 14. júní 1933, veiti greiðslufrest á fasteignaveðslánum svo sem þar er gert ráð fyrir, meðan ekki verða verulegar breytingar til batnaðar á núverandi örðugleikum landbúnaðarins.

Nd. 72. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og sýslumannsins í Gullbringusýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

„Aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er í bréfi hreppsnefndaroddvitans í Keflavíkurhreppi, sem prentað er hér á eftir, en auk þessa eru fleiri ástæður, sem ég mun gera grein fyrir við framsögu málsins.

Fylgiskjal.

ODDVITI KEFLAVÍKURHREPPS

Keflavík, 2. marz 1933.

Við síðasta manntal voru hér í hreppnum um 1000 manns. Oddvita- og hreppstjórastörf eru því orðin hér allumfangsmikil, en þeim störfum fylgja að lögum svo lítil laun, að hafa verður þau í hjáverkum, og er þá að vonum, að þau verði ekki rækt svo sem þörf væri á.

Til þess að færa laun oddvita eitthvað til samræmis við þá vinnu, sem nauðsynlega verður að leggja í það starf, hefir hreppssjóður á undanförnum árum greitt, auk lögmæltu launanna, kr. 600,00 í skrifstofufé.

Föst laun hreppstjóra eru innan við 200 krónur, sem með aukatekjum verða um 400 krónur. Leiðir af sjálfu sér, að ekki er hægt að leggja mikla vinnu fram á móti slíku gjaldi. En auk allrar vinnu við ýmsar skýrslur, er honum ber að safna, á hann að hafa á hendi eftirlit með heilbrigðismálum og annast lögreglueftirlit. Innheimtu hefir hann á hendi á þeim gjöldum, er ekki greiðast með góðu móti og lögtaksrétt hafa, svo sem útsvörum, þinggjöldum, slysatryggingargjöldum, brunatryggingargjöldum, kirkjugjöldum, vatnsskatti, rafmagnsgjöldum og byggingarleyfisgjöldum. Mun öllum ljóst, að hér er um starf að ræða, er krefst mikils tíma.

Það leiðir af sjálfu sér, að í svona fjölmennu kauptúni er oft full nauðsyn að hafa aðkveðandi lögreglueftirlit á staðnum.

Af framangreindum ástæðum leyfir hreppsnefndin sér hér með að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér nú á þessu þingi flytjið frumvarp til laga um lögreglustjóra í Keflavíkurhreppi, í svipuðu formi og lög nr. 22 frá 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

Það skal tekið fram, að á bak við þessa beiðni liggja einróma samþykktir tveggja borgarafunda. Hinn síðari var haldinn 27. des. f. á.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

Guðm. Guðmundsson.“

Það má öllum vera ljóst, að þörfin á skipun lögreglustjóra á þessum stað verður æ brýnni, eftir því sem kauptúnsbúum fjölgar og athafnalífið þróast.

Nánara í framsögu.

Nd. 73. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 5. gr.
   a. Stafliður A. orðist svo:
      Kjördæmi, er kjósa einn þingmann hvert óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi).
   b. Stafliður B. orðist svo:
      Kjördæmi, er kjósa tvo þingmenn hvert óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi).
   c. Fyrir orðin „þar sem kosnir eru“ í staflið C. komi: er kýs.
2. Við 6. gr.
   a. Orðin „með samþykki yfirkjörstjórnar“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Aftan við 3. málsgrein bætist: Kröfu um það skal gera til sveitarstjórnar.
3. Við 7. gr.
   a. Fyrir orðið „þrennar“ komi þessar.
   b. Á eftir 3. tölulið komi nýr töluliður:
      4. Utankjörfundaskjörstjórar.
4. Við 9. gr. Fyrir orðin „Að öðrum kosti“ í 2. málsgr. komi: Annarsstaðar.
5. Við 17. gr. Fyrir orðin „því kippt í lag“ komi: leiðrétt það.
6. Við 22. gr.
   a. Á eftir orðunum „og skal annað“ komi: eintakið.
   b. Fyrir orðið „hún“ komi: kjörskráin.
7. Við 24. gr. Fyrir orðin „kröfu á“ í 1. málsl. greinarinnar komi: kröfu til.
8. Við 25. gr. Annar og þriðji málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
   Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.
9. Við 26. gr. Fyrir orðin „í boði eru“ í niðurlagi greinarinnar komi: frambjóðendur eru.
10. Við 27. gr. Síðasta málsgreinin orðist svo:
    Frambjóðendur, hvort heldur sem er til óhlutbundinna eða hlutbundinna kosninga, skulu láta fylgja framboði sínu yfirlýsingu sína, ef þeir óska að taka fram, að þeir bjóði sig fram fyrir tiltekinn stjórnmálaflokk, og þá hvern. Vanti þessa yfirlýsingu með framboðinu, telst frambjóðandinn eða framboðslistinn vera frambjóðandi eða framboðslisti utan flokka.

11. Við 28. gr.
    a. Fyrir orðin í 1. málsgr. „hver stjórnmálaflokkur“ komi: ef nafngreindur stjórnmálaflokkur.
    b. Á milli orðanna í 1. málsgr. „að minnsta kosti“ og „20%“ komi: annaðhvort.
    c. Fyrir orðin „fylli flokkinn“ í 2. málsgrein komi: styðji flokkinn.
    d. Aftan við 3. málsgr. bætist: Nú bera kjósendur óháðir nafngreindum stjórnmálaflokkum fram landslista, og skal sá listi vera háður sömu ákvæðum um tölu meðmælenda, sem segir í 2. málsgr. þessarar greinar. Frambjóðendur á lista óháðra kjósenda skulu láta fylgja til landskjörstjórnar yfirlýsingu um samþykki sitt til að vera á listanum.
12. Við 29. gr.
    a. Fyrsta málsgr. orðist svo:
    Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum né vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn. Ekki má stjórnmálaflokkur né óflokksháðir kjósendur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.
    b. Fyrir orðið „stjórnmálaflokk“ í 2. málsgr. komi: nafngreindan stjórnmálaflokk eða utanflokkakjósendur.
    c. Í 2. málsgr. falli burt orðið „flokksins“.
13. Við 39. gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar „þeir standa í á listanum“ komi: þau eru skráð á listann.
14. Við 45. gr. síðustu málsgr. Fyrir orðin „af þeirri stærð, að hæfileg séu“ komi: hæfilega stór.
15. Við 46. gr.
    a. Fyrir orðið „annara“ í fyrri málsgr. komi: utanfunda-.
    b. Á eftir orðinu „óviðkomandi“ í síðari málsgr. komi: menn.
16. Við 54. gr.
    a. Við 8. málsgr. Fyrir „heimilisnafni“ komi: heimilisfangi.
    b. Við 9. málsgr. Á eftir „**Landslisti** ..... **flokksins** komi: og **Landslisti óflokksháðra kjósenda.**
17. Við 55. gr. 3. málsgr. Fyrir „**Listi utan flokka**“ komi: **Listi óflokksháðra kjósenda.**
18. Við 113. gr.
    a. Fyrsta málsgrein orðist svo:
    Atkvæðaseðil skal meta ógildan, ef á honum eru gallar, sem sýna það, að kjósandinn hefir ekki skilið eða numið, hvernig kjósa á löglega, sbr. þó 14. gr., eða ekki viljað neyta kosningarréttar síns, svo sem:
    b. Á eftir 6. tölulið komi 3 nýir töluliðir:
    7. Ef merkt er aftan við nafn eða listabókstaf.
    8. Ef á utankjörfundarseðli er ekki fullt og rétt nafn frambjóðandans eða frambjóðendanna eins og þau eru á kjörseðli.
    9. Ef í tvímenningskjördæmi er kosinn aðeins einn frambjóðandi eða í einmenningskjördæmi fleiri en einn frambjóðandi.

c. Tilvitnunin til 115. greinar í 5. tölulið falli burt.

19. Við 114. gr. Greinin orðist svo:

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó kross sé ólögulegur (illa gerður) né heldur þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, eða þó í stað listabókstafs sé skrifað heiti flokks, sem landslista hefir í kjöri, sé það rétt skrifað.

20. Við 115. gr. Greinin falli niður. — Greinatalan á eftir breytist samkv. því.

21. Við 128. gr. Greinin orðist svo:

Landskjörstjórn tekur til athugunar, og að öllum skilríkjum athuguðum til úrskurðar, hverjum flokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, sem í kjöri hafa verið við kosninguna, einnig hverjir framboðsflokkar hafa náð þingsæti og teljist þingflokkar með rétti til uppbótarþingsæta.

Flokkur óháðra kjósenda hefir sama rétt til uppbótarþingsæta sem nafngreindir stjórnmálaflokkar.

22. Við 129. gr. Töluliður 3. falli niður. — Töluliðirnir (á eftir) breytist samkv. því.

Nd. 74. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 8. gr. Síðari málsl. gr. falli burt.

2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn, kosnir til eins árs í senn úr flokki kjósenda í kjördæminu, og jafnmargir til vara.

Sýslunefnd, sem í hlut á, kýs yfirkjörstjórn, en bæjarstjórn þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn, kosnir til eins árs í senn úr flokki kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins, og jafnmargir til vara.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs undirkjörstjórn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Kjörstjórnir velja sér sjálfar oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti,

þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.

5. Við 51. gr. Síðasti málsliður fyrstu málsgreinar falli burt.
6. Við 54. gr. Í stað tveggja síðustu málsgreina greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Neðri hluti eyðublaðsins, landskjörseðillinn, skal látinn með öllu auður.
7. Við 55. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. gr. skal orða svo:
      Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið o. s. frv.
   b. Síðustu málsgr. gr. skal orða svo:
      Neðri hluti eyðublaðsins, landskjörseðillinn, skal látinn með öllu auður.
8. Við 89. gr. Niðurlag 1. málsgr. gr., á eftir orðunum „lista kjördæmisins“, orðist svo: ritar hann á landskjörseðilinn bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa, af þeim, sem í kjöri eru.

Nd. 75. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „1. júlí það ár til 30. júní næsta ár á eftir“ komi: 15. júní það ár til 14. júní næsta ár á eftir.
2. Við 59. gr. Í stað orðanna „fyrsti sunnudagur í júlímánuði“ komi: fyrsti sunnudagur eftir 15. dag júnímánaðar.

Nd. 76. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Eysteini Jónssyni, Bergi Jónssyni og Bernharð Stefánssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „1. júlí það ár til 30. júní“ komi: 30. júní það ár til 29. júní.
2. Við 59. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:
   Í kjördeildum utan kaupstaða og kauptúna þeirra, sem samkvæmt síðasta manntali hafa haft yfir 300 íbúa, er skylt að halda aukakjörfund daginn fyrir hinn almenna kjördag, ef a. m. k. þriðjungur kjósenda innan kjördeildarinnar sendir undirkjörstjórn skriflega áskorun um það eigi síðar en viku fyrir kjördag. Skal kjörstjórn þá auglýsa aukakjörfundinn tafarlaust.

3. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Aukakjörfund (sbr. 60. gr.) skal setja kl. 2 síðdegis.
4. Við 78. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hafi aukakjörfundur verið haldinn í kjördeildinni, byrjar athöfnin á kjördegi með því, að oddviti rýfur innsigli fyrir poka þeim, sem kjörgögnin eru geymd í (sbr. 102. gr.), undir nákvæmu eftirliti meðkjörstjóra, frambjóðenda og umboðsmanna. Um þetta skal bóka í kjörbókina.
5. Við 100. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Aukakjörfundi skal slitið kl. 7 síðdegis.
6. Við 101. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Að loknum aukakjörfundi skal láta atkvæðakassann í poka þann, sem honum fylgir, ásamt öllum kjörseðlum, kjörbók og kjörskrám. Pokann skal síðan innsigla eftir ákvæðum 108. gr.

Nd. 77. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar".

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar" allt að 70000 kr. rekstrarlán, sem greiðist upp árlega, enda ábyrgist Akureyrarkaupstaður lánið gagnvart ríkissjóði.

Alþingi, 18. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form. — Finnur Jónsson, frsm. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Eysteinn Jónsson. — Ólafur Thors.

Ed. 78. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur á árinu 1934, að upphæð allt að 70000 krónur, til þess að reisa

síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju kaupstaðarins, enda setji kaupstaðurinn þá tryggingu fyrir ábyrgðinni, er ríkisstjórnin telur nægja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 79. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp, var lagt fram í efri deild og hefir verið samþ. þar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) var ekki á fundi, er frv. var samþykkt.

Alþingi, 18. nóv. 1933.

Halldór Stefánsson, form.
Jakob Möller, fundaskr., frsm.
Hannes Jónsson.
Ólafur Thors.

Nd. 80. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 52 8. sept. 1931 og á l. nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (HV) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 18. nóv. 1933.

Halldór Stefánsson, form.
Jakob Möller, fundaskr., frsm.
Hannes Jónsson.
Ólafur Thors.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á nokkrum vörutegundum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Jón Ólafsson.

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins kjöt og kjötmeti, í hverri mynd sem er, fisk og fiskmeti, í hverri mynd sem er, osta, egg, eggjaduft, smjör og kartöflur.

Bann við innflutningi á kartöflum gildir þó aðeins frá 1. september til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Ef sérstakar ástæður mæla með, er atvinnumálaráðherra heimilt, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að veita undanþágu frá banni því, er í 1. gr. getur, um ákveðið tímabil að því er snertir innflutning á smjöri og kartöflum.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á vörur þær, er um getur í 1. gr., og má í reglugerð ákveða sektir fyrir brot.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innfluttar vörur skal endursenda eða gera upptækar, og rennur andvirði þeirra þá í ríkissjóð.

5. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. 3. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú er komið fram í Ed. frv. til laga um að nema úr gildi lög nr. 1 frá 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi. Í skjóli þessarar heimildar hefir verið takmarkaður eða með öllu tekið fyrir innflutning á nokkrum af þeim vörutegundum, er frv. ræðir um. Hömlur þessar hafa óneitanlega orðið til þess, það sem þær ná, að ýta mjög undir framleiðslu á þessum vörum, enda er nú svo komið, að þessi framleiðsla landsmanna fullnægir nú að mestu þörfum þeirra, ef óvenjulegar ástæður, eins og t. d. kartöflusýki og ill nýting heyja í stórum hluta landsins að þessu sinni, hamlar ekki framleiðslunni. Þykir sjálfsagt að taka tillit til þessa, og á því er byggð undanþáguheimild sú, er felst í frv.

Hvað sem ofan á verður um frv. það, sem fyrir Ed. liggur um afnám innflutningshaftanna, þá þykir ekki rétt að láta þessa nauðsynlegu vernd fyrir framleiðsluvörur landsmanna hvíla á svo ótryggum grundvelli sem reglugerðarheimild sú, sem felst í lögunum frá 1920, er, heldur virðist bæði tímabært og nauðsynlegt að hafa um þessi efni bein lagafyrirmæli.

Nd. 82. Tillaga

til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Grím“ í Borgarnesi lán til kaupa á línuveiðara, allt að 125 þús. kr., gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Félag þetta var stofnað í Borgarnesi síðastliðið ár, í þeim tilgangi að hrinda á stað útgerð í kauptúninu, og standa að því flestir fulltíða karlmenn á staðnum.

Nú á síðari árum hefir verið tilfinnanlegur atvinnuskortur í Borgarnesi, eins og í fleiri kauptúnum. Atvinnurekstur þar hefir aðallega verið byggður upp á verzlun og samgöngum. En í kreppunni hefir dregið mikið úr verzluninni og samgöngur á milli Reykjavíkur og Norðurlands, sem áður lágu um Borgarnes, lagzt þar frá að nokkru leyti, eftir að bílferðir hófust um Hvalfjörð og um Kaldadal. Samhliða þessu hefir fólkinu fjölgað, svo að atvinnuástandið hefir vitanlega stórum versnað. Að vísu hafa kauptúnsbúar notað eftir föngum þá möguleika, sem fyrir hendi eru til landbúnaðar, bæði garðyrkju og búfjárræktar, en skilyrði eru þröng og möguleikar ekki miklir til atvinnuaukningar á því sviði. Það er því eðlilegt, að Borgnesingum yrði fyrir að líta til sjávarins, þegar um nýja, arðbæra atvinnu er að ræða. Nú er komin upp fullkomin höfn í Borgarnesi með hafskipabryggju, og þó að skip á stærð við venjulega línuveiðara verði að sæta sjávarföllum um innsiglingu, þá hefir það ekki svo mikið að segja um skip, sem hafast við á rúmsjó við veiðar og þurfa ekki að koma til að losa sig við afla nema endrum og eins. Munar það ekki neinu sem nemur, hvort þau sigla af hafi t. d. til Reykjavíkur, Akraness eða Borgarness. Það er því engin ástæða til að ætla, að útvegur geti ekki borið sig þar eins og annarsstaðar við Faxaflóa. Það eru því einlæg tilmæli mín til háttv. Alþingis, að það veiti þessa hjálp til að koma undirstöðu undir nýjan atvinnurekstur í kauptúninu, sem bætt geti úr yfirstandandi og auknu atvinnuleysi, bæði fyrir þá, sem færir eru um að stunda sjóinn, og hina (unga og gamla), er unnið geta að fiskverkun í landi.

Nánar í framsögu.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Með lögum þessum veitist firmanu Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f í Reykjavík einkaleyfi um næstu 10 ár, eða nánar tiltekið til 1. janúar 1944, til þess að búa til öltegundir til útflutnings og sölu erlendis, þótt þær séu áfengari en núgildandi áfengislöggjöf heimilar að framleiddar séu til innanlandsnotkunar og sölu (2¼%).

2. gr.

Framleiðsla sú og sala, er heimiluð er samkvæmt 1. gr., er háð eftirliti frá hendi ríkisstjórnarinnar, þannig að full trygging sé fyrir því, að aldrei brjóti í bág við gildandi áfengislöggjöf á hverjum tíma um tilbúning og sölu öls til innanlandsnotkunar, og er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin setji með reglugerð nánari fyrirmæli um eftirlitið, ákveði sektir og refsingu fyrir brot o. s. frv., eftir því sem við á.

3. gr.

Leyfishafi greiðir í árlegt afgjald fyrir einkaleyfið í ríkissjóð 25% af hreinum nettóarði af framleiðslu þessari, samkvæmt uppgerð, er ríkisstjórnin hefir eftirlit með að rétt sé. Árgjaldið fellur í gjalddaga eftir á, þegar ársuppgerð er lokið.

4. gr.

Af öltegundum þeim, er um ræðir í lögum þessum, greiðist ekkert framleiðslugjald eða aðrir tollar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, framleiða erlendar ölgerðir mikið af öli til útflutnings, og það kemur ekki í bága við áfengislöggjöf okkar Íslendinga, þótt leyfi sé veitt til framleiðslu á áfengu öli, sé það jafnframt tryggt, að sala og neyzla þess fari eingöngu fram erlendis.

Fyrir því að leyfa slíka framleiðslu, er lögin mæla fyrir um, má færa margvísleg rök, og má t. d. benda á eftirfarandi:

1) Framleiðsla þessi mun verða nokkur tekjugrein fyrir ríkissjóð, og fer vaxandi eftir því sem fram líða stundir og ölið nær betri fótfestu erlendis.

2) Framleiðsla þessi mun veita aukna atvinnu innanlands, sem gera verður ráð fyrir að fari vaxandi.

3) Við sölu ölsins skapast erlendur gjaldeyrir, sem augljóslega verður skortur á í nánustu framtíð og því full ástæða til að reyna að bæta úr.

Einkaleyfi það, sem veitt er með lögum þessum, getur ekki brotið í bág við hagsmuni ríkisins eða einstakra manna eða löggjöf landsins. Fullkomið eftirlit verður haft með því, að ölið sé ekki selt eða drukkið innanlands, og þungar refsingar lagðar við, ef út af er brugðið.

Ríkið getur ekkert óhagræði haft af því, þótt öl sé framleitt til neyzlu erlendis; það mun aftur á móti vera svo í öllum löndum, að ríkið vill leyfa að lyfta undir og hlúa að því, að innlend framleiðsla nái sem mestri sölu á erlendum markaði, og gildir þessi regla ekki sízt nú, þegar mest er undir því komið að geta aflað sér teknanna erlendis frá.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f er hið eina innlenda fyrirtæki, er getur framleitt slíkt öl, og því er ekki um það að ræða, að gengið sé á rétt nokkurs einstaklings með veitingu þessa einkaleyfis. Þar að auki hefir félagið þá aðstöðu að því er hús og vélar snertir, að það getur byrjað framleiðsluna hvenær sem er.

Það er enginn efi á því, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson getur framleitt fullkomlega samkeppnisfært öl, þar sem félagið hefir hin fullkomnustu hús og vélar, ágætan bruggmeistara og auk þess hið ágæta vatn, sem varla hefir sinn líka. Allt þetta hlýtur að tryggja það, að ölið geti orðið gott og samkeppnisfært og líklegt til að geta, er fram líða stundir, orðið allverulег tekjugrein fyrir félagið og því einnig ríkissjóðinn, auk þess sem bæjarfélagið mundi þá einnig njóta góðs af bættum hag félagsins.

Vitanlega hlýtur það að taka nokkurn tíma að vinna íslenzku öli verulegan markað erlendis, og því er óhjákvæmilegt að veita félaginu einkaleyfið fyrir nokkurt árabil.

Til þess að vinna sér nafn erlendis þarf mikinn undirbúning og tilkostnað, sem enginn vill leggja út í, ef aðeins er tjaldað til einnar nætur. Leyfistíminn má því ekki vera styttri en 10 ár, en á þeim tíma er gert ráð fyrir, að sú reynsla fáist, sem byggt verður á um framtíðarfyrirkomulag á þessari framleiðslu.

Þar sem hér er um að ræða algerlega nýja atvinnugrein, er eins og áður er sagt hlýtur að verða kostnaðarsöm í upphafi, verður ekki með sanngirni gengið öðruvísi frá um endurgjaldið fyrir leyfið en þannig, að leyfishafi greiði ákveðið hundraðsgjald af nettóágóða framleiðslunnar. Gangi salan vel, getur þetta orðið drjúg tekjugrein fyrir ríkissjóðinn, og sýnist eðlilegt, að afgjaldið fari eftir hinni raunverulegu afkomu. Þar sem leyfisgjaldið er tekið með svo háum hundraðshluta af ágóða, getur vitanlega ekki verið um það að ræða, að leyfishafi greiði önnur gjöld af ölinu; það mun og alstaðar svo, að slík gjöld eru ekki greidd af vörum, sem framleiddar eru til sölu út úr landinu, enda er gert ráð fyrir, að öltegundir þær, er framleiddar verða samkvæmt lögum þessum, verði „frílager“ undir fullkomnu eftirliti hins opinbera. Með því, er að ofan greinir, eru þá og jafnframt gefnar skýringar á hinum einstöku greinum frv.

Nd. 84. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Aftan af gr. falli: enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

Minni hlutinn (JÓl og TT) skilar ekki sérstöku nefndaráliti, en skrifar hér undir með fyrirvara.

Alþingi, 17. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form. Vilmundur Jónsson, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.
Jón Ólafsson, með fyrirv. Thor Thors, með fyrirv.

Nd. 85. Nefndarálit

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta hefir verið afgreitt óbreytt frá hv. Ed., og er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson.
Thor Thors. Jón Ólafsson.

Nd. 86. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Flm.: Hannes Jónsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

1. Við 27. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:
   Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða

þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

2. Við 28. gr. Þriðja málsgr. fellur burt.
3. Við 29. gr. Önnur málsgr. fellur burt.
4. Við 30. gr. Þriðja málsgr. orðist svo:

   Allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum skulu vera á landslista og í þeirri röð, er þeir skipast í við kosninguna eftir atkvæðum þeim, er falla á þá persónulega við kosningar í kjördæmum, þannig að sá, sem fær hæsta atkvæðatölu, standi efstur á listanum, sá, er fær hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, standi næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. þó 131. gr.). Frambjóðanda er þó heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það samtímis framboði sínu.
5. Við 117. gr.
   a. Önnur málsgr. orðist svo:

      Nú eru í kjördæmi, þar sem kjósa á einn þingmann, fleiri frambjóðendur en einn fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, og skulu þá landslistaatkvæði þess flokks óskipt falla til þess frambjóðanda flokksins, sem fleiri eða flest persónuleg atkvæði fær.

   b. Þriðja málsgr. orðist svo:

      Ef í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, eru fleiri en tveir frambjóðendur fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal skipta tvöfaldri landslistaatkvæðatölu flokksins jafnt á milli þeirra tveggja frambjóðenda hans, sem flest persónuleg atkvæði fá.
6. Við 131. gr. Greinin orðist svo:

   Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, er frambjóðendum skipað á listann í röð eftir tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á þá persónulega í kjördæmunum, þannig að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá, sem hefir fengið hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, verður næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. 30. gr.). Hafi þingflokkur ekki haft landslista í kjöri, gerir landskjörstjórn honum lista og raðar á hann frambjóðendum flokksins í kjördæmum eftir sömu reglu.

   Nú hafa kjósendur gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal þá reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 119. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla samanlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósenda á nafnaröð listans. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir reglum fyrstu málsgreinar. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 122. gr.

   Því næst nemur landskjörstjórn burt af lista hvers þingflokks alla

þá, sem kosningu hafa náð í kjördæmum, og ef á lista eru þá eftir tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, nemur hún einnig burt alla þá, nema þann einn fyrir það kjördæmi, sem ofar eða efst stendur á listanum.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

7. Við 142. gr. 1. lið. Síðari málsl. orðist þannig:

Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

Nd. 87. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 115. gr. Aftan við fyrri málsgr. gr. bætist: (sbr. þó 90. gr.).
2. Við 117. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í einmenningskjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefir persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur flokks í tvímenningskjördæmi eru fleiri en tveir, teljast á sama hátt landslistaatkvæðin aðeins þeim tveimur, sem flest hafa persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver eða hverjir skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 122. gr.

Við persónulega atkvæðatölu frambjóðanda flokks, sem landslista hefir ekki í kjöri, skal eftir sömu reglum leggja jafnmörg atkvæði og landskjörseðlar eru margir, sem ritað hefir verið á nafn eða nöfn frambjóðenda flokksins, án þess að frambjóðandi í kjördæminu (í Reykjavík listi) hafi verið kosinn (sbr. 92. gr. og 117. gr. 2. málsgr.).

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

3. Við 118. gr. Í stað orðanna „Nú eru fleiri listar en einn í kjöri“ o. s. frv. út

málsliðinn komi: Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefir atkvæðatölu.

4. Við 131. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „eftir atkvæðatölunum .... o. s. frv.“ komi: eftir reglum 2. málsgr. þessarar greinar.

Nd. 88. Tillaga

til þál. um endurskoðun á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um breyt. á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu ákvæði þeirra laga samræmd ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefði kosið að leysa það verk af hendi þegar á þessu þingi, sem farið er fram á að fela stjórninni með þessari þingsályktunartillögu. En við nánari athugun reynist það meira verk en svo, að unnt sé að ljúka því á þeim stutta tíma, sem gera má ráð fyrir, að þingið standi. Frv. það um breytingar á þessum lögum, sem nefndin hefir afgreitt og leggur áherzlu á, að nái fram að ganga nú þegar, nær aðeins til þess, að kjósendur til sveitar- og bæjarstjórna öðlist þær réttarbætur, sem hin nýja stjórnarskárbreyting veitir alþingiskjósendum, og er ósæmilegt, að bið verði á því. Hitt má fremur bíða næsta þings, að samræma ákvæðin að öðru leyti, svo sem um kosningaundirbúning og alla kosningatilhögun, sem þó er nauðsynlegt að gera og yrði til mikils hagræðis kjósendum í landinu. Helzt ættu hin endurskoðuðu kosningalög í málefnum sveita og kaupstaða að vera í kosningahandbók þeirri, sem gert er ráð fyrir, að kjörstjórnir og aðrir hlutaðeigendur hafi sér til leiðbeiningar við alþingiskosningar, og mætti draga um sinn að gefa þá bók út, en bjargast við einfaldar sérprentanir kosningalaganna við næstu alþingiskosningar.

Nefndin telur sjálfsagt, að rýmkuð verði ákvæðin um hlutfallskosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu þær ekki eingöngu fyrirskipaðar í kaupstöðum, heldur og í öllum stærri þorpum, en heimilaðar sem frjálslegast annarsstaðar.

Loks vill nefndin benda á, að ákjósanlegt væri, að löggjöf þessi yrði undirbúin af fulltrúum frá öllum flokkum, á svipaðan hátt og lögin um kosningar til Alþingis.

Nd. 89. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á l. nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. bætist: og skal þá tafarlaust leiðrétta kjörskrár í öllum kaupstöðum landsins til samræmis við ákvæði laga þessara.
2. Þriðja gr. frv. falli niður.

Nd. 90. Breytingartillaga

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Bernharð Stefánsson.

Við 27. gr. Aftan við þriðju málsgr. bætist:

Ef prófkosning fer fram í kjördæmi meðal kjósenda ákveðins stjórnmálaflokks, á þann hátt, er flokksstjórn telur fullnægjandi, skal sá, sem þar fær flest atkvæði, teljast frambjóðandi fyrir flokkinn.

Nd. 91. Frumvarp

til laga um strandferðir.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson, Bergur Jónsson.

1. g.

Ríkisstjórnin hefir frá 1. júní 1934 að telja einkarétt til þess að flytja farþega milli hafna á Íslandi.

2. gr.

Á meðan íslenzka ríkið hefir ekki nægilegan skipastól til þess að annast farþegaflutninga samkv. 1. gr., getur ríkisstjórnin veitt öðrum skipum leyfi til farþegaflutnings milli hafna á Íslandi, gegn því að greitt verði í ríkissjóð 20% af fargjöldum. Undanþegin skatti þessum eru skip og bátar, sem fá styrk úr ríkissjóði til þess að annast samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins.

3. gr.

Öll skip, sem eru skattskyld samkvæmt 2. gr., skulu skyld að nota farseðlabækur, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út, og má aldrei taka fargjald af far-

þega án þess að gefin sé út kvittun fyrir því (farseðill). Bera skipstjórar og skipaafgreiðslur ábyrgð á, að þessu sé framfylgt.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari ákvæði með reglugerð um innheimtu á skattinum samkv. 2. gr. og um önnur atriði snertandi framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að almennur áhugi er fyrir því, að íslenzk skip njóti flutninga þeirra, er landsmenn þurfa á að halda á milli innlendra hafna. Hinsvegar hafa erlend skip löngum keppt við hin innlendu hvað þetta snertir og hagað siglingum sínum þannig, að koma nær eingöngu á hinar stærri hafnir. Hafa þau með því sölsað mjög farþegaflutninga frá íslenzku skipunum, sem vegna almennings heilla eru neydd til að koma á fleiri hafnir.

Nú mun það hvergi vera leyft í nærliggjandi löndum, að erlend skip reki slíka flutninga, sem áður greinir, og með tilliti til þess, að eiginn skipastóll Íslendinga er fyrir löngu orðinn svo mikill, að forsvaranlegt virðist að láta hann einan annast alla strandferðaflutninga, getur það ekki talizt vansalaust, að strandferðaskip ríkisins séu vegna erfiðrar fjárhagsafkomu bundin í höfn, á meðan hin erlendu skip halda áfram að reka hér óbreyttan atvinnurekstur sinn og fleyta rjómann ofan af strandflutningunum.

Fyllsta ástæða er því til þess að löggjafarvaldið taki hér í taumana þegar í stað, til að tryggja hagsmuni hins íslenzka ríkis.

Nd. 92. Breytingartillaga

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. brtt. á þskj. 70, við 51. gr. frv. Á eftir orðunum „og fer hæð neðri hlutans eftir“ komi: áætlaðri tölu landslista.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 63 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum kr. 6500,00 á ári, er hækki þriðja hvert ár um 500 krónur upp í 8000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins.

Kaupgreiðslur til stýrimanna, vélstjóra, fullgildra háseta, kyndara og annara skipverja skulu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins.

Starfsmenn á varðskipunum skulu njóta sama réttar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Stýrimannafélags Íslands og Vélstjórafélags Íslands, sem hafa sent Alþingi eftirfarandi erindi:

„Við undirritaðir leyfum okkur að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það bæti launakjör þau, er yfirmenn á varðskipunum „Óðni", „Ægi" og „Þór" eiga við að búa, þannig, að þau verði í samræmi við kjör þau, er stéttarbræður þeirra hjá Eimskipafélagi Íslands og öðrum eimskipafélögum eru aðnjótandi.

Það þarf ekki að draga í efa, að þingmönnum er það ljóst, hversu margþætt starf þessara manna er orðið. Í skammdegismyrkrinu í vondum veðrum, eins og á öðrum tímum, er þeim ætlað að gæta landhelginnar, glíma við lögbrjóta — ófyrirleitna suma hverja. Þess á milli er þeim ætlað að inna af hendi allskonar aðstoð við skip og báta, jafnan þegar veðrin eru verst og því öll aðstaða hin örðugasta, auk þess sem allmjög hefir verið unnið að björgun og skipum bjargað við misjafna aðstöðu, oftast vonda. Öll þessi vinna útheimtir ósérplægni, dugnað og oft fórnfýsi, sem eru sjálfsagðar dyggðir yfirmanna í þjónustu hins íslenzka ríkis. En jafnframt því sem þetta eru sjálfsagðar dyggðir, þá virðist oss sem hið háa Alþingi hljóti að telja það sjálfsagt að launa störf þessi svo vel, að yfirmennirnir þurfi ekki að hafa stöðugar áhyggjur út af skorti heimila sinna. Við erum þess fullvissir, að þingmönnum er það ljóst, að ósjálfrátt dregur það úr starfsþrótti og djörfung næstum hvers einasta manns, ef stöðugar áhyggjur vegna afkomu konu og barna eða gamalla foreldra eru fyrir hendi.

Við trúum því ekki heldur, að það hafi nokkru sinni verið meining hins

háa Alþingis — eða sé það nú —, að yfirmenn á strandvarnar- eða björgunarskipum hins íslenzka ríkis eigi við svo lök kjör að búa, að nær undantekningarlaust hver einasti yfirmaður myndi, ef um það væri að velja, taka við stöðu á venjulegu flutningaskipi (sem nú fer fjölgandi) vegna þess mikla mismunar, sem er á kjörum þessara yfirmanna.

Eftirfarandi samanburður á kaupi yfirmanna á strandvarnarskipunum, eins og það er nú með dýrtíðaruppbót 15⅓%, og kaupi yfirmanna hjá Eimskipafélagi Íslands sýnir glöggt mismuninn.

Byrjunarlaun stýrimanna og vélstjóra á varðskipum ríkisins, að viðbættri dýrtíðaruppbót 15⅓%, borin saman við byrjunarlaun stýrimanna og vélstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands:

Varðskipin	1. stm. laun á mán. kr. 365,00,	2. stm. 308,00,	3. stm. 269,00
Eimskipafél. Ísl.	1. stm. laun á mán. kr. 460,00,	2. stm. 360,00,	3. stm. 285,00
Minna kaup á varðsk. en hjá E. Í.	1. stm. kr. 95,00,	2. stm. 52,00,	3. stm. 16,00
Varðskipin	1. vstj. laun á mán. kr. 474,00,	2. vstj. 365,00,	3. vstj. 288,00
Eimskipafél. Ísl.	1. vstj. laun á mán. kr. 609,00,	2. vstj. 498,00,	3. vstj. 386,00
Minna kaup á varðsk. en hjá E. Í.	1. vstj. kr. 135,00,	2. vstj. 133,00,	3. vstj. 98,00

Hámarkslaun stýrimanna og vélstjóra á varðskipum ríkisins, auk 15⅓% dýrtíðaruppbótar, og hámarkslaun stýrimanna og vélstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands, hvorttveggja miðað við starfsaldur hlutaðeigandi yfirmanns:

Varðskipin	1. stm. laun á mán. kr. 474,00,	2. stm. 346,00,	3. stm. 308,00
Eimskipafél. Ísl.	1. stm. laun á mán. kr. 580,00,	2. stm. 450,00,	3. stm. 335,00
Minna kaup á varðsk. eftir 12 ára þjónustu en hjá Eimskipafél. Ísl. ..	1. stm. kr. 106,00,	2. stm. 104,00,	3. stm. 27,00
Varðskipin	1. vstj. laun á mán. kr. 524,00,	2. vstj. 423,00,	3. vstj. 346,00
Eimskipafél. Ísl	1. vstj. laun á mán. kr. 709,00,	2. vstj. 548,00,	3. vstj. 436,00
Minna kaup á varðsk. eftir 12 ára þjónustu en hjá Eimskipafél. Ísl. ..	1. vstj. kr. 185,00,	2. vstj. 125,00,	3. vstj. 90,00

Við athugun þessa á kaupinu, ásamt því ef önnur kjör þessara yfirmanna eru athuguð og borin saman, þá kemur í ljós, að yfirmenn í þjónustu hins íslenzka ríkis á varðskipunum eru verst launaðir allra yfirmanna hér á landi. Oss virðist ekki, að hægt sé að benda á nokkuð það, er réttlætt geti mismun sem þennan, og viljum vér eindregið vona, að háttvirt Alþingi sjái sér fært að bæta úr þessu á einhvern hátt nú þegar, þó það aðeins gæti orðið til bráðabirgða, þannig að reglulegt Alþingi mætti svo ganga endanlega frá kjörum þessara manna, sem vér trúum að muni verða, ef fullrar sannsýni og hagsýni er gætt.

Það hlýtur að vera hinu háa Alþingi áhugamál, að á varðskipum ríkisins verði á hverjum tíma úrvalsmenn. En það má því aðeins verða, að kjörin á varðskipunum séu ekki lakari heldur en kjör á öðrum skipum, er svipuð eru, þótt

hinsvegar störfunum á varðskipunum fylgi að öllum jafnaði meiri hætta heldur en á hinum.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 18. nóvember 1933.

F. h. Stýrimannafélags Íslands
Jón Axel Pétursson.

F. h. Vélstjórafélags Íslands
Þorsteinn Árnason.

Til Alþingis."

Kaup fullgildra háseta og kyndara er samkv. gildandi lögum í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins. Virðist eðlilegast, að sama gildi um aðra skipverja.

Nd. 94. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra út af störfum skilanefndarinnar í þrotabúi Síldareinkasölu Íslands.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Er skilanefnd síldareinkasölunnar ennþá starfandi?

Ef svo er, hvað dvelur störf nefndarinnar og það, að endanleg gjaldþrotaskipti fari fram?

Hve miklu nema laun skilanefndarmannanna frá byrjun og eiga þau að haldast óbreytt um óákveðinn tíma?

Hversu marga starfsmenn hefir nefndin haft á launum síðan hún var sett á stofn í desembermánuði árið 1931?

Hverjir eru það og hvað hafa þeir fengið samtals í laun hver frá byrjun?

Hvað eru margir menn ennþá á launum hjá nefndinni og hverjir eru það?

Hvað líður skaðabótamálum þeim, sem skilanefndin fór í við sænska síldarkaupendur?

Er það komið í ljós, hve mikið er tapað af þeirri ca. einni milljón króna, sem ríkissjóður og Landsbankinn áttu hjá síldareinkasölunni?

Nd. 95. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:
   Heimilt er, með samþykki meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi, að taka upp til flutnings óafgreidd frumvörp frá næsta þingi á undan á því

stigi, sem frumvarp var, er því þingi lauk, enda hafi ekki farið fram almennar alþingiskosningar á milli þinganna.

2. Á eftir 8. gr. komi ný grein (9. gr.) (Greinatalan á eftir breytist samkvæmt því.):
   a. Aftan við 2. málsgr. 44. gr. laganna bætist: Atkvæðisbær telst þingmaður nema forseti eða þingdeildin hafi tekið gild rök hans fyrir því að greiða ekki atkvæði, eða hann sé óatkvæðisbær samkvæmt síðustu málsgrein þessarar greinar.
   b. Aftan við 4. málsgr. sömu greinar bætist: Ef rök þingmanns eru metin ógild, telst atkvæði hans með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færist undan að rökstyðja undanfærslu sína. — Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.

Nd. 96. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 63 (Síldarbræðsluverksmiðja á Norðurlandi).

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. Meginmál brtt. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa síldarverksmiðju einhversstaðar á svæðinu frá Hornbjargi að Langanesi, að fengnum tillögum síldarútgerðarmanna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál síldar á sólarhring. Nær heimildin til þess að reisa stöðina svo fljótt, að hún geti tekið til starfa eigi síðar en í byrjun síldarvertíðar 1935.
2. Við 2. Meginmál brtt. orðist svo:
   Ríkisstjórnin leitar nú þegar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á herpinótaveiðar við Norðurland síðastliðið sumar, um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar.

Ed. 97. Frumvarp

til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa síldarverksmiðju einhversstaðar á svæðinu frá Hornbjargi að Langanesi, að fengnum tillögum síldarútgerðar-

manna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál síldar á sólarhring. Nær heimildin til þess að reisa stöðina svo fljótt, að hún geti tekið til starfa eigi síðar en í byrjun síldarvertíðar 1935.

2. gr.

Ríkisstjórnin leitar nú þegar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á herpinótaveiðar við Norðurland síðastliðið sumar. um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar.

3. gr.

Til greiðslu stofnkostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1 milljón króna.

4. gr.

Um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar skal fara að öðru leyti eftir lögum nr. 49 7. maí 1928, lögum nr. 42 14. júní 1929 og lögum nr. 10 27. apríl 1932.

Nd. 98. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og fellst á allar þær breytingar, sem frv. gerir á gildandi þingsköpum. Telur nefndin æskilegt, að þingsköp verði endurskoðuð til fullnustu, og þá sérstaklega tekin til athugunar ákvæðin um atkvæðagreiðslur og takmörkun ræðufjölda, t. d. á þann hátt, að flokkar skipi talsmenn í einstökum málum. Virðist full þörf á þessu, einkum eftir að þingmönnum hefir verið fjölgað, svo sem nú er ráðgert. En þar sem slík endurskoðun mundi lengja þingið talsvert og eðlilegra virðist, að þingmenn þeir, sem fyrst verða kosnir samkv. hinu nýja skipulagi, setji sér fundarsköp, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson.

Jón Ólafsson. Thor Thors.

Nd. 99. Breytingartillögur

um frv. til laga um virkjun Fljótaár.

Frá Jóni Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.
2. Aftan við 2. gr. bætist:
   Ábyrgð ríkissjóðs nær þó ekki til kostnaðar Siglufjarðarkaupstaðar við jarðakaup, sem þegar hafa verið gerð vegna væntanlegrar virkjunar, né kostnaðar við undirbúningsrannsóknir, sem þegar er áfallinn.
3. Aftan við 3. gr. komi: enda sé gætt ákvæða 27. og 28. gr. laga nr. 46 27. júní 1925, um vatnsorkusérleyfi, eftir því sem við getur átt.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Orkuverið við Fljótaá og rafmagnsveita þaðan skal rekið sem sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Skylt er Siglufjarðarkaupstað að láta í té hreppsfélögum eða orkuveitufélögum raforku við stöðvarvegg í orkuveri eða við spennibreytistöð til almenningsnota í nærliggjandi héruðum.
   Verð á raforku, sem Siglufjarðarkaupstaður selur á þennan hátt, skal ákveðið samkv. 15. gr. laga um vatnsorkusérleyfi frá 27. júní 1925.
6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Skylt er hreppsfélögum eða orkuveitufélögum, er þannig gerast kaupendur að raforku, að taka, með ábyrgð eða á annan hátt, þátt í nauðsynlegri aukningu orkuversins, að réttri tiltölu við raforkuþörf þeirra. Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

Nd. 100. Nefndarálit

um till. til þál. um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur nauðsynlegt, að byrjað verði á þeirri hafnargerð, sem hér um ræðir. Er það allra manna mál, þeirra er bezt til þekkja, að væntanleg höfn við Skagaströnd verði fiskiveiðunum við Húnaflóa og jafnframt landbúnaðarhéruð-

unum, sem að Skagaströnd liggja, hin mesta lyftistöng. Einn nefndarm., Bergur Jónsson, hefir þó fyrirvara á fylgi sínu við málið.

Alþingi, 21. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., með fyrirv. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.
Ólafur Thors. Finnur Jónsson.

Sþ. **101. Tillaga**

til þingsályktunar út af starfi Einars M. Einarssonar skipstjóra á varð- og björgunarskipinu Ægi.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi þakkar Einari M. Einarssyni sýndan afburðadugnað við að verja landhelgi Íslands og við björgun skipa og manna, og ályktar að skora á landsstjórnina að láta hann halda áfram starfi sínu, meðan heilsa hans og þrek leyfir.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefir dómsmálaráðuneytið látið Einar M. Einarsson skipstjóra á Ægi sitja auðum höndum í landi um alllangt skeið. Allan þann tíma hefir óánægja almennings um framkvæmd gæzlunnar verið að vaxa. Dómsmálaráðuneytið hefir að jafnaði ekki haft nema eitt varðskip á floti í senn. En jafnframt því hefir þetta ráðuneyti 4 skipstjóra á föstum launum. Tveir af þessum mönnum, Einar M. Einarsson og Jóhann Jónsson, voru ráðnir samkvæmt varðskipalögunum til að stýra Ægi og Óðni. En um leið og dómsmálastjórnin lagði tveim af þrem skipunum bætti hún við tveim nýjum skipstjórum með fullum launum, þeim Friðrik Ólafssyni og Eiríki Kristóferssyni. En að sama skapi og gæzluskipunum fækkaði, en skipstjórum fjölgaði, versnaði gæzlan, svo að menn minnast ekki um langt skeið að hafa átt við þvílík ókjör að búa. Þykir sjómönnum og þeim útgerðarmönnum, sem hafa hag af góðri landhelgisvörn, mistök í mesta lagi, að sá varðskipsforinginn, sem dag og nótt var sívinnandi og hættandi lífi og heilsu til að vinna fyrir hag þeirrar stéttar, sem hefir afkomu sína af sjávarafla, skuli vera ofsóttur með tyllisökum, að því er virðist eingöngu í því skyni að hindra hann frá að vinna að því starfi, sem hann hefir leyst svo vel af hendi.

Flestum mönnum mun kunnugt, að dómsmálaráðuneytið hefir haft einstök vinnubrögð við það, að koma Einari M. Einarssyni frá vinnu við strandgæzluna. Það vitnaðist, að því er virðist með vitund manna, sem höfðu persónulega hagsmuni af að Einar M. Einarsson starfaði ekki sem skipstjóri á Ægi, að

leiðréttur hefði verið úr röngu í rétt tölustafur í afriti af mælingu um togaratöku. Frumheimildin var hjá dómstólunum, og eftir því var dæmt, en afritið lá í skipinu. Fjöldi manna handlék afritið, m. a. vikum saman þegar skipstjórinn var í sumarleyfi. Einhver hefir gert leiðréttinguna, og þar geta margir menn komið til greina. Leiðréttingin er gersamlega þýðingarlaus og snertir ekki gang nokkur máls um togaratöku. Ósannað er, hver hefir gert þessa þýðingarlausu leiðréttingu í afritinu. Ófundarmenn skipstjórans hafa getað gert það, í því skyni að byggja síðan á því ofsóknarherferð gegn skipstjóranum.

Dómsmálaráðuneytið lét fyrst rannsaka þetta mál hjá lögreglustjóra Hermanni Jónassyni. Hann fann ekkert saknæmt hjá skipstjóra. Þá lætur „réttvísin“ málið ganga til Björns Þórðarsonar lögmanns og með honum voru settir í sjódóm tveir skipstjórar, Guðm. Kristjánsson og Magnús Magnússon. Þeir fundu ekki heldur neitt sakarefni. „Réttvísin“ leitar þá enn fyrir sér og fær málið í hendur Garðari Þorsteinssyni. Að síðustu kveður hann upp dóm um dálitla fjársekt skipstjóra til handa fyrir ónákvæma bókfærslu! Þegar hér var komið sögunni, var öllum almenningi ljóst, að dómsmálaráðuneytið var að gera að gamni sínu, á kostnað ríkissjóðs og landhelgisgæzlunnar. Þetta gaman þótti í meira lagi óviðeigandi. Óánægjan magnaðist í verstöðvum landsins. Og í einni stærstu verstöðinni, Vestmannaeyjum, tóku sig til nálega allir formenn á vélbátaflotanum og fjöldi sjómanna og sendu Alþingi og landsstjórn stutta en glögga tillögu um málið. Dómsmálaráðuneytið hefir enn ekki tekið til greina þessa eindregnu kröfu Vestmannaeyinga. Þess vegna er krafa þeirra borin hér fram í ályktunarformi, til þess að Alþingi geti sagt stjórninni, hvað kjósendur vilja í þessu efni.

Álitsskjal Vestmannaeyinga er því þýðingarmeira, þar sem það er vitað, að langflestir af þeim, sem undir skjalið rita, eru fylgismenn þess ráðherra, sem áminningunni er beint til. En óánægjan með þennan lið landhelgismálanna er orðin svo ákveðin, að flokksfylgið verður að lúta í lægra haldi.

Ég læt fylgja hér með þrjú fylgiskjöl: Áskorun Vestmannaeyinga um þetta mál og undirskriftir þeirra. Bréf frá starfsmanni enskra togaraeigenda, sem hefir kynnzt björgunarstarfsemi Einars M. Einarssonar og segir skoðun sína um hæfileika skipstjórans í þeim efnum, og loks kafla úr grein í fiskiveiðatímaritinu Ægi, þar sem drepið er á, í hvaða ástandi landhelgisgæzlan er nú, síðan skipstjórar urðu fjórir, en skipið eitt.

Fylgiskjal I.

Vér undirritaðir útgerðarmenn og sjómenn í Vestmannaeyjum lítum svo á, að hr. Einar M. Einarsson, skipherra á „Ægi“, hafi sýnt alveg óvenjulegan dugnað við að bjarga skipum og mönnum úr sjávarháska, svo og lítið dyggilega eftir veiðarfærum manna hér, sem oft er mjög hætt vegna átroðnings erlendra fiskimanna, og lagt grundvöllinn að tryggri og öruggri landhelgisgæzlu.

Vér þökkum skipherranum unnin afrek á þessu sviði og skorum á Alþingi og landsstjórn að láta hann halda áfram starfi sínu, meðan heilsa hans og þrek leyfir.

Guðni Jóhannsson form., Staðarhóli. Kristm. Jóhannsson, Kalmanstjörn. Jón Jónsson, Hlíð. Þórður Þórðarson form., Sléttaból. Gunnsteinn Eyjólfsson, Víðisveg 7. Þorgeir Eiríksson form., Sjómannasund 4. Jón Þórðarson, Hólum, Magnús Guðmundsson, Vesturhúsum. Grímur Grímsson, Kirkjuv. 66. Gunnar M. Jónsson, Brúarhúsi. Jón Ólafsson form., Hólmi. Gísli Ingvarsson, Uppsölum. Oddur Sigurðsson form., Skuld. Sigurður P. Oddsson, Skuld. Jónas Sigurðsson form., Skuld. Magnús Magnússon, Felli. Sighvatur Bjarnason form., Ási. Árni Sigfússon, útgerðarm. Kristmundur Jónsson, Skólaveg 33. Einar Jónsson formaður á m/b Atlantis. Guðjón Jónsson form., Heiði. Sigurður Haraldsson, Reykjavík, á v/b Leo frá VE. Ásm. Friðriksson, Löndum. Magnús Ísleifsson útgerðarmaður, Miðstræti 3. Haraldur Hannesson form., Ási. Grímur Gíslason form., Vesturveg 5 A. Þorvarður Ingvarsson form., Hásteinsveg 17. Sigurður Helgason, Götu. Þorgrímur Guðmundsson, Húsadal. Óskar Ólafsson, Skólaveg 23. Ísleifur Jónsson, Nýjahúsi. Eymundur Guðmundsson, Heimagötu 12. Jón Hjálmarsson útgerðarm., Sætum. Ingvar Jónsson, Mandal. Sveinn Sigurhansson vélstjóri, Sunnuhvoli. Eyjólfur Sigurðsson form., Laugardal. Guðleifur Ísleifsson form., Nýjabæ. Guðjón Björnsson vélstj., Gerði. Magnús Þ. Jakobsson, Skuld. Ólafur Lárusson, Velli. Haraldur Þorsteinsson, Nikhól. Jóhann Bjarnason, Hoffelli. Magnús Jónsson form., Sólvangi. Guðm. Ólafsson vélstj., Hrafnagili. Aðalsteinn Indriðason sjómaður, Fögrubrekku. Guðjón Þorsteinsson, Hásteinsveg 13. Guðjón Valdason form., Hásteinsveg 15. Stefán Finnbogason form., Hásteinsveg 11. Bjarni Jónsson útgerðarm., Svalbarði. Ágúst Runólfsson útgerðarm., Rauðafelli. Sveinn Jónsson útgerðarm., Brekku. Valdimar Árnason form., Vallanesi. Þorsteinn Jónsson útgerðarm., Garðsauka. Sigurður Ólafsson útgerðarm., Bólstað. Ólafur Vigfússon formaður, Landagata 20. Runólfur Jóhannsson form., Hilmisgötu 7. Ársæll Grímsson útgerðarm., Litlalandi. Benedikt Jörgensson sjómaður, Urðaveg 9. Benóný Friðriksson form., Jónsborg. Sig. Jónsson, útgerðarm., Landagötu 17. Björn Björnsson vélstjóri, Bólstaðarhlíð. Ingibergur Gíslason form., Skólaveg 27. Guðm. Jónsson sjóm., Hásteinsveg 32. Einar Ólafsson sjómaður, Strönd. Guðsteinn Þorbjörnsson form., Vesturveg 15 B. Kristján Guðmundsson sjóm., Sandprýði. Júlíus Snorrason vélstjóri, Hliðarenda. Þorbjörn Guðjónsson útgerðarm., Kirkjubæ. Ingibergur Jónsson sjóm., Hoffelli. Jón Guðjónsson útgerðarm., Hvanneyri. Svavar G. Antoníusson, Byggðarholti. Guðjón Jónsson form., Reykjum. Vigfús Sigurðsson form., Bakkastíg 3. Sigurður Þorsteinsson form., Nýjabæ. Jóhann Pálsson vélstj., Gerði. Jón Jónsson sjóm., Vestmannabraut 72. Þorgeir Jóelsson form., Sælundi. Gísli Jónsson form., Arnarhóli. Magnús Tómasson form., Hrafnabjörgum. Guðm. Eyjólfsson sjóm., Eiðum. Guðni Jónsson form., Vegamótum. Páll Jónasson form., Þingholti. Helgi Benediktsson útgerðarm,, Skólav. 27. Hannes Hansson form., Urðav. 17. Ragnar Þorvaldsson form., Vestm.braut 25. Gísli Gíslason sjóm., Hásteinsv. 2. Jóhann Sigfússon sjóm., Skólav. 23. Guðjón Jónsson sjóm., Framnesi. Marius Jónsson sjóm., Framnesi. Páll Gunnarsson sjóm., Vestm.braut 1. Brynjólfur Guðmundsson sjóm., Vestm.braut 48 B. Guðj. Guðlaugsson vélam., Landlyst. Sæmundur Jónsson sjóm., Miðhúsum. Kristinn Ástgeirsson form., Vestmannabraut 12. Þórður Stefánsson form., Fagrafelli. Sigurður Ingimundarson útgerðarm., Skjaldbreið. Björg-

vin Vilhjálmsson form., Bólstaðarhlíð. Willum Andersen form., Hásteinsveg 6. Helgi Þórsteinsson vélstj., Hrafnagili. Ísleifur Sigurðsson útgerðarm., Skólaveg 19. Þorbjörn Arnbjörnsson sjóm., Reynifelli. Þorst. Jónsson form., Laufási. Stefán Guðlaugsson form., Gerði. Guðni Grímsson form., Helgafellsbraut 8. Ingvar Þórólfsson, Vestmannabraut 61. Ólafur Ingileifsson form., Víðivöllum. Eyjólfur Gíslason form., Bessastöðum. Jón Magnússon form., Vallartúni. Run. Runólfsson, Bræðratungu, Stefán Björnsson form., Skuld. Júlíus Sigurðsson form., Skjaldbreið. Bjarni Eyjólfsson, Sigtúni. Þorleifur Einarsson, Túnsbergi. Valtýr Ó. Ólafsson, Garðstöðum. Ólafur Eyjólfsson, Garðstöðum. Jón G. Ólafsson, Garðstöðum. Björn Bergmundsson, Stakkholti. Björgvin Jónsson, Garðstöðum. Eiríkur Jónsson, Skólaveg 32. Magnús Kristjánsson, Bárustíg 15. Jón Vigfússon, Holti. Eiður Jónsson form., Strandbergi. Jóhann P. Pálmason, Stighúsi. Magnús Ísleifsson form., Nýjahúsi. Finnbogi Finnbogason form., Njarðarstíg 3. Árni Finnbogason form., Njarðarstíg 3. Friðfinnur Finnsson, Heimagötu 22. Guðm. Einarsson, Vestmannabraut 30. Guðjón Runólfsson, Hilmisgötu 5. Guðjón Gíslason, Uppsölum. Jón Jónsson, Djúpadal. Stefán Ólafsson, Fagurhól. Ágúst Úlfarsson, Melstað. Guðjón Þorgeirsson, Melstað. Á. Böðvarsson útgerðarm., Bifröst. Ársæll Sveinsson form., Fögrubrekku. Guðjón Þorleifsson form., Fagurhól. Ólafur Ísleifsson form., Miðgarði. Björgvin Jónsson, form., Úthlíð. Guðmundur Jónsson form., Háeyri. Guðjón Hafliðason form., Skaftafelli. Jónas Bjarnason form., Hól. Árni Þórarinsson form., Sigurjón Sigurðsson form., Kirkjuvegi 86. Ólafur Vestmann sjóm., Hvammi. Guðm. Vigfússon form., Þingeyri. Hinrik Gíslason, Heiðardal. Vigfús Jónsson, Holti, Óskar Kortsson, Raufarfelli. Ólafur Davíðsson form., Brekastíg 29. Peter Andersen. Guðm. Helgason, Hásteinsveg 2. Guðjón Þorkelsson form., Sandprýði. Árni St. Bachmann, Brekastíg 3. Óskar Eyjólfsson, Laugardal. Jón Benónýsson form., Búrfelli, Valdimar Ástgeirsson, Litlabæ. Guðmundur Ástgeirsson, Strandveg 41. Ólafur Ástgeirsson form., Strandveg 37. Ástgeir Ólafsson, Strandveg 37. Magnús Guðmundsson, Strandveg 41. Jóhann Þorsteinsson, Urðaveg 18. Guðfinnur Guðmundsson, Kirkjuhól. Guðmann Guðmundsson, Kirkjuhól. Einar Jóelsson, Sælundi. Halldór Halldórsson form., Björgvin. Jóhann Björnsson form., Höfðahúsi. Elías Jack Guðmundsson, Höfðahúsi. Gísli Gíslason lóðs, Hásteinsveg 2. Guðjón Þórðarson útgerðarm., Heklu. Magnús Þórðarson útgerðarm., Kornhól. Jón Jónasson, Höfðabrekku. Björgvin Sigurjónsson sjómaður, Sandi. Jónas Bjarnason form., Reynistað. Einar Runólfsson sjóm., Steini. Guðm. Böðvarsson útgerðarm., Hásteinsveg 8. Gunnlaugur Sigurðsson form., Gjábakka. Eiríkur Ástbjörnsson form., Urðaveg 41. Ágúst Guðmundsson, útgerðarm., Skólaveg 7. Haraldur Sigurðsson sjóm., Vestmannabraut 58. Óskar Þorsteinsson sjóm., Jómsborg. Þorleifur Sigurðsson sjóm., Hjálmholti. Pétur Guðjónsson sjóm., Kirkjubæ. Vilhj. Tómasson sjóm., Heimagötu 28. Jón Gíslason, Ármóti. Ólafur Jónsson sjóm., Brautarholti. Þórarinn Guðmundsson form., Jaðri. G. Fr. Johnsen útgerðarm., Sóla. Andrés Einarsson form., Heimagötu 30. Guðm. Jóelsson form., Hvanneyri. Alexander Gíslason form., Landamótum. Sigfús Scheving form., Heiðarhvammi. Sigurmundur Runólfsson útgerðarm., Vestmannabraut 25. Oddgeir Þórarinsson form., Skólaveg 14. Kristinn Magnússon form.,

Sólvangi. Guðjón Tómasson form., Heimagötu 26. Karl P. Guðmundsson form. Reykholti. Magnús Guðmundsson útgerðarm., Heiðarási. Jón Einarsson útgerðarm., Höfðabrekku. Magnús Valtýsson útgerðarm., Höfðabrekku. Kjartan Jónsson form., Höfðabrekku.

Fylgiskjal II.

Þýðing

á bréfi frá The Grimsby Steam Fishing Vessels Mutual Insurance and Protecting Co. Ltd.

Fish Dock, Grimsby, 21. desember 1931.

Hr. P. Loftsson,
Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík.

Háttvirti herra.

Ég lagði samning yðar um björgunarstarfsemi fyrir stjórn félags míns á mánaðarlegum fundi hennar, sem haldinn var 17. þ. m., og samþykkti hún hann.

Ég árétta því samþykki mitt á samningnum og tel víst, að þér munuð hafa fengið það frá hr. (Þorsteini) Þorsteinssyni umboðsmanni vorum, eftir að ég fór frá Reykjavík.

Ég tilkynni nú öllum félagsdeildunum á Englandi skilmála þá, sem samkomulag hefir orðið um, og yður er óhætt að gera ráð fyrir því, að allt verði á sínum tíma samþykkt af hverjum einstökum aðila, en ég býst við, að öll svör verði komin mér í hendur um nýár, og mun ég skrifa yður nánar.

Stjórn félags míns tjáir yður alúðarþakkir fyrir þá góðvild, er þér sýnduð mér sem ritara hennar, og hún lýkur eindregnu lofsorði á yður og skipherra (Einar) Einarsson fyrir hin ágætu tæki, er þér hafið leyft að notuð yrðu í vora þágu. Þér hafið ágæta yfirmenn og prýðilega skipshöfn, menn sem taka til höndunum í stað þess að hlaupa í var hvenær sem sjór kemur á þiljur. Þeir eru menn, sem hafa hugann á starfi sínu og björgunartækjunum, enda er það eins og vera ber. Það er sannleikurinn, að þeir eru prýðilegt lið og þér hafið ástæðu til að vera stoltur af þeim, enda eruð þér það væntanlega.

Með beztu jólaóskum til yðar og þeirra.

Yðar einlægur,

(undirritað) *J. Smith,*
ritari.

Þýtt eftir frumritinu.
Snæbjörn Jónsson,
skjalaþýðari og dómtúlkur í ensku.

Mjög á sömu leið er skoðun þýzka skipstjórans á togaranum Lübeck, sem Ægir og Óðinn björguðu við Selvogstanga 6. marz 1932:

„Ég vil undirstrika það, að skipstjórinn á Ægi er ákaflega duglegur maður, og gerði allt sem unnt var til að koma skipi voru aftur á flot. Aftur á móti festi Óðinn dráttarlínu sína, og aðhafðist ekki annað, meðan verið var að draga Lübeck út".

Þýðing

á bréfi frá The Steam Fishing Vessels Owners' and Underwriters' Joint Amalgamated Arbitration Committee.

Fish Docks, Grimsby, 3. okt. 1932.

Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík.

Háttvirtu herrar.

Sem atvinnurekendum þykir oss það alvarleg fregn, að varðskipinu *Ægi* hafi verið lagt upp til viðgerðar og að skipherra (Einar) Einarsson hafi nú um hríð ekki haft skipstjórn á hendi.

Vér leyfum oss að biðja yður að láta oss vita, hvað það er í rauninni, sem gerzt hefir, því þetta kemur oss mjög við, sökum samnings vors frá 2. desember 1931 um björgunarstarfsemi við Íslandsstrendur.

Ef *Ægir* hefir verið tekinn frá störfum, megum vér þá gera ráð fyrir, að skipið verði bráðlega látið taka til starfa aftur, svo að það geti sinnt björgunarstörfum þar, sem á þarf að halda, eða hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að útbúa annað varðskip með nauðsynlegum köfunartækjum, dælum o. s. frv., svo að björgunarstarfsemin biði eigi hnekki við það, að *Ægi* var kippt burt, hvort sem svo er um stundarsakir eða öðruvísi?

Viðvíkjandi skipherra (Einari) Einarssyni leyfi ég mér virðingarfyllst að vekja alvarlega athygli yðar á þeim björgunum, sem þessi skipstjórnarmaður hefir af hendi innt, og að honum hefir lánazt að bjarga skipum vorum, þar sem við hina mestu erfiðleika hefir verið að etja, og vér mundum meta það mjög mikils, ef þér gætuð fullvissað oss um, að vér munum eiga kost á aðstoð einmitt hans í náinni framtíð.

Yður er það án efa kunnugt, að vér þekkjum þennan skipherra mjög vel og verðum að viðurkenna, að hann er ákaflega dugandi og afkastamikill yfirmaður. Sannleikurinn er sá, að hann er einn hinn allra bezti þeirra, er vér höfum nokkru sinni komizt í kynni við til björgunarstarfsemi. Hann er algerlega ódeigur, mjög fær yfirmaður og hefir fulla stjórn á mönnum sínum. Það er víst um það, að hann kann verk sitt og vinnur það vel.

Félagssamband vort mundi þess vegna að sjálfsögðu helzt kjósa, að í þessu efni yrði engin breyting gerð, því svo gæti farið, að hverskonar breyting á skipstjórninni hefði alvarlegar afleiðingar fyrir hagsmuni vora.

Vér biðjum yður að gera svo vel og láta oss vita, hverjar fyrirætlanir yðar eru, og með tilliti til þess, að þér hafið að undanförnu látið oss svo ágæta aðstoð í té, væntum vér þess, að sneytt verði hjá þeim breytingum, sem ekki eru

óumflýjanlegar. Vér þökkum yður fyrir vinsamlega athugun málsins og biðum þess að hafa þá ánægju að heyra frá yður.

Virðingarfyllst,

(undirritað) *J. Smith,*
ritari.

Þýtt eftir enska frumritinu.
Snæbjörn Jónsson,
skjalaþýðari og dómtúlkur í ensku.

Fylgiskjal III.

Útdráttur úr „Ægi", okt. 1933.

Ágengni togara.

Í sumar hafa verið óvenju margir togarar að veiðum úti fyrir Austfjörðum. Hafa þeir verið á slóðum, þar sem vart hafa sézt togarar áður. T. d. kringum Færabak, við Skrúðinn utan og sunnan verðan, einnig á milli Seleyjar og Skrúðs, á Vaðlavík og Sandvík, en á víkunum eru þeirra beztu landhelgismið að fornu og nýju. Gátu Fáskrúðsfirðingar vart lagt línu á sínum venjulegu fiskimiðum vegna togara. Er það vitanlega ýsan, er þeir hafa sótzt eftir. Er auðvitað lítið um það að segja, því að þar eru þeir utan landhelgi, en auk þess munu togarar ekki í manna minnum hafa stundað eins stöðugt í landhelgi og nú í sumar. Hafa að vísu oft verið mikil brögð að þessu áður, en aldrei eins og nú, svo menn viti.

Engin varðskip hafa verið á þessum slóðum. Í september komu þó bæði varðskipin austur, en daginn áður en þau komu, hurfu allir togarar úr landhelgi og þeir, sem utan landhelgi voru, færðu sig jafnvel utar. Var engu líkara en varðskipin hefðu gert boð á undan sér. Þótt svo sé vitanlega ekki, þá er það litlum vafa bundið, að einhversstaðar frá hafa togararnir fengið vitneskju um komu varðskipanna.

. . . . . .

Eskifirði, 8. október 1933.

Friðrik Steinsson.

Ed. **102. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 12500 kr. á ári til þess að greiða meðlag með fávitum frá efnalitlum heimilum, sem komið er fyrir

á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi. Þó skal ekki greiða meira en 500 kr. á ári með hverjum einstökum fávita.

Greinargerð.

Um þessar mundir er verið að ljúka byggingu á fyrsta fávitahæli á Íslandi, að Sólheimum í Grímsnesi. Munu fáir mæla, að það sé ótímabær eða óþörf stofnun, hvort sem litið er á hag fávitanna, heimila þeirra eða 50—80 ára gamlar framkvæmdir annara þjóða fávitum til líknar og leiðbeiningar. Alþingi hefir og sýnt, að það vill ekki, að vér Íslendingar séum lengur eftirbátar annara þjóða í þessum efnum, og samþykkti í fyrra að veita fyrrnefndu hæli nokkurn byggingarstyrk.

Fávitahælið er sjálfseignarstofnun, er vandað steinhús og tekur 25—30 manns. Forstöðukona þess og erlend aðstoðarkona hennar hafa dvalið árum saman við hjúkrun og kennslu á erlendum fávitahælum.

Nú bendir margt á, að allmargir fávitar geti ekki komizt á hæli þetta fyrir féleysi aðstandenda þeirra, þar sem meðgjöfin með þeim á hælinu verður 80—100 krónur á mánuði, — svipað og tíðkast á erlendum fávitahælum. Fyrir því er hér farið fram á, að ríkisstjórninni sé heimilað að greiða nokkurn hluta af meðlaginu úr ríkissjóði, þegar fátækir eiga hlut að máli. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, þegar litið er til þess stuðnings, sem ríkissjóður veitir til kennslu daufdumbra og hælisvistar fyrir geðveikt fólk.

Ed. 103. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að veita undanþágu frá skemmtanaskatti leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðarkaupstaðar, á meðan skattinum er ekki varið samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Greinargerð.

Þessi þrjú leikfélög, sem njóta opinberrar viðurkenningar og styrks frá ríkissjóði og bæjarsjóðum, hafa átt við afarþröngan kost að búa undanfarin ár. Styrkir hafa verið lækkaðir, vegna hinnar almennu fjárkreppu, og félögin hafa orðið fyrir miklum áföllum öðrum, svo að mjög hefir að þeim þrengt, og starfsemi þeirra jafnvel legið niðri með köflum.

Með því að létta af félögunum skemmtanaskattinum, sem kemur talsvert

við efnaleysi þeirra, væri þeim ekki einungis hjálpað allverulega í fjárhagslegu tilliti, heldur og á annan hátt rétt örvandi hönd og hvatning til frekari starfa. En það er eigi þýðingarlítið atriði fyrir leiklist vora, að helztu leikfélög landsins séu í fullum blóma, þegar til þess kemur að velja leikara til leikstarfa við væntanlegt þjóðleikhús, en því eru þessi félög tilgreind, að þau eru líklegust til þess að hafa þeim leikendum á að skipa, er þar kæmu til greina.

Sþ. **104. Tillaga**

til þingsályktunar um varalögreglu.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Jón Baldvinsson, Haraldur Guðmundsson, Finnur Jónsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja þegar niður núverandi varalögreglu í Reykjavík og stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins.

Greinargerð.

Varalögregla sú, sem stofnuð var í nóvember 1932, mun nú hafa kostað ríkissjóð yfir 400 þús. kr. Hún var stofnuð án lagaheimildar og er nú þvert ofan í lög síðasta þings. Virðist því sjálfsagt að leggja hana niður tafarlaust, enda hefir hún ekkert gagn gert, en valdið mikilli tortryggni hjá alþýðu manna.

Í Reykjavík hefir nú fasta lögreglan verið aukin að miklum mun og ástæðulaust að hafa þar, né annarsstaðar, meira lögreglulið, en kostar allmikið fé og er varhugavert að ýmsu öðru leyti, enda virðist beinlínis vera til að vekja ófrið meðal manna. Virðist því sjálfsagt að fela stjórninni að láta ekki undan óskum sérstaks pólitísks flokks í bæjarstjórnum um stofnun þessa varaliðs, sem síðan er hætt við, að skipað verði fylgismönnum þessa flokks.

Nd. **105. Tillaga**

til þingsályktunar um launakjör.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að lækka frá næsta nýári, eftir því sem við verður komið vegna gerðra samninga, launagreiðslur til þeirra starfsmanna ríkisins og stofnana þess, sem laun taka utan launalaga, þannig að launin verði í sem beztu samræmi við launagreiðslur samkvæmt launalögum.

Greinargerð.

Frá næsta nýári fellur niður dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins samkvæmt gildandi lögum. Við það kemur fram enn meira ósamræmi en þó er nú milli launa, sem greidd eru samkv. launalögum, og annara launagreiðslna ríkisins. Einsætt er, að slíkri samræmingu í launagreiðslum verður að koma í framkvæmd hið bráðasta og jafnóðum og unnt er sökum samninga.

Ed. 106. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um sundhöll í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Í fjárlögum er styrkur til byggingar sundlauga miðaður við það, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar, og í lögum um sundhöll í Reykjavík frá 1928 virðist vera gengið út frá sömu reglu, með því að framlag ríkissjóðs eftir þeim lögum (100 þús. kr.) miðast við jafnmikið framlag úr bæjarsjóði. Nú hefir komið í ljós, að sundhöllin kostar uppkomin miklu meira en 200 þús. kr., eða eftir lauslegri áætlun nú allt að hálfri milljón króna. Framlagið úr ríkissjóði, sem þáltill. gerir ráð fyrir, yrði þá ekki nema ⅕ byggingarkostnaðar. Þó að sumir nefndarmenn líti svo á, að bæjarsjóður Reykjavíkur ætti að fá hlutfallslega jafnmikinn styrk til sundhallarinnar og önnur héruð landsins til byggingar sundlauga, þá er ekki farið fram á það í tillögum n., heldur varð samkomulag um það, að leggja til, að ríkissjóður skuli leggja fram til byggingar sundhallar í Reykjavík ⅖ hluta byggingarkostnaðar. Telur nefndin þetta því sjálfsagðara, sem ríkisstjórninni var eftir lögunum frá 1928 ætlað að samþykkja uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Í stað orðanna „enda sé .... 1. okt. næstk.“ komi: á árinu 1934, enda verði verkinu haldið áfram með hæfilegum hraða og því lokið svo fljótt sem unnt er. Ennfremur ákveður Alþingi að leggja til viðbótar það, sem á vantar, til þess að framlag ríkissjóðs samsvari ⅖ alls kostnaðarins, eigi síðar en ári eftir að verkinu er lokið.

Alþingi, 21. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form.	Kári Sigurjónsson, fundaskrifari.	Jón Baldvinsson, frsm.

Ed. 107. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað, að eftir ákvæðum frv. yrði iðnaður sá, sem notar óbrenndar kakaóbaunir að hráefni, mjög hart úti og jafnvel alveg útilokaður úr landinu. Eigi hefir náðst alveg fullt samkomulag um, hvernig skuli ráðin bót á þessu, en við þessa umr. flytur nefndin þá brtt., sem skráð er hér að neðan. Með henni er m. a. farið fram á að hækka aðflutningsgjald á suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði úr 75 au. upp í 1 kr. á kg., og eru nefndarmenn sammála um að telja þetta ekkert athugavert að því er suðusúkkulaði snertir. Aftur á móti þætti æskilegt að komast hjá hækkun tollsins á iðnsúkkulaði, og áskilur einn nefndarm. sér að koma fram með brtt. við tillögu nefndarinnar þar að lútandi, en tveir nefndarmenn hafa eigi að svo stöddu séð leið til að aðgreina svo iðnsúkkulaði frá suðusúkkulaði, að framkvæmanlegt yrði að hafa mismunandi toll á þeim tegundum.

Samkvæmt þessu flytur nefndin eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. frv. Liðirnir 12. og 13. orðist svo:

12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaódeigi kr. 1.00 af hverju kg.
13. a. Af kakaódufti 50 aura af hverju kg.
    b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum, 50 aura af hverju kg.
    c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum, 35 aura af hverju kg.

Alþingi, 21. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson, með fyrirvara.

Ed. 108. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Þar sem í þessu frumvarpi er tekin ákvörðun um takmörk dráttarvaxta við Söfnunarsjóð Íslands, litur nefndin svo á, að sú ákvörðun nái einnig til dráttarvaxta af eldri lántökum við söfnunarsjóðinn. Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Í stað orðanna „greiða ¾ %“ komi: greiða 1%.

Alþingi, 21. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form.	Kári Sigurjónsson, fundaskr., frsm.	Jón Baldvinsson.

Nd. 109. Tillaga

til þál. um, að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

Flutningsm.: Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota það, sem eftir er ónotað af fjárveitingu samkv. lögum nr. 58 19. maí 1930, og veitt var til dýpkunar á innsiglingu, fullnaðarviðgerðar hafnargarðanna o. fl. í Vestmannaeyjahöfn, til þess að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum fyrir höfnina.

Greinargerð.

Með fullnaðarbyggingu hafnargarðanna í Vestmannaeyjum voru fengin skilyrði fyrir því, að koma þar upp stórskipabryggju, sem nú hefir verið fullgerð að mestu leyti. Venjuleg flutningaskip, sem til Eyjanna koma, nota nú þessa bryggju að jafnaði, en sökum þess hve höfnin er grunn, notast bryggjan ekki eins og skyldi; skipin taka niðri um fjöru, og er að því hinn mesti bagi. Auk þess er innsiglingin, þegar lágsjávað er, allt of grunn, jafnvel fyrir suma vélbátana, sem ganga frá Eyjum. Vitamálaskrifstofan hefir nú gert fullnaðaráætlun um nauðsynlegustu mannvirki innan hafnarinnar, en þar kemur fyrst og fremst til greina dýpkun, bæði innsiglingarinnar og svo í kringum stórskipabryggjuna. Samfara dýpkuninni er svo ætlazt til þess að fylla upp með sandi þeim, sem mokað er frá botni, og þannig búa til nýtt land og lóðir undir byggingar meðfram höfninni.

Öllum ber saman um, er til þekkja, að nauðsynlegt sé fyrir höfnina sjálfa að eiga dýpkunartæki við hennar hæfi. Með því er mögulegt að taka fyrir árlega til dýpkunar vissa hluta hafnarinnar, og þá auðvitað fyrst og fremst þá, er að ofan greinir. Talið er líklegt, að slík tæki með tilheyrandi skipi (pramma) muni kosta kringum 100 þús. kr. Finnbogi Rútur Þorvaldsson verkfræðingur er nú á ferð ytra til þess meðfram að leita fyrir sér um kaup á hentugum dýpkunartækjum fyrir Vestmannaeyjar, en hann er manna kunnugastur staðháttum og öðru því, er til greina getur komið, þegar ákveða skal, hverskonar dýpkunar-

tæki séu hentugust fyrir Vestmannaeyjar. Með þáltill. er ekki farið fram á neina nýja fjárveitingu til hafnarinnar í Vestmannaeyjum, heldur aðeins það, að sú fjárupphæð, sem ónotuð er, en veitt var samkv. lögum þeim, er að ofan greinir, sé notuð í ákveðnu skyni, sem sé til að gera það kleift, að Vestmannaeyjar eignist nauðsynleg tæki til dýpkunar hafnarinnar, en það verður á þessu stigi málsins að teljast nauðsynlegt skilyrði fyrir öllum framkvæmdum, er miða að því að bæta höfnina að innanverðu og aðstöðu kaupstaðarins til að færa sér hana í nyt.

Nd. 110. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Flutningsm.: Finnur Jónsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði ⅔ hlutar kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, gegn ⅓ hlutum úr hafnarsjóði Ísafjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Ísafjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins árlega.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hafnarnefndarinnar á Ísafirði, sem gerir kröfu til þess, að hafnarlög kaupstaðarins séu samræmd við hafnarlög þau, sem sett hafa verið hin síðari ár, að því er snertir áætlað framlag ríkissjóðs til hafnarbóta þar. Er krafan borin fram með tilliti til þess, að í undirbúningi er að koma upp sérstakri fiskibátahöfn eða kví á Ísafjarðarpolli, sem er hið mesta nauðsynjamál fyrir útgerðina þar, svo og dýpka innsiglingarleiðina inn á höfnina. Verður þó ekki farið fram á fjárveitingu í því skyni að svo stöddu, en tryggara þykir, að úrelt ákvæði hafnarlaganna séu ekki til fyrirstöðu þegar að því kemur, að réttmætt þykir og kleift að veita fé úr ríkissjóði til þessa nauðsynlega fyrirtækis.

Ed. 111. Þingsályktun

um húsnæði handa Tónlistarskóla Íslands í þjóðleikhúsinu.

(Afgreidd frá Ed. 21. nóv.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvort ekki væri hægt að láta Tónlistarskóla Íslands fá húsnæði í þjóðleikhúsinu.

Ed. 112. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og um varnargarða við Þverá.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni á sumri komanda:

a. Að greiða Búnaðarfélagi Íslands allt að 2500 kr. lokastyrk til að fullgera kort og áætlanir um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.
b. Að greiða 9 þús. kr., gegn ⅛ annarsstaðar að, til að halda áfram að gera varnargarða gegn ágangi Þverár, frá Múlakoti og inn fyrir Fljótsdal.

Greinargerð.

Alþingi hefir veitt um 27 þús. kr. til að gera mælingar og kort af vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, og á þessum rannsóknum eru byggðar framkvæmdir þær, sem gerðar hafa verið til samgöngubóta á þessu svæði á undanförnum árum. Samt er verkinu ekki fulllokið, og er talið, að sú upphæð, sem hér er beðið um, myndi nægja til að ljúka verkinu. Þykir sjálfsagt að hætta ekki við svo þýðingarmikið verk, án þess að því sé fullkomlega lokið.

Í fyrravor og sumar var unnið að því að gera nokkra straumbrjóta, til að varna landbroti af hálfu Þverár, á hið fagra undirlendi innan við Hlíðarenda. Hefir það borið góðan árangur. En nú leitar fljótið á land Múlakots og jarðirnar þar fyrir innan. Gæti svo farið, að áin gæti brotið landið bak við varnargarða þá, sem nú eru reistir, og eyðilagt allt sléttlendið. Kunnugir menn telja, að ef unnið væri nú í vetur og vor jafnmikið og í fyrra, myndi mega stöðva framrás Þverár á umrædd býli í Fljótshlíð. Væri það mikill ávinningur, ef nú væri tekin ákvörðun um, hvað framkvæma skyldi í þessu efni á næsta ári, með því að verkið getur orðið til muna ódýrara, ef það er unnið í vetur, og grjótið úr hlíðinni flutt að einhverju leyti á sleðum fram að ánni.

Ed. 113. Tillaga

til þingsályktunar um varnir gegn landbroti af Þverá í Rangárþingi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir, að samkvæmt lögum nr. 27 frá 23. júní 1932 ber ríkissjóði að annast ⅞ hluta kostnaðar við varnir gegn ágangi Þverár í Fljótshlíð innan við Hlíðarenda, ef sýslan eða landeigendur fyrir atbeina sýslunefndar bera ⅛ hluta kostnaðarins.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk bænda í Fljótshlíð, sem eiga í vök að verjast af ágangi Þverár, og vilja fúslega leggja fram krafta sína til að verja jarðirnar gegn landbroti, en hafa alls ekki bolmagn til að leggja meira fram til þessa verks en þann áttunda hluta kostnaðar, sem lögin gera ráð fyrir.

Ed. **114. Tillaga**

til þingsályktunar um áveitur.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um viðhald og eftirlit allra hinna stærri áveitufyrirtækja, er styrkt hafa verið af ríkisfé, og skal bent á það sem eðlilegustu leið, að Búnaðarfélagi Íslands verði falið eftirlitið. — Jafnframt þykir æskilegt, að samræmdar verði, svo sem verða má, með lagasetningu, er stjórnin undirbúi, stofnkostnaðargreiðslur þeirra, sem að áveitunum búa, svo að þeir, sem hlutfallslega hafa orðið harðast úti, nái jafnrétti við hina, er hafa fengið sanngjarnasta skipun þeirra mála sinna.

Loks skal ríkisstjórninni falið að láta kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á aðaláveitusvæðunum, og koma því máli til framgangs, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíks sé þörf.

Greinargerð.

Þegar þess er gætt, að ríkið hefir lagt fram stórfé til framkvæmda ýmsum áveitum hér á landi, en hinsvegar lítil umsjá, er til starfrækslu og eftirlits þeirra fyrirtækja kemur, og engum samfelldum lagareglum eftir að fara í þeim efnum, þá er auðsætt, hve aðkallandi það er, að þessum mikilvægu framkvæmdum sé nægur gaumur gefinn, og viðhald þeirra og eftirlit skipulagt fyrir forgöngu og með handleiðslu þeirra, sem þar mega teljast hinir sjálfsögðu aðilar, þ. e. ríkisstjórnar og Búnaðarfélags Íslands.

Þar sem farið er fram á það í tillögunni, að fengin verði með lagasetningu samræming á stofnkostnaðargreiðslum þeirra, sem eiga að áveitunum að búa, þá er þar sérstaklega átt við það, að kalla má, að Flóaáveituskuldirnar væru færðar í mjög sanngjarnt horf með lögum frá síðasta þingi, en önnur stóráveita þar í nágrenni, Skeiðaáveitan, býr enn að miklu verri kjörum um greiðslur skuldanna.

Oft hefir rætt verið og margar tillögur samþykktar um stofnun tilraunabús, og að nokkru leyti með hliðsjón til áveitufranmkvæmdanna, en það hefir aldrei orðið meira en ráðagerðin. Hér er einungis miðað við tilraunastöð eða tilraunabú á einhverju aðaláveitusvæðinu, og þegar athugað er, hve öll reynsla

og þekking er hér ennþá skammt á veg komin um það, hvernig áveitunum verði bezt hagað, um gróður áveitulandanna og búpeningsfóðrun í sambandi við áveituheyin, þá mun fáum blandast hugur um, að tilraunastöð er enginn óþarfi.

Þegar á allt þetta er litið, er fljótséð, að of mikið er í hófi til þess að forsvaranlegt sé að fresta gaumgæfilegum undirbúningi, og er ætlazt til, að stjórnin noti þar til rannsókna og aðstoðar þá þekkingu og þann starfsafla, sem ríkið sjálft hefir yfir að ráða. Og þegar bent er hér á Búnaðarfélag Íslands og athuguð eru hin eðlilegu verkefni þess og starfssvið, þá verður naumast um það deilt, að réttast muni, að undirbúningur sá, sem hér um ræðir, og síðan umsjáin með áveitunum, verði því falin, undir sjálfsagðri yfirstjórn ríkisins.

Nd. 115. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskj. 69 [Kosningar til Alþingis.]

Frá Hannesi Jónssyni.

Fyrsti málsliður annarar málsgreinar fellur burt.

Nd. 116. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Jóhann Jósefsson, Jón Ólafsson, Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða 5 mönnum, er rannsaki, eftir því sem við verður komið, og geri tillögur um:

1. Hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu. Sérstaklega skal nefndin taka til athugunar fækkun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, samræming á launum þeirra, og að sú venja sé afnumin, að embættis- og starfsmenn þessir fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættis- eða sýslunarstarfi þeirra.
2. Hvernig draga megi úr kostnaði við skipaútgerð ríkisins, án þess þó að samgöngur verði lakari.

Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. 117. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Rétt til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða eiga allir, karlar og konur, sem:

1) eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2) eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3) eru fjárráðir,
4) hafa óflekkað mannorð,
5) hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal þá tafarlaust leiðrétta kjörskrár í öllum kaupstöðum landsins til samræmis við ákvæði laga þessara.

Nd. 118. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði, og lögum nr. 21 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Jakob Möller.

1. gr.

1. gr. laga nr. 21 27. júní 1925 skal orða svo:

Sama vald veitist bæjarstjórnum Vestmannaeyjakaupstaðar og Reykjavíkur, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæjarstjórnir og bæjarfélög Vestmannaeyja og Reykjavíkur.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 86 14. nóv. 1917 kemur ný grein, svo hljóðandi, sem verður 6. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

Nú er svo ástatt, að hreppsnefnd þykir brýn nauðsyn bera til að gera samþykkt fyrir hreppinn samkvæmt lögum þessum eða breyta áður gerðri samþykkt, en svo er langt til reglulegs sýslufundar, að ekki þykir mega draga til þess

tíma að setja samþykktina, og getur þá hreppsnefndin gert samþykkt til bráðabirgða, enda er sú samþykkt háð ákvæðum 2., 4. og 5. gr. um fundarsamþykki, staðfestingu og birtingu. Bráðabirgðasamþykkt, sem staðfest hefir verið, skal jafnan borin undir næsta fund sýslunefndar. Ef sýslunefnd fellst á bráðabirgðasamþykktina óbreytta, skal það tilkynnt atvinnumálaráðuneytinu, en það birtir hana síðan sem fiskiveiðasamþykkt. Ef sýslunefnd breytir bráðabirgðasamþykkt, skal með samþykktina með áorðnum breytingum farið sem nýtt frumvarp væri, enda fellur þá bráðabirgðasamþykktin úr gildi. Bráðabirgðasamþykkt fellur og þegar niður, ef sýslunefnd synjar samþykkis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það þykir nú orðið óhjákvæmileg nauðsyn í þeim veiðistöðvum, þar sem vélbátaútgerð er rekin að vetrarlagi og sótt er á sömu mið, að hafa samkomulag um það, að allir bátarnir fari í róður á sama tíma. Með því vinnst tvennt: Í fyrsta lagi það, að bátarnir koma þá út á miðin um líkt leyti og geta því lagt lóðir sínar með hliðsjón hver af öðrum, þannig að þeir leggi ekki hver ofan í annan, en það veldur miklum erfiðleikum við að draga lóðina, og af því leiðir þráfaldlega afla- og veiðarfæratjón. Komi bátarnir aftur á móti á miðin á mismunandi tíma, verður þetta ekki umflúið.

Í öðru lagi er mikið öryggi í því fólgið, að bátarnir séu sem mest samferða í hverjum róðri, geti séð hver til annars, ef vélbilun kemur fyrir, sem oft vill verða.

Samkvæmt lögum frá 1917 um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði er heimilt meðal annars að gera samþykktir um róðrartíma, en þar er svo ákveðið, að sýslunefndum er veitt heimild til þess að gera þessar samþykktir, og gildir hið sama um breytingar á samþykktum. Nú getur svo borið að, að gera þurfi samþykktir eða breytingar á samþykkt milli reglulegra sýslufunda og að þörfin á þessu sé svo brýn, að eigi sé hægt að bíða með það til sýslufundar, en erfiðleikar á því og kostnaður að kalla sýslufund saman af þessum sökum einum. Því er hér farið fram á að veita hreppsnefndum heimild til að gera bráðabirgðasamþykktir um þetta efni, hvort heldur er um að ræða nýjar samþykktir eða breytingar á eldri samþykktum, er síðar komi undir úrskurð sýslunefndar.

Í Reykjavík er nú að rísa upp vélbátaútgerð, og má því gera ráð fyrir, að slíkra samþykkta verði þörf þar eigi síður en annarsstaðar, og það því fremur sem þaðan er sótt á sömu mið og sótt er á af bátum frá næstu veiðistöð, er samskonar útgerð er rekin. Í umgetnum lögum frá 1917 nær heimildin til þessa eigi nema til eins kaupstaðarins hér á landi, Vestmannaeyja, og er því í frv. farið fram á að láta samþykktarheimildina einnig ná til Reykjvíkur.

Nd. 119. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar".

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar" allt að 70000 kr. rekstrarlán, sem greiðist upp árlega, enda ábyrgist Akureyrarkaupstaður lánið gagnvart ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 120. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflutning á allskonar sjávarafurðum.

2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema örðuvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt og með hvaða skipi.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu, sundurliðað eftir fisktegundum og matsumdæmum.

3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

Saltfiskur verkaður og óverkaður:

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskírteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskírteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölureikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eiginn reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af farmskírteini um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskírteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutninga og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema leyfi þeirra komi til eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, varðar það sektum, 10—1000 kr. Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafið um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk Fiskifélags Íslands, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt það, að nauðsynlegt er að koma skýrslugerð vorri í hagnýtara form en nú er, að minnsta kosti að því er útflutningsskýrslur ýmissa sjávarafurða snertir.

Auk þess eru viðskipti þjóðanna meir og meir að færast inn á þær brautir, að þær gera að meira eða minna leyti kröfur til gagnkvæmra viðskipta. Það er því nauðsynlegt að hafa við hendina aðgengilegar mánaðarskýrslur yfir helztu útflutningsvörur vorar og til hvaða landa þær eru fluttar.

Að vísu er hægt að fá þessar upplýsingar úr verzlunarskýrslum hagstofunnar, en þær skýrslur koma ekki út fyrr en eftir svo langan tíma, að þær koma daglegu viðskiptalífi ekki að gagni.

Það er því ekki hægt að komast hjá því að hafa auk skýrslna hagstofunnar fljótvirkara og handhægara skýrslufyrirkomulag, sem jafnframt sýnir, að svo miklu leyti sem unnt er, birgðir sömu vörutegunda, sem til eru í landinu.

Nú hefir Fiskifélaginu verið falið með lögum nr. 26/1925 að safna skýrslum um allan fisk, sem veiddur er hér við land og ætlaður er til útflutnings, og er því eðlilegast, að því sé jafnframt falið að safna bráðabirgðaskýrslum um útflutning og birgðir, enda eiga vörubirgðirnar á hverjum tíma að vera mismunurinn á útflutningi og afla eða framleiðslu einhverrar vörutegundar, að viðbættum þeim birgðum, sem til voru í landinu um síðustu áramót.

Þrátt fyrir það, þó að skýrslur þessar samkvæmt eðli sínu geti aldrei orðið nákvæmlega réttar, þá geta þær samt verið mjög nærri sanni og því mikil hjálp fyrir framleiðendur og útflytjendur til þess að ákveða verð vörunnar og gera viðskiptin öruggari.

Auk þessa hafa nú á þessu ári verið gerðir mjög þýðingarmiklir viðskiptasamningar við sumar helztu viðskiptaþjóðir vorar, og líkindi til, að samningaumleitanir verði bráðlega hafnar við fleiri þeirra. Það er því alveg bráðnauðsynlegt, að vér höfum skýrslugerð vora svo í lagi, að hún geti orðið samningsmönnum vorum sem mestur stuðningur og létt þeim starf þeirra, en þessar skýrslur eða upplýsingar voru því miður í mjög ófullkomnu lagi síðastliðið ár, eða fram að þessum tíma, og munu samningamenn vorir, t. d. þeir, sem við brezku samningana voru riðnir, hafa fundið tilfinnanlega til þess, hversu málið var illa í hendur þeirra búið og hversu skýrslugerð sú, sem þeir þurftu að styðjast við héðan að heiman, var ófullnægjandi.

Einstakar greinar frumvarpsins þurfa ekki skýringar við. Þó skal þess getið að því er ísfiskútflutning snertir, að þar er krafizt, að lagt sé fram afrit af

sölureikningum frá þeim stað, þar sem varan var seld, en slíkt er alveg óhjákvæmilegt, þar sem þungi vörunnar er að jafnaði ekki nægilega kunnur, þegar varan fer frá landinu, og auk þess er hér um vöru að ræða, sem er á því verkunarstigi, að hún léttist töluvert á leiðinni yfir hafið. Það er því alveg óhjákvæmilegt að fá sem fyllstar upplýsingar um þunga og tegund vörunnar, eins og hún er á ákvörðunarstaðnum.

Auk þess getur það í framtíðinni haft mjög mikla vísindalega þýðingu að fá skýrslurnar sundurliðaðar á þann hátt, því það er eina tækifærið, sem vér höfum til þess að fylgjast með í hlutföllunum á milli tegunda aflans og samsetning fiskimagnsins, að minnsta kosti að því er togaraaflann snertir, en botnvarpan er það veiðarfæri, sem sundurgreinir minnst tegundirnar, og má því ganga út frá því sem vísu, að hún sýni betur en nokkurt annað veiðarfæri rétt hlutfall á milli tegunda.

Það eru því þarna slegnar tvær flugur í einu höggi, fengin fullnægjandi skýrslusöfnun til undirbúnings verzlunarskýrslna, og handhægur aðgangur og efni til seinni tíma vísindalegra rannsókna.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að skýrslur þessar nái aðallega yfir magn vörunnar. Þó er gert ráð fyrir í 7. gr., að ríkisstjórnin geti, þegar henni þykir ástæða til, látið skýrslurnar einnig ná yfir verðmæti vörutegundanna.

Að öðru leyti þarf frumvarpið ekki skýringar við".

Nd. 121. Frumvarp

til laga um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. lán fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til kaupa á 3 vélbátum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir sjávarútgerð á Stokkseyri verið stunduð um langt skeið, og oft með mjög góðum árangri. Þar var og um langa stund rekin verzlun í allstórum stíl. Landbúnaður hefir þar og verið stundaður af allmörgum íbúum kauptúnsins. Meðan þessi starfsemi öll var stunduð að nokkru ráði, var hagur kauptúnsins góður og afkoma íbúa þess sæmileg. En fyrir rás viðburðanna hefir þetta breytzt mjög til hins verra hin síðari ár.

Verzlun á Stokkseyri er engin að kalla, sízt að hún sé íbúum kauptúnsins

til nokkurrar styrktar. Sjávarútgerðin hefir gengið þar mjög til þurrðar, svo að nú eru þar aðeins 6 bátar og mjög óvíst um, hvort eigendur sumra þeirra geta gert þá framvegis út þaðan.

Landbúnaður hefir þar heldur aukizt frá því, sem áður var, en hann veitir íbúum kauptúnsins hvergi nærri fullt bjargræði.

Sakir þessa ástands í atvinnuháttum íbúa kauptúnsins, sem ríkt hefir hin seinni ár, hefir atvinna hjá fólkinu verið afarrýr og það lifað við þröngan kost, og alltaf fer þetta versnandi með hverju árinu, sem líður. Vegna atvinnuleysisins hefir hag sveitarfélagsins og fólksins stórhrakað frá því, sem áður var. Hagur sveitarfélagsins sjálfs er nú hinn hörmulegasti og sveitargjöldin afarhá, þegar tekið er tillit til tekna gjaldþegnanna.

Íbúa kauptúnsins skortir með öllu fjárhagslega getu til að afla sér af eigin rammleik báta og annars, er til útgerðar þarf. Hinsvegar hafa sjómenn á Stokkseyri mikinn hug á að bjarga sér, og ekki skortir þá þekkingu og dugnað til sjósóknar, en fjármunina vantar þá.

Nú hafa þeir bundizt samtökum í því skyni að reyna að afla sér báta til útgerðar, og hafa óskað þess, að ég flytti þetta mál á Alþingi. Lendingarbætur hafa verið gerðar allverulegar á Stokkseyri hin síðari ár, og hefir innsiglingin þar við það batnað stórkostlega, svo að hana má nú venjulegast telja allsæmilega. Sjávarútgerð er þess vegna nú miklu tryggari frá þessum stað heldur en hún áður var.

Það er alveg ljóst, að ef ekkert verður gert nú á þessu þingi til að greiða fyrir íbúum kauptúnsins, svo að þeir geti aflað sér báta til útgerðar, þá getur ekki hjá því farið, að á næsta ári þarf það opinbera að veita þeim allmikla fjárhæð til atvinnubóta. Það er því ekkert vafamál, að miklu hyggilegra og hagkvæmara er að veita þeim þennan stuðning, sem hér er farið fram á, svo að þeir geti bjargað sér sjálfir, heldur en að láta þá hafa fé úr ríkissjóði til atvinnubóta. Íbúar kauptúnsins hafa mikinn hug á að bjarga sér sjálfir, og það opinbera þarf að hjálpa þeim til þess. Þetta er bjargráðaráðstöfun fyrir íbúa Stokkseyrar, sem ég vona, að þeim nægi, ef hún kemst í framkvæmd, og er þeim hugþekkust, úr því sem gera er, og verður ríkissjóði langódýrust.

Nánar í framsögu.

Ed. 122. Stjórnarskipunarlög

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Afgreidd frá Ed. 22. nóv.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Nd. 123. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindunum, að samningur um gjaldþrotaskipti, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn þann 7. nóvember 1933, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli koma í gildi. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að setja frekari ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg til þess að framfylgja greindum samningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

1. gr.

Gjaldþrot, sem úrskurðað hefir verið í einhverju samningsríkjanna, nær einnig til eigna skuldunauts í hinum ríkjunum.

Um meðferðina á slíkum eignum gilda, sé ekki öðruvísi ákveðið í eftirfarandi greinum, lagaákvæði þess ríkis, sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð í, um

þær takmarkanir, sem gjaldþrotið hefir í för með sér á umráðarétti skuldunauts yfir eignum sínum, svo og um það, hvaða eignir tilheyri búinu, eða sem hægt er að draga undir það með riftun gerninga, um réttindi og skyldur skuldunauts meðan stendur á gjaldþrotaskiptum, um stjórn og meðferð búsins, um rétt kröfuhafa og annara rétthafa til þess að leita fullnægju í gjaldþrotabúinu, og um úthlutun, nauðasamninga, og önnur lok gjaldþrotaskipta.

Eignir, sem ekki verða yfirleitt notaðar til fullnægju kröfuhafa samkvæmt lögum þess lands, þar sem þær eru, verða ekki dregnar inn í búið.

2. gr.

Verði í einhverju samningsríkjanna úrskurðað gjaldþrot, sem nær til eigna í einhverju hinna ríkjanna, skal skiptaráðandi auglýsa úrskurðinn um gjaldþrotaskipti þegar í stað í hinu síðartalda ríki, í blaði því, er flytur opinberar tilkynningar. Skiptaráðandi skal, samkvæmt þargildandi lögum, einnig annast um þinglýsingu, innfærslu í fasteignaskrá, í skipaskrá eða aðra opinbera skrá.

Öllum þeim kröfuhöfum í hinum ríkjunum, sem kunnugt er um, skal send sérstök tilkynning um gjaldþrotið, nema því aðeins, að krafan verði tekin til greina án þess að henni sé lýst í búið. Kröfuhöfum í hinum ríkjunum skal einnig gefin tilkynning um mótmæli, sem eru sett fram gegn kröfum þeirra.

3. gr.

Dómstólar samningsríkjanna skulu, samkvæmt beiðni skiptaráðanda í einhverju hinna ríkjanna, annast um uppskrift eigna, sem í ríkinu eru, og geymslu þeirra til bráðabirgða; þeir skulu einnig annast um sölu eigna, sem ekki er ráðlegt að geyma.

Að öðru leyti geta skiptaráðendur, að því er snertir eignir, sem eru í öðru ríki en því, sem gjaldþrotin eru úrskurðuð í, óskað aðstoðar yfirvaldanna, á sama hátt og þarlendir skiptaráðendur.

Slíka beiðni má senda beint til hlutaðeigandi yfirvalds. Krefjast má fyrirframgreiðslu kostnaðar vegna aðstoðarinnar, ef það telst nauðsynlegt.

Skjölum, sem rituð eru á íslenzku eða á finnsku, skal fylgja löggilt þýðing á dönsku, norsku eða sænsku.

4. gr.

Um það, hvort þinglýsing eða innfærsla í fasteignaskrá sé skilyrði fyrir því, að löggerningar, sem skuldunautur hefir gert fyrir gjaldþrotið um fasteign og það, sem henni tilheyrir, hafi gildi gagnvart gjaldþrotabúi, svo og um riftun slíkra gerninga, fer eftir lögum þess lands, þar sem fasteignin er. Sama gildir um það, hvort þinglýsing gjaldþrotsins sé nauðsynleg til þess að hindra, að löggerningar, sem skuldunautur gerir, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, um slíka eign, séu bindandi fyrir búið. Hliðstæðar spurningar um skrásett skip eða flugvél, eða um hluta í skipi eða flugvél, skulu leystar samkvæmt lögum heimalands skipsins eða flugvélarinnar.

Sé svo ákveðið í lögum einhvers samningsríkjanna, að þinglýsing, skrásetning eða önnur birting sé skilyrði fyrir því, að afhending eða sjálfsvörzluveð í öðrum lausafjármunum en þeim, sem nefndir eru í fyrstu málsgrein, hafi gildi

gagnvart þrotabúi, þá skal farið eftir lögum þessa ríkis að því er snertir gildi sliks gernings og um riftun hans, ef fjármunirnir eru þar við byrjun gjaldþrotaskipta.

Um áhrif gjaldþrots á rétt, sem orðið hefir til við fjárnám eða lögtak, fer eftir lögum þess lands, þar sem gerðin hefir verið framkvæmd.

5. gr.

Um rétt veðhafa til þess, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, að leita fullnægju í veðinu, skal farið eftir lögum þess ríkis, þar sem veðið er við byrjun gjaldþrotaskipta. Þetta ákvæði gildir á sama hátt þegar um er að ræða fullnægju vegna haldsrétts.

Um áhrif gjaldþrotsins á heimildina til þess að halda áfram fullnægjugerð samkvæmt fjárnámi eða lögtaki, skal farið eftir lögunum í því ríki, þar sem gerðin er framkvæmd.

6. gr.

Reglurnar um sölu fjármuna, er tilheyra gjaldþrotabúi, ákvarðast af lögum þess ríkis, sem fjármunirnar eru í.

7. gr.

Um forgangsrétt kröfu fyrir öðrum kröfum til fullnægju í ákveðnum munum, sem við byrjun gjaldþrotaskipta eru í einhverju hinna ríkjanna, svo og um röð sérstakra forgangsréttinda, veðréttinda, og tryggðra réttinda í slíkum munum, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem fjármunirnir eru við byrjun gjaldþrotaskipta. Þessi sérstöku réttindi ganga á undan almennum forgangskröfum.

Um forgangsrétt fyrir sköttum og öðrum opinberum gjöldum, sem jafnað hefir verið niður í öðru samningsríki en því, þar sem gjaldþrot hefir verið úrskurðað, fer eftir lögunum í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum hefir verið jafnað niður. Um forgangsrétt fyrir húsaleigu fer, ef húseignin er í öðru ríki en því, þar sem gjaldþrotið var úrskurðað, eftir lögunum í því ríki, þar sem húseignin er. Forgangsrétturinn nær aðeins til eigna í því ríki, þar sem sköttunum eða gjöldunum er jafnað niður, eða húseignin er í. Sé um sérstakan forgangsrétt að ræða, fer um skuldaröðina samkvæmt fyrstu málsgrein. Sé forgangskrafan hinsvegar venjuleg, gengur hún á undan öðrum almennum forgangskröfum. Um röð milli venjulegra forgangsréttinda fyrir sköttum og sérstakra forgangsréttinda, sem getur um í 1. málsgr., fer, þrátt fyrir ákvæðin í nefndri málsgrein, eftir lögunum í því ríki, þar sem skatturinn er lagður á. Að öðru leyti er ekkert ákveðið í samningi þessum um það, hvort fullnægju verði leitað í gjaldþrotabúi fyrir sköttum og gjöldum, sem er jafnað niður í öðru af ríkjunum en því, þar sem gjaldþrotin hafa verið úrskurðuð.

8. gr.

Að svo miklu leyti sem framkvæmd undanfarandi ákvæða er því háð, hvar fjármunirnir eru, skal krafa, er tilheyrir þrotamanni, álítast vera í því ríki, þar sem gjaldþrotaskiptin eru úrskurðuð. Sé krafan bundin við skuldabréf eða annað skjal, sem framvísa þarf til þess að koma fram kröfunni, þá skal hún þó álítast vera í því ríki, þar sem skjalið er.

Skrásett skip eða flugvél telst vera í því ríki, þar sem það á heimilisfang, nema við framkvæmd 6. gr.

9. gr.

Ákvæði samnings þessa gilda ekki um rétt eða skyldu þrotabús til þess að ganga inn í samning, gerðan af skuldunaut, sem ekki er alveg fullnægt af beggja hálfu við byrjun gjaldþrotaskipta.

10. gr.

Ákvæðin í samningi, er undirritaður var þann 16. marz 1932, um viðurkenningu og fullnægju dóma og sátta, skulu einnig gilda um dóma og sættir um riftanir og aðra ónýtingu réttargerninga vegna gjaldþrota, sem hefir verið úrskurðað í einhverju samningsríkjanna.

Endanlegur úrskurður réttar í einhverju samningsríkjanna, er staðfestir skuldasamninga í gjaldþrotabúi, skal hafa gildi einnig í hinum ríkjunum.

Ákvæði þessi gilda enda þótt gjaldþrotið nái til eigna í einu eða fleirum ríkjanna.

11. gr.

Samningur þessi gildir því aðeins um dánarbú, sem tekin eru til gjaldþrotaskipta, að ríkin hafi gert með sér samning um meðferð dánarbúa að öðru leyti.

12. gr.

Samningur þessi nær einnig til opinberrar skiptameðferðar (Likvidation) á bönkum, svo framarlega sem skiptameðferðin, samkvæmt lögum þess lands, þar sem bankinn hefir aðsetur sitt, útilokar gjaldþrotameðferð.

Í tilkynningu þeirri, sem um ræðir í 2. grein, skal tekið fram, að skiptameðferðin sé þess eðlis, að samningurinn nái til hennar.

13. gr.

Hafi rétturinn, sem úrskurðaði gjaldþrotið, byggt heimild sína til þess á öðru en því, að skuldunautur eigi eða hafi við dauða sinn átt heimilisfang í ríkinu, eða félag eða stofnun, sem tekin er til gjaldþrotaskipta, eigi heimilisfang í landinu, þá skal þetta tekið fram í úrskurðinum um gjaldþrotaskipti. Ef það er gert, gildir samningurinn ekki um gjaldþrotaskiptin. Gjaldþrotaskiptunum er hægt að halda áfram, enda þótt gjaldþrot verði seinna úrskurðað í einhverju hinna samningsríkjanna.

14. gr.

Hugtakið „skiptaráðendur“ í þessum samningi nær einnig til skiptaréttar og skiptadómara (Konkursdommeren).

15. gr.

Tilraun til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar, sem byrjað hefir verið á í einhverju samningsríkjanna, útilokar, að byrjað sé á gjaldþrotameðferð eða tilraun til nauðasamninga í hinum ríkjunum, og hafa þar í för með sér sömu takmarkanir í heimildinni til þess að leita fullnægju með þvingunarráðstöfun eins og tilraun til nauðasamninga í heimalandinu.

Ef tilraun til nauðasamnings leiðir til þess, að slíkur samningur verður staðfestur, þá skal hann einnig verða bindandi í hinum ríkjunum.

Ákvæðin í 13. gr. gilda á tilsvarandi hátt.

16. gr.

Ef beiðni um gjaldþrotameðferð eða um tilraun til nauðasamninga hefir verið send rétti áður en samningurinn gengur í gildi, þá nær hann ekki til þeirra skipta.

17. gr.

Samningur þessi skal fullgiltur, og fullgildingarskjölin skulu sett til vörzlu í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins danska, eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi milli þeirra ríkja, er þá hafa fullgilt hann 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að minnst þrjú samningsríkjanna hafa afhent fullgildingarskjöl sín að samningnum. Með tilliti til þeirra ríkja, er seinna fullgilda samninginn, gengur hann í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá því að fullgildingarskjalið var afhent.

Sérhvert samningsríkjanna getur, gagnvart sérhverju hinna ríkjanna, sagt upp samningnum til þess að ganga úr gildi næsta 1. janúar eða 1. júlí eftir að eitt ár er liðið frá uppsögninni.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett undir hann innsigli sín.

Gert í Kaupmannahöfn í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna snertir í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og öðrum fyrir Svíþjóð, þann 7. nóvember 1933.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að beiðni forsætisráðherra. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Eftir að Norðurlandaríkin fimm höfðu, þann 16. marz 1932, gert með sér samning um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra, hafa fulltrúar sömu ríkja undirbúið norrænan samning um gjaldþrotaskipti.

Það eru ekki í íslenzkum lögum almennar reglur um, hvaða afleiðingar úrskurður um gjaldþrot, sem kveðinn hefir verið upp erlendis yfir þar búsettum manni, skuli hafa á Íslandi. Til þess að koma á jöfnuði milli kröfuhafa í gjaldþrotabúi myndi það hinsvegar hafa verulega þýðingu, að gjaldþrot, sem úrskurðað hefir verið í einhverju ríki, yrði viðurkennt í öðrum ríkjum, þar sem eignir eru, sem tilheyra þrotamanni. Lög hinna ýmsu ríkja um þetta efni eru hinsvegar svo ósamræm, að þess er ekki að vænta, að alþjóðafyrirkomulagi verði hægt að koma á þar um, en fyrir Norðurlönd víkur málinu öðruvísi við, af því að ekki er hægt að segja, að löggjöf landanna sé svo ólík, að hún útiloki, að gerður sé samningur milli þessara ríkja til þess að tryggja sem mestan jöfnuð milli kröfuhafa í gjaldþrotabúi. Vegna innbyrðis viðskipta ríkjanna væri einnig hentugt að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á gjaldþrotum, og setja samningsákvæði um, hvaða áhrif gjaldþrot, sem úrskurðað hefir verið í einhverju ríkjanna, skuli hafa á eignir, sem þrotamaður kynni að eiga í einhverju hinna ríkjanna, og setja nánari ákvæði um meðferð slíks gjaldþrotabús.

Með þetta fyrir augum hafa fulltrúar Norðurlandaríkjanna undirbúið

samning, er tryggir gagnkvæma viðurkenningu á gjaldþroti, sem úrskurðað hefir verið í einhverju samningsríkjanna, og sem einnig ræðir um meðferð eigna, sem þrotamaður kynni að hafa átt í einhverju hinna ríkjanna.

Með samningnum, sem var undirritaður í Kaupmannahöfn þann 7. nóvember 1933, á því að víkja frá því fyrirkomulagi, sem gilt hefir, að t. d. bæði íslenzkir og danskir skuldheimtumenn gætu lagt löghald á og gert fjárnám í eignum, sem íslenzkt þrotabú ætti í Danmörku, sbr. til dæmis eignir þrotabús Síldareinkasölu Íslands. Um gildi löggerninga snertandi fasteignir hefir þó verið talið rétt að beygja sig fyrir löggjöf þess ríkis, sem fasteignin er í (sbr. 4. gr.), og um réttarstöðu veðhafa einnig að beygja sig fyrir löggjöfinni í því ríki, sem veðið er í (sbr. 5. gr.).

Að því er snertir forgangsrétt fyrir sköttum og opinberum gjöldum var samkomulag milli samningamanna um, að ef ekki væri hægt að fá aðstoð dómstólanna í öðru ríki en því, þar sem skattar hafa verið lagðir á, til þess að innheimta skattinn — en það er almenna alþjóðareglan — skuli heldur ekki vera hægt að ná skattinum inn við gjaldþrotaskipti í öðru ríki. Samkvæmt síðasta lið 7. gr. hefir þessu atriði verið haldið utan við samninginn, en samtímis felst í 2. málsgrein 7. greinar ákvæði til tryggingar því, að fjármunir, sem eru í einhverju ríkjanna, verði eigi dregnir inn í þrotabú í öðrum ríkjum, nema því aðeins, að áhvílandi skattar með forgangsrétti til greiðslu af verðmæti þessara sömu fjármuna njóti forgangsréttar þess, sem skattarnir eiga samkvæmt lögunum í því ríki, sem fjármunirnir eru í.

Samningurinn nær, samkvæmt 12. gr. hans, einnig til skiptameðferðar á bönkum, ef skiptameðferðin, samkvæmt lögum þess ríkis, sem bankinn hefir aðsetur sitt í, útilokar gjaldþrotameðferð. Vegna erlendra viðskipta banka hefir það þýðingu, að skiptameðferð á banka í einhverju samningsríkjanna sé viðurkennd í hinum ríkjunum, en þetta er tryggt með nefndu ákvæði.

Um leið og að öðru leyti vísast til ákvæða samningsins skal þess getið, að uppkast að samningnum hefir verið lagt fyrir utanríkismálanefnd, og að nefndin hefir lýst sig því samþykka, að Ísland taki þátt í samningsgerðinni. Sama er um dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sem hefir verið aðspurt um afstöðu þess til samningsins.

Loks skal það tekið fram, að tilgangur frumvarpsins er að afla nauðsynlegrar lagaheimildar til framkvæmda á ákvæðum samningsins.“

Nd. 124 Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Hólshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum heppsnefndar Hólshrepps og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 125. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 75000 — sjötíu og fimm þúsund — krónur. Ennfremur ályktar Alþingi að veita 75000 — sjötíu og fimm þúsund — króna styrk til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands. Sé svo frá samningnum gengið, að andvirði húss og lóðar gangi og til að reisa hið nýja hús. Kaupverð og styrkur greiðist þannig, að 50 þús. kr. greiðast þegar afsal er gefið, en eftirstöðvarnar á 10 árum með jöfnum greiðslum.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:

   Tillaga til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form.	Pétur Ottesen, fundaskrifari.	Tryggvi Þórhallsson, frsm.
Þorleifur Jónsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. **126. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi):
   1. Borgarfjarðarsýsla.
   2. Mýrasýsla.
   3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Ísafjarðarkaupstaður.
8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.
10. Vestur-Húnavatnssýsla.
11. Austur-Húnavatnssýsla.
12. Akureyrarkaupstaður.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
16. Austur-Skaftafellssýsla.
17. Vestur-Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjakaupstaður.
19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn .

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Annarsstaðar skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu, og annan til vara, og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. júlí það ár til 30. júní næsta ár á eftir.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmilega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefir verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefnd-

ar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka frambjóðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn frambjóðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

27. gr.

Hver einstakur frambjóðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Á landslista skulu nöfn frambjóðenda ekki vera fleiri en 38, nema frambjóðendur flokks í kjördæmum séu fleiri samtals.

Allir frambjóðendur flokksins í kjördæmum skulu vera á landslista og í

þeirri röð, er þeir skipast í við kosninguna eftir atkvæðum þeim, er falla á þá persónulega við kosningar í kjördæmum, þannig, að sá, sem fær hæsta atkvæðatölu, standi efstur á listanum, sá, er fær hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, standi næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. þó 131. gr.). Frambjóðanda er þó heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það samtímis framboði sínu.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík eða landskjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringunum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess. Á landslista má einnig á sama hátt setja mann í sæti hins látna, ef flokksstjórn þess stjórnmálaflokks, sem listann hefir borið fram, krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 138. gr. þessara laga.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, eða, þegar um landslista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmálaflokks, sem

ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Nú hefir stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvíkjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B. C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið eða í stafrófsröð, ef flokksstjórnin hefir ekki raðað þeim, og skal tilgreina á listunum, hvort frambjóðendurnir koma til greina í uppbótarþingsæti eftir röðinni á listanum eða eftir reglum 30. gr. 3. málsgr. Nöfn frambjóðendanna skal í báðum tilfellum tölusetja í þeirri röð, sem þau eru skráð á listann.

40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í réttri röð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landslistana.

42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmálaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, tölusett í réttri röð.

43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans limbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....

(Staða).

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hefi engan annan kjörseðil frá mér sent og hefi ekki kosið annarsstaðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár).

.....

(Undirskrift kjósanda).

Að .....

(Fullt nafn kjósanda).

.....

(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibréf, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.


.....

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

Vitundarvottar (embættisstimpill nægir ekki).

.....

(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annara kjörstjóra hver í sínu umdæmi og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundargögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn, og sé neðri hlutinn ca. 6 cm. á hæð. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi.

Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 3 cm. háar og svo margar, sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur, svo marga sem frekast má.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hinsvegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins sentímetra breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í línu sér efst í skákinni skal standa bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti** .....**flokksins.** Fyrir neðan þessa línu og ofan við næsta þverstrik fyrir neðan skal vera autt bil fyrir breytingar á listanum.

Landslistum skal raðað í stafrófsröð í skákirnar.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera tölusett nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan tölusett nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** .....**flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda bráðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar,** á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin

láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, fyrsti sunnudagur í júlímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á sliku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að

breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar breyta nafnaröð, eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, gerir hann það á sama hátt sem fyrir er mælt um slíkar breytingar á landslista við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89. gr.).

69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn. Um íhlutun hans um það, í hverri röð frambjóðendur komi til greina við úthlutun uppbótarsæta, fer á sama hátt og fyrir er mælt um slíkt við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89.—92. gr.).

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

72. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað kl. 12 á hádegi, nema í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annarsstaðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnum í tæk tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnum.

82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum á landslista þeim, er hann kýs, gerir hann það á þann hátt að rita í auða bilið neðst í þeirri skák, sem landslistinn er í, tölumerki þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda á listanum, er hann vill færa til, í þeirri röð, er hann vill hafa þá á listanum, og að svo miklu leyti sem hann vill færa til nöfn eða skipa niður nöfnum. Fyrsta talan, er hann ritar, táknar að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við á listanum, skuli vera efstur, hin næsta, að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við, skuli vera næst efstur o. s. frv. Kjósandi skal gæta þess að hafa bil eða kommu milli talnanna.

Sé einhver frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim landslista, er hann kýs, sem hann vill hafna, ritar hann tölumerki þess frambjóðanda eða frambjóðenda og strikar síðan yfir tölumerkið eða tölumerkin.

90. gr.

Kjósanda, sem kýs frambjóðanda flokks eða í Reykjavík lista flokks, er jafnframt heimilt að breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á landslista hins sama flokks, og gerir hann það á þann hátt, sem fyrir er mælt í 89. gr., að öðru leyti en því, að þá setur hann ekki kross við listabókstafinn.

91. gr.

Nú eru ekki allir frambjóðendur flokks í kjördæmum á landslista flokksins, og er þá kjósanda landslistans, svo og kjósanda frambjóðanda, eða í Reykjavík lista flokksins, heimilt að bæta þeim frambjóðanda eða frambjóðendum flokksins í kjördæmi, er hann óskar, á landslistann, og gerir hann það á þann hátt að rita nafn frambjóðandans eða frambjóðendanna á landskjörseðilinn í auða bilið neðst í skák listans í þeirri röð, er hann vill láta þá koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og tölusetur hann nöfnin, ef honum þykir þurfa.

92. gr.

Ef flokkur hefir engan landslista í kjöri, er kjósanda frambjóðanda eða í Reykjavík lista flokksins heimilt að geta þess á landskjörseðlinum, í hverri röð hann vilji láta frambjóðendur flokksins í kjördæmum koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og gerir kjósandi það á þann hátt, sem í 89.—91. gr.

segir. Vilji kjósandi hafna frambjóðanda að þessu leyti, skrifar hann nafn hans og strikar síðan yfir það.

Kjósandi, sem ekki greiðir atkvæði frambjóðanda í kjördæmi (í Reykjavík lista), má og nota sér þessa heimild.

93. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvorttveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvorttveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík listar kjördæmisins.

94. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

95. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum.

96. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

97. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

98. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan

kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðslunni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

99. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

100. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

101. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 98. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

102. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

103. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn

að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 99. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

104. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

105. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

106. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

107. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 98. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 104. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæða-

kassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

108. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

109. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjördæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

110. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

111. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmálaflokks, sem landslistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta réttar landslistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

112. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að

sannfærast um, að öll innsigli séu ósköddud. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merka á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

113. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur.
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það. sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef kosið er á sama kjörseðli hvorttveggja landslisti og frambjóðandi, eða í Reykjavík landslisti og listi kjördæmisins (sbr. þó 115. gr.), eða fleiri en einn landslisti,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

114. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslisti hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á. Sama gildir um landslista, ef kjósandi hefir á landskjörseðli greitt atkvæði einhverjum frambjóðanda flokksins (sbr. 89.—91. gr.).

115. gr.

Nú hefir kjósanda orðið það á að kjósa bæði frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks og jafnframt landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn (sbr. þó 90. gr.).

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

116. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks óskar, skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

117. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í einmenningskjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefir persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur flokks í tvímenningskjördæmi eru fleiri en tveir, teljast á sama hátt landslistaatkvæðin aðeins þeim tveimur, sem flest hafa persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver eða hverjir skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 122. gr.

Við persónulega atkvæðatölu frambjóðanda flokks, sem landslista hefir ekki í kjöri, skal eftir sömu reglum leggja jafnmörg atkvæði og landskjörseðlar eru

margir, sem ritað hefir verið á nafn eða nöfn frambjóðenda flokksins, án þess að frambjóðandi í kjördæminu (í Reykjavík listi) hafi verið kosinn (sbr. 92. gr. og 117. gr. 2. málsgr.).

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

118. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

119. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem

engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

120. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

121. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

122. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

123. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

124. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 110. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

125. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi, og greina hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern landslista og hve mörg á hvern frambjóðanda persónulega, eða í Reykjavík á hvern lista kjördæmisins, svo og úr kjördæmum, þar sem tveir þingmenn eru kosnir, hvernig samkosningar hafa fallið og hverjir frambjóðendur hafa verið kosnir einir sér og hve oft, enda láti hún fylgja skilríki frambjóðendanna, eða í Reykjavík listanna, um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra. Ennfremur skal greina á skýrslunni, á hversu mörgum gildum kjörseðlum kjósendur hafa breytt nafnaröð, eða skipað niður nöfnum, eða strikað út nöfn eða bætt nöfnum á landslista eða gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal kjörstjórn ganga frá í böggli öllum þeim gildum kjörseðlum, sem slík áritun er á, innsigla bögguinn og senda landskjörstjórn í ábyrgðarpósti jafnframt skýrslunni. Skrifa frambjóðendur eða umboðsmenn undir skýrsluna ásamt yfirkjörstjórn, ef viðstaddir eru.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

126. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppbótarþingsæta.

127. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 125. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

128. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

129. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmenningskjördæmum.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í Reykjavík.

3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.

4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.

5. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.

6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

7. Jafnmörg atkvæði og landskjörseðlar eru margir, sem ritað hefir verið á nafn eða nöfn frambjóðenda flokksins, án þess að frambjóðandi í kjördæmi (í Reykjavík listi) hafi verið kosinn (sbr. 92. gr. og 117. gr. 2. málsgr.).

130. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal skrifa atkvæðatölur þeirra í röð, hverja niður undan annari, aftan við nafn síns flokks. Aftan við atkvæðatölu hvers flokks skal rita tölu þingmanna hans, kosinna í kjördæmum. Síðan skal deila tölu þingmanna hvers flokks í atkvæðatölu hans og skrifa útkomurnar aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu útkomurnar ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari (þ. e. minni munur á hinni hæstu útkomu og hinni lægstu), ef ein deilitalan (þ. e. ein þingmannatalan) hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu fyrsta uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta á útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og deila þeim hverri um sig í atkvæðatölu síns flokks (þ. e. í hinar fyrstu tölur). Útkomurnar skal enn skrifa aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu þær ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari, ef ein deilitalan hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu öðru uppbótarþingsæti til þess flokks, sem nú á hæsta útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal enn á ný skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og þannig skal halda áfram að deila tölu þingmanna hvers flokks, hverri um sig, í atkvæðatölu síns flokks, og úthluta jafnan uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta fær útkomuna, unz útkomurnar geta ekki jafnari orðið, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 122. gr.

131. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, er frambjóðendum skipað á listann í röð eftir tölu þeirra atkvæða, sem fallið hafa á þá persónulega í kjördæmunum, þannig að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir fengið, verður efstur í röðinni, sá, sem hefir fengið hlutfallslega flest gildra atkvæða í kjördæmi sínu, verður næstefstur o. s. frv. á víxl (sbr. 30. gr.). Hafi þingflokkur ekki haft landslista í kjöri, gerir landskjörstjórn honum lista og raðar á hann frambjóðendum flokksins í kjördæmum eftir sömu reglu.

Nú hafa kjósendur gert uppástungur um, í hverri röð frambjóðendur flokks, sem ekki hefir landslista í kjöri, skuli koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal þá reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 119. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla samanlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósenda á nafnaröð listans. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir reglum fyrstu málsgreinar. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 122. gr.

Því næst nemur landskjörstjórn burt af lista hvers þingflokks alla þá, sem kosningu hafa náð í kjördæmum, og ef á lista eru þá eftir tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, nemur hún einnig burt alla þá, nema þann einn fyrir það kjördæmi, sem ofar eða efst stendur á listanum.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

132. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppbótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppbótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

133. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppbótarþingsætum samkvæmt 131. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti, svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppbótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

134. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

135. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppbótarþingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

136. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 145. og 146. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

137. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

138. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 145. og 146. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

139. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

140. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefir verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

141. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 116. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

142. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmálaflokka í 28. gr. Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærur.

143. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

144. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

145. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 99. og 103. gr.).

146. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

147. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XXI. KAFLI

Kostnaður.

148. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

149. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt, eða vanrækja hana.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

150. gr.

Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 98. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 95. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

9. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem

atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 99. gr.).

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 142. gr. 5. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

151. gr.

Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir aðstoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 107. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

152. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindum í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

153. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá

sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

154. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lögin öðlast gildi.

155. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.
2. Lög nr. 36 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.
3. Lög nr. 19 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.
4. Lög nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
5. Lög nr. 11 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.
6. Lög nr. 12 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
7. Lög nr. 17 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.
8. Lög nr. 50 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
9. Lög nr. 13 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
10. Lög nr. 20 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.
11. Lög nr. 58 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.
12. Lög nr. 47 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis,

svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

XXIV. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

156. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmælts tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

157. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

158. gr.

Landskjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Ed. 127. Tillaga

til þingsályktunar um bætta landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson, Björn Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að haldið verði uppi fullkomnari landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins en verið hefir hin síðustu missiri.

Greinargerð.

Ágengni togara í landhelgi við Austfirði og norðausturland hefir aukizt svo freklega á liðnu sumri, að við verður eigi unað, að svo haldi áfram. Verða í framsögu færð fram dæmi því til sönnunar.

Nd. 128. Nefndarálit

um till. til þál. um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Fyrir nefndinni lágu, auk umsóknar hreppsnefndar Hólshrepps, umsögn og meðmæli frá vitamálastjóra og fyrrv. þingmanni kjördæmisins.

Nefndin mælir einhuga með því, að tillagan verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form.	Pétur Ottesen, fundaskrifari.	Haraldur Guðmundsson, frsm.
Tryggvi Þórhallsson.	Jón Sigurðsson.	Þorsteinn Þorsteinsson.
	Þorleifur Jónsson.	

Ed. 129. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá samgöngumálanefnd.

Símasamband við Dalatanga er bráðnauðsynlegt, bæði vegna vitans þar og veðurathugana. Vafasamt er, hvort sambandið verður jafnöruggt og nær eins vel tilgangi sínum, ef línan verður lögð frá Brekku í Mjóafirði. Samgöngumálanefnd vill því ekki fallast á þá breytingu að svo stöddu. Að öðru leyti fellst nefndin á efni frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM.

1. Fyrri málsgrein falli burt.
2. Í stað orðanna „Aftan við sömu grein bætist“ í upphafi síðari málsgr. komi: Aftan við 4. gr. laganna bætist.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Björn Kristjánsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskrifari.	Páll Hermannsson, frsm.

Nd. 130. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað tillögu þessa og leggur til, að hún verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form.	Pétur Ottesen, fundaskr., frsm.	Haraldur Guðmundsson.
Jón Sigurðsson.	Þorleifur Jónsson.	Þorsteinn Þorsteinsson.
	Tryggvi Þórhallsson.	

Ed. 131. Breytingartillaga

við frv. til l. um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 1. gr. bætist: Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að kaupa og starfrækja síldarverksmiðjuna á Raufarhöfn, ef hagkvæmir samningar nást um það.
2. Við 4. gr. Í stað „verksmiðjunnar“ komi: verksmiðjanna.

Nd. 132. Þingsályktun

um endurskoðun á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um breyt. á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu ákvæði þeirra laga samræmd ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Ed. 133. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Tillögugreinina skal orða svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðarkaupstaðar skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, á meðan skattinum er ekki varið samkvæmt þeim lögum.
2. Fyrirsögnin verði:
   Tillaga til þingsályktunar um endurgreiðslu á skemmtanaskatti um stundarsakir.

Nd. 134. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Skaðabætur þær, er hér um getur, skal greiða úr ríkissjóði.

Ed. 135. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 107 [Tolllög].

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Niður skal falla úr 12. lið: „iðnsúkkulaði".
2. Aftan við 12. lið bætist stafliður:
   b. iðnaðarsúkkulaði 75 aurar af hverju kg.
   12. liður verður stafl. a. eftir atkvæðagreiðslu.

Nd. 136. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Auk þeirra 125 þús. kr., sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 81 23. júní 1932, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Slippfélagsins í Reykjavík, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar ákveðin var upphæð sú, 125 þús. kr., sem ræðir um í lögum nr. 81 23. júní 1932, lágu aðeins fyrir bráðabirgðaáætlanir um það, hvað mundi kosta fyrirhuguð dráttarbraut í Reykjavík. Síðan hefir komið í ljós, að verkið hefir orðið talsvert dýrara en áætlað var, sem að nokkru stafar af hækkuðu verðlagi. Dráttarbrautin getur tekið upp skip, allt að 850 smálestum að stærð, og er nú búið að leggja í fyrirtækið um 400 þús. kr. En fé skortir nú til þess að fullgera verkið, svo og ennfremur til þess, að fjármálum dráttarbrautarinnar verði komið í rétt horf, sérstaklega á þann veg, að lán verði fengin til svo langs tíma, að rekstur dráttarbrautarinnar geti á eðlilegan hátt afborgað þau, en dráttarbrautin geti losnað við óhagkvæm lán, sem henni er ofurefli að afborga á stuttum tíma. Loks vantar dráttarbrautina tilfinnanlega rekstrarfé. Fáist aukin ábyrgð ríkissjóðs, svo sem farið er fram á að heimilað sé með frumvarpi þessu, má gera ráð fyrir, að hagkvæmt lán fáist handa dráttarbrautinni. Um nytsemi þessa fyr-

irtækis var rætt og ritað í sambandi við heimildarlögin frá 1932, og virðist eigi þörf að fjölyrða um þá hlið málsins, en þó má geta þess, að síðan dráttarbrautin tók til starfa hefir verið framkvæmd þar vinna fyrir hér um bil fjórðung milljónar kr., sem annars hefði að mestu farið út úr landinu. Þó hefir eðlilega ennþá allt verið á byrjunarstigi í þessu efni, en reynsla sú, sem orðin er, virðist gefa góðar vonir um, að fyrirtæki þetta verði hið gagnlegasta.“

Nd. 137. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

a. Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.
b. Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

Nd. 138. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og er sammála um, að eins og vaxtakjör eru nú, séu vextir of háir eftir núverandi lögum, en telur hinsvegar rétt að hafa nokkurt svigrúm fyrir hæð vaxta og afborgana, frá 5—6%, ef vextir kynnu síðar meir að hækka og lánskjör byggingasjóða því að verða óhagfelldari en þau eru eins og sakir standa. Geta stjórnir byggingasjóða þá ákveðið vexti og afborganir innan þessa svigrúms.

Auk þessa leiðréttir nefndin prentvillu, er slæðzt hefir inn í lögin frá 1931.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Ný grein komi á undan 1. gr.:
   Fyrir orðið „bankaábyrgð“ í 3. tölul. 2. gr. laganna komi: bakábyrgð.
2. Við 1. gr., er verður 2. gr. Í stað „5%“ komi: eigi minna en 5% og eigi meira en 6%, eftir ákvörðun hlutaðeigandi byggingasjóðs.

Alþingi, 22. nóv. 1933.

Halldór Stefánsson, form. — Jakob Möller, fundaskrifari. — Héðinn Valdimarsson, frsm.

Ólafur Thors. — Hannes Jónsson.

Nd. 139. Tillaga

til þingsályktunar um veðurathuganir.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að veðurathuganir fari fram á annesjum og öðrum þeim stöðum á landinu, sem bezt liggja við slíkum athugunum með tilliti til veðurspár.

Ed. 140. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 106 [Sundhöll í Reykjavík].

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Í stað orðanna „eigi síðar en ári“ komi: eigi síðar en tveim árum.

Nd. 141. Tillaga

til þingsályktunar um sundhöll í Reykjavík.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ákveður að leggja til sundhallarbyggingar Reykjavíkurbæjar 100 þús. krónur á árinu 1934, enda verði verkinu haldið áfram með hæfilegum hraða og því lokið svo fljótt sem unnt er. Ennfremur ákveður Alþingi að leggja til viðbótar það, sem á vantar, til þess að framlag ríkissjóðs samsvari ⅖ alls kostnaðarins, eigi síðar en tveim árum eftir að verkinu er lokið. Að öðru leyti haldast skilyrði þau frá landsins hálfu, sem sett eru í lögum um sundhöll í Reykjavík, nr. 32 7. maí 1928.

Nd. 142. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um talstöðvar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að þáltill. verði samþ. með þessari

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvar hentugast sé að reisa talstöðvar víðsvegar um landið, og leggja niðurstöðu þeirrar rannsóknar fyrir næsta þing ásamt áætlun um kostnað. Skal við rannsóknina aðallega hafa þrennt fyrir augum:

1) veðurfregnir,
2) aflafréttir og
3) slysavarnir.

Þó verði þegar á næsta sumri reistar allt að þremur talstöðvum á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust.

Alþingi, 23. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form. Jóhann Jósefsson, fundaskrifari. Finnur Jónsson, frsm.
Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors.

Nd. 143. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 100000 sterlingspundum“ í 1. gr. laganna komi: allt að 150000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk fulltrúaráðs Útvegsbanka Íslands h/f., og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frumv. þetta fer fram á að hækka ábyrgðarheimild fyrir rekstrarláni handa Útvegsbanka Íslands h/f úr 100000 sterlingspundum í 150000 sterlingspund.

Á síðastliðnum vetri var tekið 100000 sterlingspunda rekstrarlán í Englandi, er ríkisstjórnin ábyrgðist. Var því fé eingöngu varið til lánveitinga út á sjávarafurðir og gegn veði í þeim. Endurgreiðist lánið jafnóðum og afurðirnar eru fluttar út. Er nokkur hluti lánsins þegar greiddur, og verður lánið að fullu greitt, þegar lokið er útflutningi á þeim sjávarafurðum, sem lánað hefir verið út á.

Eins og raunar fyrirfram mátti vita, þá hefir komið í ljós á þessu ári, að þetta rekstrarfé nægir ekki til þess að fullnægja lánsþörfum sjávarútvegsmanna þeirra, er viðskipti sín hafa við bankann. Fyrir því er farið fram á hækkun þá á ábyrgðarheimildinni, sem í frv. felst.

Þó lánsheimild þessi verði notuð, mun lánsféð verða notað á sama hátt og verið hefir og tryggingin hin sama fyrir því, að lánsféð verði borgað upp, en hún hefir verið, er enn og verður sú, að bankinn á alltaf í víxlum, tryggðum með fiski og öðrum sjávarafurðum, jafnháa upphæð og þessari erlendu skuld nemur".

Nánar í framsögu.

Ed. 144. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Flm.: Pétur Magnússon.

62. gr. laganna orðist þannig:

Þau sveitar- eða bæjarfélög, sem komið hafa á hjá sér fóðurbirgðafélagsskap samkvæmt lögum þessum eða lögum nr. 42 28. nóv. 1919, skulu undanþegin ákvæðum laga um forðagæzlu frá 10. nóv. 1913, meðan félagsskapurinn starfar og er viðurkenndur af atvinnumálaráðherra. Þeim sveitar- eða bæjarfélögum, sem stofnað hafa eftirlits- og fóðurbirgðafélög samkv. ákvæðum laga nr. 42 28. nóv. 1919 og fengið hafa staðfestar samþykktir fyrir þau, er heimilt að búa áfram við hið sama skipulag, enda njóti þau þá eigi styrks úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Landmannahrepps, en þar í hreppi hefir starfað fóðurbirgðafélag í meira en 11 ár og gefizt ágætlega. Er einróma ósk hreppsbúa að fá leyfi til að búa áfram við sömu tilhögun.

Ed. 145. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir 12., 13. og 14. lið í 1. gr. laganna komi:

12. Af öllum tegundum af suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og kakaódeigi kr. 1.00 af hverju kg.

13. a. Af kakaódufti 50 aura af hverju kg.
    b. Af kakaóbaunum, brenndum, muldum og ómuldum, 50 aura af hverju kg.
    c. Af kakaóbaunum, óbrenndum og ómuldum, 35 aura af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af: Brjóstsykri, konfekti, átsúkkulade og sykruðum ávöxtum kr. 2,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun í framangreinda þrjá tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af vörum þeim, sem taldar eru í 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 146. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Fyrri málsliður 24. greinar laganna orðist þannig:

Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða 1% af vangoldnum vöxtum og afborgunum fyrir hvern mánuð, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð.

Nd. 147. Framhaldsnefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Síðan nál. var gefið út um mál þetta, hafa komið fram brtt. við frv. N. hafði ætlað sér að tefja eigi afgreiðslu málsins né lengja þingtímann með brtt. við frv., en með því að brtt. eru komnar fram af hendi sérstaks þm., sem e. t. v. ná samþykki d., þykir n. réttara að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr.
    a. Aftan af 9. málsgr. falli orðin „og skal ritarinn vera framsögumaður".
    b. Í stað orðsins „Fastanefndir" í upphafi 10. málsgr. komi: Nefndir.

2. Á eftir 8. gr. frv. kemur ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því.):

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú þykir forsetum koma í ljós við athugun á breytingum þeim á borða- og sætaskipan í deildunum, er fram verða að fara áður en reglulegt Alþingi 1934 kemur saman, að haganlegra verði að setja upp ræðustóla í þingsölunum, og skal þá svo gert, enda er þingmönnum þá heimilt að flytja ræður sínar þaðan.

Nefndin hefir ekki sem heild tekið afstöðu til brtt., sem fram hafa komið frá einstökum þingmönnum, og hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um þær.

Alþingi, 23. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilmundur Jónsson, fundaskrifari. Eysteinn Jónsson.
Thor Thors. Jón Ólafsson.

Ed. 148. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 54 [Ritsíma- og talsímakerfi Íslands].

Frá Einari Árnasyni.

Fyrir orðin „með stöðvum .... Öngulsstaðahreppi“ í niðurlagi tillögunnar komi: með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Nd. 149. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Guðbrandi Ísberg.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.
2. Knud Otterstedt, rafveitustjóri á Akureyri, fæddur í Svíþjóð.

Nd. 150. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á l. nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „í slíkum búum“ í 1. málsgr. komi: enda sé viðurkenndum mjólkurbúum skylt að taka mjólk og rjóma til gerilsneyðingar.
b. Aftan við síðari málsgr. bætist: svo og að ákveða hámarksgjald fyrir gerilsneyðinguna.

Nd. 151. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Á eftir 1. tölulið komi 2 nýir töluliðir, svo hljóðandi, sem verði 2. og 3. töluliður:
   2. Hvernig fyrir skuli koma löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum, enda verði launagreiðslur þessara stofnana með löggjöfinni samræmdar launagreiðslum ríkisins.
   3. Hvernig koma megi með atbeina Alþingis í veg fyrir hálaunagreiðslur einstaklingsfyrirtækja og annara fyrirtækja, sem eigi heyra undir 2. tölulið.
2. 2. tölul. verði 4. töluliður.

Nd. 152. Frumvarp

til laga um augnlækningaferðir.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Landinu skal skipt í 3 umferðasvæði fyrir augnlækna, sem hér segir:

1. Suður- og Vesturland frá Skeiðarársandi að Horni.
2. Norðurland frá Horni að Langanesi.
3. Austurland frá Langanesi að Skeiðarársandi.

2. gr.

Ráðherra semur við augnlækna um augnlækningaferðir og setur þeim reglur til að ferðast og starfa eftir.

Þegar því verður við komið, skal fela einum augnlækni að ferðast um hvert svæði, og ef unnt er, þeim augnlækni, sem búsettur er innan svæðisins.

3. gr.

Verja má fé til styrktar augnlækningaferðum eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma, og á árinu 1934 fé því, sem veitt er í fjárlögum þess árs, í 12. gr. 5., a., b. og c.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt fyrir landlækni, sem gerir fyrir því svolátandi grein:

Nauðsyn ber til að koma hagkvæmara skipulagi á ferðir augnlækna en verið hefir, og er almenn óánægja víða um land yfir því, hve mikið hafi skort á, að augnlækningaferðirnar kæmu að tilætluðum notum.

Nú eru augnlæknar búsettir utan Reykjavíkur, bæði á Akureyri og á Austurlandi (á Fáskrúðsfirði). Fer auðsjáanlega bezt á því að skipta landinu milli þriggja augnlækna eftir búsetu þeirra og hafi hver sitt svæði til yfirferðar. Eiga þeir að sama skapi auðveldara með að rækja þessi störf sem umferðasvæðið er takmarkaðra. Fólk á og hægara með að hafa samband við augnlækni sinn, er hinn sami augnlæknir ferðast ár eftir ár um sömu slóðir, og því nær sem hann er búsettur.

Ákvæði fjárlaga næsta árs eru því til fyrirstöðu, að þessum sjálfsögðu endurbótum verði þegar komið á án sérstakrar lagasetningar. Þau gera ráð fyrir, að aðeins tveir augnlæknar annist ferðirnar um allt landið og skipti því á milli sín á þann hátt, sem nánar er til tekið. Eru fjárveitingarnar beinlínis miðaðar við það.

1. gr. Suður- og Vesturlandsumdæmið er að vísu langstærst, en samgöngur eru þar greiðastar og augnlæknir í Reykjavík, sem ferðirnar tæki að sér, má frekast vera lengi í burtu, með því að þar eru fleiri augnlæknar.

2. gr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

3. gr. Hér er ekki farið fram á að auka fjárveitingarnar frá því, sem fjárlög ákveða í þessu skyni. Sú kvöð, sem hvílir á augnlækni í Reykjavík, sem styrkur er ætlaður í fjárlögum, að hann veiti tilsögn læknastúdentum, yrði að sjálfsögðu lögð á þann augnlækni, sem samningar tækjust við um ferðirnar, enda sá eini til þess valinn, sem læknadeildin treysti til að taka kennsluna að sér. Augnlækningaferðir að sumarlagi koma á engan hátt í bága við kennslustörfin.

Nd. 153. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og mælir meiri hlutinn með því, að það verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Aftan af gr. falli: enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

Alþingi, 24. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., með fyrirvara.	Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm.	Eysteinn Jónsson.
Thor Thors, með fyrirvara.	Jón Ólafsson, með fyrirvara.	

Ed. 154. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.
2. Knud Otterstedt, rafveitustjóri á Akureyri, fæddur í Svíþjóð.

Ed. 155. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. nefndarinnar vill taka það fram, að ætlazt er til, að verksmiðjan öll standi að tryggingu fyrir ábyrgð ríkissjóðs, eftir því sem við verður komið.

Alþingi, 23. nóv. 1933.

Magnús Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Bjarni Snæbjörnsson.

Ed. 156. Tillaga

til þingsályktunar um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram rækilega athugun á því, hversu heppilegast væri að haga sölu á afurðum landbúnaðarins í landinu sjálfu og hvaða ráðstafanir væri fært að gera af ríkisvaldsins hálfu til þess að tryggja sem mestan markað fyrir þær innanlands og að minnsta kosti svo hátt verð, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands. Leggja skal árangurinn af þessari athugun fyrir næsta Alþingi.

Nd. 157. Nefndarálit

um tillögu til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. n. sér ekki ástæðu til, að ríkið kaupi hús og lóð góðtemplara fyrir fyrirfram fastákveðið verð, jafnvel þótt meiri hl. nefndarinnar leggi til, að kaupverðið verði lækkað um 5/8 hluta frá því, er þingsályktunartillagan fer fram á. Eðlilegustu og sanngjörnustu lausnina teljum við, að ríkissjóður kaupi hús og lóð félagsins eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Við höfum heldur ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar um að veita reglunni styrk til húsabygginga á þessu þingi. Hér er um að ræða fjárframlag úr ríkissjóði, er nemur sennilega yfir 100 þús. kr., og ekkert liggur fyrir, er bendi til þess, að nauðsynlegt sé að hraða þessari fjárveitingu með þingsályktun, heldur verði ályktun þar að lútandi látin bíða næsta fjárlagaþings.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hl. nefndarinnar til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

Alþingi, 24. nóv. 1933.

Jón Sigurðsson, frsm. Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. **158. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangaveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skírteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn eða vera gefið út fiskræktarfélagi til handa. Skírteini um veiði til klaks heimilar eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í.

3. gr.

Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

4. gr.

Fyrir „4,5 cm.“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

5. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkv. 2. málsgr., og vill hvorugur víkja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

6. gr.

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Skaðabætur þær, er hér um getur, skal greiða úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 159. Lög

um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934.

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.).

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal árið 1934 koma saman hinn 1. dag októbermánaðar, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 160. Lög

um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.).

1. gr.

Lög nr. 81 19. júní 1933, um framlenging á gildi laga um verðtoll, eru úr gildi numin frá 12. september 1933 að telja.

2. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 161. Lög

um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 og á lögum nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.).

1. gr.

1. gr. l. nr. 52 8. sept. 1931 hljóði svo:

1. meginmálsliður 1. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu (108—120 l.) saltaðrar eða kryddaðrar síldar, hverskonar sem er, skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00.

2. gr.

Orðin „fiskmjöli þurkuðu“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 15 14. júní 1929 falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 162. Tillaga

til þingsályktunar um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. Að fátækum blindum mönnum verði veitt undanþága frá að greiða afnotagjald af útvarpsviðtækjum, eftir tillögum stjórnar Blindravinafélags Íslands.
2. Að Blindravinafélagi Íslands verði fengin ókeypis allt að 10 viðtæki til afnota fyrir blinda menn, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur um útlán þeirra.

Greinargerð.

Engum mönnum getur útvarp orðið að jafnmiklu liði og skemmtun eins og blindum mönnum, og þarf ekki að færa fyrir því nein rök. Hinsvegar eru margir þeirra, af eðlilegum ástæðum, bláfátækir og hafa enga möguleika til þess að bera þann kostnað, sem af þessu leiðir. Nokkrir blindir menn hafa þó eignazt viðtæki, og er hér farið fram á, að þeir verði ekki krafðir um afnotagjald. En hinum, sem ekki eru svo heppnir að eignast sjálf tækin, er ekki hægt að hjálpa með öðru móti en því, að lána þeim tæki. Er Blindravinafélag Íslands, eða stjórn þess, sjálfkjörinn aðili til þess að annast þetta, og myndi hún gæta þess, að þessi hjálpsemi þess opinbera yrði ekki misnotuð.

Nd. 163. Tillaga

til þingsályktunar um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins dýrtíðaruppbót árið 1934 eftir sömu reglum og jafnháa og gert hefir verið árið 1933.

Þessi heimild nær einnig til stofnana ríkisins, er greiða dýrtíðaruppbót á laun eftir sömu reglum og ríkissjóður, og til dýrtíðaruppbótar á eftirlaun og styrki samkv. 18. gr. fjárlaga.

Greinargerð.

Tillagan er flutt eftir ósk fjármálaráðherra.

Að efni til tekur tillagan til frumvarps þess, er borið hefir verið fram af þremur þm. í neðri deild (41. mál, þskj. 56). Telur n., að afgreiðsla þess frv. verði óþörf, ef tillagan verður samþykkt.

Nd. 164. Tillaga

til þingsályktunar um launauppbót talsímakvenna o. fl.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Bernharð Stefánsson, Finnur Jónsson, Jakob Möller, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða talsímakonum við langlínumiðstöðvar landssímans og aðstoðarmönnum við skeytaafgreiðslu sömu launauppbót og nú hafa varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, og eftir sömu reglum.

Greinargerð.

Vegna þess hve laun starfsmanna við símann eru yfirleitt lág, hefir Alþingi með sérstöku fjárlagaákvæði ákveðið nokkra uppbót á launum símritara og varðstjóra. Talsímakonur við langlínumiðstöðvar og aðstoðarfólk við skeytaafhendingu hafa algerlega orðið útundan í þessu efni, og er það þeim mun óréttlátara, sem það starfsfólk landssímans, er hér ræðir um, hefir miklu lægri hámarkslaun en hitt, sem uppbót hefir fengið.

Tillagan er fram borin til þess að bæta úr því misrétti, er hér hefir orðið. Kostnaðaraukinn fyrir ríkissjóð er, eftir þeim upplýsingum, er fyrir liggja frá landssímastjóra, mjög óverulegur. Hinsvegar mælir öll sanngirni með því, að laun þess starfsfólks, er hér ræðir um, séu færð í það horf, að lífvænlegri séu en nú eru þau.

Út af umsókn hlutaðeigenda um launabætur þær, er hér um ræðir, farast landssímastjóra meðal annars svo orð í bréfi til atvinnumálaráðuneytisins 9. f. m.:

„Í erindi þessu er það réttilega tekið fram, að **hámarkslaun** talsímakvenna eru samkvæmt launalögunum kr. 1800 grunnlaun, og eru því á yfirstandandi ári með dýrtíðaruppbót (25%) kr. 2250 og með samtalauppbótinni alls nálægt kr. 2400. Aukavinnu hafa þessar stúlkur mjög litla, svo hverfandi má telja hjá

flestum þeirra. Vinnutíminn er að meðaltali 38 tímar á viku, þar í 15—20 mínútna matmáls- eða kaffitími daglega.

Framangreint erindi er fram borið af stúlkunum á langlínumiðstöðinni í Reykjavík, en mér virðist óhjákvæmilegt — svo framarlega sem uppbót verður veitt þessum stúlkum — að láta þá hið sama ná einnig til allra annara í þessum launaflokki, sem náð hafa vissum þjónustualdri, hvort heldur er í Reykjavík eða á öðrum ritsímastöðvum landssímans, á Ísafirði, Borðeyri, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum og Hafnarfirði. Alls taka laun í þessum flokki um 50 starfsmenn, þar af 21 í Reykjavík, en 29 af þessum 50 hafa yfir 6 ára þjónustualdur og 21 yfir 8 ára þjónustualdur.

Uppbót sú, sem áður hefir verið veitt, er sem hér segir:

Launaflokkur símritara: Hámarkslaun kr. 2800, uppbót kr. 150 á 4 síðustu aldursviðbæturnar, samtals kr. 600 með verðstuðulsuppbót.

Launaflokkur varðstjóra o. fl.: Hámarkslaun kr. 2200, uppbót kr. 100 á 3 síðustu aldursviðbæturnar, samtals kr. 300 með verðstuðulsuppbót.

Launaflokkur sá, sem nú sækir um uppbót, hefir hámarkslaun kr. 1800, og ætti því, ef sama hlutfall réði, að fá 200 króna uppbót eða 100 kr. á 2 síðustu aldursviðbæturnar. En með því að hér er um svo lágt launaðan flokk að ræða, þá finnst mér réttmætara, að hann fengi sömu uppbót og varðstjóraflokkurinn, þ. e. kr. 300 með verðstuðulsuppbót, eða 100 kr. á hverja af þrem síðustu aldursviðbótunum.

Alls mundi þá þessi uppbót nema ca. kr. 8700.00 á ári auk verðstuðulsuppbótar.

Þar sem nú stendur til, að Alþingi komi saman 2. nóv. næstkomandi, leyfi ég mér með skirskotun til þess, sem segir í meðfylgjandi bréfi stúlknanna, og með tilliti til framanritaðs, að mælast til þess, að ráðuneytið leiti heimildar Alþingis þess, er koma á saman í næsta mánuði, eða að öðrum kosti fyrsta fjárlagaþings, til þess að landssíminn megi greiða talsímakonum á ritsímastöðvunum og aðstoðarstúlkum við skeytaafhendinguna sömu launauppbót og nú hafa varðstjórar o. fl. og eftir sömu reglum."

Ritsímastjórinn í Reykjavík hefir og mælt eindregið með umsókninni.

Ed. 165. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Fyrri málsgr. frv.greinarinnar orðist svo:

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga" í 4. gr. laganna komi: Lína frá Bæjarstæði við Seyðisfjörð eða Brekku í Mjóafirði að Dalatanga.

Ed. 166. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Á eftir orðunum „og upp í Hreppa“ í 4. gr. laganna komi: og nái Gnúpverjahreppslínan að Ásólfsstöðum.

Í stað orðanna „lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í sömu gr. komi: Lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Á eftir orðunum í sömu gr. „Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla“ komi: Lína frá Efra-Hvoli um Strönd, Odda, Fróðholtshjáleigu og Hólabæi í Þykkvabæ.

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í sömu gr. komi: Lína frá Bæjarstæði við Seyðisfjörð eða Brekku í Mjóafirði að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Skinnastað að Austaralandi. Lína frá Skinnastað að Garði í Kelduhverfi.

Nd. 167. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (þskj. 10).

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. nóv. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, frsm.
Jón Pálmason.	Haraldur Guðmundsson.	

Nd. 168. Tillaga

til þingsályktunar um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðr-

um kosti að taka stöðina á leigu og starfrækja hana í sambandi við aðrar síldarbræðslustöðvar ríkisins, enda séu leiguskilmálar aðgengilegir og stöðin í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eigenda, hvorttveggja að dómi ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Nefndinni hefir borizt til athugunar bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 20. nóv. ásamt bréfi frá h/f Útvegsbanka Íslands, dags. 18. s. m., þar sem bankinn býður ríkisstjórninni síldarbræðsluverksmiðju sína á Sólbakka við Önundarfjörð til kaups. Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að rétt sé, að ríkisstjórnin hafi heimild til að kaupa verksmiðjuna, ef kaupverð þykir aðgengilegt, og líka til að taka hana á leigu, ef um semst. Þetta virðist meiri hluta nefndarinnar vera í fullu samræmi við samþykktir þær, sem gerðar voru á síðasta þingi, þar sem stjórninni var gefin samskonar heimild snertandi verksmiðju dr. Pauls á Siglufirði.

Nd. 169. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Samkomulag náðist eigi í nefndinni um afgreiðslu þessa máls. Tveir nefndarmenn (HV og IngB) töldu sig eigi geta fylgt frumvarpinu, en undirritaðir 3 nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Firmanu Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f í Reykjavík veitist einkaleyfi um næstu 10 ár, til ársloka 1943, til þess að framleiða öl til útflutnings og sölu erlendis, án tillits til þess, þó það öl sé áfengara en núgildandi áfengislöggjöf heimilar að framleitt sé til sölu innanlands (2¼%).
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ölframleiðsla sú, er heimiluð er samkv. 1. gr., skal háð eftirliti af hendi ríkisstjórnarinnar, þannig að full trygging sé fyrir því, að eigi séu brotin ákvæði þessara laga, né ákvæði gildandi áfengislöggjafar, eins og hún er eða verður á hverjum tíma, um tilbúning og sölu öls til neyzlu innanlands, enda setji ríkisstjórnin með reglugerð nánari fyrirmæli um það, hversu eftirlitinu skuli hagað, og má í slíkri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, svo og, að svipta megi leyfishafa einkaleyfinu, gerist hann brotlegur og miklar sakir eru.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir einkaleyfið greiðir leyfishafi 25% af hreinum nettótekjum hvers árs af framleiðslu þessari, samkvæmt reikningsskilum, er ríkisstjórnin hefir eftirlit með að rétt séu. Árgjald þetta fellur í gjalddaga eftir á, þegar reikningsskilum hvers árs er lokið.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Af öli því, framleiddu til útflutnings, er um ræðir í lögum þessum, greiðist ekkert framleiðslugjald né útflutningsgjald.
5. Á eftir 4. grein komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (5. gr.). Ákvæði gildandi áfengislaga, er koma í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.
   b. (6. gr.). Brot gegn lögum þessum varða allt að 5000 króna sekt. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.
6. Við 5. gr. Greinin verði 7. gr.

Alþingi, 25. nóv. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Guðbrandur Ísberg, frsm.	Jakob Möller.

Nd. 170. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

4. málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

3. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og kýs þá sameinað Alþingi einn mann til efri deildar.

4. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

1) fjárhagsnefnd,
2) samgöngumálanefnd,
3) landbúnaðarnefnd,
4) sjávarútvegsnefnd,
5) iðnaðarnefnd,
6) menntamálanefnd,
7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

5. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt

þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga.

6. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

7. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

8. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgrein 32. gr. laganna kemur: frá annarihvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928, um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Nd. 171. Frumvarp

til laga um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

(Eftr 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir orðið „bankaábyrgð“ í 3. tölul. 2. gr. laganna komi: bakábyrgð.

2. gr.

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: eigi minna en 5% og eigi meira en 6%, eftir ákvörðun hlutaðeigandi byggingasjóðs.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. 172. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um útrýmingu fjárkláðans.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað till. til þál. á þskj. 55 um útrýmingu fjárkláðans. Telur nefndin að athuguðu máli ekki rétt eftir atvikum að samþykkja tillöguna óbreytta, bæði af því að undirbúningur er ónógur og framkvæmdin efasöm í þeirri mynd, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nefndinni er fullljóst, að útrýmingarmálið þarf að taka föstum tökum, og verða framkvæmdir því að byggjast á nákvæmum undirbúningi og ýtarlegum rannsóknum. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fram fara á yfirstandandi vetri rækilega rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans.
2. Að hlutast til um, að rannsóknarstofan í þágu atvinnuveganna rannsaki nákvæmlega:
   a. hvert baðefni sé hentugast og jafnframt öruggast til útrýmingar fjárkláðans.
   b. hver þörf sé á sótthreinsun fjárhúsanna og hvernig öruggast sé að framkvæma hana.
3. Að leggja fyrir næsta þing niðurstöður þeirra rannsókna og tillögur um útrýmingu fjárkláðans.

Alþingi, 25. nóv. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirvara.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.
Bernharð Stefánsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Sþ. 173. Tillaga

til þingsályktunar um Eiðaskóla.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason, Halldór Stefánsson, Björn Kristjánsson, Þorleifur Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

I. Að láta gera áætlun um kostnað við neðantaldar umbætur á Eiðaskóla:

1. Byggingu rafmagnsstöðvar, er nægi til ljósa, suðu og hitunar, þar með talin hitun vatns í sundlaug.
2. Byggingu hæfilega stórrar sundlaugar og leikfimihúss.

Rannsókn á því, hvernig þessum umbótum verði haganlegast fyrir komið og ákvörðun um stærð sundlaugar og leikfimihúss verði gerð í samráði við skólastjórann á Eiðum.

II. Að taka í fjárlagafrumvarp fyrir árið 1935 fjárveitingu, er nægi til þess, að umbætur þessar verði fullgerðar á því ári.

Greinargerð.

Eiðaskóli býr við verri útbúnað en nokkur annar alþýðuskóli í landinu. Við það má ekki una lengur. Skólans er full þörf. Það finna Austfirðingar. Vilja þeir því styðja skólann sem bezt, en jafnframt hafa hans full not. Til þess að svo geti orðið, verður að útbúa Eiðaskóla álíka vel og aðra alþýðuskóla landsins. Allir Austfirðingar munu taka undir þá kröfu, enda er hún sanngjörn.

Ed. 174. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa löggjöf um, að ríkissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra, og er sá formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa verið frammi tillögur um að reisa nýbýli í sveitum, til þess aðallega að gefa ungu fólki í sveitum kost á að taka sér þar bólfestu, í stað þess að flytja til kaupstaðanna. Sjálfsagt eru og margir í kaupstöðunum, sem áhuga hafa fyrir ræktun og landbúnaði, og vildu gjarnan, ef mögulegt er, reisa bú í sveit.

Eins og nú er högum háttað, er flestu ungu fólki í sveit meinað að stofna þar heimili; jarðnæði ekki fáanlegt á leigu og óviðráðanlegt að kaupa jörð og áhöfn. Leiðin liggur því nú til kaupstaðanna; þar eru stofnuð flest nýju heimilin. En atvinnufyrirtæki við sjóinn aukast ekki að sama skapi og fólkinu fjölgar

þar. Er því vaxandi atvinnuleysi í öllum kaupstöðum og voði búinn vinnandi stéttunum, ef ekki er úr bætt.

Flm. býst ekki við því, að atvinnuleysi myndi réna verulega, þótt tillaga hans um að reisa nokkur nýbýli í sveit komist í framkvæmd, en það ætti að vera einn þáttur í aðgerðum þjóðfélagsins til þess að vinna bug á þeim vágesti.

Engin leið er til þess, að nokkrar verulegar framkvæmdir verði um stofnun nýbýla í sveitum, nema ríkissjóður leggi til þess mikið fé, svo sem til að reisa íbúðar- og peningshús og ef til vill samkomu- eða skólahús í nýbýlahverfum.

Ekki þarf að kvarta um, að ræktanleg svæði vanti undir nýbýlin. Í Hnappadals-, Árnes- og Rangárvallasýslum liggja stór og frjósöm ónotuð eða lítt notuð landsvæði meðfram þjóðveginum, tilvalin til að reisa á nýbýlahverfi, að dómi einhvers áhugasamasta jarðræktarmanns á landi hér, Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra. Það, sem vantar, er framkvæmd. Ríkissjóður verður að beita sér fyrir framkvæmdum. Einstakir menn geta það ekki í svo stórum stíl sem með þarf.

Nefnd þeirri, sem þingsályktunin fer fram á, að skipuð verði, er ætlað að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfin, hvar þau skuli reist, hversu mikið skuli lagt í byggingar, um leigumála og annað, sem fram þykir þurfa að taka í slíkri löggjöf.

Nd. 175. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og sýslumannsins í Gullbringusýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 176. Tillaga

til þingsályktunar um talstöðvar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvar hentugast sé að reisa talstöðvar víðsvegar um landið, og leggja niðurstöðu þeirrar rannsóknar fyrir næsta þing ásamt áætlun um kostnað. Skal við rannsóknina aðallega hafa þrennt fyrir augum:

1) veðurfregnir,
2) aflafréttir og
3) slysavarnir.

Þó verði þegar á næsta sumri reistar allt að þremur talstöðvum á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust.

Nd. 177. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 25. nóv.).

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 60 þúsund króna lán til rafveitu Austur-Húnavatnssýslu til raforkuveitu fyrir Blönduóskauptún, gegn endurábyrgð sýslufélags Austur-Húnavatnssýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Nd. 178. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Með frumvarpinu er farið fram á, að ríkissjóður leggi fram $^2/_3$ hluta kostnaðar við hafnargerð á Ísafirði, í stað $^1/_3$ hluta, sem ákveðið er að ríkissjóður leggi fram samkv. gildandi lögum.

Að vísu hefir verið gert ráð fyrir því í þeim lögum um hafnargerðir, sem afgreidd hafa verið á undanförnum þingum, að ríkið legði fram $^2/_3$ kostnaðar. En þess ber að gæta, að þau lög eru um hafnargerðir á stöðum, þar sem að-

staða er erfið og geta íbúa til framlaga eigi mikil, miðað við kostnað við hafnargerðirnar. Getur meiri hl. ekki fallizt á, að sú hafnargerð, sem hér er um að ræða, sé hliðstæð í þessu efni.

Ennfremur er meiri hl. nefndarinnar ljóst, að ef þetta frv. verður samþ., er illt að komast hjá því að veita ⅔ hluta til allra hafnargerða, án tillits til þess, hverjar ástæður eru fyrir hendi, og einnig þeirra, sem þegar hafa verið sett lög um og lægra tillag er ætlað.

Alþingi, 25. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form.	Eysteinn Jónsson, frsm.	Ólafur Thors.

Sþ. 179. Þingsályktun

um greiðslufrest á fasteignaveðslánum bænda.

(Afgreidd frá Sþ. 25. nóv.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að lánsstofnanir þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga nr. 79 14. júní 1933, veiti greiðslufrest á fasteignaveðslánum svo sem þar er gert ráð fyrir, meðan ekki verða verulegar breytingar til batnaðar á núverandi örðugleikum landbúnaðarins.

Ed. 180. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Pétur Magnússon.

Frvgr. orðist þannig:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Faaberg, Harald, skipamiðlari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Otterstedt, Knud, rafveitustjóri á Akureyri, fæddur í Svíþjóð.
3. Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.

Nd. 181. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 8. gr. frv. kemur ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú þykir forsetum koma í ljós við athugun á breytingum þeim á borða- og sætaskipun í deildunum, er fram verða að fara áður en reglulegt Alþingi 1934 kemur saman, að nauðsyn beri til, meðal annars vegna útvarps þingræðna, að setja upp ræðustóla í þingsölunum, og er forsetum þá heimilt að gera það, enda er þingmönnum þá heimilt að flytja ræður sínar þaðan.

Ed. 182. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., og mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (PM) hefir sérstöðu í málinu og skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari og frsm.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Ed. 183. Tillaga

til þingsályktunar um verðuppbót á útflutt kjöt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild þá, er felst í VI. lið 22. gr. fjárlaganna 1934, til að bæta upp verð á útfluttu kjöti frá yfirstandandi ári, að svo miklu leyti sem þörf krefur.

Nd. 184. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Aftan við 1. gr. bætist: enda sé öllum iðnaðarmönnum heimill aðgangur til aðgerða á skipum á lóðum dráttarbrautarinnar.

Nd. 185. Nefndarálit

um till. til þál. um starfrækslu talstöðvarinnar í Papey.

Frá samgöngumálanefnd.

Talstöðin í Papey var sett upp árið 1931, ásamt talstöð á Djúpavogi, er hafði samband við Papey. Landssíminn starfrækti þessar stöðvar, þar til um eða út úr síðustu áramótum, að ákveðið var að hætta að starfrækja stöðina. Landssíminn vildi fá bóndann í Papey til að taka að sér stöðina sem einkastöð, en enn sem komið er hafa samningar ekki tekizt um það. Stöðin var upphaflega sett upp vegna eindreginna óska frá sjómönnum á Austfjörðum, er lögðu mikla áherzlu á að fá daglegar veðurfregnir frá Papey, og þótti einnig sem öryggi sjófarenda væri mun betur borgið, ef hægt væri að hafa samband við Papey úr landi.

Nefndin vill mæla með því, að tryggt sé á einhvern hátt, að Papeyjarstöðin verði starfrækt og að kostur verði á að fá veðurskeyti þaðan daglega, og mælir með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Þorleifur Jónsson, form., frsm.
Gísli Sveinsson, fundaskr., með fyrirv.
Hannes Jónsson, með fyrirv.
Jón Pálmason, með fyrirv.
Finnur Jónsson.

Ed. 186. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

2. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

3. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og kýs þá sameinað Alþingi einn mann til efri deildar.

4. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

1) fjárhagsnefnd,
2) samgöngumálanefnd,
3) landbúnaðarnefnd,
4) sjávarútvegsnefnd,
5) iðnaðarnefnd,
6) menntamálanefnd,
7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara.

Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um.

Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

5. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga.

6. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

7. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

8. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgrein 32. gr. laganna kemur: frá annarihvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

9. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú þykir forsetum koma í ljós við athugun á breytingum þeim á borða- og sætaskipun í deildunum, er fram verða að fara áður en reglulegt Alþingi 1934 kemur saman, að nauðsyn beri til, meðal annars vegna útvarps þingræðna, að setja upp ræðustóla í þingsölunum, og er forsetum þá heimilt að gera það, enda er þingmönnum þá heimilt að flytja ræður sínar þaðan.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928, um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Ed. 187. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndinni er það ljóst, að nauðsyn sé á auknum möguleikum til síldarbræðslu á Norðurlandi, og sömuleiðis er hún þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt á þessu stigi málsins að binda það við neinn sérstakan stað, hvar væntanleg síldarbræðsluverksmiðja verði reist. Hinsvegar er nefndin þeirrar skoðunar, að fengnum upplýsingum þar um, að Seyðisfjarðarbúum muni veitast mjög torvelt að fá nauðsynlegt lán til síldarbræðsluverksmiðju þeirrar, er þar er verið að reisa og ábyrgðarheimild ríkisins var veitt til á síðasta þingi, ef frumvarp þetta verður að lögum óbreytt og frumvarp það, er nú liggur fyrir þinginu um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar. Vill nefndin því, um leið og hún að öðru leyti mælir með því, að frumvarp þetta verði samþ., gera við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram 100 þús. kr. til kaupa á hlutum í h/f Síldarbræðslunni á Seyðisfirði.
2. Við 3. gr. Fyrir „stofnkostnaðar“ komi: kostnaðar.
3. Við 4. gr. Á milli orðanna „verksmiðjunnar“ og „skal“ komi: á Norðurlandi.
4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
   Frumvarp til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Magnús Jónsson, form.	Bjarni Snæbjörnsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. 188. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur ekki rétt að samþykkja þetta frumvarp. Það má telja víst, að á næsta þingi verði gerðar allmiklar breytingar á áfengislög-

gjöf landsins, og yrði þá væntanlega jafnframt tekið til athugunar, hvort heppilegt þætti að hafa nokkurn tilbúning áfengis í landinu, hvort heldur er til neyzlu innanlands eða útflutnings, og hver afstaða verður tekin til áfengs öls yfirleitt. Þess vegna þykir minni hlutanum rétt að halda því máli opnu og leggur til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Héðinn Valdimarsson, frsm. Ingólfur Bjarnarson.

Ed. 189. Tillaga

til þingsályktunar um frestun á framkvæmd laga nr. 57 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi ályktar að fresta framkvæmd laga nr. 57 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma, þar til þeir kaupstaðir, sem heyra undir þessi lög, hafa skipulagt mjólkursölu hjá sér og grundvallað þær heilbrigðisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, á sem hagkvæmastan hátt fyrir neytendur og framleiðendur, enda hafi þeir reglugerð þar að lútandi tilbúna fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 190. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

Á eftir 3. málsgr. frv. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á eftir orðunum „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í sömu gr. komi: með hliðarálmu að Rangá.

Ed. 191. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form. Jón Baldvinsson, fundaskr. Pétur Magnússon, frsm.

Sþ. **192. Tillaga**

til þingsályktunar um áfengismálið.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Bernh. Stefánsson, Ólafur Thors, Hannes Jónsson, Guðbrandur Ísberg, Bjarni Ásgeirsson, Jón Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Bergur Jónsson.

Sameinað Alþingi felur ríkisstjórninni að afla sér heimildar til þess með bráðabirgðalögum, að afloknu Alþingi því, er nú situr, að fella úr gildi fyrir næstu áramót áfengislög, nr. 64 7. maí 1928, og setja reglur til bráðabirgða, er komi í gildi 1. jan. 1934, um innflutning og sölu áfengra drykkja, og séu þær reglur í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðsluna 21. okt. síðastliðinn.

Greinargerð.

Í efri deild hefir nú verið flutt frv., er miðar að því, að áfengislöggjöfinni sé breytt á þessu þingi í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðsluna um þá löggjöf, þá er fram fór 21. okt. þ. á. Það þykir nú sýnt, að það frv. muni ekki ná afgreiðslu né þinginu vinnast tími til að lúka við fullnaðarlöggjöf um áfengismálin í þetta sinn. Flutningsmönnum þeirrar þáltill., er hér liggur fyrir, þykir hinsvegar ekki annað hlýða en að Alþingi virði þann þjóðarvilja í þessu máli, er fram kom við fyrrgreinda atkvæðagreiðslu, og fyrir því er þessi tillaga flutt.

Nd. **193. Tillaga**

til þál. um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir „samvinnufélag Flateyjar“ í Flatey á Breiðafirði allt að 10000 kr. rekstrarlán, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

Greinargerð.

„Samvinnufélag Flateyjar“ í Flatey á Breiðafirði er stofnað 1932 og hefir því starfað í 2 ár. Það hefir keypt vélskip, 37 smál. að stærð, og haldið því úti á handfæraveiðum 2 undanfarin sumur, til þess að auka atvinnu í kauptúninu og peningaumferð, því atvinna hefir verið þar mjög stopul og verzlunin eingöngu vöruskiptaverzlun. Félagið á mjög erfitt uppdráttar, sérstaklega vegna vöntunar á

rekstrarfé, en mun geta fengið fast rekstrarlán hjá Landsbanka Íslands, ef það fengi ríkisábyrgð. Virðist sjálfgefið, að Alþingi verði við þessari smávægilegu beiðni félagsins.

Nánar í framsögu.

Ed. 194. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Páll Hermannsson,	Kári Sigurjónsson,	Jón Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Nd. 195. Tillaga

til þál. um lendingarbætur í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á næsta ári allt að 2000 kr. til lendingarbóta í Flatey á Breiðafirði, samkvæmt þeim reglum, sem fjárlög setja um þesskonar fjárframlög.

Greinargerð.

Það er hin mesta nauðsyn, að bætt sé úr til muna um lendingarbætur í Flatey, en á síðasta fjárlagaþingi fékkst ekki við eina umr. í Nd. fram tillaga um hækkun þess fjár, sem veitt var til bryggjugerða og lendingarbóta í fjárlögum, vegna þess hvað seint hún var fram borin. Það er því óhjákvæmilegt að bera fram þáltill. í þessa átt nú, því málið þolir eigi bið.

Nánar í framsögu.

Nd. 196. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Aftan við tillgr. bætist: enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form.	Tryggvi Þórhallsson, frsm.	Pétur Ottesen, fundaskr.
Haraldur Guðmundsson.	Jón Sigurðsson.	Þorleifur Jónsson.
	Þorsteinn Þorsteinsson.	

Nd. 197. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Faaberg, Harald, skipamiðlari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Otterstedt, Knud, rafveitustjóri á Akureyri, fæddur í Svíþjóð.
3. Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.

Ed. 198. Þingsályktun

um varnir gegn landbroti af Þverá í Rangárþingi.

(Afgreidd frá Ed. 27. nóv.).

Efri deild Alþingis ályktar að lýsa yfir, að samkvæmt lögum nr. 27 frá 23. júní 1932 ber ríkissjóði að annast ⅞ hluta kostnaðar við varnir gegn ágangi Þverár í Fljótshlíð innan við Hlíðarenda, ef sýslan eða landeigendur fyrir atbeina sýslunefndar bera ⅛ hluta kostnaðarins.

Nd. 199. Nefndarálit

um till. til þál. um að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með tillögunni. Tveir nefndarmenn skrifa undir með fyrirvara.

Álit vitamálastjóra fylgir hér með.

Alþingi, 27. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form., með fyrirv.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors, með fyrirv.
	Eysteinn Jónsson.	Finnur Jónsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 27. nóv. 1933.

Að gefnu tilefni vil ég hér með leyfa mér að gefa nokkrar skýringar á þörf landsins á dýpkunartækjum í sambandi við tillögu, sem fram hefir komið á þingi um kaup á dýpkunarvél fyrir Vestmannaeyjar.

Eins og ég skýrði ýtarlega frá í skýrslu minni til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um dýpkunarskip, dags. 27. jan. 1930, er brýn þörf fyrir dýpkunartæki hér við land, og hefir þörfin síðan miklu fremur aukizt heldur en hitt, enda mikil hreyfing komin á þessi mál, þar sem nýjum hafnarvirkjum og nýjum lendingabótum, sem þarf að framkvæma, alltaf er að fjölga, en það er mjög víða alls ekki hægt nema að hafa til þess hentug tæki, og þá sérstaklega góð dýpkunartæki.

Sérstaklega hvað Vestmannaeyjar snertir, þá er það auðséð á skýrslu minni 22. júní þ. á. um áætlað skipulag Vestmannaeyjahafnar, að þar verður mjög mikil þörf fyrir dýpkunartæki, en þar hagar þannig til, að ekki verður hægt að dýpka það, sem þarf, í einu, heldur verður að gera það smátt og smátt eftir ástæðum. Þar er heldur ekki hægt að koma stórum tækjum við; verður því að hafa þau fremur smá, enda nauðsynlegt að dreifa dýpkuninni allri, 78000 m^3., yfir fleiri ár, vegna kostnaðarins. En ég fæ ekki betur séð en það sé nauðsynlegt fyrir Vestmannaeyjar að eiga tæki, sem eru við þeirra hæfi og sem þeir geta notað eftir ástæðum. Hinsvegar tel ég mjög sennilegt, að tækin geti komið að gagni einnig annarsstaðar, þegar ekki er not fyrir þau í Vestmannaeyjum, og álít ég því, að kaup á slíkum tækjum handa Vestmannaeyjum geti jafnframt komið að notum fyrir aðra staði, ef sett verður sem skilyrði fyrir styrknum, að ráðuneytið fái heimild til að ráða yfir tækjunum til afnota við önnur mannvirki, gegn hæfilegri leigu, þegar þau eru ekki notuð í Vestmannaeyjum.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, hér.

Nd. 200. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við l. nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: enda sé tryggt, að forráðamenn þeirra skipa, sem upp eru tekin á brautina, geti ráðstafað öllum aðgerðum á þeim eftir eigin vild.

Nd. 201. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Framan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skuldabréfin eru þó eigi gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum ríkissjóðs eða ríkisstofnana, banka, sparisjóða, bæjar- eða sýslufélaga.

Ed. 202. Breytingartillögur

við till. til þál. um bætta landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Í stað orðanna „austur- og norðausturströnd“ í tillgr. komi: strendur.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um bætta landhelgisgæzlu við strendur landsins.

Ed. 203. Breytingartillaga

við till. til þál. um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

Í stað orðanna „og Mjólkurbandalags Suðurlands“ komi: Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfélags Borgfirðinga.

Ed. 204. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 28. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Ef menn eru á landslista, sem eigi eru jafnframt í kjöri í einhverju kjördæmi af hendi þess flokks, sem ber landslistann fram, skal landslistanum

fylgja til landskjörstjórnar skrifleg yfirlýsing þeirra manna um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, enda sé þeim kunnugt, af hvaða stjórnmálaflokki hann er borinn fram.

2. Við 29. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., þannig:
   Frambjóðandi í kjördæmi, sem er í kjöri fyrir stjórnmálaflokk, má jafnframt vera á landslista flokksins, og er skylt að að minnsta kosti annaðhvert sæti 10 efstu manna á landslista hvers flokks séu skipuð frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.
3. Við 30. gr.
   a. Orðin í 2. málsgr. „nema .... samtals“ falli burt.
   b. Í stað 3. málsgr. komi 4 nýjar málsgr., þannig:
      Landslistar geta verið með tvennu móti, sem hér segir:
      a. Landslisti, þar sem nöfnum er ekki skipað í röð fyrirfram. Á honum skulu eiga sæti allir frambjóðendur flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðendur úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn. Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á slíkan landslista. Á slíkan landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð, en röðina á listanum að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkv. ákvæðum 131. gr.
      b. Landslisti, þar sem nöfnum er skipað í röð fyrirfram. Á honum skal að minnsta kosti annaðhvert hinna 10 efstu sæta skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Á slíkan landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett í þeirri röð, sem flokksstjórnin tiltekur. Ef eigi er annaðhvert hinna 10 efstu sæta að minnsta kosti skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmunum utan Reykjavíkur, nemur landskjörstjórn af listanum þau nöfn, er þarf til þess að þessu skilyrði verði fullnægt.
         Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn jafnsnemma framboði sínu, og verður hann þá ekki tekinn á landslista.
4. Við 39. gr. Fyrir orðin í 2. málsgr. „á listanum“ og til loka málsgr. komi: um hvern lista, hvort hann er óraðaður samkv. 30. gr. 3. málsgr. a, eða raðaður samkv. staflið b. sömu málsgr.
5. Við 42. gr. Orðið „tölusett“ í síðustu málsgr. falli burt.
6. Við 43. gr. Á eftir orðunum „Séu gallar á framboði“ komi: þar á meðal ef vantar yfirlýsingar samkv. 27. gr., sem ætla má, að hefðu átt að fylgja framboði.
7. Við 48. gr. Fyrir „utankjörfundargögnum“ komi: utankjörfundarkjörgögnum.
8. Við 51. gr. Orðin „og sé neðri hlutinn ca. 6 cm. á hæð“ falli burt.
9. Við 54. gr. Í stað orðanna „fyrir breytingar á listanum“ í næstsíðustu málsgr. komi: nægilegt til þess að skrifa í það eitt nafn.
10. Við 55. gr. Orðið „tölusett“ falli burt á tveim stöðum.

11. Við 68. gr.
    a. Aftan við fyrri málsgr. bætist: og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.
    b. Önnur málsgr. falli burt.
12. Við 69. gr. Síðari málsl. fyrri málsgr. orðist svo: Vilji hann ennfremur gefa einhverjum frambjóðendanna á listanum atkvæði sitt persónulega, ritar hann nafn þess frambjóðanda á kjörseðilinn.
13. Við 76. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum o. s. frv.
14. Við 89. gr. Fyrir 2. og 3. málsgr. komi ný málsgr., þannig:
    Vilji kjósandi ennfremur gefa einhverjum frambjóðendanna á landslista atkvæði sitt sérstaklega, ritar hann nafn þess frambjóðanda í auða bilið neðst í sömu skákinni, sem sá landslisti er í, sem hann greiðir atkvæði sitt.
15. Við 90. gr. Greinin falli burt.
16. Við 91. gr. Greinin falli burt.
17. Við 92. gr. Greinin falli burt.
18. Við 99. gr. Aftan við greinina bætist: Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.
19. Við 100. gr. Aftan við greinina komi nýr málsl., þannig:
    Nú hefir kjörfundur staðið 12 klukkustundir, og má þá slíta kjörfundi þegar fjórðungur klukkustundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.
20. Við 113. gr. Málsl. 5. orðist svo:
    Ef kosið er á sama kjörseðli landslisti eins flokks og frambjóðandi annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslisti eins flokks og kjördæmislisti annars flokks eða utan flokka, eða ef kosinn er á sama kjörseðli fleiri en einn landslisti.
21. Við 114. gr. Fyrir „flokksins (sbr. 89.—91. gr.)“ komi: listans.
22. Við 117. gr. 2. málsgr. falli burt.
23. Við 119. gr. 2. og 3. málsgr. orðist svo:

    Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listunum og ekki á tölu þeirra. Atkvæðatalan á þessum kjörseðlum, sem er hin sama og tala kjörseðlanna, skiptist milli frambjóðendanna á listunum, hverjum fyrir sig, eftir þeirri reglu, er hér segir: Efsta frambjóðanda hvers lista telst atkvæðatala listans margfölduð með broti, þar sem teljarinn er tala frambjóðendanna á listanum, en nefnarinn er samtala allra heilu talnanna frá og með 1 til og með tölu allra frambjóðendanna á listanum. Hverjum hinna frambjóðendanna telst það brot af atkvæðatölu listans, að í teljara þess sé tala frambjóðendanna á listanum, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess sama talan og í broti því, sem notað var til þess að finna atkvæðatölu efsta frambjóðandans.

    Síðan tekur kjörstjórnin alla kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur

hafa gert meiri eða minni breytingar við röð eða tölu frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum, eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið, eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda, eins eða fleiri, á kjörseðli, telst honum eða þeim ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli, og skal við útreikninginn á nefnara brotsins samkv. 2. málsgr. taka til greina einungis þá tölu frambjóðenda, sem eftir verður á þeim seðlum, þar sem strikað hefir verið yfir eitt eða fleiri nöfn.

24. Við 120. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., þannig:

Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

25. Við 125. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

a. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru, og hve mörg þar af á hvern frambjóðanda landslistans persónulega.
b. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
c. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir frambjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
d. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig, samkv. 119. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

26. Við 129. gr. Stafl. 7 falli burt.

27. Við 131. gr. 3 fyrstu málsgr. orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að:

a. Ef þingflokkur hefir haft í kjöri óraðaðan landslista samkv. 30. gr. 3. mgr. a., skal fyrst nema af listanum alla þá frambjóðendur, sem hafa náð kosningu í kjördæmi sem þingmenn. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó ekki nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal telja saman atkvæði hvers þeirra frambjóðenda, sem nú eru eftir á listanum, með því að leggja saman þau atkvæði, er hverjum þeirra hafa hlotnazt persónulega í kjördæmi, og þau, sem honum kunna að hafa hlotnazt persónulega á landslistanum. Við þennan útreikning skal telja, að frambjóðanda í tvímenningskjördæmi hafi hlotnazt persónuleg atkvæði í kjördæminu, sem nemur tölu

þeirra kjörseðla, þar sem hann hefir verið kosinn einn, að viðbættri hálfri tölu þeirra kjörseðla, þar sem hann hefir verið kosinn ásamt öðrum frambjóðanda. Persónuleg atkvæði frambjóðanda, sem hefir verið í kjöri á lista í Reykjavík, skal telja svo sem þau hafa verið talin samkv. reglunni í 119. gr. Ef nú eru eftir á listanum 2 eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem nú hefir hæsta atkvæðatölu, en jafnframt bætist atkvæðatala þeirra, sem þannig eru burtnumdir, við atkvæðatölu þess frambjóðanda úr sama kjördæmi, sem eftir verður á listanum. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem nú eru eftir á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verður efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

b. Ef þingflokkur hefir haft í kjöri raðaðan landslista samkv. 30. gr. 3. málsgr. b., skal fyrst nema af listanum alla þá frambjóðendur, er hafa náð kosningu í kjördæmi sem þingmenn, en þó eigi varaþingmenn fyrir Reykjavík. Því næst skal gera listanum atkvæðatölu þannig: Finna skal tölu allra þeirra kjörseðla, sem gildir hafa verið teknir við kosninguna fyrir þá flokka, sem hafa náð þingsæti við kosninguna, og fyrir þá utanflokkaframbjóðendur, sem hafa náð kosningu. Samtölu þessara kjörseðla skal deila með tölu þingmanna, eins og hún hefir orðið að lokinni úthlutun uppbótarsæta, samkv. 130. gr., og kemur þá fram meðaltala atkvæðafjölda allra þingmanna. Þessa meðaltölu skal síðan margfalda með tölu þeirra þingmanna af þeim flokki, sem bar landslistann fram, er náð hafa kosningu í kjördæmum, og draga útkomuna frá þeirri atkvæðatölu, sem flokknum hefir hlotnazt samtals við kosningarnar. Mismunur sá, sem þá verður eftir, telst vera atkvæðatala hins raðaða landslista. Frá þessari atkvæðatölu listans skal því næst draga tölu þeirra kjörseðla, þar sem sá landslisti er kosinn, en jafnframt gefið atkvæði sérstaklega einhverjum þeirra frambjóðenda, sem nú eru eftir á listanum. Þeirri atkvæðatölu, sem þannig kemur fram, skal þessu næst skipt milli frambjóðendanna, sem eftir eru á listanum, samkvæmt reglunni í 119. gr. 2. málsgr. Við þannig fundna atkvæðatölu hvers frambjóðanda á listanum skal svo loks bæta tölu þeirra atkvæða, er honum hefir hlotnazt frá þeim kjörseðlum, þar sem sá landslisti var kosinn og þeim frambjóðanda sérstaklega greitt atkvæðið. Síðan skipast frambjóðendur í röð á listanum eftir þessum endanlegu atkvæðatölum hvers um sig.

c. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn. Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum,

sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglunum undir staflið a. óbreyttum, að öðru en því, að atkvæði greidd landslista koma þar ekki til greina.

Greinatala og tilvísanir breytast samkv. atkvgr.

Nd. 205. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir allt að 125 þús. kr. láni fyrir samvinnufélagið „Grím“ í Borgarnesi, til kaupa á línuveiðara, enda nemi lánið eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipsins fullbúins til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Borgarneshrepps og fyrsta veðrétti í skipinu. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

Alþingi, 28. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Finnur Jónsson, með fyrirv.
Ólafur Thors.	Eysteinn Jónsson.	

Nd. 206. Nefndarálit

um frumv. til laga um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri, til kaupa á vélbátum, enda nemi lánið eigi

meiru en ⅓ af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Stokkseyrarhrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

Alþingi, 28. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson, frsm.
Ólafur Thors, með fyrirv. Finnur Jónsson.

Nd. 207. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Á eftir orðunum „og upp í Hreppa“ í 4. gr. laganna komi: og nái Gnúpverjahreppslínan að Ásólfsstöðum.

Í stað orðanna „lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með stöð í Öngulsstaðahreppi“ í sömu gr. komi: Lína frá Akureyri inn Eyjafjörð með tveimur stöðvum í Öngulsstaðahreppi.

Á eftir orðunum í sömu gr. „Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla“ komi: Lína frá Efra-Hvoli um Strönd, Odda, Fróðholtshjáleigu og Hólabæi í Þykkvabæ.

Á eftir orðunum „Skjöldólfsstöðum í Jökuldal“ í sömu gr. komi: með hliðarálmu að Rangá.

Í stað orðanna „Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga“ í sömu gr. komi: Lína frá Bæjarstæði við Seyðisfjörð eða Brekku í Mjóafirði að Dalatanga.

Aftan við sömu grein bætist: Lína frá Neskaupstað um Sveinsstaði, Viðfjörð og Stuðla til Sandvíkur. Lína frá Skinnastað að Austaralandi. Lína frá Skinnastað að Garði í Kelduhverfi.

Ed. 208. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Tillgr. orðist svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd ólaunaða, til að undirbúa fyrir næsta þing frv. um skipulag á sölu landbúnaðarafurða inn-

anlands, svo framarlega sem Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélag Suðurlands, Mjólkursamlag Suðurlands, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands vilja leggja til, hvert um sig, einn mann í nefndina.

Ed. 209. Breytingartillaga

við tillögu til þál. um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir orðunum „Búnaðarfélags Íslands“ komi: Alþýðusambands Íslands.

Ed. 210. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 208 (Sala innanlands á landbúnaðarafurðum).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Á eftir orðunum „Samband íslenzkra samvinnufélaga“ komi: Alþýðusamband Íslands.

Nd. 211. Tillaga

til þingsályktunar um samvinnubyggðir.

Flutningsm.: Eysteinn Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa til hlítar og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um samvinnubyggðir, enda verði í því frumvarpi ákveðið, að þeim hluta tekna af tóbakseinkasölu ríkisins frá 1. jan. 1935, sem samkv. ákvæðum laga nr. 58 8. sept. 1931 á að renna til bygginga- og landnámssjóðs, verði varið til stofnunar samvinnubyggða.

Greinargerð.

Í sveitum landsins elst upp fjöldi fólks, sem mjög gjarnan vildi gera búskap að lífsstarfi sínu, ef það ætti kost jarðnæðis og hefði aðstöðu til þess að byrja búskap undir sæmilegum skilyrðum. Byrjunarörðugleikarnir og jarðnæðisskorturinn verða mörgum ofjarlar í þessum efnum. Er það ljóst mál, að ráðstafanir þarf að gera hið bráðasta til þess að fjölga býlum í sveitum landsins og að hið opinbera þarf að hlaupa undir bagga í því efni.

Á síðasta þingi fluttu 2 þingmenn úr Framsóknarflokknum, þeir Steingrímur Steinþórsson og Sveinbjörn Högnason, frumvarp til laga um samvinnubyggðir, sem var algert nýmæli og gekk í þá átt að fjölga býlum. Í greinargerð þess frumvarps var þannig gerð grein fyrir málinu:

„Búnaðarlöggjöf okkar hefir að þessu eingöngu verið sniðin með tilliti til þess, að búskapur væri rekinn á einstökum, dreifðum býlum. Enda er fátt, sem einkennir búskaparháttu okkar jafngreinilega og skipulagsleysið. Kemur það hvað greinilegast í ljós um allt, er snertir skipulag byggða. Býlin eru sett af algerðu handahófi, án þess að nokkurt tillit sé til þess tekið, að lega þeirra sé svo, að notkun helztu menningartækja nútímans sé möguleg.

Nú er talið sjálfsagt, að skipulagsuppdrættir séu gerðir fyrir kauptún og kaupstaði og framvegis verði byggt þar eftir föstum, áður viðteknum reglum.

Frumvarp það, er hér birtist um samvinnubyggðir, er frumdrættir, sem stefna að því, að framvegis verði byggðin skipulögð í sveitum, á sinn hátt svipað og nú er gert í bæjum og kauptúnum.

Það, sem fyrir vakir með nýmæli þessu í landbúnaðarlöggjöf okkar, eru einkum þau meginatriði, sem nú skal greina:

1. Að skapa skilyrði til hagkvæmari og ódýrari framleiðsluaðferða en nú eru, annaðhvort með mjög náinni samvinnu milli sjálfstæðra býla í byggðahverfum, eða algerðum samvinnubúskap.
2. Að skapa sveitafólki aukna möguleika til þess að mynda eigin heimili í sveitum, svo að það þurfi ekki að hrekjast til sjávarþorpa og kaupstaða.
3. Að tryggja byggðum þessum afnot af samgöngum og öðrum menningartækjum, sem nútímalíf heimtar, en sem eru lítt hugsanleg í strjálbýli, vegna kostnaðar.
4. Að handverk og smáiðnaður nái að þróast í samvinnubyggðum og geti orðið til styrktar aðalatvinnu manna, einkum á vetrum.

Leiðin til að ná þessum tilgangi er, að hin nýja byggð sé í þorpum. Við álítum, að þorpunum eigi að koma upp með samvinnu þeirra, sem þar vilja búa, og með nokkuð takmarkaðri aðstoð hins opinbera og undir eftirliti þess. Aðferðin, sem við hugsum okkur, er sú, að ríkið leggi fram landið og láti leggja vegi að því, og láti ennfremur rækta nokkurt land handa hverju býli. Félögin koma upp byggingum fyrir félagsmenn og útvegi lán og annist ennfremur sameiginlegar framkvæmdir, svo sem rafvirkjun, ef til kemur. Síðan ráði félagsmenn sjálfir, á hvern hátt þeir reka búskapinn, þ. e. hvort hann sé rekinn að miklu eða öllu leyti út af fyrir sig hjá hverjum einstakling, eða að einhverju eða öllu leyti sameiginlega. Um þetta atriði álítum við vafasamt að binda hendur manna, þó að ýmislegt mæli með því, að algerlega sameiginlegur búskapur, með skiptingu afurða eftir á, myndi verða ódýrari.

Við álítum mikilsvert, að ræktun landsins fari á undan öðrum framkvæmdum, svo að búskapurinn á býlunum geti verið lífvænlegur þegar í stað. Hinar arðgæfu framkvæmdir verða að koma á undan þeim óarðgæfu. Og mikið veltur á, að hægt verði að finna ódýrt byggingarfyrirkomulag. Æskilegast, að hægt væri að komast af með mjög litlar byggingar í fyrstu og bæta síðar við. Eftirlit með byggingum ætlumst við til, að sé mjög strangt, bæði af hálfu hins opinbera

og félaganna, svo að ekki sé hætta á, að býlin yfirbyggist með dýrum húsum. Menn yrðu að sætta sig við, að húsin yrðu sem líkust að stærð og fyrirkomulagi, notuð sú aðferðin, sem ódýrust telst að hlutfalli við afnotagildi.

Hverja samvinnubyggð yrði að miða við ákveðna tegund búskapar og taka tillit til þess þegar í upphafi, bæði með ákvörðun landsstærðar, beitilands, býlafjölda og skipulags í byggðinni. Sumstaðar yrði aðallega kúabú, annarsstaðar sauðfjárrækt (t. d. á Norðausturlandi), á öðrum stöðum garðrækt eða alifuglarækt. Á hverjum stað verður fyrst og fremst að miða við þá staðhætti, sem fyrir hendi eru, þannig að stunduð sé aðallega sú framleiðslan, sem bezt borgar sig, með tilliti til landkosta.

Samvinnubyggðirnar ættu að keppa að því að vera sjálfum sér nógar. Þar ætti, er stundir liða, að komast á fót ýmiskonar handverk og iðnaður í smærri stíl í sambandi við rafmagnið. Þá myndi því að einhverju leyti varnað, að menn þyrftu að sitja auðum höndum yfir vetrartímann.

Af þeim þægindum, sem þetta fyrirkomulag myndi hafa í för með sér, mætti margt telja. Þar myndi með tiltölulega litlum kostnaði geta verið sími til afnota fyrir hvert heimili, rafmagn til ljósa, suðu og hitunar (ef ekki væri jarðhiti), daglega póstferðir á hvert heimili, sameiginlegt útvarp, ný aðstaða til menntunar fyrir börn og unglinga, skilyrði fyrir sameiginleg afnot bóka — og það, sem ekki má gleyma, aðstaða til félagsskapar og dægrastyttingar, sem margt fólk má leita eftir til kaupstaðanna".

Frumvarp þetta var ekki afgreitt frá nefnd á síðasta þingi. Hér er hinsvegar um merkt frumsmíð að ræða, sem þarf að taka til ýtarlegrar rannsóknar nú þegar, svo að til framkvæmda komi bráðlega. Af þeim orsökum er tillaga þessi flutt nú. Á hún að tryggja það, að mál þetta fái eins ýtarlega meðferð og það á skilið.

Byggingar- og landnámssjóður hefir fyrst og fremst lánað til endurbyggingar sveitabæja, en minna til nýbýla. Gera verður hiklaust ráð fyrir því, að býlafjölgun í landinu fyrir atbeina hins opinbera verði að mestu í samvinnubyggðum. Væri þar með nokkuð létt á byggingar- og landnámssjóði. Af þessum ástæðum er farið fram á það í ályktuninni, að hálfur gróði tóbakseinkasölunnar renni til samvinnubyggða.

Ed. 212. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Nefndin hefir borið fram brtt. við frv. á sérstöku þingskjali, og eru helztu efnisákvæði þeirra þessi:

1. Að gera atkvæðagreiðslu landslista til handa óbrotnari en hún er í frv., með því að heimila kjósanda, er vill greiða atkvæði sitt landslista, sem í kjöri er,

en ekki frambjóðanda í kjördæmi, einungis annaðhvort að greiða listanum atkvæði án röðunarbreytingar, eða þá að hafa áhrif á röðina með því að gefa einhverjum frambjóðendanna á listanum atkvæði sitt sérstaklega.

2. Að taka upp í frv. aftur, í lítið eitt breyttri mynd, heimild þá til þess að hafa í kjöri „raðaðan“ landslista, sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir og var tekin upp í stjfrv., en felld úr því með brtt. við 3. umr. málsins í Nd.
3. Að setja skýrari ákvæði en nú eru í frv. um ákvörðun röðunar að kosningu lokinni á „óröðuðum“ landslista.

Um sumar af þessum breytingum hefir þó einn nefndarm. sérstöðu, og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Að öðru leyti verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Alþingi, 28. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Pétur Magnússon, með fyrirv.
Ingvar Pálmason. Björn Kristjánsson.

Nd. 213. Tillaga

til þingsályktunar um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Reykjavík. Kaupverðið sé 75000 — sjötíu og fimm þúsund — krónur. Ennfremur ályktar Alþingi að veita 75000 — sjötíu og fimm þúsund — króna styrk til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna í Reykjavík og Stórstúku Íslands. Sé svo frá samningnum gengið, að andvirði húss og lóðar gangi og til að reisa hið nýja hús. Kaupverð og styrkur greiðist þannig, að 50 þús. kr. greiðast þegar afsal er gefið, en eftirstöðvarnar á 10 árum með jöfnum greiðslum.

Nd. 214. Breytingartillögur

við till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Jakob Möller, Thor Thors.

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afhenda góðtemplarareglunni

í Reykjavík lóð þá, kvaða- og endurgjaldslaust, sem ríkissjóður telst eiga tilkall til í fasteign góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund.

2. Fyrirsögnin verður:
   Tillaga til þingsályktunar um templaralóðina í Reykjavík.

Nd. 215. Tillaga

til þingsályktunar um útrýmingu fjárkláðans.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fram fara á yfirstandandi vetri rækilega rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans.
2. Að hlutast til um, að rannsóknarstofan í þágu atvinnuveganna rannsaki nákvæmlega:
   a. hvert baðefni sé hentugast og jafnframt öruggast til útrýmingar fjárkláðans,
   b. hver þörf sé á sótthreinsun fjárhúsanna og hvernig öruggast sé að framkvæma hana.
3. Að leggja fyrir næsta þing niðurstöður þeirra rannsókna og tillögur um útrýmingu fjárkláðans.

Ed. 216. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Ingvari Pálmasyni og Birni Kristjánssyni.

1. Við 14. gr. Í stað orðanna „1. júlí það ár til 30. júní“ komi: 30. júní það ár til 29. júní.
2. Við 27. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
   Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðrahvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.
3. Við 59. gr. Á eftir greininni komi ný gr., svo hljóðandi:
   Í kjördeildum utan kaupstaða og kauptúna þeirra, sem samkvæmt sið-

asta manntali hafa haft yfir 300 íbúa, er heimilt að halda aukakjörfund daginn fyrir hinn almenna kjördag, ef a. m. k. þriðjungur kjósenda innan kjördeildarinnar sendir undirkjörstjórn skriflega áskorun um það eigi síðar en viku fyrir kjördag. Skal kjörstjórn þá auglýsa aukakjörfundinn tafarlaust.

4. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Aukakjörfund (sbr. 60. gr.) skal setja kl. 2 síðdegis.
5. Við 78. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Hafi aukakjörfundur verið haldinn í kjördeildinni, byrjar athöfnin á kjördegi með því, að oddviti rýfur innsigli fyrir poka þeim, sem kjörgögnin eru geymd í (sbr. 102. gr.), undir nákvæmu eftirliti meðkjörstjóra, frambjóðenda og umboðsmanna. Um þetta skal bóka í kjörbókina.
6. Við 100. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Aukakjörfund skal slitið kl. 7 síðdegis.
7. Við 101. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Að loknum aukakjörfundi skal láta atkvæðakassann í poka þann, sem honum fylgir, ásamt öllum kjörseðlum, kjörbók og kjörskrám. Pokann skal síðan innsigla eftir ákvæðum 108. gr.

Ed. 217. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 14. gr. Í stað „1. júlí það ár til 30. júní næsta ár á eftir“ komi: 23. júní það ár til 22. júní næsta ár á eftir.
2. Við 59. gr. Í stað orðanna „fyrsti sunnudagur í júlímánuði“ komi: síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Ed. 218. Tillaga

til þál. um greiðslufrest á skuldum bátaútvegsmanna.

Flutningsm.: Jónas Jónsson, Ingvar Pálmason, Björn Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þeir bátaútvegsmenn, sem það miklar skuldir hvíla á, að þær eru útvegi þeirra til verulegs hnekkis, fái nú þegar fyrir næstu vertíð greiðslufrest á skuldunum.

Greinargerð.

Það er vitanlegt, að nefnd sú, sem nú er að rannsaka ástand sjávarútvegsins, verður ekki búin að skila áliti fyrir næstu vertíð, en hinsvegar er það upplýst, að

mikill hluti bátaútvegsmanna er það aðþrengdur vegna eldri skulda, að víða liggur við borð, að útgerðin stöðvist eða að útvegsmenn verða að sætta sig við óhóflega hátt verð á vörum til útgerðarinnar. Við athugun þess, að bátaútvegurinn færir landinu ⅔ hluta af öllum fiskafla landsmanna, eru slíkar þrengingar vegna eldri skulda ekki einungis skaðlegar fyrir hlutaðeigandi menn, heldur og þjóðina sem heild.

Nd. 219. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er samþykk því áliti, sem fram hefir komið á þskj. 108, um framkvæmd laganna gagnvart eldri lántökum við Söfnunarsjóðinn.

Alþingi, 28. nóv. 1933.

H. Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, frsm.	Jakob Möller, fundaskr.
Héðinn Valdimarsson.	Ólafur Thors.	

Nd. 220. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

Sþ. 221. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að flytja frv. um að leggja niður embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frv. um að leggja niður embættið um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Greinargerð.

Það hefir lengi verið almenn skoðun, að þetta embætti væri gersamlega óþarft. Sést, að sú muni vera skoðun bankanna, sem borga mikinn hluta af kaupi þessa starfsmanns, því að þeir hafa árum saman neitað að borga kaup eftirlitsmannsins. Frv. um niðurlagningu þessa embættis var samþ. í efri deild í fyrra, en náði þó ekki afgreiðslu í neðri deild.

Margir þingmenn telja, að rétta megi við fjárhag ríkisins með því að fella niður miður þörf embætti. Takist ekki að fá þetta þing til að viðurkenna, að leggja megi niður þetta embætti, er sýnilegt, að lítil von er um sparnað við embættafækkun.

Ed. **222. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur réttara að hafa í frv. fastákveðna árgreiðslu, og getur fallizt á, að hún sé 5%. Flytur nefndin breytingartillögu um þetta.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

Alþingi, 29. nóv. 1933.

Jón Þorláksson, form.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson, frsm.

Nd. **223. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 201 (Kreppulánasjóður).

Frá landbúnaðarnefnd.

Efnismálsgr. brtt. skal orða svo:

Skuldabréfin eru þó eigi gildur gjaldeyrir fyrir ríkissjóð eða ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjar- eða sýslufélög til þess að greiða með skuldir sínar.

Nd. 224. Breytingartillaga

við till. til þál. um samvinnubyggðir.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

Orðin „enda verði í því frumvarpi ..... til stofnunar samvinnubyggða“ falli burt.

Nd. 225. Þingsályktun

um starfrækslu talstöðvarinnar í Papey.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að tekin verði upp nú þegar eða um áramót næstu starfræksla talstöðvarinnar í Papey.

Nd. 226. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 63 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Eftir því sem nefndin getur komizt næst, myndi af samþykkt frumvarps þessa leiða 20—22 þús. króna aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. En þrátt fyrir það verður meiri hl. nefndarinnar að mæla með því, að frv. verði samþ., bæði af því, að launakjör þessara manna virðast tæplega viðunandi, og í annan stað varla sæmandi að launa yfirmenn á varðskipum ríkisins lakar en starfsbræður þeirra á strandferðaskipunum, og vísar meiri hl. n. að öðru leyti til greinargerðar þeirrar, er frumvarpinu fylgir.

Alþingi, 29. nóv. 1933.

Halldór Stefánsson, form., með fyrirv. | Jakob Möller, fundaskr., frsm. | Ólafur Thors, með fyrirv.

Héðinn Valdimarsson.

Ed. 227. Þingsályktun

um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 29. nóv.).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram rækilega athugun á því, hversu heppilegast væri að haga sölu á afurðum landbúnaðarins í landinu sjálfu og hvaða ráðstafanir væri fært að gera af ríkisvaldsins hálfu til þess að tryggja sem mestan markað fyrir þær innanlands og að minnsta kosti svo hátt verð, að bændur fengju framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands, Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfélags Borgfirðinga. Leggja skal árangurinn af þessari athugun fyrir næsta Alþingi.

Ed. 228. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar.

(Afgreidd frá Ed. 29. nóv.).

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur á árinu 1934, að upphæð allt að 70000 krónur, til þess að reisa síldarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju kaupstaðarins, enda setji kaupstaðurinn þá tryggingu fyrir ábyrgðinni, er ríkisstjórnin telur nægja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 229. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn telur atvinnuhorfum Reykjavíkur nú vera komið þannig, að eigi megi við svo búið standa. Árið 1924 voru 25 togarar gerðir út í Reykjavík og tala íbúa 20657, eða 826 manns á hvern togara. Árið 1932 var tala togaranna 23, en tala íbúanna 30565, eða 1329 manns á hvern togara. Við þessa fækkun, einkum þó samanborið

við fólksfjölda, bætist svo, að skipin hafa fyrnzt á þessum árum og ekki verið endurnýjuð. Fækkunar togaranna hefir ekki gætt svo mjög sem ella myndi vegna þess, hve afli hefir verið mikill nokkur undanfarin ár. Komi aflaleysisár, horfir nú þegar til vandræða, og er ekki sýnt, að einstaklingsframtakið hafi nokkurn vilja eða getu til að bæta úr því. Bærinn verður því, að áliti meiri hlutans, að hafa forgöngu í því, að til útgerðar verði stofnað. Virðist auðsætt, að nauðsyn beri til, að hafizt verði handa áður en fjárhag Reykjavíkurbæjar hrakar frá því, sem nú er, og þeir örðugleikar verða fyrir hendi, að ófært reynist að sigrast á þeim. Tveir nefndarmanna leggja einkum áherzlu á, að hagkvæmara muni, að slíkt fyrirtæki, sem hér er um að ræða, verði starfrækt af samvinnufélagi sjómanna og verkamanna, og leggur meiri hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
   Frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna skipakaupa Reykjavíkurkaupstaðar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin, en leigi þau samvinnufélagi sjómanna og verkamanna án hagnaðar.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Útvegun láns samkv. 1. gr. fari fram í samráði við fjármálaráðherra og fyrir milligöngu aðilja, er hann samþykkir.

Alþingi, 29. nóv. 1933.

Bergur Jónsson, form.	Eysteinn Jónsson, frsm.	Finnur Jónsson.

Ed. 230. Frumvarp

til laga um einkasölu ríkisins á kartöflum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1934 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn kartöflur frá útlöndum.

Lög þessi taka þó eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru eigi, að áliti tollstjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist „kartöflueinkasala ríkisins“, skal hafa á hendi verzlun með kartöflur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ríkissjóður leggur fram starfsfé til verzlunarinnar og hefir hann heimild til að taka lán í því skyni.

Einkasalan hefir heimild til að kaupa eða leigja geymsluhús fyrir kartöflur, þar sem þurfa þykir.

3. gr.

Kartöflueinkasalan selur til kaupmanna, kaupfélaga og annara verzlunarfélaga, en ekki til einstakra manna.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur kartöflueinkasölunnar, semur reglugerð um starfsemi hennar og skipar forstöðumann og 2 endurskoðendur.

Heimilt er ríkisstjórninni að fela annari ríkisstofnun forstöðu einkasölunnar.

5. gr.

Kartöflueinkasölunni er skylt að kaupa allar þær kartöflur, framleiddar innanlands, er henni eru boðnar til kaups, fyrir gildandi innkaupsverð, sbr. 7. gr.

6. gr.

Innkaupsverð og söluverð einkasölunnar skal ákveðið af fimm manna verðlagsnefnd. Forstöðumaður einkasölunnar er formaður nefndarinnar. Búnaðarfélag Íslands skipar 1 nefndarmann, Samband ísl. samvinnufélaga 1, Verslunarráð Íslands 1 og Alþýðusamband Íslands 1.

7. gr.

Innkaupsverð ákveðst með hliðsjón af því, að hæfilegur kostnaður við framleiðsluna fáist greiddur. Verðið skal vera hið sama fyrir samskonar vörur á öllum geymslustöðum og höfnum, þar sem strandferðaskip ríkisins hafa viðkomur.

Þar sem flytja þarf vöruna langa leið til geymslustaðar eða til hafnar, tekur einkasalan þátt í flutningskostnaðinum, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

8. gr.

Söluverð á innlendum og innfluttum kartöflum skal vera hið sama, miðað við vörugæði, á öllum geymslustöðum og höfnum, þar sem strandferðaskip ríkisins hafa viðkomur.

Söluverðið ákveðst í samræmi við innkaupsverð, þannig að geymslukostnaður vörunnar og kostnaður við rekstur kartöflueinkasölunnar, samkvæmt þessum lögum, fáist greiddur.

9. gr.

Verðlagsnefnd ákveður hámarksálagningu á kartöflum í smásölu.

10. gr.

Verði hagnaður á rekstri kartöflueinkasölunnar, skal hann notaður til að tryggja framtíð hennar, svo sem með því að byggja geymsluhús fyrir kartöflur, á þeim stöðum, sem nauðsynlegast er.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á allskonar grænmeti, sem hægt er að framleiða hér á landi, og gilda um það sömu reglur og felast í lögum þessum.

12. gr.

Ákvæði viðvíkjandi rekstri kartöflueinkasölunnar í lögum þessum (kaupskylda, innkaupsverð, sala, útsöluverð o. s. frv.) veita engum réttarkröfu, sem hægt er að framfylgja fyrir dómstólum.

Stjórnarráðið úrskurðar um deiluatriði, og getur sá, sem telur sig misrétti beittan, kært til þess.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50 til 10000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Kartöflur, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, skulu gerðar upptækar og afhendast kartöflueinkasölunni til ráðstöfunar.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Eftir því sem fróðir menn telja, er árlega keypt frá útlöndum um $\frac{1}{3}$—$\frac{2}{5}$ af þeim kartöflum, sem notaðar eru í landinu, og nemur sú upphæð fullum 300 þús. kr.

Þessi kartöflukaup erlendis eru ekki gerð vegna þess, að ekki sé hægt að fullnægja neyzluþörfinni með innlendri framleiðslu, því öllum ber saman um, að auðvelt væri að margfalda framleiðsluna á fáum árum. En ástæðan til þess, að svo seint gengur að auka kartöflufamleiðsluna, er eingöngu sú, að framleiðendur hafa ekki haft tryggingu fyrir nægilegum markaði né viðunandi verði.

Til þess að spara þann erlenda gjaldeyri, sem nú fer árlega fyrir útlendar kartöflur, og tryggja innlendum framleiðendum sæmilegan markað, hefir verið bent á tvær leiðir: verndartoll og innflutningsbann.

Fyrri leiðin hefir nú verið reynd, án þess að fullnægjandi árangur hafi fengizt, því útlendar kartöflur hafa, þrátt fyrir 15% verðtoll, reynzt ódýrari en innlendar.

Með þessu frumvarpi er bent á nýja leið að sama takmarki, sem sé þá, að setja á stofn einkasölu á kartöflum, er skylt sé að kaupa alla innlenda framleiðslu fyrir ákvæðisverð, er miðað sé við að tryggja bændum viðunandi verð. Jafnframt er það tryggt, að kartöfluskortur þyrfti ekki að verða í landinu, þótt

innlend framleiðsla væri uppseld, þar sem einkasalan á að hafa óbundnar hendur um innflutning útlendra kartaflna hvenær sem þess væri þörf.

Ætlazt er til, að heildsöluágóða af útlendum kartöflum verði varið til þess að bæta upp kaupverð innlendrar framleiðslu. Eru líkur til, að kartöflueinkasalan mundi geta komizt að talsvert betri samningum um verð og flutningakjör á útlendum kartöflum heldur en einstakar verzlanir verða nú að sæta, og ætti það að tryggja neytendur fyrir þeirri verðhækkun, sem annars mundi geta leitt af þessum ráðstöfunum.

Af sparnaðarástæðum væri sennilega réttast að fela tóbakseinkasölunni starfrækslu verzlunarinnar.

Sþ. 231. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um varalögreglu.

Frá Eysteini Jónssyni.

Aftan við tillöguna bætist: eins og nú standa sakir, og aldrei nema áður sé fyrirskipuð og fullnægt hámarksfjölgun lögregluþjóna samkv. 1. gr. laga um lögreglumenn frá 1933.

Ed. 232. Nefndarálit

um frv. til laga um rýmkun undanþágu frá áfengislöggjöfinni.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að ýtarleg endurskoðun og breytingar á áfengislöggjöfinni verði að fara fram og koma til framkvæmda um leið og leyfður yrði innflutningur sterkari áfengra drykkja, og með því að sú endurskoðun ætti að framkvæmast af nefnd skipaðri af Alþingi eða ríkisstjórn, sem skipuð væri þannig, að báðar hinar andstæðu stefnur í áfengismálunum ættu kost á að taka þátt í endurskoðun laganna, telur deildin frumvarp þetta eigi tímabært og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Nd. 233. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 63 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. 3. málsgr. Aftan við málsgreinina bætist: Eigi skal þó taka tillit til kaupuppbótar þeirrar fyrir strandsiglingar (strandferðauppbótar), sem greidd er á strandferðaskipunum.

Ed. 234. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Jónssyni.

1. Við 27. gr.
   a. Í stað orðanna í fyrstu málsgr. „eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda“ komi: eigi færri en 50 kjósenda.
   b. Í stað orðanna í 2. málsgr. „eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum“ komi: eigi færri en 200 kjósendum.
2. Við 85. gr. Á eftir orðunum „innan sama kjördæmis“ í 2. málsgr. komi: og hafi afsalað sér þar kosningarrétti.
3. Við 142. gr. 1. tölul. falli niður.
4. Við 150. gr. 3. og 4. tölul. falli burt.

Nd. 235. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Aftan við frvgr. bætist:

a. Lína frá Stóraási að Húsafelli.
b. Lína frá Þyrli að Stórabotni.

Nd. 236. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Thor Thors.

Aftan við frvgr. bætist: Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum.

Ed. 237. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 204 [Kosningar til Alþingis].

Frá Eiríki Einarssyni.

a. Við tölul. 27. Við staflið a. Aftan við orðin í niðurlagi 3. málsliðar „hafa hlotnazt persónulega á landslistanum“ bætist: Skulu atkvæði frambjóðanda í tvímenningskjördæmi þar talin bæði þau, er honum hafa verið greidd einum og með öðrum frambjóðanda í kjördæminu.
b. Næsti málsliður, „Við þennan útreikning .... ásamt öðrum frambjóðanda“, falli niður.

Ed. 238. Nefndarálit

um till. til þál. um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með tillögunni, en vill breyta orðalagi hennar.

BREYTINGARTILLAGA.

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að greiða Blindravinafélagi Íslands á árinu 1933 1500 kr. til þess að gera fátækum blindum mönnum hægara fyrir um að hagnýta sér útvarp.
2. Að láta Blindravinafélagi Íslands í té allt að 10 viðtæki fyrir blinda menn.

Atvinnumálaráðuneytið lætur færa þessi útgjöld á fjárhagsáætlun útvarpsins og setur nánari reglur um, hvernig styrkveitingum skuli hagað.

Alþingi, 30. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 239. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 240. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1933.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Ed. 241. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fóðurskorti í illu árferði.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, þegar svo ber undir, að grasbrestur eða ill nýting heyja verður þess sýnilega valdandi í einhverjum héruðum landsins, að óhjákvæmilegt verði að tryggja bústofninn með því að kaupa fóðurbæti, að gera þá í tæka tíð ráðstafanir gegn því, að selt verði svo mikið út úr landinu af síldarmjöli, að eigi verði bætt úr þessari þörf. Í þessu efni leiti stjórnin tillagna Búnaðarfélags Íslands, sem á ári hverju aflar sér um það vitneskju, nægilega snemma, hversu viðtækra ráðstafana muni þörf.

Ed. 242. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra 125 þús. kr., sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 81 23. júní 1932, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík, gegn bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, enda sé tryggt, að forráðamenn þeirra skipa, sem upp eru tekin á brautina, geti ráðstafað öllum aðgerðum á þeim eftir eigin vild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **243. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Vilmundi Jónssyni og Bergi Jónssyni.

Aftan við frvgr. bætist: Lína að Reykhólum.

Ed. **244. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 133 (Undanþága frá skemmtanaskatti).

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Í stað orðanna í 1. tölul. „og Ísafjarðarkaupstaðar“ komi: Ísafjarðarkaupstaðar og Vestmannaeyjakaupstaðar.

Ed. **245. Lög**

um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 117.

Ed. **246. Lög**

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 186.

Ed. **247. Lög**

um lögreglustjóra í Bolungavík.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 124.

Nd. **248. Þingsályktun**

um útrýmingu fjárkláðans.

(Afgreidd frá Nd. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 215.

Nd. 249. Breytingartillaga

við till. til þál. um að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Aftan við tillgr. bætist:
Skilyrði fyrir styrkveitingu þessari eru þau:

1. að þau ein dýpkunartæki verði keypt, er auðvelt sé að flytja hafna á milli.
2. að ríkisstjórnin hafi umráð yfir tækjunum til notkunar við önnur mannvirki, gegn hæfilegri leigu, þegar þau eru ekki í notkun í Vestmannaeyjum.

Nd. 250. Breytingartillaga

við till. til þál. um, að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

Frá Thor Thors.

Aftan við tillgr. bætist: enda sé það tryggt, að dýpkunartækin fáist leigð til annara staða, gegn hæfilegu gjaldi, þegar Vestmannaeyjakaupstaður þarf eigi að nota þau.

Nd. 251. Tillaga

til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir allt að 125 þús. kr. láni fyrir samvinnufélagið „Grím“ í Borgarnesi, til kaupa á línuveiðara, enda nemi lánið eigi meiru en $\frac{4}{5}$ af kaupverði skipsins fullbúins til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Borgarneshrepps og fyrsta veðrétti í skipinu. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

Nd. 252. Frumvarp

til laga um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri, til kaupa á vélbátum, enda nemi lánið eigi

meiru en $\frac{4}{5}$ af kaupverði bátanna fullbúinna til fiskveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Stokkseyrarhrepps og fyrsta veðrétti í bátunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 253. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson, Bernharð Stefánsson, Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það líti þannig á, að ríkisstjórnin eigi að greiða nú þegar mjólkurbúunum í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík viðbótarstyrk þann, sem um ræðir í 1. gr. laga um mjólkurbúastyrk, nr. 95 frá 19. júní 1933, án tillits til þeirra samninga, sem kunna að verða milli stjórnar Mjólkurbús Flóamanna og ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu á skuld þess mjólkurbús til ríkissjóðs.

Greinargerð.

Sum af þeim mjólkurbúum, sem um ræðir í tillögu þessari, eiga mjög erfitt með að standa straum af stofnkostnaði sínum og hafa brýna þörf þeirrar hjálpar, sem um ræðir í 1. gr. laga um mjólkurbúastyrk frá 19. júní 1933. Á hinn bóginn á Mjólkurbú Flóamanna vitanlega erfitt með að endurgreiða stórar fjárhæðir mitt í landbúnaðarkreppunni. Aðstandendur mjólkurbúanna hafa þess vegna farið fram á, að Alþingi skeri úr um það, hver sé skilningur þess á málinu.

Ed. 254. Frumvarp

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,

3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi):
   1. Borgarfjarðarsýsla.
   2. Mýrasýsla.
   3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
   4. Dalasýsla.
   5. Barðastrandarsýsla.
   6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
   7. Ísafjarðarkaupstaður.
   8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
   9. Strandasýsla.
   10. Vestur-Húnavatnssýsla.
   11. Austur-Húnavatnssýsla.
   12. Akureyrarkaupstaður.
   13. Suður-Þingeyjarsýsla.
   14. Norður-Þingeyjarsýsla.
   15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
   16. Austur-Skaftafellssýsla.
   17. Vestur-Skaftafellssýsla.
   18. Vestmannaeyjakaupstaður.
   19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
   20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi):
   1. Skagafjarðarsýsla.
   2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
   3. Norður-Múlasýsla.
   4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
   5. Rangárvallasýsla.
   6. Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:
1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Annarsstaðar skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu, og annan til vara, og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjör-

skrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 23. júní það ár til 22. júní næsta ár á eftir.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmilega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefir verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar aug-

lýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit

af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka frambjóðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn frambjóðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

27. gr.

Hver einstakur frambjóðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir

hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

Ef menn eru á landslista, sem eigi eru jafnframt í kjöri í einhverju kjördæmi af hendi þess flokks, sem ber landslistann fram, skal landslistanum fylgja til landskjörstjórnar skrifleg yfirlýsing þeirra manna um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, enda sé þeim kunnugt, af hvaða stjórnmálaflokki hann er borinn fram.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Frambjóðandi í kjördæmi, sem er í kjöri fyrir stjórnmálaflokk, má jafnframt vera á landslista flokksins, og er skylt, að að minnsta kosti annaðhvert sæti 10 efstu manna á landslista hvers flokks séu skipuð frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Á landslista skulu nöfn frambjóðenda ekki vera fleiri en 38.

Landslistar geta verið með tvennu móti, sem hér segir:

a. Landslisti, þar sem nöfnum er ekki skipað í röð fyrirfram. Á honum skulu eiga sæti allir frambjóðendur flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðendur úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn. Nú eru fleiri fram-

bjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á slíkan landslista. Á slíkan landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð, en röðina á listanum að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkv. ákvæðum 128. gr.

b. Landslisti, þar sem nöfnum er skipað í röð fyrirfram. Á honum skal að minnsta kosti annaðhvert hinna 10 efstu sæta skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Á slíkan landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett í þeirri röð, sem flokksstjórnin tiltekur. Ef eigi er annaðhvert hinna 10 efstu sæta að minnsta kosti skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmunum utan Reykjavíkur, nemur landskjörstjórn af listanum þau nöfn, er þarf til þess að þessu skilyrði verði fullnægt.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn jafnsnemma framboði sínu, og verður hann þá ekki tekinn á landslista.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík eða landskjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringunum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess. Á landslista má einnig á sama hátt setja mann í sæti hins látna, ef flokksstjórn þess stjórnmálaflokks, sem listann hefir borið fram, krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 135. gr. þessara laga.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til

að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, eða, þegar um landslista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmálaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Nú hefir stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og þóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvíkjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B. C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið eða í stafrófsröð, ef flokksstjórnin hefir ekki raðað þeim, og skal tilgreina um hvern lista, hvort hann er óraðaður samkv. 30. gr. 3. málsgr. a, eða raðaður samkv. staflið b. sömu málsgr.

40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í réttri röð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslist-

ana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landslistana.

42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmálaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, í réttri röð.

43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, þar á meðal ef vantar yfirlýsingar samkv. 27. gr., sem ætla má, að hefðu átt að fylgja framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans limbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....

(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....

(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....

(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....

(Staða).

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hefi engan annan kjörseðil frá mér sent og hefi ekki kosið annarsstaðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár).

.....

(Undirskrift kjósanda).

Að .....

(Fullt nafn kjósanda).

.....

(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibréf, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.


.....

(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

Vitundarvottar (embættisstimpill nægir ekki).

.....

(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annara kjörstjóra hver í sínu umdæmi og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. $^1/_2$ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 3 cm. háar og svo margar, sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur, svo marga sem frekast má.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hinsvegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins sentímetra breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í línu sér

efst í skákinni skal standa bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti** .....**flokksins.** Fyrir neðan þessa línu og ofan við næsta þverstrik fyrir neðan skal vera autt bil, nægilegt til þess að skrifa í það eitt nafn.

Landslistum skal raðað í stafrófsröð í skákirnar.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** .....**flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda bráðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar,** á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin

láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að

breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. við að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra fram-

bjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn. Vilji hann ennfremur gefa einhverjum frambjóðendanna á listanum atkvæði sitt persónulega, ritar hann nafn þess frambjóðanda á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

72. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru

úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annarsstaðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnum.

82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi ennfremur gefa einhverjum frambjóðendanna á landslista atkvæði sitt sérstaklega, ritar hann nafn þess frambjóðanda í auða bilið neðst í sömu skákinni, sem sá landslisti er í, sem hann greiðir atkvæði sitt.

90. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvorttveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvorttveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík listar kjördæmisins.

91. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

92. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr

kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum.

93. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

94. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

95. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðslunni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

96. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.

97. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefir kjörfundur staðið 12 klukkustundir, og má þá slíta kjörfundi þegar fjórðungur klukkustundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

98. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 95. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

99. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

100. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 96. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

101. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

102. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

103. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

104. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 95. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 101. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

105. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

106. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjördæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við

aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

107. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

108. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmálaflokks, sem landslistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta réttar landslistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

109. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur,

4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef kosið er á sama kjörseðli landslisti eins flokks og frambjóðandi annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslisti eins flokks og kjördæmislisti annars flokks eða utan flokka, eða ef kosinn er á sama kjörseðli fleiri en einn landslisti,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslisti hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á. Sama gildir um landslista, ef kjósandi hefir á landskjörseðli greitt atkvæði einhverjum frambjóðanda listans.

112. gr.

Nú hefir kjósanda orðið það á að kjósa bæði frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks og jafnframt landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

113. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks óskar, skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn-

in atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

114. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í einmenningskjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefir persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur flokks í tvímenningskjördæmi eru fleiri en tveir, teljast á sama hátt landslistaatkvæðin aðeins þeim tveimur, sem flest hafa persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver eða hverjir skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 119. gr.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

115. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listunum og ekki á tölu þeirra. Atkvæðatalan á þessum kjörseðlum, sem er hin sama og tala kjörseðlanna, skiptist milli frambjóðendanna á listunum, hverjum fyrir sig, eftir þeirri reglu, er hér segir: Efsta frambjóðanda hvers lista telst atkvæðatala listans margfölduð með broti, þar sem teljarinn er tala frambjóðendanna á listanum, en nefnarinn er samtala allra heilu talnanna frá og með 1 til og með tölu allra frambjóðendanna á listanum. Hverjum hinna frambjóðendanna telst það brot af atkvæðatölu listans, að í teljara þess sé tala frambjóðendanna á listanum, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess sama talan og í broti því, sem notað var til þess að finna atkvæðatölu efsta frambjóðandans.

Síðan tekur kjörstjórnin alla kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð eða tölu frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum, eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið, eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda, eins eða fleiri, á kjörseðli, telst honum eða þeim ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli, og skal við útreikninginn á nefnara brotsins samkv. 2. málsgr. taka til greina einungis þá tölu frambjóðenda, sem eftir verður á þeim seðlum, þar sem strikað hefir verið yfir eitt eða fleiri nöfn.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans.

117. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

118. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundn-

um kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

119. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

120. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

121. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 107. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

a. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru, og hve mörg þar af á hvern frambjóðanda landslistans persónulega.
b. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
c. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir frambjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
d. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig, samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

123. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppbótarþingsæta.

124. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 122. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

125. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

126. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmenningskjördæmum.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í Reykjavík.

3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.

4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.

5. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.

6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

127. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal skrifa atkvæðatölur þeirra í röð, hverja niður undan annari, aftan við nafn síns flokks. Aftan við atkvæðatölu hvers flokks skal rita tölu þingmanna

hans, kosinna í kjördæmum. Síðan skal deila tölu þingmanna hvers flokks í atkvæðatölu hans og skrifa útkomurnar aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu útkomurnar ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari (þ. e. minni munur á hinni hæstu útkomu og hinni lægstu), ef ein deilitalan (þ. e. ein þingmannatalan) hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu fyrsta uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta á útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og deila þeim hverri um sig í atkvæðatölu síns flokks (þ. e. í hinar fyrstu tölur). Útkomurnar skal enn skrifa aftan við hinar fyrri tölur og í sömu röð. Séu þær ekki jafnar, en hefðu orðið jafnari, ef ein deilitalan hefði verið einum hærri, skal úthluta hinu öðru uppbótarþingsæti til þess flokks, sem nú á hæsta útkomuna. Tölur þingmanna flokkanna, eins og þær nú eru orðnar, skal enn á ný skrifa aftan við hinar fyrri tölur í sömu röð, og þannig skal halda áfram að deila tölu þingmanna hvers flokks, hverri um sig, í atkvæðatölu síns flokks, og úthluta jafnan uppbótarþingsæti til þess flokksins, sem hæsta fær útkomuna, unz útkomurnar geta ekki jafnari orðið, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að:

a. Ef þingflokkur hefir haft í kjöri óraðaðan landslista samkv. 30. gr. 3. mgr. a., skal fyrst nema af listanum alla þá frambjóðendur, sem hafa náð kosningu í kjördæmi sem þingmenn. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó ekki nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal telja saman atkvæði hvers þeirra frambjóðenda, sem nú eru eftir á listanum, með því að leggja saman þau atkvæði, er hverjum þeirra hafa hlotnazt persónulega í kjördæmi, og þau, sem honum kunna að hafa hlotnazt persónulega á landslistanum. Skulu atkvæði frambjóðanda í tvímenningskjördæmi þar talin bæði þau, er honum hafa verið greidd einum og með öðrum frambjóðanda í kjördæminu. Persónuleg atkvæði frambjóðanda, sem hefir verið í kjöri á lista í Reykjavík, skal telja svo sem þau hafa verið talin samkv. reglunni í 116. gr. Ef nú eru eftir á listanum 2 eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem nú hefir hæsta atkvæðatölu, en jafnframt bætist atkvæðatala þeirra, sem þannig eru burtnumdir, við atkvæðatölu þess frambjóðanda úr sama kjördæmi, sem eftir verður á listanum. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem nú eru eftir á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verður efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

b. Ef þingflokkur hefir haft í kjöri raðaðan landslista samkv. 30. gr. 3. málsgr. b., skal fyrst nema af listanum alla þá frambjóðendur, er hafa náð kosningu í kjördæmi sem þingmenn, en þó eigi varaþingmenn fyrir Reykjavík. Því næst skal gera listanum atkvæðatölu þannig: Finna skal tölu allra þeirra kjörseðla, sem gildir hafa verið teknir við kosninguna fyrir þá flokka, sem hafa náð þingsæti við kosninguna, og fyrir þá utanflokkaframbjóðendur, sem hafa náð kosningu. Samtölu þessara kjörseðla skal deila með tölu þingmanna, eins og hún hefir orðið að lokinni úthlutun uppbótarsæta, samkv. 127 gr., og kemur þá fram meðaltala atkvæðafjölda allra þingmanna. Þessa meðaltölu skal síðan margfalda með tölu þeirra þingmanna af þeim flokki, sem bar landslistann fram, er náð hafa kosningu í kjördæmum, og draga útkomuna frá þeirri atkvæðatölu, sem flokknum hefir hlotnazt samtals við kosningarnar. Mismunur sá, sem þá verður eftir, telst vera atkvæðatala hins raðaða landslista. Frá þessari atkvæðatölu listans skal því næst draga tölu þeirra kjörseðla, þar sem sá landslisti er kosinn, en jafnframt gefið atkvæði sérstaklega einhverjum þeirra frambjóðenda, sem nú eru eftir á listanum. Þeirri atkvæðatölu, sem þannig kemur fram, skal þessu næst skipt milli frambjóðendanna, sem eftir eru á listanum, samkvæmt reglunni í 116. gr. 2. málsgr. Við þannig fundna atkvæðatölu hvers frambjóðanda á listanum skal svo loks bæta tölu þeirra atkvæða, er honum hefir hlotnazt frá þeim kjörseðlum, þar sem sá landslisti var kosinn og þeim frambjóðanda sérstaklega greitt atkvæðið. Síðan skipast frambjóðendur í röð á listanum eftir þessum endanlegu atkvæðatölum hvers um sig.

c. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn. Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglunum undir staflið a. óbreyttum, að öðru en því, að atkvæði greidd landslista koma þar ekki til greina.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

129. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppbótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppbótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

130. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppbótarþingsætum samkvæmt 128. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti, svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppbótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

131. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

132. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppbótarþingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

133. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 142. og 143. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

134. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

135. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 142. og 143. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

136. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

137. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefir verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

138. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 113. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

139. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27.

gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmálaflokka í 28. gr. Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærur.

140. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

141. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

142. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafi vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 96. og 100. gr.).

143. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

144. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða for-

fallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XXI. KAFLI

Kostnaður.

145. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

146. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt, eða vanrækja hana.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

147. gr.

Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 95. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 92. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

9. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 96. gr.).

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 139. gr. 1. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

148. gr.

Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir aðstoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 104. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

149. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

150. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

151. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lögin öðlast gildi.

152. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

2. Lög nr. 36 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.

3. Lög nr. 19 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.

4. Lög nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

5. Lög nr. 11 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

6. Lög nr. 12 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

7. Lög nr. 17 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.

8. Lög nr. 50 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
9. Lög nr. 13 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
10. Lög nr. 20 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.
11. Lög nr. 58 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.
12. Lög nr. 47 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis,

svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

XXIV. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

153. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmælts tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

154. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

155. gr.

Landskjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Ed. 255. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta fer fram á að hækka upphæð þá, sem ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast fyrir bankann, úr 100 þús. sterlingspd. upp í 150 þús. sterlingspd. Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 2. des. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson.

Ed. **256. Tillaga**

til þingsályktunar um að fella niður innflutningshöftin.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella niður innflutningshöftin.

Þyki ríkisstjórninni nauðsyn til bera að takmarka innflutning vegna skorts landsmanna á erlendum gjaldeyri, telur Alþingi rétt, að slíkar takmarkanir séu settar í samráði við þessa aðila: Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands h/f, Verzlunarráðið, Alþýðusamband Íslands, Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík, Búnaðarfélag Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga, svo og leitað álits sérfélaga kaupmanna og iðnaðarmanna í Reykjavík að því er snertir takmarkanir á innflutningi vara, er félagar þeirra verzla með eða nota.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd efri deildar hefir haft til athugunar frv. til l. um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Nefndin varð ekki á eitt sátt um málið; minni hlutinn (JónasJ) vill fella frv., en meiri hlutinn (JBald og PM) telur rétt að afgreiða málið með þingsályktun þeirri, sem hér er prentuð að framan. Þó áskilur PM sér rétt til þess að vera með eða bera fram brtt. við þáltill.

Nefndin sendi frv. til umsagnar bankastjóra Landsbanka Íslands, fulltrúaráðs Útvegsbankans, Sambands ísl. samvinnufélaga, Búnaðarfélagsins, Verzlunarráðsins, Fiskifélagsins og iðnráðsins. Nefndinni hafa borizt svör frá flestum þeirra, og leggur Verzlunarráðið, Fiskifélagið og iðnráðið til, að frv. verði samþykkt, en Samband ísl. samvinnufélaga leggur til, að frv. verði fellt. Búnaðarfélag Íslands vill, að ríkisstjórnin hafi heimild til að hefta innflutning vara, sem framleiddar eru innanlands af landbúnaðinum. Bankastjórar Landsbankans, þeir Magnús Sigurðsson og Georg Ólafsson, komu á fund nefndarinnar, og fer hér á eftir álit þeirra, eins og það er bókað í gerðabók allsherjarnefndar:

„Georg Ólafsson taldi eigi gerlegt nú á þessu þingi að afnema höftin. Augljóst væri, að jafnframt því gagni, sem höftunum væri ætlað að vinna, þá hefðu þau skaðleg áhrif, og því lengur, sem höftunum væri beitt, þess alvarlegri yrðu afleiðingar þeirra fyrir atvinnulífið. Ætti því að fela stjórninni að endurskoða reglugerðina og breyta henni samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er. — Magnús Sigurðsson taldi ekki gerlegt að afnema lög nr. 1 8. marz 1920, heldur væri þvert á móti þörf á að fylgja þeim fastar fram, m. a. vegna lítillar getu landsmanna til kaupa á erlendum varningi, að undanskildum þeim, sem nauðsynlegur væri til framleiðsluatvinnurekstrar þeirra; hinsvegar væri víst sízt vanþörf á að endurskoða innflutningsreglugerðina með hliðsjón af þeirri reynslu, sem nefndin hefði nú fengið. Báðir bankastjórarnir voru sammála um það, að beita þyrfti frekari ráðstöfunum en nú viðvíkjandi skömmtun á gjaldeyri, ef lög nr. 1 8. marz 1920 yrðu afnumin“.

Því er ekki að leyna, að megn óánægja er með innflutningshöftin og framkvæmd þeirra, aðallega hjá verzlunarstéttinni; og þótt innflutningsnefndin hafi um framkvæmd þeirra reynt að fylgja föstum reglum eftir mætti, þá má sjálfsagt finna galla á framkvæmd þeirra, og nefndinni síður en svo ávallt um að kenna, m. a. vegna þess, að ríkisstjórnin hefir oft gripið fram í starf hennar. Sama gegnir um gjaldeyrisleyfi.

Af innflutningshöftunum leiðir verðhækkun á vörum þeim, sem takmarkaður er innflutningur á, og hefir það einnig valdið óánægju.

Af umsögn bankastjóra Landsbankans, sem prentuð er hér að framan, má sjá — og nefndarmönnum er einnig kunnugt um —, að þótt lögin, sem innflutningshöftin hvíla á, yrðu numin úr gildi, hlyti skömmtun á gjaldeyri að koma í þess stað. En til þess að auðvelda framkvæmd og draga úr óánægju, sem slíkar ráðstafanir ávallt valda, er í þáltill. stungið upp á því, að ríkisstjórnin hafi um þetta í ráðum með sér þá aðila, er þessi mál helzt varða.

Nd. 257. Nefndarálit

um till. til þál. um launauppbót talsímakvenna o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 2. des. 1933.

Halldór Stefánsson,	Jakob Möller,	Hannes Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Héðinn Valdimarsson.	Ólafur Thors.	

Nd. 258. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Jóhannes Jósefsson.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20000 sterlingspunda lán, er Jóhannes Jósefsson hóteleigandi ætlar að fá í Englandi, enda verði lánið tryggt með fyrsta veðrétti í húseigninni Hótel Borg í Reykjavík og bakábyrgð Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð á 350 þús. danskra króna láni, er Jóhannes Jósefsson hefir fengið hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn, með bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, og er lánið tryggt með 1. veðrétti í „Hótel Borg". Lánskjörin eru þau, að lánið greiðist á 20 árum, með vöxtum 1% undir vöxtum þjóðbankans danska, þó ekki undir 6%. Nú fer lántakandinn fram á það, að honum verði hjálpað til þess að fá lán í Englandi til að greiða upp danska lánið, vegna þess að hann muni geta fengið þar betri lánskjör, lægri vexti og ef til vill lengri lánstíma. Jafnframt fer hann fram á það, að fá að hækka lánið frá því, sem það nú er orðið, vegna þess að á honum hvíli allháar, ósamningsbundnar skuldir, sem honum sé um megn að greiða á svo skömmum tíma sem krafizt sé. Nefndin lítur svo á, að ábyrgð ríkissjóðs sé í þessu tilfelli fyrst og fremst formsatriði, þar sem áskilin er bakábyrgð Reykjavíkurbæjar gagnvart ríkissjóði, og telur því rétt að verða við beiðninni.

Sþ. 259. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um sölu mjólkur og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson, Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar 7 manna nefnd, ólaunaða, til að undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um skipulag á sölu mjólkur og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði.

Nefndin skal þannig skipuð, að hvert af eftirtöldum félögum og stofnunum geri tillögu fyrir sig um einn mann í nefndina: Mjólkursamlag Borgfirðinga, Mjólkurfélag Reykjavíkur, Mjólkurbú Korpúlfsstaða, Mjólkurbú Flóamanna, Mjólkurbú Ölfusinga, Mjólkurbú Gnúpverja og Alþýðusamband Íslands.

Ef einhver þessara aðilja tilnefnir ekki mann í nefndina, skal ríkisstjórnin skipa í hans stað.

Við samningu frumvarpsins skal leggja meðal annars megináherzlu á það, að allir þeir framleiðendur, sem flytja eða geta flutt mjólk eða rjóma til neyzlu í Reykjavík og Hafnarfirði, hafi hlutfallslega jafna aðstöðu um að fá vöru sína selda í bæjunum, án tillits til þess, hvar þeir búa á framleiðslusvæðinu. Ennfremur að með hagkvæmari skipulagningu á sölu vörunnar verði unnt að létta af henni að verulegu leyti hinum mikla kostnaði, sem nú er við flutning hennar og dreifingu til neytenda.

Greinargerð.

Sala á mjólk og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði er að mörgu leyti mjög skipulagslítil, til mikils tjóns bæði fyrir neytendur og framleiðendur. Eru svo

mikil brögð að þessu, að bændur austan fjalls fá oft ekki nema 14—16 aura fyrir mjólkurlítrann af góðri gerilsneyddri nýmjólk, þó að neytendur verði að greiða fyrir hann yfir 40 aura. Þessi kostnaður við dreifingu vörunnar er óhæfilega hár og veldur miklu tjóni. Sala mjólkur í bæjunum er fyrir þetta miklu minni en ella myndi, og kaupendur neyta miklu minni mjólkur sakir dýrleika en vera þyrfti. Annar höfuðókostur við skipulagsleysið er sá, að þeir bændur, er í verulegri fjarlægð búa frá bæjunum, en hafa góð skilyrði til mjólkurframleiðslu, eru að kalla útilokaðir frá mjólkursölu til bæjanna. Er hin brýnasta nauðsyn að ráða bót á þessu til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur mjólkurinnar.

Ed. 260. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 30. gr. Fyrir „kjördæmunum“ í stafl. b. komi: kjördæmum.
2. Við 39. gr. 2. málsgr. Niðurlag málsgr. orðist svo: samkv. 30. gr. stafl. a., eða raðaður samkv. stafl. b. sömu gr.
3. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., þannig:
   Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsgr.
4. Við 128. gr.
   a. Fyrir orðin „30. gr. 3. málsgr. a.“ komi: 30. gr. stafl. a.
   b. Orðin í stafl. a: „en jafnframt bætist atkvæðatala þeirra, sem þannig eru burtnumdir, við atkvæðatölu þess frambjóðanda úr sama kjördæmi, sem eftir verður á listanum“ falli burt.
   c. Fyrir orðin „30. gr. 3. málsgr. b.“ komi: 30. gr. stafl. b.

Ed. 261. Breytingartillaga

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 59. gr. Í stað orðsins „sunnudagur“ komi: laugardagur.

Ed. **262. Frumvarp**

til laga um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir orðið „bankaábyrgð“ í 3. tölul. 2. gr. laganna komi: bakábyrgð.

2. gr.

Í stað „6%“ í 3. gr. laganna komi: 5%.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lána þeirra, er þegar hafa verið veitt úr byggingasjóðum samkvæmt l. nr. 71 frá 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. **263. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Tryggvi Þórhallsson.

Á eftir 4. málsgr. frv. komi ný málsgr.:

Í stað orðanna „með hliðarálmu að Haukadal“ í sömu gr. komi: með hliðarálmum í Haukadal og Náhlíð.

Nd. **264. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá Jóni Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni.

Aftan við greinina bætist:

a. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka.
b. Lína frá Reynistað um Sæmundarhlíð að Sólheimum.
c. Lína frá Sauðárkróki um Reykjaströnd að Reykjum.
d. Lína frá Haganesvík um Stóru-Reyki að Austara-Hóli í Flókadal, með hliðarlínu að Barði.

Nd. 265. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst á meginefni tillögunnar; þó eru atkvæði nefndarmanna óbundin um tölulið 2. Sömuleiðis eru óbundin atkvæði nefndarmanna um breytingartill. á þskj. 151.

Alþingi, 2. des. 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. | Jakob Möller, fundaskr. | Ólafur Thors. | Hannes Jónsson.

Héðinn Valdimarsson.

Nd. 266. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl. (þskj. 116).

Flm.: Hannes Jónsson, Halldór Stefánsson.

Töluliður 2. orðist svo:

Hvort og hversu draga megi að öðru leyti úr beinum útgjöldum ríkissjóðs og rekstrarkostnaði ríkisstofnana.

Nd. 267. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 151 (Launamál, starfsmannafækkun o. fl.).

Flm.: Halldór Stefánsson, Hannes Jónsson.

1. Undirtölul. 3. orðist svo:
   Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 2. (undir)tölulið, launagreiðslum ríkisins.
2. Undirtölulíðir 2. og 3. verði 3. og 4. tölul. þáltill.
3. Aðaltölul. 2 falli niður.

Ed. 268. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti (þskj. 103).

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt í þeirri mynd, sem brtt. á þskj. 133 gefur henni. Það er öllum vitanlegt, að leiklist á nú mjög erfitt uppdráttar, sakir samkeppninnar frá kvikmyndahúsunum, og að hún getur alls ekki staðizt án styrks af opinberu fé, og virðist auðsætt, að það er ekki rétt að taka aftur með sérskatti þann styrk, sem ríkið leggur leikfélögunum.

Einn nefndarmanna (JBald) hefir sérstöðu í málinu og skrifar undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 2. des. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson, með fyrirv.

Ed. 269. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti.

Flm.: Jónas Jónsson.

Aftan við tillgr. bætist málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ríkisstjórnin veitir leikfélaginu í Reykjavík þessa undanþágu frá skatti, þá skal hún fela Haraldi Björnssyni leikara kritiska endurskoðun á starfi og rekstri leikfélagsins, ef um semst hæfilega þóknun til hans fyrir þetta starf, enda greiðist sá kostnaður af sjóði leikfélagsins.

Ed. 270. Lög

um breyting á lögum nr. 86 14. nóv. 1917, um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði, og lögum nr. 21 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.).

Samhljóða þskj. 118.

Nd. 271. Þingsályktun

um, að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota það, sem eftir er ónotað af fjárveitingu samkv. lögum nr. 58 19. maí 1930, og veitt var til dýpkunar á innsiglingu, fullnaðarviðgerðar hafnargarðanna o. fl. í Vestmannaeyjahöfn, til þess að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum fyrir höfnina. Skilyrði fyrir styrkveitingu þessari eru þau:

1. að þau ein dýpkunartæki verði keypt, er auðvelt sé að flytja hafna á milli.
2. að ríkisstjórnin hafi umráð yfir tækjunum til notkunar við önnur mannvirki, gegn hæfilegri leigu, þegar þau eru ekki í notkun í Vestmannaeyjum.

Nd. 272. Nefndarálit

um till. til þál. um launakjör.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir mælt með samþykkt tillögu um skipun milliþinganefndar til að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl. Nær sú tillaga, svo og brtt., sem fram eru komnar við hana, til efnis þessarar tillögu. Er ætlazt til, að milliþinganefndin hafi lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Verði sú tillaga samþykkt og komist í framkvæmd eins og til er ætlazt, þykir n. ekki full ástæða til, að þessi tillaga sé samþykkt samtímis, en væntir hinsvegar, að ríkisstjórnin hafi í huga engu að síður efni hennar og vinni að samræming launa eftir því sem samningar leyfa og ástæður standa til. Fyrir því leggur nefndin til, að tillögunni sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (ÓTh) var fjarstaddur vegna veikinda, er nefndarálit var afgreitt.

Alþingi, 2. des. 1933.

H. Stefánsson, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Hannes Jónsson.
	Héðinn Valdimarsson.	

Nd. 273. Breytingartillaga

við till. til þál. um launauppbót talsímakvenna o. fl.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Aftan við greinina bætist: og ennfremur bæjarpóstunum í Reykjavík dýrtíðaruppbót á núverandi laun þeirra, eftir sömu reglum og öðrum opinberum starfsmönnum, er dýrtíðaruppbótar njóta.

Nd. 274. Frumvarp

til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Firmanu Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f í Reykjavík veitist einkaleyfi um næstu 10 ár, til ársloka 1943, til þess að framleiða öl til útflutnings og sölu erlendis, án tillits til þess, þó það öl sé áfengara en núgildandi áfengislöggjöf heimilar að framleitt sé til sölu innanlands (2¼%).

2. gr.

Ölframleiðsla sú, er heimiluð er samkv. 1. gr., skal háð eftirliti af hendi ríkisstjórnarinnar, þannig að full trygging sé fyrir því, að eigi séu brotin ákvæði þessara laga, né ákvæði gildandi áfengislöggjafar, eins og hún er eða verður á hverjum tíma, um tilbúning og sölu öls til neyzlu innanlands, enda setji ríkisstjórnin með reglugerð nánari fyrirmæli um það, hversu eftirlitinu skuli hagað, og má í slíkri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, svo og, að svipta megi leyfishafa einkaleyfinu, gerist hann brotlegur og miklar sakir eru.

3. gr.

Fyrir einkaleyfið greiðir leyfishafi 25% af hreinum nettótekjum hvers árs af framleiðslu þessari, samkvæmt reikningsskilum, er ríkisstjórnin hefir eftirlit með að rétt séu. Árgjald þetta fellur í gjalddaga eftir á, þegar reikningsskilum hvers árs er lokið.

4. gr.

Af öli því, framleiddu til útflutnings, er um ræðir í lögum þessum, greiðist ekkert framleiðslugjald né útflutningsgjald.

5. gr.

Ákvæði gildandi áfengislaga, er koma í bága við þessi lög, eru úr gildi numin.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða allt að 5000 kr. sekt. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 275. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyt. á l. nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Flm.: Jón Ólafsson, Hannes Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Jóhann Jósefsson.

Aftan við 1. gr. frv. bætist:

Fyrir orðin „enda skulu um slíka sölu sett“ í síðari málsgr. sömu gr. komi: né til rjómasölu þeirra framleiðenda, er vegna aðstöðuörðugleika eiga mjög torvelt eða ómögulegt að nota sér reglubundin viðskipti við fullkomið mjólkurbú. Um sölu mjólkur þeirrar og rjóma, er ræðir um í þessari málsgr., skulu sett.

Nd. 276. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 2. des.).

Samhljóða þskj. 197.

Ed. 277. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skuldabréfin eru þó eigi gildur gjaldeyrir fyrir ríkissjóð eða ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjar- eða sýslufélög til þess að greiða með skuldir sínar.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

a. (20. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Kreppulánasjóði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

b. (21. gr.) Nú flytur veðsali í aðra þinghá eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 278. Frumvarp

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 254, með þeim breytingum, er felast í brtt. á þskj. 260.

Ed. 279. Nefndarálit

um till. til þál. um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1933.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Bjarni Snæbjörnsson.

Ed. 280. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar".

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1933.

Magnús Jónsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Bjarni Snæbjörnsson.

Ed. 281. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn og útrýmingu á kartöflusýki.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson, Pétur Magnússon.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega rannsókn á orsökum og eðli kartöflusýkinnar hér á landi og gera sérhverjar þær ráðstafanir, er að haldi gætu komið, til útrýmingar sjúkdómnum.

Ed. 282. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um að fella niður innflutningshöftin.

Flutningsm.: Pétur Magnússon, Eiríkur Einarsson.

1. Á eftir orðunum „erlendum gjaldeyri" komi: eða til verndar innlendri framleiðslu.
2. Á eftir orðunum „þessa aðila" komi: eftir því sem við á.

Ed. 283. Tillaga

til þingsályktunar um fyrirmæli gegn því, að embættis- og sýslunarmenn, eða starfsmenn bæjarfélaga, reki verzlun fyrir almenning við verzlanir, sem þeir eiga sjálfir.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf, sem bannar og leggur við embættismissi, ef starfsmaður í opin-

berri þjónustu ríkis eða bæjarfélaga verzlar fyrir landið eða bæjarfélag við verzlun, sem starfsmaðurinn á sjálfur eða hefir eignarhlutdeild í.

Greinargerð.

Sá óvani hefir tíðkazt um nokkurra ára skeið, að sumir af trúnaðarmönnum landsins og bæjarfélaga hafa verzlað fyrir almenning við gróðafyrirtæki og stofnanir, sem þeir áttu sjálfir að nokkru eða öllu. Hefir þetta framferði sett blett á opinbera starfrækslu í landinu, og þykir einsætt, að úr því verði að bæta með nýrri löggjöf.

Ed. 284. Tillaga

til þingsályktunar um vegamál.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á landsstjórnina:

1. Að láta vegamálastjóra setja varnargrindur úr varanlegu efni á sérstaklega hættulegum stöðum við brýr eða á fjölförnum þjóðvegum, þar sem annars kynni að vera hætt við bifreiðaslysum, svo sem austur við brú á Brúará í Árnessýslu, Gljúfurá í Borgarfirði og mörgum fleiri stöðum, þar sem lík er aðstaða.
2. Að gefa öllum sýslunefndum á landinu nú í vetur rétt á að skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu til að vera til aðstoðar og ráðuneytis vegamálastjóra og verkfræðingum hans, er þeir ákveða vega- og brúastæði í hlutaðeigandi sýslu, og skeri atvinnumálaráðherra jafnan úr, ef ágreiningur verður milli slíkra nefnda og starfsmanna vegamálaskrifstofunnar.
3. Að gangast fyrir því, að í hverri sýslu verði nú fyrir vorið skipuð þriggja manna nefnd til að ráða verkamenn fyrir næsta vor og næsta sumar í vega-, brúa- og símavinnu í því héraði. Sýslunefnd skal velja einn nefndarmanninn, kaupfélagsstjórar í sýslunni annan, og verkamannafélög í Alþýðusambandinu hinn þriðja. Ef ekki er verkamannafélag í einhverri sýslu, skipar stjórn Alþýðusambandsins mann í eitt sætið. Ráðningarnefndir þessar skulu, eftir því sem við verður komið, láta innanhéraðsmenn sitja fyrir allt að ¾ af vinnunni, og einkum þá einstaklinga og heimili, sem mest þarfnast vinnunnar.

Greinargerð.

Með sanni má segja, að þessi tillaga sé flutt að gefnu tilefni. Á fjölmörgum stöðum hér á landi er yfirvofandi hætta á, að bílar renni á svellhálku út í hyldjúpar ár, eða niður fyrir háa hamra, af því að ekki er sómasamlega séð fyrir grindum úr varanlegu efni á hættustöðunum.

Í öðru lagi er það alkunna, að verkfræðingar landsins, sem lítið þekkja til í sveitum, nema af ferðum um hásumarið, eru oft næsta óheppnir með ákvarðanir um legu vega og brúa. Gott dæmi um það er deilan um Ásakvíslar í Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem vegamálastjóri vildi brúa vatnið í fimm kvíslum, sem betur mátti brúa í einu lagi tveim km. ofar, og var sú brú ekki öllu lengri en hver hinna. Verður ekki úr þessu bætt nema kunnugir menn ráði í þessum efnum með verkfræðingunum.

Í þriðja lagi er allvíða að skapast óþolandi ástand út af ráðningu í vegavinnu. Má telja það fullvíst, að einn hinn helzti héraðshöfðingi á landinu hafi fallið við alþingiskosningu í vor af því, að andstæðingar hans fjölluðu óþarflega mikið einir um að ráða í opinbera vinnu þar í sýslunni. Þykir sanngjarnt, að slíkar ráðningar séu með öllu hlutlausar, og fer þá bezt á, að blönduð nefnd ráði innanhéraðsmenn í meginvinnuna. Er engu að síður ætlað rúm fyrir vegamálastjóra að bæta við sérstökum kunnáttumönnum.

Ed. 285. Tillaga

til þingsályktunar um skipun sérstakrar fjármálanefndar.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd, ólaunaða, til að gera tillögur um fjármál landsins fyrir næsta Alþingi. Skal hver af hinum þrem þingflokkum tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

Greinargerð.

Svo er til ætlazt, að þingflokkarnir þrír leggi til fulltrúa í nefnd til að gera tillögur um fjármál landsins. Er þar þörf skjótra aðgerða. Tekjuhalli allmikill hefir verið á ríkisbúskapnum nokkur missiri, og hefir nú í ár verið gripið til þess úrræðis að taka erlent bankalán til að standast greiðslur erlendis. Ráðstafanir vegna kreppunnar til lands og sjávar leggja miklar auknar byrðar á ríkissjóð. Stórir nýir lagabálkar, eins og berklavarnir, jarðræktarlögin og landhelgisgæzlan, íþyngja ríkissjóði, án þess að samsvarandi tekjustofnum hafi verið bætt við. Hvert einstakt kjördæmi kemur með nýjar kröfur um dýr hafnarmannvirki, samgöngubætur, síldarbræðslu eða stórfelldar ábyrgðir vegna rafstöðva, skipakaupa eða útgerðar. Loks kemur Útvegsbankinn nálega árlega með nýjar ábyrgðarheimildir, og eru þau lán öll lausaskuldir við erlenda banka.

Borgurum landsins stendur stuggur af þessari þróun. Þeir sjá, að stjórnin ræður ekki við málið, heldur ekki þingið í heild sinni. Og á yfirstandandi þingi og hinu síðasta hefir þessi lána- og ábyrgðarsýki verið einna mest áberandi. T. d. var samþykkt á vetrarþingi í ár 7 milljóna ábyrgð handa Rvík vegna rafveitu-

mála, þó að fullvíst væri, að 4 milljónir myndu nægja. Mætti nefna fleiri dæmi um slíka ofrausn.

Tilgangurinn með þessari tillögu er að gefa þingflokkunum tækifæri til að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í. Þingflokkarnir **geta** komið sér saman um að bæta úr þessum vanda. Þeir geta komið sér saman um að jafna ríkisbúskapinn, að draga úr háum launum, að fækka óþörfum embættum, að hætta að hafa tekjuhalla á ríkisbúskapnum, að mynda fasta línu til eftirbreytni um ábyrgðir ríkissjóðs o. s. frv.

Framundan liggja fjölmörg vandasöm mál. Þjóðinni fjölgar ört. Hún þarf ný atvinnuskilyrði, og ný heimili, auk hinna gömlu, sem þarf að endurbyggja. Hún þarf miklar framkvæmdir í tryggingarmálum, og hún hefir heitið að taka í sínar hendur utanríkismálin eftir fáein ár, og má vel haga þeim framkvæmdum svo, að stórfelldan kostnað leiði af, ef lítillar fyrirhyggju er gætt.

Fjármálanefnd, skipaðri af öllum flokkum, mætti ætla það verkefni, að gera áætlun um nokkurra ára skeið um fjármálaaðgerðir þings og stjórnar, og forðast þannig, að látið sé reka á reiðanum, unz þjóðin hefir glatað frelsi sínu aftur.

Ed. 286. Tillaga

til þingsályktunar um hámarkslaun og landauragreiðslu.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að flytja fyrir næsta þing frv. um hámarkslaun, þar sem hver einstakur skattþegn verði að greiða í ríkissjóð af persónulegum tekjum sínum 80% af þeirri upphæð, sem er fram yfir 8000 kr., þó að frádregnum sköttum til ríkis, bæjarfélags og þjóðkirkjunnar.
2. Að láta Hagstofu Íslands finna undirstöðu að nýjum landaurareikningi, þar sem verð á afurðum landsins yrði grundvöllur undir öllum kaupgreiðslum úr ríkissjóði næsta ár á eftir.

Greinargerð.

Ég flutti á síðasta þingi frv. um hámarkslaun. Hafði hugmyndin mikið fylgi meðal allra stétta í landinu, eins og sést á fjölmörgum tillögum frá þingmálafundum. En á Alþingi mætti frv. nokkurri mótspyrnu, af því að gert var ráð fyrir að taka allan gróðann eða kúfinn af stórtekjum manna, og var það ástæðan til þess að frv. náði ekki fram að ganga þá. Ég hefi að vísu ekki sannfærzt um réttmæti þeirra röksemda, sem fram voru bornar gegn frv., og hygg, að þær hafi aðallega verið bornar fram af fulltrúum hátekjustéttanna. En til samkomulags hefi ég viljað freista, að farin yrði sú leið, að ætla gróða- og hátekjumönnunum að hafa eftir 20 aura af hverri krónu af tekjum sínum yfir 8000 kr., að frádregnum opinberum gjöldum, sem dragast frá áður en hátekjuskatturinn kemur til greina.

Annað mikilsvert atriði er landaurareikningurinn. Við endurskoðun launalaganna hlýtur það að verða þýðingarmikið mál að samræma laun opinberra starfsmanna við afkomu atvinnuveganna. En það verður ekki gert með neinni nákvæmni nema með því að greiða embættis- og starfsmönnum landsins allt kaup í landaurum. Ætti landsstjórninni að vera auðvelt að láta Hagstofuna framkvæma þennan undirbúning.

Nd. 287. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Aftan við frvgr. bætist:
Lína frá Bugðustöðum að Seljalandi eða Tungu.

Nd. 288. Nefndarálit

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað tillöguna og vill með tilliti til þess, að félagið hefir enga ríkisábyrgð fengið fyrir stofnkostnaði, leggja til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir orðunum „metur gildar“ komi: enda greiðist lánið upp árlega.

Einn nefndarmanna, Ólafur Thors, var veikur er nefndarálit var afgreitt.

Alþingi, 4. des. 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson.
	Finnur Jónsson.	

Nd. 289. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

Aftan við greinina bætist:
a. Lína frá Fellskoti að Bræðratungu.

Ed. 290. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndinni er ljós nauðsyn þessa máls og að létta beri kostnaðinn við hælisdvölina þeim, sem verst eru staddir fjárhagslega; en þar sem rekstur hælisins getur tæplega talizt hafinn enn og því allt á huldu með rekstrarkostnaðinn og greiðslugetu sjúklinga, leyfir nefndin sér að færa dálítið niður upphæð þá, er nefnd er í tillögunni. Um leið og nefndin því mælir með tillögunni að öðru leyti, gerir hún við hana svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað „12500“ í tillgr. komi: 10000.

Alþingi, 4. des. 1933.

Bjarni Snæbjörnsson, form., frsm. Páll Hermannsson, fundaskrifari. Jón Jónsson.
Kári Sigurjónsson. Magnús Jónsson.

Ed. 291. Nefndarálit

um till. til þál. um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Þar sem það er upplýst, að brimbrjóturinn í Bolungavík liggur fyrir miklum skemmdum, þá leggur nefndin til, að tillaga þessi verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1933.

Bjarni Snæbjörnsson, form. Páll Hermannsson, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.
Jón Jónsson. Kári Sigurjónsson.

Nd. 292. Tillaga

til þingsályktunar um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að greiða Blindravinafélagi Íslands á árinu 1933 1500 kr. til þess að gera fátækum blindum mönnum hægara fyrir um að hagnýta sér útvarp.

2. Að láta Blindravinafélagi Íslands í té allt að 10 viðtæki fyrir blinda menn.

Atvinnumálaráðuneytið lætur færa þessi útgjöld á fjárhagsáætlun útvarpsins og setur nánari reglur um, hvernig styrkveitingum skuli hagað.

Ed. 293. Nefndarálit

um frv. til laga um rýmkun undanþágu frá áfengislöggjöfinni.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefir borið fram rökstudda dagskrá þess efnis, að sú breyting á áfengislöggjöfinni, sem í frv. er fólgin, verði látin bíða fullkomnari endurskoðunar áfengislaganna. Minni hl. getur ekki fallizt á, að nokkur ástæða sé til þeirrar biðar. Hann játar að vísu, að nauðsyn beri til frekari lagfæringar á áfengislöggjöfinni, en getur hinsvegar ekki séð, að ágallar hennar mundu á nokkurn hátt aukast, þó afnumið væri málamyndabann það við innflutningi nokkurra tegunda áfengra drykkja, sem enn er í lögum. Minni hl. telur og, að öll óþörf bið á afgreiðslu málsins brjóti í bág við þjóðaratkvæðagreiðsluna 1. vetrardag, og leggur því til, að málið nái fram að ganga.

Ef frv. verður samþ. við 2. umr., mun minni hl. bera fram eina brtt. við 3. umr.

Alþingi, 4. des. 1933.

Pétur Magnússon.

Ed. 294. Nefndarálit

um till. til þál. um áveitur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt. Jafnframt vill nefndin láta þess getið, að hennar álit er, að engar heimildir til fjárgreiðslu felist í tillögunni, enda er sú skoðun í fullu samræmi við þá aðferð, sem höfð er við afgreiðslu hennar í deildinni.

Alþingi, 4. des. 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Kári Sigurjónsson.

Ed. **295. Tillaga**

til þingsályktunar um sparnað og skipulagsbreytingu við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. um sparnað og skipulagsbreytingu við Háskóla Íslands:

1. Að rektor háskólans verði ráðinn til 8 ára í senn af kennslumálastjórninni. Að hann hafi rúmgóðan embættisbústað við stúdentagarðinn, sómasamlegt fé til risnu og nauðsynlegs skrifstofuhalds. Honum sé ætluð framkvæmdarstjórn háskólans, en lítil eða engin kennsla.
2. Að lögð verði niður allt að því helmingur af hinum föstu kennaraembættum við háskólann, svo og embætti háskólaritara. Í stað þeirra kennara, sem hætta að starfa við háskólann, verði ráðnir aukakennarar við háskólann, og sé þeim goldið fyrir hverja kennslustund tvöfalt kaup stundakennara við hinn almenna menntaskóla.

Greinargerð.

Þegar ég byrjaði að kynna mér ástand háskólans á síðasta kjörtímabili, varð mér ljóst, að hann var jafnilla settur, hvort sem litið var á húsnæði hans eða skipulagið. Háskólinn hafði ekkert hús, og fáum datt í hug, að hann þyrfti húsabætur. Menn skoðuðu það eins og fjarlægan draum, að hann fengi einhverjar byggingar uppi við Skólavörðu, sem strax yrðu þó of litlar og króaðar af inni í bænum.

Í háskólanum var lítið félagslíf. Kennararnir sáu nemendur lítið eða ekki nema í kennslustundunum. Nemendur sjálfir höfðu enga aðstöðu til samstarfs, engan stað til funda, enga heimavist, ekki mötuneyti, ekki lestrarstofu, og alls engin skilyrði til sameiginlegra íþróttaiðkana.

Sumir af kennurum og nemendum háskólans héldu, að þessi vanrækta stofnun væri heimkynni vísinda. Slíkt er meiri háttar misskilningur. Nýsköpun vísindanna er nú á dögum háð fjármagni og þéttbýli. Afburðagáfur nægja ekki. Þeim verða að fylgja ytri skilyrði, sem fátæk smáþjóð getur ekki veitt. Er engin læging í að viðurkenna það. Í einni grein við háskólann, í móðurmálinu, er hugsanlegt, að um vísindalega starfsemi kynni að vera að ræða, þó að nýjungar í íslenzkri málfræði hafi líka sér í lagi verið gerðar af fræðimönnum stóru landanna. En svo mikill misskilningur ríkti um þessa einu grein, sem auðveldast er að stunda hér á landi, að við sjálft lá, að sá kennari, sem þar hafði lengst starfað og getið sér mikinn hróður úti um lönd, hefði fyrir fáeinum árum nálega verið flæmdur úr landi af svokölluðum sparnaðarmönnum, sem jafnhliða þeirri sparsemi voru til með að fjölga tiltölulega þýðingarlausum starfsmönnum við háskólann.

Mér var ljóst, að það þurfti að bæta úr vöntun háskólans bæði hið innra og ytra. Ég sneri mér fyrst að húsleysinu. Lágu frá mér fyrir Alþingi frv. á þrem

þingum, 1930, 1931 og 1932, um landrými og nýbyggingu fyrir háskólann. Á tveim fyrri þingunum dagaði málið uppi. En á Alþingi 1932 komst það í mesta hættu. Meiri hl. menntamálanefndar í efri deild vildi vísa málinu frá með dagskrá, þau Jón Jónsson í Stóradal og Guðrún Lárusdóttir. Minni hl. nefndarinnar, Páll Hermannsson, bjargaði þá háskólamálinu. Hann lagði til, að frv. yrði samþykkt, og það komst að lokum gegnum báðar deildir. Á næsta þingi, 1933, voru svo samþykkt lögin um að heimila háskólanum happdrætti í byggingarsjóð. Höfðu þeir Guðjón Samúelsson og Sigurður Nordal beitt sér fyrir þeirri framkvæmdaleið. Alþingi var nú farið að hafa áhuga fyrir byggingarmáli háskólans, og happdrættið var samþykkt.

Ég hafði ekki álitið heppilegt að hreyfa við innri skipulagsbreytingum háskólans meðan verið var að berjast fyrir byggingarmálum hans. En þegar þeim hafði verið bjargað í höfn, var óviðeigandi að bíða lengur, og það því fremur, sem jafnmikil deyfð er um innra ástand stofnunarinnar eins og áður var um húsnæðismálið. Ég lít þannig á, að nú sé jafnmikil nauðsyn að bæta háskólann inn á við eins og áður var að beitast fyrir að hefja hann úr hinni ytri vanrækslu.

Háskólinn, þrátt fyrir alla vanræksluna, kostar landið um 150 þús. kr. Nemendur eru um 150, og kostar hver nemandi ríkið þá um 1000 kr. árlega.

Nú hagar svo til í landinu, að það er langt frá því, að þjóðina vanti embættismannaefni. Það eru nú í læknadeild fleiri læknaefni en læknisembætti eru í landinu. Á hverjum 5 árum menntar háskólinn nægilega marga lækna til 30—35 ára. Um lögfræðinga og norrænumenn er hið sama að segja. Öll embætti í þeim greinum eru yfirfull, og margir bíða. Af guðfræðingum hefir máske ekki verið of margt ennþá. En þó er mikill vafi á, hvort nægileg aðsókn er að kirkjum landsins til að réttlæta óbreytta tölu presta eins og hún er nú. Aðalmein háskólans, að dómi sumra merkustu kennaranna, er einmitt of mikil aðsókn. Þjóðin er þess vegna með ærnum kostnaði að ala upp unga embættismenn, sem hún hefir ekki með að gera og sem margir hverjir eru henni eingöngu til byrði frá því þeir byrja skólagöngu og til dauðadags.

Þjóðinni er nauðsynlegt að hafa háskóla, en ekki fjölmennari heldur en hæfir þörf hennar og stærð krefur. Þessi háskóli er ekki og getur ekki verið annað en embættaskóli fyrir vissa tölu embættismanna og starfsmannaefna. En kennslan í þessum skóla getur ekki fremur verið vísindi eða leit nýrra sanninda en kennslan í menntaskólunum eða búnaðarskólunum.

Háskólinn hefir allt þar til í haust kosið sér yfirmann til eins árs í einu. Rektorsstaðan hefir verið nafn, einskonar vegtylla, en eiginlega ekkert hagnýtt starf. Um leið og rektor byrjar að kynnast starfinu er starfstími hans búinn. Rektor í háskólanum hefir ekkert eiginlegt vald, ekki aðstöðu til að kynnast nemendum, og á eftir formi háskólans ekki að gera það. Þeir, sem mótað hafa skipulag háskólans, sniðu það eftir vísindastofnunum stórra þjóða, og skildu ekki, að íslenzki háskólinn gat aldrei orðið vísindastofnun. En hann átti að geta verið kennslustofnun, og einkum uppeldisstofnun. En því gleymdu forráðamennirnir. Nú sem stendur mun vera meira eða minna öflug bindindisstarfsemi í öllum skólum fyrir ungt fólk í landinu — nema Háskóla Íslands. Kennarar við þessa

stofnun hafa ekki enn fundið hvöt hjá sér til að vinna móti áfengisbölinu í skólanum.

Hér er stefnt að því að háskólinn fái stjórn eins og hver sómasamlegur skóli. Hann á að fá fastan forstöðumann, ráðinn til nokkurra ára í senn, líkt og borgarstjórinn í bæ eða borg. Hann á að hafa heimili við stúdentagarðinn, góð húsakynni, fé til risnu. Hann á að umgangast stúdenta og vera raunverulegur húsbóndi í embættismannaskóla Íslands. Hann á að tengja saman þá þræði, sem mismunandi kunnáttumenn í kennaraliðinu vefa hver fyrir sig. Skólastjóri háskólans á að beita sér fyrir hag stofnunarinnar út á við, sameina starf kennaranna og sjá um, að heildarstarf skólans sé viðunanlegt. Þvílíkur rektor myndi hafa auga með ofdrykkjuhættunni. Hann myndi vita, að ungt fólk þarf að stunda íþróttir, og þær fjölbreyttar. Hann myndi vita, að eftirlitslaus heimavist getur eins vel fengið einkenni sjóbúðar eins og vísindastofnunar. Nú hefir háskólinn ritara, með sérstakri íbúð og sérstökum launum. Slíkt embætti er gersamlega óþarft, ef háskólinn hefir skólastjóra.

Þá er komið að sjálfum prófessorunum og dócentunum. Tala þeirra hefir verið ákveðin með það fyrir augum, að hér væri að ræða um vísinda- en ekki kennslustofnun. En á hinn bóginn er vitanlegt, að margir af kennurum háskólans hafa næsta lítið að gera. Um einn af þekktustu kennurum háskólans er kunnugt, að hann gat tekið að sér fjölmörg aukastörf með embættinu. Hann var í einu kennari í lagadeild með fullum launum, skattstjóri í Rvík og í niðurjöfnunarnefnd, dómari í hæstarétti, ráðunautur ríkisstjórnarinnar um lagasetningu, lögráðunautur fyrirtækja, ríthöfundur, alþingismaður o. fl. o. fl. Af þessari upptalningu er sýnilegt, að þessi maður hefir ekki þurft nema lítið af orku sinni við kennslustarf háskólans.

Um marga og raunar flesta af kennurum háskólans er það að segja, að þeir hafa sama undirbúning, og sumir tæplega það, eins og kennarar við menntaskólana. Um tvo hina nýjustu kennara háskólans, sem stofnunin hefir valið sér sjálf, er það að segja, að annar þeirra er barnungur, hefir aldrei gert neitt annað en sitja á skólabekk, og aldrei unnið að nokkru verki eins og fullorðinn maður. Sá næstsíðasti, sem háskólinn valdi sér, hafði að vísu náð menntaskólaprófi endur fyrir löngu, en ekki háskólaprófi, þrátt fyrir langa baráttu. Hann hafði aldrei skrifað neitt nema fáeinar hversdagslegar tímaritsgreinar. Hann hafði átt að gera samkeppnisritgerð, vegna embættisins, en skilað henni hálfgerðri til dómnefndar, sem í voru 5 af hinum lærðustu kennurum í stofnuninni. Hann hafði ennfremur átt að gera fyrirlestur „vísindalegs“ efnis. Þá hélt hann ádeiluræðu um biskup, sem legið hefir 7 aldir í gröf sinni, með þeim æsingi og röksemdaleysi, sem hefði sómt sér vel á borgarafundi í barnaskólaportinu. Þennan keppanda settu 5 af þekktustu mönnum háskólans inn í annað af þeim tveim embættum við stofnunina, þar sem ætti að vera hægt að gera eitthvað, sem nálgaðist nýsköpun í vísindalegum skilningi.

Samkvæmt þessari tillögu er lagt til að fækka þessháttar kennurum um helming og taka í þeirra stað, eftir því sem skólinn þarf með, tímakennara, en greiða þeim helmingi hærra tímakaup heldur en jafnvel menntuðum mönn-

um er nú goldið við aðra skóla í bænum. En samt yrði mikill sparnaður fyrir ríkið að þessari breytingu.

Ríkið á að nota sér það, að í höfuðstaðnum eru fjölmargir háskólagengnir menn, sem sinna öðrum störfum en kennslu, en myndu fúslega bæta á sig 2—3 tímum á viku við háskólann fyrir sanngjarna þóknun. Í bænum er um að velja mikið af mönnum, sem eru eins vel eða betur að sér í lögfræði, guðfræði, málfræði og heimspeki eins og sumir þeir, sem nú starfa að þessari kennslu við háskólann með lítilli vinnu en lífstíðarlaunum.

Þar sem háskólanum hefir tekizt að koma sér upp svo fjölmennri kennslusveit, meðan hann var gersamlega húsvilltur, þá má nærri geta, hvort ekki koma nýjar kröfur um fleiri prófessora og dócenta þegar fram úr raknar með húsnæðismál stofnunarinnar. Það hvílir þess vegna nokkur ábyrgð gagnvart þjóðinni í heild á þeim mönnum, sem hafa beitt sér fyrir, að bætt yrði úr húsleysi háskólans, að benda jafnframt á leiðir til þess, að stofnunin vaxi ekki úr hófi fram, og að hún verði í samræmi við þarfir þjóðarinnar.

Ég lít þannig á, að á næstu árum hljóti ill nauðsyn að knýja þjóðina til að fækka til stórra muna embættismönnum sínum í nálega öllum starfsgreinum, en um leið bæta kjör þeirra og krefjast af þeim meiri vinnu. Það má að nokkru marka viðhorf Alþingis til þessarar óhjákvæmilegu baráttu um starfsmannafjöldann af þeim viðtökum, sem þessi tillaga fær. Alþingi er búið að stíga stór og giftusamleg spor til að gera háskólann að nýtilegum starfsmannaskóla, að því er ytri aðbúð snertir. Næsta stigið er að fækka nemendum, svo að tala þeirra miðist við þörf þjóðfélagsins, en ekki atvinnuþörf nemenda. Þriðja skrefið er að fækka hinum fastlaunuðu kennurum til stórra muna, en fylla skörð þeirra með áhugamönnum, sem vinna að kennslunni í hjáverkum með öðrum störfum fyrir sómasamlegt tímakaup. Loks eru eftir þau tvö verkefni, sem hér hefir verið drepið á: Að skapa skólanum fasta yfirstjórn, með mannbætandi heimilislífi, og að fá starfsmenn háskólans og alþjóð manna á Íslandi til að skilja, að sagan um möguleikana til vísindalegrar nýsköpunar fyrir iðjulitla íslenzka háskólakennara á fullum launum er jafnhaldlítil í raun og veru eins og æfintýrið um nýju fötin keisarans.

Sþ. 296. Breytingartillögur

við till. til þál. út af starfi Einars M. Einarssonar skipstjóra á varð- og björgunarskipinu Ægi.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. Aftan við tillgr. bætist þessi málsgr.:
   Meðan ríkisstjórnin getur ekki haft nema eitt eða tvö varðskip til gæzlu á vertíðinni, er ætlazt til, að Ægir undir stjórn Einars M. Einarssonar verði þá aðallega við gæzlu í nánd við Vestmannaeyjar meðan á vertíð stendur, til að sinna björgunarmálum eyjabúa, jafnframt því að skipið ver landhelgi við suðurströndina, eftir því sem tími vinnst til.

2. Fyrirsögn tillögunnar verður:
Tillaga til þingsályktunar út af starfi Einars M. Einarssonar skipstjóra á varð- og björgunarskipinu Ægi, og um að Ægir undir stjórn Einars M. Einarssonar sinni gæzlu við Vestmannaeyjar á vertíðinni fyrst um sinn.

Greinargerð.

Alþingi hafa nú borizt ný meðmæli frá Vestmannaeyjum til handa Einari M. Einarssyni, og treysta Eyjabúar honum allra manna bezt til bjarga bátum þeirra og veiðarfærum á vertíðinni. Þar sem ríkisstjórnin hefir ekki séð sér fært að hafa nema eitt varðskip af þrem við gæzlu mikinn hluta árs, og aldrei nema tvö í einu, þá er einsætt að láta Óðin og Ægi vera að starfi á vertíðinni, og að annað skipið haldi sig í nánd við Vestmannaeyjar vegna björgunarmála. Fer þá vel á, að Ægir sé aðallega þann tímann við Vestmannaeyjar, úr því að Eyjabúar trúa Einari Einarssyni öllum öðrum skipstjórum betur, líka til þess starfa.

Auk þess hafa Alþingi borizt ný meðmæli með Einari Einarssyni frá sjómönnum og formönnum í einni þeirri verstöð, sem útlendir og innlendir togarar hafa herjað einna grimmilegast, en það er Ólafsvík. Fylgir undirskriftaskjal þessara sjómanna hér á eftir.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir útgerðarmenn og sjómenn í Ólafsvík skorum hér með á þing og stjórn, að Einari M. Einarssyni skipherra verði þegar veitt aftur stjórn strandvarnarskipsins „Ægis“. Áskorun okkar byggist á þeirri staðreynd, að síðan Einar M. Einarsson lét af stjórn „Ægis“ hafa veiðiþjófar verið hér óáreittir í landhelgi, en meðan Einar M. Einarsson gætti landhelginnar var varla vart veiðiþjófa hér, enda er E. M. E. sá maður, sem mest og bezt hefir varið landhelgina fyrir veiðiþjófum, og á þann hátt gætt betur en nokkur annar skipherra hagsmuna okkar smáútgerðarmanna og sjómanna.

Ólafsvík, 10. nóvember 1933.

Pétur Jóhannsson, útgerðarm. Kristján Þórðarson, útgerðarm. Kristján S. Jónsson, útgerðarm. Ottó Árnason, sjóm. Sveinn Árnason, sjóm. Gunnl. Bjarnason, sjómaður. Guðmundur Gíslason, útgerðarm. Guðm. Björnsson, sjómaður. Guðlaugur Guðmundsson, sjómaður. Jóhann Kristjánsson, formaður. Guðmundur Jensson, sjómaður. Jón Skúlason, útgerðarm. Ólafur Bjarnason, útgerðarm. Þorgrímur Vigfússon. Halldór Jónsson, sjóm. Helgi Helgason, sjóm. Guðmundur Helgason, sjómaður. Helgi Jónsson, útgerðarm. Friðjón Helgason, sjómaður. Guðmundur Ársælsson, sjóm. Steinþór Bjarnason, sjóm. Lúther Salómonsson, sjómaður. Sumarliði Þorgilsson, sjóm. Baldur Guðbrandsson, útgerðarm. Sölvi Þórðarson, sjóm. Guðbrandur Guðbjartsson, sjóm. Jóhannes Jónsson, sjóm. Jón Þorberg Jóhannesson, sjóm. Ögmundur Jóhannesson, sjóm. Steinn Ásbjörnsson, sjóm. Adólf Ásbjörnsson, sjóm. Oliver Kristjánsson, sjóm. Matti Ósvald Ásbjörnsson, sjóm. Ásbjörn Eggertsson, matsm. Kristján Friðgeirsson, sjóm. Þórður

Kristjánsson, sjóm. Hervin Pétursson, sjóm. Trausti Guðmundsson, sjóm. Sveinn Einarsson, sjóm. Lárus Sveinsson, sjóm. Einar Sveinsson, sjóm. Magnús Kristjánsson, sjómaður. Kristján Kristjánsson, sjómaður. Guðjón Ásbjörnsson, sjóm. Þorleifur Magnússon, sjómaður. Guðmundur Þórðarson, útgerðarmaður. Runólfur Kristjánsson, sjómaður. Jónatan Salómonsson, sjómaður. Sigtryggur Sigtryggsson, sjómaður. Guðmundur Ólafsson, sjómaður. Emanuel Guðmundsson, sjómaður. Hjörtur Guðmundsson, sjómaður. Guðmundur Ásgrímsson, verkamaður. Jónas Egilsson, sjómaður. Stefán Kristjánsson, hafnsögum. Guðmundur Helgason, útgerðarm. Alfons Kristjánsson, útgerðarm. Kjartan Ó. Þorsteinsson, sjóm. Eyjólfur Snæbjörnsson, sjóm. Vigfús Eyjólfsson, verkam. Árni Vigfússon, sjóm. Hugi Vigfússon, sjóm. Eggert Guðmundsson, sjóm. Guðmundur Eggertsson, sjóm. Kristján Vigfússon, sjóm. Sveinn Skúlason, sjóm. Júlíus Sveinsson, sjóm. Steinn Kristjánsson, sjóm. Björn Jónsson, sjóm. Jóhann Lúther Guðmundsson, útgerðarm. Edilon Kristófersson, útgerðarm. Lúnberg Friðgeirsson, sjóm. Bergsveinn Haraldsson. Randver Kristjánsson. Snæbjörn Eyjólfsson, sjóm. Jón Magnússon. Jóhann Ágústsson, sjóm. Páll Þorgilsson, sjóm. Ingvi Kristjánsson, form. Einar Ásmundsson, sjóm.

Nd. 297. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 233 [Varðskip landsins].

Frá Hannesi Jónssyni.

Aftan við till. bætist: Verði varðskipunum lagt upp um lengri eða skemmri tíma, skal allt kaupgjald á þeim lækka um 25% þann tíma, sem skipin liggja uppi.

Nd. 298. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 63 7 maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum kr. 6500,00 á ári, er hækki þriðja hvert ár um 500 krónur upp í 8000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar, eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins.

Kaupgreiðslur til stýrimanna, vélstjóra, fullgildra háseta, kyndara og annara skipverja skulu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipum ríkisins. Eigi skal þó taka tillit til kaupuppbótar þeirrar fyrir strandsiglingar (strandferðauppbótar), sem greidd er á strandferðaskipunum. Verði varðskipunum lagt upp um lengri eða skemmri tíma, skal allt kaupgjald á þeim lækka um 25% þann tíma, sem skipin liggja uppi.

Starfsmenn á varðskipunum skulu njóta sama réttar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Ed. 299. Tillaga

til þingsályktunar um launauppbót talsímakvenna o. fl.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða talsímakonum við langlínumiðstöðvar landssímans og aðstoðarmönnum við skeytaafgreiðslu sömu launauppbót og nú hafa varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, og eftir sömu reglum, og ennfremur bæjarpóstunum í Reykjavík dýrtíðaruppbót á núverandi laun þeirra, eftir sömu reglum og öðrum opinberum starfsmönnum, er dýrtíðaruppbótar njóta.

Nd. 300. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Aftan við frvgr. bætist:
Lína frá Hólum í Hornafirði um Bjarnanes og Hoffell að Svínafelli.

Nd. 301. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Aftan við frvgr. bætist:
Lína frá Svignaskarði um Arnarholt og Hjarðarholt að Arnbjargarlæk, með hliðarlínu um Hamraenda að Neðra-Nesi.

Nd. 302. Lög

um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.).

Samhljóða þskj. 146.

Ed. 303. Frumvarp

til laga um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa síldarverksmiðju einhversstaðar á svæðinu frá Hornbjargi að Langanesi, að fengnum tillögum síldarútgerðarmanna um staðinn (sbr. 2. gr.), enda geti sú verksmiðja brætt að minnsta kosti 2000 mál síldar á sólarhring. Nær heimildin til þess að reisa stöðina svo fljótt, að hún geti tekið til starfa eigi síðar en í byrjun síldarvertíðar 1935.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram 100 þús. kr. til kaupa á hlutum í h/f Síldarbræðslunni á Seyðisfirði.

2. gr.

Ríkisstjórnin leitar nú þegar með auglýsingu eftir tillögum þeirra manna, er gert hafa út skip á herpinótaveiðar við Norðurland síðastliðið sumar, um það, hvar verksmiðjan skuli reist. Skal í auglýsingunni tiltekið, hvenær tillögurnar skuli síðast komnar.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1 milljón króna.

4. gr.

Um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar á Norðurlandi skal fara að öðru leyti eftir lögum nr. 49 7. maí 1928, lögum nr. 42 14. júní 1929 og lögum nr. 10 27. apríl 1932.

Nd. 304. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um sundhöll í Reykjavík.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan sé samþykkt óbreytt. — Tveir nefndarmenn (HG og JS) voru ekki á fundi.

Alþingi, 5. des. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form. Tryggvi Þórhallsson, frsm. Þorleifur Jónsson.

Þorsteinn Þorsteinsson. Pétur Ottesen.

Ed. 305. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Kári Sigurjónsson.

Nd. 306. Nefndarálit

um frv. til laga um virkjun Fljótaár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir leitað álits og umsagnar forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um frv. Telur hann, sem og sjálfsagt er, að Siglufirði sé það nauðsynja- og hagsmunamál að geta fengið nægа raforku. Hinsvegar telur hann, að undirbúningur um einstök atriði sé ekki svo ýtarlegur sem æskilegt er, svo sem vatnsrennslismælingar fallvatnsins. — Fjárhagshorfur virkjunarinnar telur hann viðunandi, ef stofnkostnaður virkjunarinnar fer ekki fram úr áætlun. Þó telur hann, að rafveitan geti ekki þegar í stað komið út öllu afli sínu og náð fullum „normal“ árstekjum fyrr en nokkur fólksfjölgun hefir átt sér stað á Siglufirði (3—4 ár).

Nefndin telur sjálfsagt, að Siglufirði verði ekki synjað um þá aðstoð til rafmagnsframleiðslu, sem öðrum er veitt. Og enda þótt eitthvað kunni að vera áfátt um undirbúning virkjunar, þá myndi það ekki þurfa að standa í vegi fyrir því, að frv. væri afgreitt á þessu þingi, með því að ríkisstjórnin hefði í hendi sér, hvenær ábyrgðin væri veitt.

Nefndinni hefir ekki unnizt tími til að athuga frv. til fullrar hlítar og brtt. þær, sem fram eru komnar. Breytingartill. telur nefndin vera nauðsynlegar og að öllu til bóta. Og að þeim samþykktum telur n., að frv. sé orðið svo úr garði gert á því stigi, sem það er í þinginu, að réttmætt sé, að það verði látið ganga áfram áleiðis til fullnaðarafgreiðslu.

Einn nm. (ÓTh) var fjarverandi sökum forfalla er frv. var afgr. í n.

Alþingi, 4. des. 1933.

H. Stefánsson, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Héðinn Valdimarsson, með fyrirv. um brtt.
	Hannes Jónsson.	

Nd. 307. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur nauðsyn á, að frv. fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. — Hinsvegar eru einstakir nefndarmenn ekki að fullu samþykkir einstökum ákvæðum frv. og hafa að því leyti óbundna aðstöðu til þess.

Einn nefndarm. (ÓTh) var fjarverandi er nál. var afgreitt.

Alþingi, 5. des. 1933.

H. Stefánsson, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr., með fyrirv.	Héðinn Valdimarsson, með fyrirv.

Hannes Jónsson.

Ed. 308. Nefndarálit

um frv. til laga um augnlækningaferðir.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. neðri deild og hefir verið til athugunar í allsherjarnefnd. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1933.

Jónas Jónsson, form.	Jón Baldvinsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Sþ. 309. Nefndarálit

um kæru út af kosningunni í Hafnarfirði.

Frá kjörbréfanefnd.

Nefndin hefir kynnt sér kæru fulltrúaráðs verklýðsfélaganna í Hafnarfirði út af síðustu alþingiskosningum þar, útskrift úr gerðabók yfirkjörstjórnar og önnur skjöl, er mál þetta varða. Þar sem kosningin hefir verið talin gild, er nefndin sammála um að leggja fyrir Alþingi svofellda

TILLÖGU:

Alþingi telur, að nokkrar misfellur hafi orðið á utankjörfundarkosningu í Hafnarfirði og hjá yfirkjörstjórn við síðustu alþingiskosningarnar þar, og ályktar því að beina því til ríkisstjórnarinnar að brýna fyrir kjörstjórnum að fylgja nákvæmlega reglum kosningalaganna.

Alþingi, 5. des. 1933.

Bergur Jónsson, form. Haraldur Guðmundsson, fundaskr., frsm. Pétur Magnússon.
Gísli Sveinsson. Einar Árnason.

Nd. 310. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða 5 mönnum, er rannsaki, eftir því sem við verður komið, og geri tillögur um:

1. Hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu. Sérstaklega skal nefndin taka til athugunar fækkun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, samræming á launum þeirra, og að sú venja sé afnumin, að embættis- og starfsmenn þessir fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættis- eða sýslunarstarfi þeirra.
2. Hvort og hversu draga megi að öðru leyti úr beinum útgjöldum ríkissjóðs og rekstrarkostnaði ríkisstofnana.
3. Hvernig fyrir skuli koma löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum, enda verði launagreiðslur þessara stofnana með löggjöfinni samræmdar launagreiðslum ríkisins.
4. Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 3. tölulið, launagreiðslum ríkisins.

Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 311. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 123.

Ed. **312. Lög**

um lögreglustjóra í Keflavík.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 175.

Ed. **313. Lög**

um breyting á lögum nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 143.

Ed. **314. Lög**

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 277.

Nd. **315. Lög**

um breyting á lögum nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Nd. 5. des.).

Samhljóða þskj. 262.

Nd. **316. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 5. des. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirv. | Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. | Bernharð Stefánsson.

Jón Pálmason. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 317. Þingsályktun

um talstöðvar.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 176.

Ed. 318. Þingsályktun

um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd.

(Afgreidd frá Ed. 5. des.).

Samhljóða þskj. 39.

Ed. 319. Breytingartillögur

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Upphaf till. skal orða svo: Efri deild Alþingis ályktar o. s. frv.
2. Þriðja málsgr. skal falla niður.

Nd. 320. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 28. gr. Þriðja málsgr. fellur burt.
2. Við 29. gr. Önnur málsgr. gr. fellur burt.
3. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

   Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

   Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varamenn (í Reykjavík).

   Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð.

Stjórnmálaflokki er heimilt að láta fylgja landslista sínum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppbótarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

4. Við 51. gr. Í stað „3 cm.“ komi: 1 cm.
5. Við 54. gr.
   a. Sjöunda málsgr. falli burt.
   b. Níunda og tíunda málsgr. orðist svo:

      Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti** .....**flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð. Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

      Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.
6. Við 69. gr. Síðari málsliður fyrri málsgr. falli niður.
7. Við 89. gr. Síðari málsgr. falli niður.
8. Við 110. gr. 5. tölul. gr. orðist svo:

   Ef merkt er á sama kjörseðli við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslista eins flokks og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista.
9. Við 111. gr. Síðari málsl. 3. málsgr. falli niður.
10. Við 112. gr. Upphaf gr. orðist svo:

    Nú hefir kjósandi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks o. s. frv.
11. Við 116. gr. Greinin orðist svo:

    Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

    Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

    Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum,

og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

12. Við 122. gr. Stafliðirnir „a, b, c, d“ verði töluliðir: 1, 2, 3, 4.

13. Við 128. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til íhlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður efstur á landslistanum, annar frambjóðandi hinn fjórði o. s. frv. Hin önnur sæti landslistans skipast samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Hafi frambjóðandi á skránni fengið sæti á landslista eftir þeim reglum, tekur næsti frambjóðandi á skránni sæti hans. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri

atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsgr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppbótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

Nd. 321. Breytingartillaga

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Gísla Sveinssyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 54. gr. Í stað 5. og 6. málsgr. komi ein málsgr., svo hljóðandi:
Frambjóðendum skal raðað á kjörseðil eftir stafrófsröð.

Nd. 322. Breytingartillaga

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Flutningsm.: Thor Thors, Jakob Möller, Gísli Sveinsson.

Við 127. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að:

Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskosinn þingmann hvers þingflokks, og verður lægsta útkoman hlutfallstala kosninganna. Síðan skal margfalda þá hlutfallstölu með tölu kjördæmiskosinna þingmanna þeirra flokka, sem hafa fengið hærri útkomur en hlutfallstöluna við deilinguna, og draga útkomurnar frá samtölum atkvæða hvers þeirra flokka. Mismunur sá, sem þá verður eftir hjá hverjum flokki, er sú atkvæðatala, sem kemur til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, og skal uppbótarþingsætum skipt á milli þessara flokka í hlutfalli við þessar atkvæðatölur þeirra, eftir venjulegum reglum hlutfallskosninga, þannig, að deilt skal í atkvæðatölurnar með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. (sbr. 115. gr.), unz útkoman verður eins nálægt því að vera jöfn hlut-

fallstölu kosninganna og unnt er, og falla uppbótarsætin á hæstu útkomurnar, þó aldrei fleiri en 11 samtals.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

Nd. 323. Breytingartillaga

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 127. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist svo:

Til þess að finna, hvernig uppbótarþingsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarþingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Sþ. 324. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um sölu mjólkur og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um meðferð og verzlun innlendrar mjólkurvöru, og sé þar einkum gætt þeirra atriða, er hér segir:

1. Að stutt verði sem bezt að viðgangi þeirra rjóma- og mjólkurbúa og mjólkursamlaga, sem stofnuð eru, starfsemi þeirra samræmd svo sem verða má og meginreglur settar búum þessum og viðskiptamönnum til öryggis.
2. Að viðskipti þeirra mjólkurframleiðenda, er ekki lúta að búum þessum og samlögum, verði tryggð með ákvæðum, er laði þá að búunum, án þess að gengið sé á viðskiptafrelsi þeirra manna.
3. Að ákveðið verði skipulag á sölu mjólkurafurða í Reykjavík, Hafnarfirði og öðrum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem slík verzlun er rekin svo nokkru nemur, og sé miðað að því að lækka til muna kostnað við sölu og dreifing vörunnar til neytenda.
4. Að gert verði það, sem unnt er, til þess að þeir mjólkurframleiðendur, er hafa erfiða flutningaaðstöðu vegna illra samgangna, fái notið sín á markaðsstöðum og geti orðið samkeppnisfærir.

Við undirbúning þessarar lagasetningar leiti ríkisstjórnin umsagnar allra hinna starfandi rjóma- og mjólkurbúa og mjólkursamlaga, Búnaðarfélags Íslands, bæjarstjórna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Alþýðusambands Íslands og annara þeirra aðilja á markaðsstöðum, er ástæða þykir til. Ennfremur sé við undirbúning á skipun þessara mála leitað ýtarlegrar fræðslu um aðgerðir nágrannaþjóðanna í mjólkurmálum sínum.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um mjólkurvinnslu og mjólkurvöruverzlun.

Ed. 325. Nefndarálit

um till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd Ed. mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. des. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson.

Nd. 326. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 10000 kr. á ári til þess að greiða meðlag með fávitum frá efnalitlum heimilum, sem komið er fyrir

á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi. Þó skal ekki greiða meira en 500 kr. á ári með hverjum einstökum fávita.

Ed. 327. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar".

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 119.

Ed. 328. Þingsályktun

um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 64.

Ed. 329. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. Orðin „enda sé tryggt" til loka gr. falli burt.

Alþingi, 6. des. 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm.	Kári Sigurjónsson, fundaskr.	Jón Baldvinsson, með fyrirv.

Nd. 330. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 320 [Kosningar til Alþingis].

Flm.: Hannes Jónsson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson.

Við tölul. 13. Aðra efnismálsgr. skal orða svo:

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til íhlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá,

sem ekki koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsgr. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsgr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppbótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Nd. 331. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Flm.: Jón Pálmason.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist:
Lína úr Langadal um Auðólfsstaðaskarð upp í Laxárdal.

Nd. 332. Tillaga

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir „samvinnufélag Flateyjar“ í Flatey á Breiðafirði allt að 10000 kr. rekstrarlán, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda greiðist lánið upp árlega.

Nd. 333. Lög

um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.).

Samhljóða þskj. 303.

Ed. **334. Þingsályktun**

um áveitur.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 114.

Ed. **335. Þingsályktun**

um greiðslufrest á skuldum bátaútvegsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 218.

Ed. **336. Þingsályktun**

um ráðstafanir gegn fóðurskorti í illu árferði.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 241.

Nd **337. Breytingartillaga**

við frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

Við 54. gr. 2., 3. og 4. málsgr. Orðin „og skal greina við nafn hvers frambjóðanda“ til enda 4. málsgr. falli niður.

Ed. **338. Nefndarálit**

um till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í stað orðanna í niðurlagi till. „gegn þeim .... metur gildar“ komi: gegn ábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Alþingi, 6. des. 1933.

Bjarni Snæbjörnsson, form. Páll Hermannsson, fundaskr., með fyrirv. Jón Jónsson, frsm.
Kári Sigurjónsson. Magnús Jónsson.

Nd. 339. Nefndarálit

um till. til þál. um lendingarbætur í Flatey á Breiðafirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt, að uppfylltum venjulegum skilyrðum fyrir framlögum til bryggjugerða, þeim sem sé:

1. að fyrir liggi fulltryggileg athugun og áætlun um hið fyrirhugaða mannvirki,
2. að héraðið leggi fram ⅔ kostnaðar við bryggjugerðina, móti ⅓ frá ríkinu, og
3. að verkið sé unnið undir eftirliti vitamálaskrifstofunnar.

Tveir nefndarmanna voru ekki á fundi.

Alþingi, 7. des. 1933.

Ingólfur Bjarnarson, form., frsm. Þorsteinn Þorsteinsson, með fyrirv. Tryggvi Þórhallsson.
Þorleifur Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 340. Breytingartillaga

við till. til þál. um að fella niður innflutningshöftin.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Í stað orðanna „Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík“ kemur: Landssamband Iðnaðarmanna.

Ed. 341. Breytingartillaga

við till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Fyrri málsgr. tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða embættis- og starfsmönnum ríkisins, þeim sem ekki hafa yfir 3500 kr. föst laun, dýrtíðaruppbót árið 1934 eftir sömu reglum og jafnháa og gert hefir verið árið 1933.

Nd. 342. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 322 (Kosningar til Alþingis).

Flutningsm.: Jakob Möller, Thor Thors, Gísli Sveinsson.

Aftan við 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðaltal atkvæða flokks á hvern kosinn þingmann, sem ekki nemur 1% af öllum greiddum, gildum atkvæðum í kosningum, skal þó því aðeins nota sem hlutfallstölu kosninga, að þingmenn flokksins, kosnir í kjördæmum, séu fleiri en 2, að öðrum kosti verður næstlægsta talan hlutfallstala kosninganna.

Nd. 343. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 263 (Ritsíma- og talsímakerfi Íslands).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Aftan við tillgr. bætist: og þaðan til Sauðafells.

Ed. 344. Breytingartillaga

við till. til þál. um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Tillögugr. orðist svo:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að leigja síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði með hagkvæmum kjörum, ef ekki fæst annar leigjandi, svo að líkindi séu til, að stöðin verði ekki starfrækt, og starfrækja hana í sambandi við aðrar síldarbræðslustöðvar ríkisins, enda séu o. s. frv. eins og tillögugr. er.

Ed. 345. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa löggjöf um, að ríkissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra, og er sá formaður nefndarinnar.

Ed. 346. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Tveir af nefndarmönnum (MJ og JónasJ) mæla með, að frv. nái fram að ganga óbreytt, en þriðji nefndarmaðurinn (GL) er frv. mótfallinn.

Alþingi, 7. des. 1933.

Magnús Jónsson, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.

Ed. 347. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því:

Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum öll not veiðinnar, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati samkv. 83. gr., sbr. þó síðari málsgr. þessarar greinar.

Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðast að ⅓ úr ríkissjóði, að ⅓ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum hlutaðeigandi sýslu eða sýslna og að ⅓ af veiðieigendum í hlutaðeigandi fiskihverfi, og jafna matsmenn þeim bótum niður á þá. Nú er þar veiðifélag, og greiðir það þá hluta veiðieigenda af bótunum.

Alþingi, 7. des. 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Jónsson, fundaskr.	Kári Sigurjónsson.

Ed. 348. Breytingartillögur

við till. til þál. um að fella niður innflutningshöftin.

Frá Ingvari Pálmasyni og Einari Árnasyni.

1. Fyrri málsgr. tillgr. falli niður.
2. Í stað „Alþingi“ komi: Efri deild Alþingis.
3. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um innflutningshöft.

Ed. 349. Þingsályktun

um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.).

Samhljóða þskj. 163.

Ed. 350. Þingsályktun

um launauppbót talsímakvenna o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.).

Samhljóða þskj. 299.

Ed. **351. Lög**

um augnlækningaferðir.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.).

Samhljóða þskj. 152.

Ed. **352. Þingsályktun**

um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.).

Samhljóða þskj. 168.

Ed. **353. Þingsályktun**

um rannsókn og útrýmingu á kartöflusýki.

(Afgreidd frá Ed. 7. des.).

Samhljóða þskj. 281.

Ed. **354. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Samhljóða þingskjali 254 með þeim breytingum, að þær greinar frumvarpsins, er hér fara á eftir, hljóða nú svo sem hér segir:

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir

ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík).

Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð.

Stjórnmálaflokki er heimilt að láta fylgja landslista sínum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppbótarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið, eða í stafrófsröð, ef flokksstjórnin hefir ekki raðað þeim, og skal tilgreina um hvern lista, hvort hann er óraðaður samkv. 30. gr. stafl. a., eða raðaður samkv. staflið b. sömu gr.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 1 cm. háar og svo margar sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti .....flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð. Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsgr.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur,
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef merkt er á sama kjörseðli við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslista eins flokks og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslista hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

112. gr.

Nú hefir kjósandi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

1. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru, og hve mörg þar af á hvern frambjóðanda landslistans persónulega.
2. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
3. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir frambjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
4. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig, samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

127. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarþingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Því næst skal

raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til íhlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsgr. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsgr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppbótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

Ed. 355. Nefndarálit

um frv. til laga um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ég get ekki mælt með þessu frv. Þar eð ég lít svo á, að allur tilbúningur áfengra drykkja, hverju nafni sem nefnist, sé skaðvænn, og að áfengisnautn leiði meira og minna böl og tjón yfir einstaklinga og þjóðir, þá tel ég skylt að forðast allt, sem veldur aukningu áfengis í heiminum, og að algert afnám þess sé það takmark, sem siðlátum þjóðum beri að keppa að. Fyrir því get ég hvorki

né vil ljá lið mitt til þess að styðja þá framleiðslu á áfengu öli, sem frv. fjallar um, og engu fremur fyrir það, þótt neyzlan sé öðrum þjóðum ætluð.

Alþingi, 7. des. 1933.

Guðrún Lárusdóttir.

Nd. 356. Lög

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 145.

Nd. 357. Lög

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 144.

Nd. 358. Þingsályktun

um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 292.

Nd. 359. Þingsályktun

um sundhöll í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 141.

Nd. 360. Þingsályktun

um veðurathuganir.

(Afgreidd frá Nd. 7. des.).

Samhljóða þskj. 139.

Ed. 361. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Við till. bætast tveir liðir, svo hljóðandi:

5. Hversu haga megi launagreiðslum ríkissjóðs og opinberra stofnana, þannig að enginn starfsmaður fái meir en sem svarar 8000 kr. árlega frá þjóðfélaginu fyrir vinnu sína.
6. Hversu koma mætti við landaurareikningi um allar kaupgreiðslur til starfsmanna úr ríkissjóði, þar sem byggt yrði á grundvelli íslenzkrar afurðasölu.

Ed. 362. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið samferða háttvirtum samnefndarmönnum mínum, sem leggja til að fella niður innflutningshöftin. Vil ég stuttlega færa fram rök fyrir þeirri skoðun.

1. Svo fjarri fer því, að þjóðin megi við að auka innflutning misjafnlega þarfrar vöru, að landið hefir orðið á miðju ári að taka erlent bankalán til að standa straum af gjöldum erlendis, og samkvæmt skýringu stjórnarinnar er ekki útilokað, að eitthvað af þessu láni verði að varanlegri skuld.

2. Tveir af bankastjórum þjóðbankans telja fráleitt að afnema nú þá löggjöf, sem höftin byggjast á.

3. Annar af þessum tveim bankastjórum álítur, að full ástæða væri til að hefta meir og með betra skipulagi innflutning til landsins heldur en gert hefir verið.

4. Stjórn þjóðbankans viðurkennir, að ef innflutningshöftin eru felld niður, yrði að herða á gjaldeyrishöftum, og myndi það aðhald þá verða bönkunum erfitt.

5. Reynsla er fengin um það, t. d. af póstskuld Íslandsbanka við Danmörku frá kreppuárunum eftir að heimsstyrjöldinni lauk, að ef innstæður myndast í landinu, sem bankarnir vilja eða geta ekki yfirfært, þá kemur þar að lokum, að skuldina verður að greiða erlendis.

6. Það er fyrirsjáanlegt, að erlendir menn myndu lána vörur til Íslands, og kaupendur þeirra safna innstæðum á sínu nafni í bönkunum um þær upphæðir, sem bankarnir treystu sér ekki til að greiða. Síðan færu erlendu eigendurnir að selja þessar innieignir á Íslandi, og myndaðist þannig gjaldeyris-

verzlun utan um bankana, sem væntanlega myndi skapa mikla örðugleika um öryggi íslenzkrar krónu.

7. Eins og nú hagar til um verzlun milli þjóðanna er með hverjum degi orðin meiri þörf fyrir ríkisstjórnina að geta haft hönd í bagga með um það, hvaða vörur eru fluttar inn í landið. Þetta vald getur ríkisstjórnin ekki haft nema með ríkisverzlun eða höftum á verzluninni.

Að öllu þessu athuguðu sýnist mér það augljóst, að þarfir þjóðarinnar heimta meiri og betur skipulögð innflutningshöft heldur en hingað til, en allra sízt að afnema þær litlu skorður, sem um stund hafa að verulegu leyti bjargað verzlunarjöfnuði landsins.

Alþingi, 7. des. 1933.

Jónas Jónsson.

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 20. nóvember 1933.

Út af bréfi yðar, dags. 16. þ. m., þar sem þér leitið umsagnar vorrar um frumvarp um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, viljum vér taka fram eftirfarandi:

1. Vér lítum svo á, að nauðsyn á hagstæðum verzlunarjöfnuði fyrir landið sé engu síður fyrir hendi nú en árið 1931, þegar ríkisstjórnin tók heimildarlögin frá 1920, um takmörkun eða bann á innflutningi á óþörfum varningi, til framkvæmda, en svo sem kunnugt er hafa innflutningshöftin orðið til þess að bæta verzlunarjöfnuð landsins gagnvart útlöndum að miklum mun.
2. Innflutningshöftin hafa greitt mjög mikið fyrir sölu innlendra framleiðsluvara í landinu. Sérstaklega má þar tilnefna mjólkurafurðir, og mundi það valda óbætanlegu tjóni fyrir þá, sem þessa framleiðslu stunda, ef hömlunum væri nú létt af. Sama máli gegnir um aðrar landbúnaðarvörur, sem mikið er notað af í landinu. Innflutningur frá útlöndum á samskonar vörum mundi valda miklu tjóni.
3. Iðnaður Íslendinga hefir aukizt að talsverðum mun síðustu árin, og er ekki vafi á, að innflutningshöftin eiga sinn þátt í því. Afnám þeirra mundi verða til þess, að hann ætti miklu örðugra uppdráttar, og sennilega mundu sumar af þeim starfsgreinum, sem byrjað er á, verða að hætta. Er auðséð, hvílíkt tjón af slíku gæti orðið.

Af framangreindum ástæðum leggjum vér eindregið til, að frumvarpið verði fellt.

Virðingarfyllst.

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga,

S. Kristinsson.

Til

allsherjarnefndar efri deildar.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 17. nóvember 1933.

Út af heiðruðu bréfi allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 16. þessa mánaðar, hefir stjórn Búnaðarfélags Íslands í dag gert eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Búnaðarfélags Íslands telur, að umsögn af sinni hálfu eigi einungis að snerta innflutning þeirra vara, sem framleiddar eru innanlands af landbúnaðinum. Telur stjórn Búnaðarfél. Ísl., að ríkisstjórnin verði að hafa heimildir til að hefta innflutning slíkra vara frá útlöndum til verndunar innlendri framleiðslu, enda verði sú heimild notuð í samráði við Búnaðarfélag Íslands".

Virðingarfyllst.

Theodór Arnbjörnsson, frá Ósi.

Til
allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Sþ. **363. Tillaga**

til þingsályktunar um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslusjóðs Norður-Ísafjarðarsýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, enda verði lánið tekið fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.

Nd. **364. Tillaga**

til þingsályktunar um bættar samgöngur við Austfirði.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Þorleifur Jónsson, Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að skip Eimskipafélags Íslands fjölgi viðkomum á Austfjörðum á leið til útlanda, sérstaklega á tímabilinu frá 1. september til áramóta.

Ed. **365. Lög**

um viðauka við lög nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 37.

Ed. **366. Lög**

um viðauka við lög nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 242.

Ed. **367. Lög**

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 252.

Ed. **368. Þingsályktun**

um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 251.

Ed. **369. Þingsályktun**

um verðuppbót á útflutt kjöt.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 183.

Ed. 370. Þingsályktun

um bætta landhelgisgæzlu við strendur landsins.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að haldið verði uppi fullkomnari landhelgisgæzlu við strendur landsins en verið hefir hin síðustu missiri.

Nd. 371. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um samvinnubyggðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að það verði afgr. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ýtarlega rannsókn fara fram um skilyrði fyrir samvinnubyggðum til sveita, og leggi niðurstöðu þeirra rannsókna fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 8. des. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.
Jón Sigurðsson, fundaskr.
Jón Pálmason.
Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.
Bernharð Stefánsson, með fyrirvara.

Ed. 372. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða 5 mönnum, er rannsaki, eftir því sem við verður komið, og geri tillögur um:

1. Hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og

ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu. Sérstaklega skal nefndin taka til athugunar fækkun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, samræming á launum þeirra, og að sú venja sé afnumin, að embættis- og starfsmenn þessir fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættis- eða sýslunarstarfi þeirra.

2. Hvort og hversu draga megi að öðru leyti úr beinum útgjöldum ríkissjóðs og rekstrarkostnaði ríkisstofnana.
3. Hvernig fyrir skuli koma löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum, enda verði launagreiðslur þessara stofnana með löggjöfinni samræmdar launagreiðslum ríkisins.
4. Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 3. tölulið, launagreiðslum ríkisins.
5. Hversu koma mætti við landaurareikningi um allar kaupgreiðslur til starfsmanna úr ríkissjóði, þar sem byggt yrði á grundvelli íslenzkrar afurðasölu.

Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 373. Breytingartillögur

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. stjórnarskrárnefndar.

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.
2. Við 32. gr. Síðasti málsliður fyrri málsgr. gr. falli burt.
3. Við 39. gr. Síðari málsgr. gr. orðist svo:
   Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu þannig, að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefir afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórnmálaflokkur hefir notað heimild 4. málsgr. 30. gr., og skráin birt.
4. Við 40. gr. Í stað orðanna í síðari málsgr. „í réttri röð“ komi: í stafrófsröð.
5. Við 122. gr. 1. tölul. greinarinnar orðist svo:
   Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.

Sþ. **374. Frumvarp**

til laga um kosningar til Alþingis.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Samhljóða þingskjali 254 með þeim breytingum, að þær greinar frumvarpsins, er hér fara á eftir, hljóða nú svo sem hér segir:

11. gr.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík).

Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð.

Stjórnmálaflokki er heimilt að láta fylgja landslista sínum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppbótarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 135. gr. þessara laga.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu þannig, að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefir afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórnmálaflokkur hefir notað heimild 4. málsgr. 30. gr., og skráin birt.

40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af lands-

listunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi .....flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 1 cm. háar og svo margar sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti .....flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð. Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsgr.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur,
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í sama skyni,
5. ef merkt er á sama kjörseðli við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslista eins flokks og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista,
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal

taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslista hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

112. gr.

Nú hefir kjósandi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem

listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

1. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru,
2. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
3. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir frambjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
4. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig, samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

127. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarþingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem

kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til íhlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsgr. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. málsgr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppbótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

Sþ. 375. Þingsályktun

um Eiðaskóla.

(Afgreidd frá Sþ. 8. des.).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um kostnað við neðantaldar umbætur á Eiðaskóla:

1. Byggingu rafmagnsstöðvar, er nægi til ljósa, suðu og hitunar, þar með talin hitun vatns í sundlaug.

2. Byggingu hæfilega stórrar sundlaugar og leikfimihúss.

Rannsókn á því, hvernig þessum umbótum verði haganlegast fyrir komið og ákvörðun um stærð sundlaugar og leikfimihúss verði gerð í samráði við skólastjórann á Eiðum.

Sþ. 376. Þingsályktun

um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar.

(Afgreidd frá Sþ. 8. des.).

Samhljóða þskj. 363.

Ed. 377. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 8. des.).

Samhljóða þskj. 345.

Nd. 378. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefir athugað frv. á þskj. 207, ásamt þeim brtt., er komnar eru fram við frv. í Nd. Átti hún fund með landssímastjóra um málið, og hafði hann ýmsar athugasemdir að gera bæði við frv. sjálft, svo og við sumar af þeim brtt., sem fyrir liggja. Sendi hann nefndinni síðan bréflega umsögn sína um málið, og leyfir nefndin sér að skýra í stuttu máli frá tillögum hans.

Af línum þeim, er í frv. standa og settar voru inn í Ed., mælir hann á móti landssímalínu frá Efra-Hvoli um Strönd, Odda, Fróðholtshjáleigu og Hólabæi. Hann álítur, að línu þessa eigi ekki að taka inn í ritsímalögin, heldur eigi þarna að leggja einkalínu, sem gæti náð til 8 bæja, og tryggt miklu betur sambandið innanhéraðs heldur en landssímalína, með 2 símastöðvar eða svo.

Um brtt. þær, er nú liggja fyrir í Nd., skal þess getið, að landssímastjóri leggur með brtt. á þingskj. 263, og jafnframt, að sú lína nái að Sauðafelli. Þá leggur hann með línu frá Ólafsvík að Brimilsvöllum, einnig með Reykhólalínu, þar sem á Reykhólum er nú komið læknissetur, sömuleiðis með línu úr Langadal um Auðólfsstaðaskarð upp í Laxárdal, og línu frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka, línu frá Sauðárkróki að Reykjum, línu frá Hólum um Bjarnanes og Hoffell að Svínafelli. Um línuna Fellskot—Bræðratungu segir landssímastjóri, að línan verði að ganga út frá stöðinni á Torfastöðum.

Stóri-Ás—Húsafell og Þyrill—Stóribotn segir landssímastj., að sé hvorttveggja framlenging einkasímalínu og verði því að leggjast sem einkalínur, en

telur réttmætt, að þær símalagningar verði styrktar nokkuð meir en venjulegir einkasímar, vegna ferðamannaumferðar.

Þá leggur landssimastj. til, að upp í frv. verði tekin lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, en gamla línan, sem er úr sér gengin og liggur um óbyggðir, verði lögð niður.

Á hinum stutta tíma, sem nefndin hefir haft til umráða, hefir hún ekki getað aflað sér frekari upplýsinga um þetta mál, enda hlýtur landssímastjóri að hafa heildaryfirsýn yfir símamálin öðrum fremur, og verður nefndin því að byggja að miklu á tillögum hans.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Þriðja málsgr. frvgr. falli niður.
2. Á eftir 4. málsgr. frv. komi ný málsgrein:
   Í stað orðanna „með hliðarlínu að Haukadal“ komi: með hliðarálmum í Haukadal og Náhlíð og þaðan að Sauðafelli.
3. Aftan við frvgr. bætist: Lína frá Ólafsvík að Brimilsvöllum. Lína að Reykhólum. Lína úr Langadal um Auðólfsstaðaskarð upp í Laxárdal. Lína frá Silfrastöðum um Flatatungu að Gilsbakka. Lína frá Sauðarkróki um Reykjaströnd að Reykjum. Lína frá Leirhöfn um Blikalón til Raufarhafnar, enda verði þá lögð niður gamla línan frá Kópaskeri til Raufarhafnar. Lína frá Hólum um Bjarnanes og Hoffell að Svínafelli. Lína frá Torfastöðum að Bræðratungu.

Alþingi, 8. des. 1933.

Þorleifur Jónsson, form., frsm.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Jón Pálmason.
	Finnur Jónsson.	

Ed. 379. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Jóhannes Jósefsson.

(Afgreidd frá Ed. 9. des.).

Samhljóða þskj. 258.

Nd. 380. Þingsályktun

um bættar samgöngur við Austfirði.

(Afgreidd frá Nd. 9. des.).

Samhljóða þskj. 364.

Sþ. **381. Lög**

um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 9. des.).

I. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi,
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram,
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. KAFLI

Kjördæmi.

5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi):

1. Borgarfjarðarsýsla.
2. Mýrasýsla.
3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
4. Dalasýsla.
5. Barðastrandarsýsla.
6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
7. Ísafjarðarkaupstaður.
8. Norður-Ísafjarðarsýsla.
9. Strandasýsla.

10. Vestur-Húnavatnssýsla.
11. Austur-Húnavatnssýsla.
12. Akureyrarkaupstaður.
13. Suður-Þingeyjarsýsla.
14. Norður-Þingeyjarsýsla.
15. Seyðisfjarðarkaupstaður.
16. Austur-Skaftafellssýsla.
17. Vestur-Skaftafellssýsla.
18. Vestmannaeyjakaupstaður.
19. Hafnarfjarðarkaupstaður.
20. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, óhlutbundnum kosningum (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
2. Eyjafjarðarsýsla ásamt Siglufjarðarkaupstað.
3. Norður-Múlasýsla.
4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 6 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir til vara.

III. KAFLI

Kjördeildir.

6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefir verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:
1. Landskjörstjórn.

2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn .

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Annarsstaðar skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu, og annan til vara, og gildir sú regla einnig um Eyjafjarðarsýslu. Í Suður-Múlasýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, oddviti yfirkjörstjórnar þó ekki fyrr en opna skal atkvæðakassana. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenzkum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

V. KAFLI

Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 23. júní það ár til 22. júní næsta ár á eftir.

15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til,
2. þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefir ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefir náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt.**

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefir verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

17. gr.

Nú hefir kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefir ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefir á, að færi lögum samkvæmt.

18. gr.

Frá því að kjörskrá hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða á skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefir legið frammi samkvæmt 19. gr. og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill framfæra til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samningu kjörskrár, sbr. 17. gr.

24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarveru eða annara forfalla hefir ekki átt kost á að koma fram með kærur út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, ef það varðar hann sjálfan. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu, svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum.

25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð, bæði í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og í Reykjavík, tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að ræða einstaka frambjóðendur eða framboðslista, að tilgreina skýrlega full nöfn frambjóðendanna, stöðu og heimili, svo að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

27. gr.

Hver einstakur frambjóðandi skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, um að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í Reykjavík skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík um að þeir styðji kosningu listans.

Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.

28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri listum í Reykjavík en einum, vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn, né heldur vera á landslista, ef hann er í kjöri sem utanflokkamaður í kjördæmi. Ekki má stjórnmálaflokkur bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi, er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefir skriflega leyft nafn sitt á fleirum listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórnin nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

30. gr.

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr neinu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík).

Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa

þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrófsröð.

Stjórnmálaflokki er heimilt að láta fylgja landslista sínum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppbótarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

32. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef um er að ræða frambjóðanda í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í Reykjavík er að ræða, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur af meðmælendum listans krefst þess.

Deyi frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag, skal yfirkjörstjórn aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosningar á ný á þann hátt, sem fyrir er mælt í 135. gr. þessara laga.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum, sé hann eigi sjálfur viðstaddur. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í Reykjavík og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum

listans, eða, þegar um landslista er að ræða, frá stjórn þess stjórnmálaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Séu umboðsmenn lista ekki tilgreindir eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talning atkvæða og úthlutun uppbótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

34. gr.

Nú hefir stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvíkjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarsæta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hverskonar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni) og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda samskonar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefir borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefir bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu þannig, að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefir afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórnmálaflokkur hefir notað heimild 4. málsgr. 30. gr., og skráin birt.

40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, heldur yfirkjörstjórn í Reykjavík fund á næsta virkum degi og tekur framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem fyrir er mælt í 38. gr. um landslistana.

42. gr.

Þá er listar í Reykjavík hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar eru merktir, og skal þess gætt, að listi

hvers stjórnmálaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi, í dagblöðunum í Reykjavík og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista, í réttri röð.

43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, þar á meðal ef vantar yfirlýsingar samkv. 27. gr., sem ætla má, að hefðu átt að fylgja framboði, skal tilkynna það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum.

44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósanda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda).

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar).

kaus .....
(Staður, dagsetning og ár).

hjá .....
(Staða).

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar),

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hefi útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hefi engan annan kjörseðil frá mér sent og hefi ekki kosið annarsstaðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár).

.....
(Undirskrift kjósanda).

Að .....
(Fullt nafn kjósanda).


.....
(Heimili kjósanda).

hafi undirskrifað fylgibréf, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili).

Vitundarvottar (embættisstimpill nægir ekki).

.....
(Nafn).



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annara kjörstjóra hver í sínu umdæmi og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra, stærð, lag og litur skal vera tvennskonar, annað fyrir kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, og hitt fyrir Reykjavík, en hvor tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm. á breidd. Því skal vera skipt í tvo hluta með ca. ½ cm. breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm. háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 1 cm. háar og svo margar sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í Reykjavík skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm. breidd fyrir hvern lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefir frambjóðendur svo marga sem frekast má.

53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, eigi kosning að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram en kjósa á þingmenn, svo og í Reykjavík, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hinsvegar ekki niður, þó að þannig standi á.

54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu

línu: **Landslisti** .....**flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í Reykjavík, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** .....**flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar,** á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar.**

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund

komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefir hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. KAFLI

Kjördagur.

59. gr.

Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

X. KAFLI

Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstaði skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni, og svo um búið, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér

um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm. að lengd, 21 cm. að breidd og 15,7 cm. á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm. löng að minnsta kosti, en 6,5 mm. víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum, til afnota í kjördæminu.

63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við hendina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá alþingiskosningu, er fer fram næst á eftir, að fylgibréfið er dagsett.

67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin

hendi með ritblýi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

69. gr.

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

70. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorðið á fylgibréfinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

71. gr.

Þegar gengið hefir verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandi láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns), þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

72. gr.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu á póst.

74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu unz hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsgr.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefir fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlana kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefir kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annari kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annarsstaðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnum.

82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig, að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það nægsönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefir afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annarsstaðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annari kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint.

86. gr.

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

87. gr.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda beggja, ef tvo á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í Reykjavík greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

90. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Þegar um óhlutbundnar kosningar er að ræða, má hann ekki strika yfir nafn neins frambjóðandans, og við kosningar í Reykjavík má hann ekki hagga neitt við hinum listunum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Þegar um landslista er að ræða, má kjósandi ekki gera hvorttveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í Reykjavík ekki hvorttveggja lista kjördæmisins og landslista, heldur annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Greiði hann landslistanum atkvæði, má hann ekki hagga neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða í Reykjavík listar kjördæmisins.

91. gr.

Þegar kjósandi hefir gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður jafnvel, þó að hann skili auðum seðli.

92. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum.

93. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

94. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur og síðan læsa honum.

95. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðslunni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefir látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

96. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.

97. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefir kjörfundur staðið 12 klukkustundir, og má þá slíta kjörfundi þegar fjórðungur klukkustundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

98. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 95. gr. fyrri málsgr., og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

99. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

100. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefir utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 96. gr.) eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

101. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

102. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rifur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

103. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið

bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

104. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 95. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 101. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefir verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þessa skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefir sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefir verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Pokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað, í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

105. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

XIII. KAFLI

Kosningaúrslit í kjördæmum.

106. gr.

Ef ekki hafa fleiri frambjóðendur boðið sig fram við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þingmenn í kjördæminu (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn þá þegar í stað, að loknum framboðsfresti, rétt kjörna og gefur þeim kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í Reykjavík, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri eða ef ekki standa fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

107. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.

Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni.

108. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann, úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í Reykjavík skal fara eins að, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri, og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmálaflokks, sem landslistann hefir í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsagður til að gæta réttar landslistans. Hið sama er í Reykjavík um umboðsmann eða skipaðan talsmann framboðslista þar.

109. gr.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið eða nöfnin, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður,
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, sem í kjöri eru,
3. ef merkt er við nöfn fleiri frambjóðenda en kjósa á, eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleirum listum en einum, eða skrifuð fleiri nöfn á utankjörfundarseðil en frambjóðendanna, sem kjósa á, eða fleiri en einn listabókstafur,
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni,
5. ef merkt er á sama kjörseðli við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í Reykjavík landslista eins flokks

og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista,

6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefir löglega afhent.

111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks, sem landslista hefir í kjöri, o. s. frv.

Í kjördæmi, þar sem kjósa á tvo þingmenn, er atkvæði gilt, þó að ekki sé kosinn nema einn frambjóðandi.

Lista í Reykjavík telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

112. gr.

Nú hefir kjósandi kosið frambjóðanda eða frambjóðendur eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks, og skal þá að vísu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda eða frambjóðendum eða í Reykjavík lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Sama gildir, ef kjósandi í tvímenningskjördæmi, er kosið hefir frambjóðendur tveggja flokka, merkir jafnframt við landslista annarshvors flokksins.

113. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Ef kjörstjórnarmaður eða umboðsmaður frambjóðanda eða flokks óskar, skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefir úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefir úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja

einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

114. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi eða frambjóðendur ná kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem frambjóðandinn eða frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í einmenningskjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefir persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur flokks í tvímenningskjördæmi eru fleiri en tveir, teljast á sama hátt landslistaatkvæðin aðeins þeim tveimur, sem flest hafa persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver eða hverjir skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 119. gr.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn, eða þá tvo, sem hæstum tölum ná, ef tvo þingmenn á að kjósa.

115. gr.

Í Reykjavík skal telja saman, hve margir hafa kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórnmálaflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórnmálaflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum, eftir sömu reglu.

116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í Reykjavík, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu

atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

117. gr.

Framboðslisti í Reykjavík, sem hlotið hefir þingmann eða þingmenn, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefir hlotið þingmann, hefir ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina þannig, að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð.

Nú hreppir varaþingmaður af lista í Reykjavík uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórnin í Reykjavík þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

118. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri frambjóðendur verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, en kjósa á þar þingmenn, skal yfirkjörstjórn lýsa þá kosna, án tillits til þess, hver atkvæði þeim hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt þeim atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í Reykjavík gera, ef ekki hefir verið nema einn listi þar í kjöri eða ef ekki hafa staðið fleiri nöfn samtals á listum þar en kjósa á þingmenn og varaþingmenn.

119. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún

ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á samskonar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir, og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

120. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

121. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 107. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur yfir atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

1. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.
2. Í einmenningskjördæmum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
3. Í tvímenningskjördæmi, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega, hvernig samkosningar hafi fallið, og hverjir frambjóðendur hafi verið kosnir einir sér og hve oft.
4. Í Reykjavík, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig, samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í Reykjavík listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafa verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

123. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. KAFLI

Úthlutun uppbótarþingsæta.

124. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 122. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

125. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

126. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í einmenningskjördæmum.

2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslista flokksins, eins eða fleiri, í Reykjavík.

3. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið einir sér.

4. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið tveir og tveir saman.

5. Helmingur samanlagðra atkvæða greiddra frambjóðendum flokksins í tvímenningskjördæmum, sem kosnir hafa verið með frambjóðendum annara stjórnmálaflokka.

6. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

127. gr.

Til þess að finna, hvernig uppbótarþingsætum ber að skipta á milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefir atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annara þingflokka, hverja afturundan annari í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst

að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppbótarþingsæti hefir fallið á hverja þeirra, nema 11 uppbótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthlutað uppbótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppbótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppbótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppbótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefir atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefir, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefir atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til íhlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti frambjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar frambjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsgr. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsgr. Ef þingflokkur hefir ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppbótarsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppbótarsætalista, er sé skipaður öllum frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri frambjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn (í Reykjavík). Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir frambjóðenda sæti á uppbótarsætalistanum, sem hefir hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá frambjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkv. reglum 1. máls-

gr. þessarar gr. Ef frambjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppbótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma neðst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarsæti.

129. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefir uppbótarþingsæti, hefir rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefir hlotið uppbótarþingsæti.

Varasætunum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig, að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppbótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

130. gr.

Þegar úthlutað hefir verið uppbótarþingsætum samkvæmt 128. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti, svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppbótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

131. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

132. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmálaflokks, sem þátt hefir tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppbótarþingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

133. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið

fram (sbr. 142. og 143. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. KAFLI

Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

134. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagngert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefir farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

135. gr.

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 142. og 143. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

136. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkv. fyrirmælum þessara laga.

XVI. KAFLI

Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

137. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefir verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

138. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 113. greinar, búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

139. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmálaflokka í 28. gr. Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefir ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að bera á mann fé eða friðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunnindа í sama skyni, að heita á mann fé eða friðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annarsstaðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefir verið, eða á annan hátt.

XVIII. KAFLI

Kosningakærur.

140. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kærur í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef

um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

141. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglumála, með þeirri undantekningu, er getur í 21. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefir atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefir greitt atkvæði.

XIX. KAFLI

Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

142. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafi vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefir verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefir verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 96. og 100. gr.).

143. gr.

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns tvímenningskjördæmis úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin endurtekin.

XX. KAFLI

Hvernig varamenn taka þingsæti.

144. gr.

Varamenn þingmanna Reykjavíkur taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hliðstæðri reglu.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður Reykjavíkur eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefir ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið, eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XXI. KAFLI

Kostnaður.

145. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. KAFLI

Refsiákvæði.

146. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt, eða vanrækja hana.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

147. gr.

Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram í fleirum kjördæmum en einu, eða á fleirum listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 95. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefir kosið (sbr. þó 92. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.

8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.

9. Ef kjósandi, sem greitt hefir atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 96. gr.).

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefir verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar.

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 139. gr. 4. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

148. gr.

Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefir kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefir aðstoðað, hefir greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefir að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkv. 104. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

149. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

150. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

151. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

XXIII. KAFLI

Hvenær lögin öðlast gildi.

152. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi haustið 1933, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.
2. Lög nr. 36 6. nóv. 1902, um breyting á 18. gr. í lögum nr. 16 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis.
3. Lög nr. 19 3. okt. 1903, um kosningu fjögurra nýrra þingmanna.
4. Lög nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
5. Lög nr. 11 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.
6. Lög nr. 12 18. maí 1920, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
7. Lög nr. 17 19. júní 1922, um skipting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.
8. Lög nr. 50 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
9. Lög nr. 13 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.
10. Lög nr. 20 7. maí 1928, um skipting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.
11. Lög nr. 58 7. maí 1928, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.
12. Lög nr. 47 14. júní 1929, um breyting á lögum nr. 28 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis,

svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

XXIV. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði.

153. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi ganga í gildi skal semja kjörskrár samkvæmt þeim og því vera lokið innan tveggja vikna. Þá skulu kjörskrárnar tafarlaust lagðar fram til sýnis og almenningi kynntar þær samkvæmt 19. gr., tekið við kærum og með þær farið samkvæmt ákvæðum þessara laga og þær úrskurðaðar innan lögmælts tíma fyrir næstu almennar alþingiskosningar.

154. gr.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfu um stofnun nýrra kjördeilda, samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr

en 3 vikum á undan kosningu, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hrepps eða hreppshluta, sem skipt hefir verið.

155. gr.

Landskjörstjórn skal í fyrsta sinni kjósa á því þingi, sem samþykkir þessi lög.

Sþ. 382. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 9. des.).

Samhljóða þskj. 372.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

Sþ.

383. Nefndaskipun
á aukaþingi 1933
(47. löggjafarþingi).

I.
Fastanefndir í deildum.

A.
Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Jón Þorláksson, formaður,
Kári Sigurjónsson, fundaskrifari,
Jón Baldvinsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um afnám l. nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll (5, n. 18).
   Frsm.: Kári Sigurjónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 8. sept. 1931 og á l. nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (6, n. 13).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júní 1911 (7, n. 107).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands (42, n. 108).
   Frsm.: Kári Sigurjónsson.
5. Till. til þál. um sundhöll í Reykjavík (45, n. 106).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
6. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti (103, n. 268).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði (171, n. 222).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um þau mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, fjárveitinga- og samgöngumálanefndir.

8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f (143, n. 255).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
9. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík (242, n. 329).
   Frsm.: Jón Þorláksson.
10. Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (163, n. 325).
   Frsm.: Jón Þorláksson.

2. *Fjárveitinganefnd:*
   Bjarni Snæbjörnsson, formaður,
   Magnús Jónsson,
   Kári Sigurjónsson,
   Jón Jónsson,
   Páll Hermannsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu (26, n. 67).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi (102, n. 290).
   Frsm.: Bjarni Snæbjörnsson.
3. Till. til þál. um rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og um varnargarða við Þverá (112).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík (64, n. 291).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar (220, n. 338).
   Frsm.: Jón Jónsson.

3. *Samgöngumálanefnd:*
   Björn Kristjánsson formaður,
   Páll Hermannsson,
   Eiríkur Einarsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (12, n. 129).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

4. Landbúnaðarnefnd:

Páll Hermannsson, formaður,
Jón Jónsson, fundaskrifari,
Kári Sigurjónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (10, n. 21).
   Frsm.: Jón Jónsson.
2. Frv. til l. um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign (16).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (37, n. 305).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (144, n. 194).
   Frsm.: Kári Sigurjónsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (158, n. 347).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
6. Till. til þál. um áveitur (114, n. 294).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

Nefndin flutti:

Till. til þál. um verðuppbót á útflutt kjöt (183).
Frsm.: Jón Jónsson.

5. Sjávarútvegsnefnd:

Magnús Jónsson, formaður,
Bjarni Snæbjörnsson,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar (78, n. 155).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
2. Frv. til l. um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi (97, n. 187).
   Frsm.: Bjarni Snæbjörnsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar“ (119, n. 280).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
4. Till. til þál. um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd (39, n. 279).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

6. Iðnaðarnefnd:

Magnús Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir,
Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f,

Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings (274, n. 346 (meiri hl.) og 355 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.
Frsm. minni hl.: Guðrún Lárusdóttir.

7. *Menntamálanefnd:*
Guðrún Lárusdóttir, formaður,
Magnús Jónsson,
Jón Jónsson, fundaskrifari.
Ekkert mál bar undir nefndina.

8. *Allsherjarnefnd:*
Jónas Jónsson, formaður,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari,
Pétur Magnússon.
Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (3, n. 27).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
2. Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934 (4, n. 14).
Frsm.: Pétur Magnússon.
3. Frv. til l. um afnám l. nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi (20, n. 362 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Jónas Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
4. Frv. til l. um rýmkun undanþágu frá áfengislöggjöfinni (52, n. 232 (meiri hl.) og 293 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Magnússon.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (117, n. 191).
Frsm.: Pétur Magnússon.
6. Frv. til l. um lögreglustjóra í Bolungavík (124, n. 182).
Frsm.: Jón Baldvinsson.
7. Till. til þál. um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps (162, n. 238).
Frsm.: Jónas Jónsson.
8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti (123, n. 239).
Frsm.: Jónas Jónsson.
9. Frv. til l. um lögreglustjóra í Keflavík (175, n. 240).
Frsm.: Jónas Jónsson.
10. Frv. til l. um augnlækningaferðir (152, n. 308).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

Fastanefnir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (17).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Till. til þál. um að fella niður innflutningshöftin (256).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

B.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Ólafur Thors,
Halldór Stefánsson, formaður,
Jakob Möller, fundaskrifari,
Héðinn Valdimarsson,
Hannes Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 8. sept. 1931, um verkamannabústaði (34, n. 138).
   Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
2. Frv. til l. um afnám l. nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll (30, n. 79).
   Frsm.: Jakob Möller.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 8. sept. 1931 og á l. nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.] (6, n. 80).
   Frsm.: Jakob Möller.
4. Frv. til l. um virkjun Fljótaár (40, n. 306).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 8. sept. 1931 [Laun embættismanna] o. fl. (56).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um innflutningsbann á nokkrum vörutegundum (81).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim (93, n. 226 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jakob Möller.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl. (116, n. 265).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.
9. Till. til þál. um launakjör (105, n. 272).
   Frsm.: Halldór Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og fjárveitinganefndir.

10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911 (145, n. 307).
Frsm.: Halldór Stefánsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands (146, n. 219).
Frsm.: Hannes Jónsson.
12. Till. til þál. um launauppbót talsímakvenna o. fl. (167, n. 257).
Frsm.: Hannes Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 18. marz 1933, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f (143).
Frsm.: Ólafur Thors.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 81 23. júní 1932, um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán fyrir dráttarbraut í Reykjavík (136).
Frsm.: Ólafur Thors.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Jóhannes Jósefsson (258).
Frsm.: Ólafur Thors.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (163).
Frsm. ekki kosinn.

2. *Fjárveitinganefnd:*
Pétur Ottesen, fundaskrifari,
Ingólfur Bjarnarson, formaður,
Jón Sigurðsson,
Tryggvi Þórhallsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Haraldur Guðmundsson,
Þorleifur Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík (24, n. 125 (meiri hl.) og 157 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Tryggvi Þórhallsson.
Frsm. minni hl.: Jón Sigurðsson.
2. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar (41, n. 196).
Frsm.: Tryggvi Þórhallsson.
3. Till. til þál. um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík (64, n. 128).
Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
4. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu (26, n. 130).
Frsm.: Pétur Ottesen.

5. Till. til þál. um sundhöll í Reykjavík (141, n. 304).
Frsm.: Tryggvi Þórhallsson.
6. Till. til þál. um lendingarbætur í Flatey á Breiðafirði (195, n. 339).
Frsm.: Ingólfur Bjarnarson.
7. Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi (326).
Nefndarálit kom ekki.

3. Samgöngumálanefnd:
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Þorleifur Jónsson, formaður,
Jón Pálmason,
Finnur Jónsson,
Hannes Jónsson.

Til hennar visað:
1. Till. til þál. um starfrækslu talstöðvarinnar í Papey (33, n. 185).
Frsm.: Þorleifur Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 20. okt. 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands (207, n. 378 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Þorleifur Jónsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

4. Landbúnaðarnefnd:
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Jón Pálmason,
Haraldur Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson.

Til hennar visað:
1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (19).
Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (53).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 15. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum (58).
Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð (10, n. 167).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Till. til þál. um útrýmingu fjárkláðans (55, n. 172).
Frsm.: Jón Pálmason.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (144, n. 316).
Frsm.: Jón Sigurðsson.
7. Till. til þál. um samvinnubyggðir (211, n. 371).
Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Nefndin flutti:

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (36).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
2. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (37).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma (46).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

5. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Jóhann Jósefsson, fundaskrifari,
   Bergur Jónsson, formaður,
   Ólafur Thors,
   Finnur Jónsson,
   Eysteinn Jónsson.

   Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur (29, n. 229 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eysteinn Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
2. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir samvinnufélagið „Tunnuverksmiðju Akureyrar“ (32, n. 77).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Till. til þál. um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd (39, n. 100).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Till. til þál. um talstöðvar (51, n. 142).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
5. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi (82, n. 205).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
6. Frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir Samvinnufélag sjómanna á Stokkseyri til bátakaupa (121, n. 206).
   Frsm.: Eysteinn Jónsson.
7. Frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922 (110, n. 178 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eysteinn Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Till. til þál. um að ríkisstjórninni sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum (109, n. 199).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
9. Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey (193, n. 288).
   Frsm.: Bergur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar síldarbræðslustöðvar (23).
   Frsm.: Eysteinn Jónsson.
2. Frv. til l. um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi (25).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Frv. til l. um bráðabirgðaútflutningsskýrslur (120).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
4. Till. til þál. um veðurathuganir (139).
   Frsm.: Ólafur Thors.

Meiri hluti nefndarinnar flutti:

Till. til þál. um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði (168).
Frsm.: Bergur Jónsson.

6. Iðnaðarnefnd:
Guðbrandur Ísberg,
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Jakob Möller,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Ingólfur Bjarnarson.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um einkaleyfi fyrir firmað Ölgerðina Egil Skallagrímsson h/f, Reykjavík, til þess að búa til og selja áfengt öl til útflutnings (83, n. 169 (meiri hl.) og 188 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Guðbr. Ísberg.
Frsm. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.

7. Menntamálanefnd:
Pétur Halldórsson,
Bernharð Stefánsson, formaður,
Guðbrandur Ísberg, fundaskrifari,
Vilmundur Jónsson,
Halldór Stefánsson.

Ekkert mál bar undir nefndina.

8. Allsherjarnefnd:
Jón Ólafsson,
Bergur Jónsson, formaður,
Thor Thors,
Vilmundur Jónsson, fundaskrifari,
Eysteinn Jónsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (9, n. 62).
   Frsm.: Thor Thors.

2. Frv. til framfærslulaga (22).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um lögreglustjóra í Bolungavík (28, n. 84).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.
4. Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1934 (4, n. 85).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
5. Frv. til l. um fyrning verzlunarskulda og um vaxtatöku af verzlunarskuldum (38).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (48, n. 98 og 147 (frhnál.)).
   Frsm.: Bergur Jónsson.
7. Frv. til l. um lögreglustjóra í Keflavík (72, n. 153).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (88).
   Frsm.: Thor Thors.
2. Frv. til l. um augnlækningaferðir (152).
   Frsm.: Vilmundur Jónsson.
3. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um gjaldþrotaskipti (123).
   Frsm.: Bergur Jónsson.

C.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda.

II.
Lausanefndir.

A.
Í efri deild.

Stjórnarskrárnefnd:
Björn Kristjánsson,
Ingvar Pálmason,
Jón Þorláksson, formaður,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Lausanefndir í Ed.: Stjórnarskrárnefnd. — *Í Nd.:* Stjórnarskrárnefnd. — *Nefndir í Sþ.:* Kjörbréfa- og utanríkismálanefndir.

Nefndin kosin samkv. till. til þál. um skipun stjórnarskrárnefndar (8) er samþykkt var í Ed. 9/11.

Til hennar vísað:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (1, n. 57).
   Frsm.: Jón Baldvinsson.
2. Frv. til l. um kosningar til Alþingis (126, n. 212).
   Frsm.: Jón Þorláksson.

B.
Í neðri deild.

Stjórnarskrárnefnd:

Bergur Jónsson,
Thor Thors,
Bernharð Stefánsson,
Gísli Sveinsson,
Eysteinn Jónsson, fundaskrifari,
Jakob Möller,
Vilmundur Jónsson, formaður.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (1, n. 11).
Frsm.: Eysteinn Jónsson.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um kosningar til Alþingis (2, n. 31).
Frsm. fyrri hl.: Eysteinn Jónsson.
Frsm. síðari hl.: Thor Thors.

III.

Nefndir kosnar af sameinuðu þingi.

1. Kjörbréfanefnd:

Gísli Sveinsson,
Bergur Jónsson, formaður,
Pétur Magnússon,
Einar Árnason,
Haraldur Guðmundsson, fundaskrifari.

Nefndarálit á þskj. 309.

2. Utanríkismálanefnd:

Jón Þorláksson,
Tryggvi Þórhallsson,

Nefndir í Sþ.: Utanríkismála- og þingfararkaupsnefndir.

Ólafur Thors,
Jónas Jónsson,
Magnús Jónsson,
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari.

3. *Þingfararkaupsnefnd:*
Pétur Ottesen, fundaskrifari,
Jakob Möller,
Þorleifur Jónsson, formaður,
Bjarni Ásgeirsson,
Haraldur Guðmundsson.

Sþ.

384. Skrá

um erindi þau, er bárust Alþingi 1933 (aukaþ.) (47. löggjafarþingi).

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Afnám innflutningshafta, sjá Innflutningshöft.

Atvinnuleysistryggingar, sjá Tryggingarmál.

Ábyrgðir. Stjórn samvinnufélagsins „Tunnuverksmiðju Akureyrar" sækir um ríkisábyrgð á allt að 70 þús. kr. rekstrarláni. Bréf 23. okt. 2 fskj. (Nd. 14).

Áfengismál.

1. Fundur framkvæmdanefndar Stórstúku Íslands 5. nóv. mótmælir því, að á þessu þingi verði gengið að breytingum á áfengislöggjöfinni. Bréf ódags. (Nd. 38).
2. Fundur andbanningafélagsins „Varnar" 16. nóv. skorar á Alþingi að gera þær breytingar á áfengislöggjöfinni, að leyfður verði tilbúningur öls og annara áfengra drykkja í landinu, innflutningur og sala áfengis, og ennfremur, að breytt verði hegningarákvæðum fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni. (Nd. 36).

Árna Magnússonar-safnið. Forsætisráðherra sendir allsherjarnefndum tillögur íslenzk-dönsku sambandslaganefndarinnar um Árna Magnússonarsafnið í Kaupmannahöfn. Bréf 28. okt. (Nd. 4).

Barnaverndarráð Íslands, sjá Fávitar.

Berklavarnir. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna fer þess á leit, að hinn árlegi styrkur hjúkrunarfélagsins „Líknar" til þess að halda uppi berklavarnastarfsemi í Reykjavík, verði látinn haldast óbreyttur í næstu fjárlögum. Bréf 20. okt. (Nd. 2).

Blindir menn.

1. Útvarpsstjóri sendir allshn. Ed. umsögn sína um till. til þál. um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps. Bréf 28. nóv. (Ed. 15).
2. Stjórn Blindravinafélags Íslands fer þess á leit við fjárveitinganefndir, að þær hlutist til um, að kennslukonu félagsins séu greidd föst árslaun úr ríkissjóði, að fátækum, blindum mönnum verði veitt undanþága frá að greiða afnotagjald af útvarpstækjum og að félagið fái ókeypis

a. m. k. 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn. Bréf 22. nóv. 2 fskj. (Ed. 12, Nd. 31).
Bolungavík, sjá Hafnir og lendingarbætur.
Brynjólfur Sveinsson, sjá Síld 1.

Dragnótaveiðar í landhelgi. Oddviti Gerðahrepps fer þess á leit f. h. hreppsins, að bönnuð verði öll dragnótaveiði við sunnanverðan Faxaflóa og helzt í allri landhelginni. Bréf 1. nóv. (Nd. 30).

Einar M. Einarsson, sjá Landhelgisgæzla 1., 4., 5., 6.
Einar M. Jónasson, sjá Sýslumannsembætti Barðastrandarsýslu 1., 2.
Einkaleyfi.
1. Valdemar Einarsson loftskeytamaður sækir um einkaleyfi til innflutnings á sérstaklega endurbættum umbúðastriga. Bréf 6. nóv. (Nd. 18).
2. Erindi Péturs Jóhannssonar um einkaleyfi á uppgötvunum o. fl. Bréf 20. nóv. (Nd. 27).

Elliheimili. Kvenfélagið „Kvik" á Seyðisfirði sækir um 1000 kr. styrk til starfrækslu elliheimilisins „Hafnar" s. st. Bréf 14. nóv. (Nd. 49).

Faaberg, Harald, sjá Ríkisborgararéttur.
Fávitar. Barnaverndarráð Íslands segir álit sitt um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi. Bréf 22. nóv. (Ed. 13).
Fljótaá, sjá Virkjun Fljótaár.
Friðrik Ólafsson, sjá Landhelgisgæzla 5.
Friðun fugla.
Halldór Bjarnarson skorar á Alþingi með símskeyti frá Kópaskeri, dags. 15. nóv., að friða rjúpur strax og gera valinn dræpan. (Nd. 19).

Gunnar S. Sigurðsson, sjá Mjólkurmál 3.

Hafnir og lendingarbætur. Jón Auðunn Jónsson fer þess á leit við fjvn. Nd., að hún mæli með því, að veittar verði í fjáraukalögum 1934 20. þús. kr. til endurbóta á öldubrjótnum í Bolungavík. Bréf 14. nóv. 1 fskj. (Nd. 23).
Halldór Bjarnarson, sjá Friðun fugla.
Hansen, Koefod, sjá Launamál 1.
Helgi Pétursson, sjá Miðhús í Gnúpverjahreppi.
Hjúkrunarnám, sjá Námsstyrkur.
Hótel Borg. Jóhannes Jósefsson hóteleigandi fer þess á leit við fjárhagsnefndir, að þær beiti sér fyrir því, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir sig 20 þús. £ lán til að greiða með skuldir vegna rekstrar gistihúss síns. Bréf 28. nóv. 1 fskj. (Ed. 14, Nd. 42).

Iðnaðarmál.
1. Félag íslenzkra iðnrekenda beinir athygli Alþingis að því, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess að unnin verði í landinu þau veiðarfæri, sem nú eru keypt frá útlöndum. Bréf 28. nóv. (Nd. 44).

2. Sama sendir fjhn. Nd. frekari skýringar á bréfi sínu til nefndarinnar, um súkkulaðitoll. Bréf 4. des. (Nd. 51).
3. Sama sendir Alþingi tillögur til breytinga á bráðabirgðalögum, útgefnum 30. okt. 1933, að því er snertir vörur til framleiðslu á súkkulaði. Bréf 8. nóv. (Nd. 53).

Ingólfur Espholin, sjá Markaður.

Innflutningshöft.

1. Verzlunarráð Íslands sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um afnám l. nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi. Bréf 17. nóv. 3 fskj. (Ed. 5).
2. Búnaðarfélag Íslands sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 17. nóv. (Ed. 6).
3. Fiskifélag Íslands sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 17. nóv. (Ed. 7).
4. Félag matvörukaupmanna í Reykjavík sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 20. nóv. (Ed. 8).
5. Félag vefnaðarvörukaupmanna í Reykjavík sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 20. nóv. (Ed. 9).
6. Iðnráð Reykjavíkur sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 20. nóv. (Ed. 10).
7. Samband íslenzkra samvinnufélaga sendir allshn. Ed. umsögn sína um sama frv. Bréf 20. nóv. (Ed. 11).

Jóhann P. Jónsson, sjá Landhelgisgæzla 5.

Jóhannes Jósefsson, sjá Hótel Borg.

Kristján Jóhannsson, sjá Mjólkurmál 2.

Kvenfélagið „Kvik“, sjá Elliheimili.

Landhelgisgæzla.

1. 201 útgerðarmaður og sjómaður í Vestmannaeyjum skora á Alþingi og ríkisstjórn að láta Einar M. Einarsson skipherra halda áfram starfi sínu. (Nd. 9).
2. 16 yfirmenn á varðskipum ríkisins fara þess á leit við Alþingi, að það hlutist til um, að launakjör þeirra verði færð til samræmis við það, sem er á öðrum skipum hérlendis. Bréf ódags. (Nd. 24).
3. Stýrimannafélag Íslands og vélstjórafélag Íslands senda Alþingi áskorun um sama efni. Bréf 18. nóv. (Nd. 25).
4. Símskeyti, undirritað af útgerðarmönnum og sjómönnum í Vestmannaeyjum, um að í áskorun þeirri, sem Alþingi hefir borizt frá Vestmannaeyjum, hafi aðeins átt að felast ósk um það, að Einar M. Einarsson yrði skipherra á Þór, en ekki, að hann tæki aftur við skipherrastöðu á Ægi. Bréf 22. nóv. (Nd. 32).
5. 158 sjómenn og útgerðarmenn í Vestmannaeyjum, sem sendu áskorun til Alþingis um að veita Einari M. Einarssyni aftur skipherrastöðu, lýsa

yfir, að málið hafi verið þannig flutt við þá, að Einar yrði skipherra á Þór eða skipi, sem einkum gætir báta og veiðarfæra við Vestmannaeyjar, en mótmæla því, að skipherrarnir Jóhann P. Jónsson og Friðrik Ólafsson verði látnir víkja fyrir Einari. (Nd. 40).

6. Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi áskorun 160 sjómanna og útgerðarmanna í Vestmannaeyjum út af till. til þál. um að veita Einari M. Einarssyni aftur skipherrastöðu á varðskipunum. Bréf 28. nóv. (Nd. 46).

Launamál.

1. Koefod Hansen skógræktarstjóri sækir um hækkun á launum sínum. Bréf 21. nóv. (Nd. 34).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjárveitinganefndum bréf landssímastjóra, dags. 21. marz, um að launakjör stöðvarstjóranna á Akureyri og í Vestmannaeyjum og loftskeytastöðvarstjórans í Reykjavík verði bætt. Bréf 2. des. (Nd. 48).

Sjá ennfr. Landhelgisgæzla 2., 3.

Lendingarbætur, sjá Hafnir og lendingarbætur.

Líkn, sjá Berklavarnir.

Markarfljót, sjá Vatnamál.

Markaður. Ingólfur Espholin sækir um 5000 kr. styrk til markaðsleitar erlendis fyrir hraðfrystan fisk og skyr og um styrk vegna frystistöðvar sinnar, í samræmi við stofnkostnaðarstyrk til mjólkurbúa. Bréf 2. des. (Nd. 54).

Miðhús í Gnúpverjahreppi. Dr. Helgi Pétursson fer þess á leit, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa af sér jörðina Miðhús í Gnúpverjahreppi fyrir 5000 kr. Bréf 3. des. (Nd. 50).

Mjólkurmál.

1. 30 búendur í Hrunamannahreppi beiðast verndar Alþingis gegn því að þurfa að greiða sektir samkv. l. nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma. Bréf 17. nóv. (Nd. 39).
2. Kristján Jóhannsson í Laugarholti sendir landbn. Nd. mótmæli sín gegn frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma. Bréf 16. nóv. (Nd. 55).
3. Gunnar S. Sigurðsson í Gunnarshólma sendir landbn. Nd. samskonar mótmæli. Bréf 16. nóv. (Nd. 56).

Námsstyrkur. Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna sækir um 800 kr. til styrktar hjúkrunarkonum til framhaldsnáms erlendis. Bréf 20. okt. (Nd. 1).

Norsku samningarnir.

1. Fundur Verklýðsfélags Akureyrar 5. nóv. skorar á Alþingi og ríkisstjórn að segja nú þegar upp viðskiptasamningnum við Noreg. Bréf 10. nóv. (Nd. 22).
2. Fjórðungsþing Norðlendingafjórðungs skorar á Alþingi og ríkisstjórn að segja upp norsku samningunum fyrir 1. des. 1933. Bréf 22. nóv. (Nd. 33).

3. Fiskifélag Íslands sendir Alþingi áskoranir fjórðungsþinga fiskifélagsdeilda Norðlendingafjórðungs, Vestfirðingafjórðungs og Sunnlendingafjórðungs um, að norsku samningunum verði sagt upp hið fyrsta. Bréf 23. nóv. (Nd. 37).

Otterstedt, Knut, sjá Ríkisborgararéttur.

Petersen, Bernhard, sjá Ríkisborgararéttur.
Pétur Jóhannsson, sjá Einkaleyfi 2.

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um ísl. ríkisborgararétt frá Harald Faaberg, Knut Otterstedt og Bernhard Petersen. (Ed. 18).
Rjúpur, sjá Friðun fugla.

Sambandslaganefndin, sjá Árna Magnússonar-safnið.
Síld.

1. Forsætisráðherra tilkynnir sjávarútvegsnefndum, að ríkisstjórnin hafi ráðið Brynjólf Sveinsson kennara til að hafa eftirlit með síldveiðum og síldarsölu Norðmanna á Íslandi og sendir n. afrit af skýrslu hans, dags. 15. sept. Bréf 26. okt. (Ed. 1, Nd. 3).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. til athugunar erindi Skipstjórafélags Norðlendinga, dags. 11. nóv., varðandi reglugerð um síldarmat. Bréf 20. nóv. (Nd. 28).

Sjá ennfr. Síldarverksmiðjur.
Síldarmat, sjá Síld 2.
Síldarverksmiðjur.

1. Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur sendir Alþingi þá ályktun félagsins, að það telji, að síldarverksmiðjur séu óumflýjanlegar fyrir fiskiflotann þann tíma árs, sem síldveiðar eru stundaðar, og sé eindregið fylgjandi þeirri stefnu, að þær séu reknar af ríkinu. Bréf 16. nóv. (Nd. 21).
2. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Nd. til athugunar tilboð Útvegsbanka Íslands h/f, dags. 18. nóv., um sölu á síldarbræðslustöð bankans á Sólbakka við Önundarfjörð, ásamt lýsingu á verksmiðjunni. Bréf 20. nóv. (Nd. 29).
3. Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur sendir sjútvn. Nd. meðmæli sín með till. til þál. um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði. Bréf 27. nóv. (Nd. 43).
4. Sjómannafélag Hafnarfjarðar sendir Alþingi umsögn sína um sömu till. Bréf 28. nóv. (Nd. 47).

Símamál.

1. 17 símanotendur á svæðinu Sogamýri, Sogablettum og Bústaðablettum sækja um undanþágu á fjarlægðargjaldi og öðrum aukakvöðum á símanotkun umfram það, sem símanotendur í Reykjavík greiða. Bréf 22. nóv. (Nd. 35).

2. Landssímastjóri sendir samgmn. Nd. tillögur sínar um símalagningar. Bréf ódags. (Nd. 52).

Sjá ennfr. Launamál 2.

Sjúkrahús. Lárus Fjeldsted hrm. sækir f. h. reglu St. Josephs systra í Reykjavík um eftirgjöf á verðtolli af ýmsum efnum til spítalabyggingar reglunnar. Bréf 3. nóv. (Nd. 12).

Sólbakki, sjá Síldarbræðsluverksmiðjur 2, 3, 4.

St. Josephs reglan, sjá Sjúkrahús.

Stórstúka Íslands, sjá Áfengismál 1.

Strandferðir.

1. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Nd. bréf sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 4. nóv., um kaup á nýjum bát til ferða um Ísafjarðardjúp. Bréf 9. nóv. 7 fskj. (Nd. 13).
2. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins sendir samgmn. Nd. uppistöðu að áætlun strandferðaskipa ríkisins árið 1934. Bréf 16. nóv. (Nd. 20).

Sund. Fundur sundráðs Reykjavíkur skorar á Alþingi að hlutast til um, að nægilegt fé verði veitt til að fullgera sundhöllina í Reykjavík, svo að hún geti tekið til starfa á næsta hausti. Bréf 20. nóv. (Nd. 26).

Súkkulaðitollur, sjá Iðnaðarmál 2, 3.

Sýslumannsembætti Barðastrandarsýslu.

1. Einar M. Jónasson fyrrv. sýslumaður ber sig upp við Alþingi út af frávikningu sinni úr sýslumannsembætti Barðastrandarsýslu og gerir ýmsar kröfur út af aðgerðum í því máli. Bréf 6. nóv. 3 fskj. (Nd. 8).
2. Sami beinir því til formanna fjárveitinganefnda, að leggja erindi sitt til Alþingis, dags. 6. nóv., fyrir n. og að n. sinni því máli sem fyrst. Bréf 10. nóv. (Ed. 4, Nd. 15).

Tryggingarmál. Fundur atvinnuleysingja 9. nóv. krefst þess af Alþingi og ríkisstjórn, að þegar verði tekið fyrir á Alþingi frv. það um atvinnuleysistryggingar, sem Kommúnistaflokkur Íslands sendi Alþingi 1932. Bréf 10. nóv. (Nd. 16).

Tunnuverksmiðja Akureyrar, sjá Ábyrgðir.

Umbúðastrigi, sjá Einkaleyfi 1.

Uppgötvanir, sjá Einkaleyfi 2.

Útvarp, sjá Blindir menn.

Valdemar Einarsson, sjá Einkaleyfi 1.

Valur, sjá Friðun fugla.

Varðskip, sjá Landhelgisgæzla.

Vatnamál.

1. Vegamálastjóri sendir fjvn. Ed. afrit af bréfi sínu til atvmrh., dags. 23. nóv., með umsögn sinni um till. til þál. um rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og um varnargarða við Þverá og till. til þál. um varnir gegn landbroti af Þverá í Rangárþingi. Bréf 5. des. (Ed. 16).

2. Búnaðarmálastjóri sendir fjvn. Ed. umsögn sína um till. til þál. um rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og um varnargarða við Þverá. Bréf 1. des. (Ed. 17).

Veiðarfæri, sjá Iðnaðarmál 1.

Verðtollur, sjá Sjúkrahús.

Virkjun Fljótaár. Forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins sendir fjhn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um virkjun Fljótaár. Bréf 28. nóv. 1 fskj. (Nd. 45).

Vörn, andbanningafélagið, sjá Áfengismál 2.

Þverá, sjá Vatnamál.

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, i. = iðnaðarnefnd, k. = kjörbréfan
A. = Alþýðuflokkur, F. = Framsóknarflok

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðinga dagur og
1.	Ásgeir Ásgeirsson, forsætisráðherra	Vestur-Ísafjarðarsýsla.	13/5 '9
2.	Bergur Jónsson, sýslumaður	Barðastrandarsýsla.	24/9 '9
3.	Bernharð Stefánsson, bóndi, skrifari í neðri deild	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '8
4.	Bjarni Ásgeirsson, bóndi	Mýrasýsla.	1/8 '9
5.	Bjarni Snæbjörnsson, læknir	Hafnarfjarðarkaupstaður.	8/3 '8
6.	Björn Kristjánsson, kaupfélagsstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla.	22/2 '8
7.	Einar Árnason, bóndi, forseti Ed.	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '7
8.	Eiríkur Einarsson, lögfræðingur	Árnessýsla, 2. þm.	2/3 '8
9.	Eysteinn Jónsson, skattstjóri	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	13/11 '0
10.	Finnur Jónsson, forstjóri	Ísafjarðarkaupstaður.	28/9 '9
11.	Gísli Sveinsson, sýslumaður, skrifari í Nd.	Vestur-Skaftafellssýsla.	7/12 '8
12.	Guðbrandur Ísberg, sýslumaður	Akureyri.	28/5 '9
13.	Guðrún Lárusdóttir, frú	5. landskjörinn þm.	8/1 '8
14.	Halldór Stefánsson, tryggingarstj., 2. varafors. Nd.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	26/5 '7
15.	Hannes Jónsson, kaupfélagsstjóri	Vestur-Húnavatnssýsla.	17/11 '9
16.	Haraldur Guðmundsson, bankaútibússtjóri	Seyðisfjarðarkaupstaður.	26/7 '9
17.	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '9
18.	Ingólfur Bjarnarson, bóndi, 1. varafors. Nd., skrif. í Sþ.	Suður-Þingeyjarsýsla.	6/11 '7
19.	Ingvar Pálmason, bóndi, 1. varaforseti Ed.	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	26/7 '7
20.	Jakob Möller, bankaeftirlitsmaður	Reykjavík, 1. þm.	12/7 '8
21.	Jóhann Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður	Vestmannaeyjar.	17/6 '8
22.	Jón Baldvinsson, bankastjóri, forseti Sþ.	2. landskjörinn þm.	20/12 '8
23.	Jón Jónsson, bóndi, skrifari í Ed.	3. landskjörinn þm.	8/9 '8
24.	Jón Ólafsson, bankastjóri	Rangárvallasýsla, 1. þm.	16/10 '6
25.	Jón Pálmason, bóndi	Austur-Húnavatnssýsla.	28/11 '8
26.	Jón Sigurðsson, bóndi	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	13/3 '8
27.	Jón Þorláksson, verkfræðingur, borgarstjóri	1. landskjörinn þm.	3/3 '7
28.	Jónas Jónsson, skólastjóri	4. landskjörinn þm.	1/5 '8
29.	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti neðri deildar	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '8
30.	Kári Sigurjónsson, bóndi	6. landskjörinn þm.	2/3 '7
31.	Magnús Guðmundsson, dómsmálaráðherra	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	6/2 '7
32.	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor, skrifari í Ed.	Reykjavík, 3. þm.	26/11 '8
33.	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbringu- og Kjósarsýsla.	19/1 '9
34.	Páll Hermannsson, bóndi, 2. varaforseti Ed.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	28/4 '9
35.	Pétur Halldórsson, bóksali, skrifari í Sþ.	Reykjavík, 4. þm.	26/4 '9
36.	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflutningsmaður	Rangárvallasýsla, 2. þm.	10/1 '9
37.	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla.	2/8 '9
38.	Thor Thors, lögfræðingur	Snæfellsnessýsla.	26/11 '9
39.	Tryggvi Þórhallsson, bankastjóri	Strandasýsla.	9/2 '9
40.	Vilmundur Jónsson, landlæknir	Norður-Ísafjarðarsýsla.	28/5 '9
41.	Þorleifur Jónsson, bóndi, varaforseti Sþ.	Austur-Skaftafellssýsla.	21/8 '9
42.	Þorsteinn Þorsteinsson, sýslumaður	Dalasýsla.	23/12 '9

ð bústöðum o. fl. (aukaþing).

= landbúnaðarnefnd, m. = menntamálanefnd, sa. = samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd, u. = utanríkismálanefnd, = Sjálfstæðisflokkur.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þing-flokkur	Þing-deild
eykjavík.	Tjarnargata 32. S. 2291.		11	F	Nd.
treksfjörður.	Amtmannsstígur 5. S. 3141.	sj.; a.; k.	3	F	Nd.
verá í Öxnadal.	Hótel Borg.	l.; m.	11	F	Nd.
eykir í Mosfellssveit.	Vesturgata 27. S. 3723.	l.; i.; u.	7	F	Nd.
afnarfjarðarkaupstaður.	Hafnarfjarðarkaupst. S. 9245.	fjv; sj.	3	S	Ed.
ópasker.	Fjölnisvegur 20. S. 2688.	sa.	3	F	Ed.
rarland.	Tjarnargata 22. S. 3020.	k.	20	F	Ed.
eykjavík.	Valhöll við Skothúsv. S. 3869.	sa.	4	S	Ed.
eykjavík.	Hellusund 7. S. 3277, 3288.	sj.; a.		F	Nd.
afjörður.	Öldugata 27. S. 2945.	sa.; sj.		A	Nd.
k í Mýrdal.	Hótel Borg.	sa.; k.	7	S	Nd.
önduós.	Suðurgata 5. S. 3688.	i.; m.	3	S	Nd.
eykjavík.	Sólvallagata 23. S. 3236.	i.; m.	4	S	Ed.
eykjavík.	Ljósvallagata 32. S. 2194.	fjh.; m.	11	F	Nd.
vammstangi.	Tjarnargata 41. S. 4796.	fjh.; sa.	7	F	Nd.
yðisfjarðarkaupstaður.	Hótel Borg.	fjv.; l; k.	7	A	Nd.
eykjavík.	Sjafnargata 14. S. 3682, 1690.	fjh.; i.; u.	8	A	Nd.
ósatunga í Fnjóskadal.	Tjarnargata 22. S. 3020.	fjv.; i.	13	F	Nd.
eskaupstaður.	Laufásvegur 19. S. 2828.	sj.	11	F	Ed.
eykjavík.	Hólatorg 2. S. 3117.	fjh.; i.	11	S	Nd.
stmannaeyjar.	Hótel Borg.	sj.	11	S	Nd.
eykjavík.	Miðstræti 10. S. 3989.	fjh.; a.	14	A	Ed.
óridalur í Húnavatnssýslu.	Bókhlöðustígur 2. S. 2566, 4815.	fjv.; l; m.	6	F	Ed.
eykjavík.	Laufásvegur 55. S. 3415.	a.	8	S	Nd.
xur í Torfalækjarhreppi.	Hringbraut 112. S. 4425, 3643.	sa.; l.		S	Nd.
eyrnistaður í Skagafirði.	Stýrimannastígur 9. S. 3033.	fjv.; l.	12	S	Nd.
eykjavík.	Bankastr. 11. S. 1284, 4283, 1204.	fjh; u.	14	S	Ed.
eykjavík.	Sambandshúsið. S. 3603.	i.; a.; u.	12	F	Ed.
xálholt í Biskupstungum.	Fjólugata 13. S. 4854.		16	F	Nd.
allbjarnarstaðir á Tjörnesi.	Lækjargata 8. S. 4116.	fjh.; fjv.; l.		S	Ed.
eykjavík.	Staðastaður. S. 3034.		20	S	Nd.
eykjavík.	Laufásvegur 63. S. 3877.	fjv.; sj.; i.; m.; u.	14	S	Ed.
eykjavík.	Garðastræti 41. S. 3551.	fjh.; sj; u.	9	S	Nd.
ðar í Eiðaþinghá.	Hótel Borg.	fjv.; sa; l.	7	F	Ed.
eykjavík.	Túngata 38. S. 3135 og 3735.	m.	1	S	Nd.
eykjavík.	Suðurg. 18. S. 3202, 2002, 3533.	a.; k.	4	S	Ed.
rihólmur á Akranesi.	Stýrimannastígur 9. S. 3033.	fjv.	20	S	Nd.
eykjavík.	Hringbraut 118. S. 3511, 1050.	a.		S	Nd.
eykjavík.	Laufás. S. 3091.	fjv.; u.	11	F	Nd.
eykjavík.	Tjarnargata 10 B. S. 2161, 2171.	m.; a.	3	A	Nd.
ólar í Hornafirði.	Blátún við Kaplaskjólsv. S. 4644.	fjv.; sa.	26	F	Nd.
úðardalur.	Hótel Borg.	fjv.		S	Nd.